

MESTA MIKILMENNI SEM LIFAÐ HEFUR





**MESTA
MIKILMENNI
SEM LIFAÐ HEFUR**

©1991
WATCH TOWER BIBLE AND TRACT SOCIETY
OF PENNSYLVANIA
The Greatest Man Who Ever Lived

©1997
WACHTTUM BIBEL- UND TRAKTAT-GESELLSCHAFT
DER ZEUGEN JEHOVAS, E. V.
Selters/Taunus
Mesta mikilmenni sem lifað hefur

Útgefandi
Vottar Jehóva

Prentað í júní 2013

Þetta rit er ekki til sölu. Útgáfa þess er þáttur í alþjóðlegri bibliúfræðslu sem kostuð er með frjálsum framlögum.

Nema annað sé tilgreint er vitnað í íslensku biblíuna frá 1981. Leturbreytingar eru okkar. Skammstöfunin *NW* merkir að vitnað sé í *New World Translation of the Holy Scriptures* frá 1984. Nafnið „Jehóva“ er sett innan hornklofa inn í texta íslensku biblíunnar í stað orðanna „Drottinn“ og „Guð“ þar sem fjórstafanafnið, יהוה (JHVH), er í frumtextanum.

Myndaskrá

Kort á undan 1. kafla: Byggt á korti frá
Pictorial Archive (Near Eastern History) Est. og Survey of Israel

The Greatest Man Who Ever Lived Icelandic (gt-IC)

Made in Germany Prentað í Þýskalandi
Druck und Verlag: Wachturm-Gesellschaft, Selters/Taunus

Efnisyfirlit

- 1 Boð frá himni
- 2 Heiðraður fyrir fæðingu
- 3 Fyrirrennarinn fæðist
- 4 Ófrísk en ógift
- 5 Fæðing Jesú — hvar og hvenær?
- 6 Barnið fyrirheitna
- 7 Jesús og stjörnuspekingarnir
- 8 Á flóttu undan harðstjóra
- 9 Æska Jesú og fjölskyldulíf
- 10 Ferðir til Jerúsalem
- 11 Jóhannes undirbýr veginn
- 12 Jesús skírist
- 13 Lærum af freistingum Jesú
- 14 Fyrstu lærisveinar Jesú
- 15 Fyrsta kraftaverk Jesú
- 16 Kostgæfni gagnvart tilbeiðslu Jehóva
- 17 Jesús kennir Nikódemusi
- 18 Jóhannes minnkar, Jesús vex
- 19 Jesús kennir samverskri konu
- 20 Annað kraftaverk í Kana
- 21 Í samkunduhúsinu í heimabæ Jesú
- 22 Fjórir lærisveinar kallaðir
- 23 Fleiri kraftaverk í Kapernaum
- 24 Hvers vegna Jesús kom til jarðar
- 25 Jesús miskunnar holdsveikum manni

- 26 Aftur heima í Kapernaum
- 27 Matteus kallaður
- 28 Spurður um föstuhald
- 29 Góðverk á hvíldardegi
- 30 Jesús svarar ákærendum sínum
- 31 Lærisveinarnir tína kornöx á hvíldardegi
- 32 Hvað er leyfilegt á hvíldardegi?
- 33 Spádómur Jesaja rætist
- 34 Postularnir valdir
- 35 Frægasta ræða sem flutt hefur verið
- 36 Liðsforingi sýnir mikla trú
- 37 Sorg ekkjunnar breytist í gleði
- 38 Skorti Jóhannes trú?
- 39 Hinir stoltu og hinir auðmjúku
- 40 Lexía í miskunn
- 41 Umdeildur maður
- 42 Jesús ávítar faríseana
- 43 Jesús kennir í dæmisögum
- 44 Stormurinn hlýðir honum
- 45 Ólíklegur lærisveinn
- 46 Hún snerti klæði hans
- 47 Grátur breytist í fögnuð
- 48 Frá heimili Jaírusar og aftur til Nasaret
- 49 Þriðja boðunarferðin um Galíleu
- 50 Undirbúningur undir ofsóknir
- 51 Morð í afmælisveislu
- 52 Jesús mettar þúsundir með kraftaverki

- 53 Ákjósanlegur stjórnandi
- 54 „Hið sanna brauð af himni“
- 55 Margir lærisveinar hætta að fylgja Jesú
- 56 Hvað saugar manninn?
- 57 Meðaumkun með nauðstöddum
- 58 Brauðið og súrdeigið
- 59 Hver er Jesús eiginlega?
- 60 Forsmekkur að dýrð Krists í ríki hans
- 61 Drengur haldinn illum anda læknast
- 62 Lexía í auðmýkt
- 63 Nánari leiðbeiningar frá Jesú
- 64 Kennsla í fyrirgefningu
- 65 Leynileg för til Jerúsalem
- 66 Á laufskálahátíðinni
- 67 Þeim mistekst að handtaka hann
- 68 Meiri kennsla á sjöunda deginum
- 69 Hver er faðir faríseanna?
- 70 Jesús læknað mann sem er blindur frá fæðingu
- 71 Farísearnir vilja ekki trúá
- 72 Jesús sendir út lærisveinana 70
- 73 Hjálpfús Samverji
- 74 Ráðleggingar til Mörtu og leiðbeiningar um bænina
- 75 Uppspretta hamingjunnar
- 76 Máltíð hjá farísea
- 77 Spurning um arf
- 78 Verið viðbúnir!
- 79 Þjóð glatast en sumir frelsast

- 80 Sauðabyrgin og hirðirinn
- 81 Aftur reynt að drepa Jesú
- 82 Jesús fer aftur til Jerúsalem
- 83 Gestur á heimili farísea
- 84 Ábyrgðin að vera lærisveinn
- 85 Jesús leitar týndra sauða
- 86 Glataði sonurinn
- 87 Viturlegur undirbúningur fyrir framtíðina
- 88 Ríki maðurinn og Lasarus
- 89 Miskunnarferð til Júdeu
- 90 Upprisuvonin
- 91 Lasarus reistur upp frá dauðum
- 92 Tíu holdsveikir læknast á síðustu ferð Jesú til Jerúsalem
- 93 Þegar Mannssonurinn opinberast
- 94 Nauðsyn bænar og auðmýktar
- 95 Um hjónaskilnaði og ást á börnum
- 96 Jesús og ríkur, ungur höfðingi
- 97 Verkamenn í víngarðinum
- 98 Lærisveinarnir þrátta er dauði Jesú nálgast
- 99 Jesús kennir í Jeríkó
- 100 Dæmisagan um pundin
- 101 Í húsi Símonar í Betaníu
- 102 Sigurreið Krists inn í Jerúsalem
- 103 Aftur í musterinu
- 104 Rödd Guðs heyrir þriðja sinni
- 105 Örlagaríkur dagur rennur upp
- 106 Dæmisögur um víngarðinn afhjúpa þá

- 107 Dæmisagan um brúðkaupsveisluna
- 108 Þeim tekst ekki að veiða Jesú í orðum
- 109 Jesús fordæmir andstæðinga sína
- 110 Þjónustu Jesú í musterinu lýkur
- 111 Tákn síðustu daga
- 112 Seinustu páskar Jesú fara í hönd
- 113 Auðmýkt við síðustu páskana
- 114 Minningarhátíðin
- 115 Lærisveinarnir deila
- 116 Jesús býr postulana undir burtför sína
- 117 Angist í garðinum
- 118 Svikráð og handtaka
- 119 Leiddur fyrir Annas og Kaífas
- 120 Pétur afneitar Jesú
- 121 Fyrir æðstaráðið og Pílatus
- 122 Frá Pílatusi til Heródesar og aftur til baka
- 123 „Sjáið manninn!“
- 124 Framseldur og leiddur burt
- 125 Á kvalastaurnum
- 126 „Sannarlega var þessi maður sonur Guðs“
- 127 Grafinn á föstudegi, tóm gróf á sunnudegi
- 128 Jesús lifir!
- 129 Jesús birtist aftur
- 130 Við Galíleuvatn
- 131 Jesús birtist í síðustu skipti og heilögum anda úthellt
- 132 Við hægri hönd Guðs
- 133 Jesús lýkur öllu sem Guð fól honum

Mesta mikilmenni sem lifað hefur

GETUR nokkur maður óumdeilanlega kallast mesta mikilmenni sem lifað hefur? Við hvað á að miða til að meta hvort maður sé mikill? Er það herstjórnar-snilli hans, líkamsburðir eða gáfur?

Sagnfræðingurinn H. G. Wells segir að hægt sé að meta hvort maður sé mikilmenni af því sem hann „lét eftir sig til að vaxa og því hvort hann kom mönnum til að hugsa eftir nýjum brautum með krafti sem viðhélst eftir hans dag.“ Þótt Wells kallaði sig ekki kristinn viðurkenndi hann: „Eftir þessari mælistiku stendur Jesús fremstur.“

Alexander mikli, Karl mikli (nefndur svo í lifanda lífi) og Napóleon Bonaparte voru völdugir, aðsópsmiklir menn sem höfðu mikil áhrif á þegna sína. Þó er haft eftir Napóleon: „Jesús Kristur hefur haft áhrif á og stjórnað þegnum sínum án þess að vera sýnilega og líkamlega viðstaddur.“

Með kraftmikilli kennslu sinni og með því að lifa eftir henni hefur Jesús haft gríðarleg áhrif á líf manna í nærfellt tvö þúsund ár. Eins og rithöfundur komst svo vel að orði: „Allir herir sem gengið hafa fylktu liði, allir herskipaflotar sem smíðaðir hafa verið, öll þjóðþing sem setið hafa og allir konungar sem verið hafa við völd, hafa ekki samanlagt haft jafnmikil áhrif á líf mannsins á jörðinni og hann.“

Sannsöguleg persóna

En svo undarlegt sem það er segja sumir að Jesús hafi aldrei verið til — að hann sé í reynd hugarfóstur einhverra fyrstu aldar manna. En hinn virti sagnfræðingur Will Durant svarar slíkum efasemdarmönnum: „Ef fáein-

ir einfaldir alþýðumenn hefðu á einum mannsaldri búið til svo máttugan og hrífandi persónuleika, svo háleita siðfræði og svo frjógandi framtíðarsýn um bræðralag mannanna, þá hefði það í sannleika verið enn meira undur heldur en nokkurt þeirra kraftaverka sem frá er sagt í guðspjöllunum.“

Spyrðu þig hvort maður, sem aldrei var til, hafi getað haft svona undraverð áhrif á mannkynssöguna. Uppsláttarabókin *The Historians' History of the World* segir: „Hin sögulegu áhrif af starfi [Jesú] voru afdrifaríkari, jafnvel frá hreinum veraldlegum sjónarhóli, en verk nokkurrar annarrar persónu sögunnar. Helstu menningarsamfélög veraldar viðurkenna að með fæðingu hans hafi nýtt tímabil hafist í mannkynssögunni.“

Enn þann dag í dag er tímatal miðað við árið sem Jesús er álitinn hafa fæðst. „Ártöl fyrir þann tíma eru auðkennd með f.Kr., eða *fyrir Krist*, og ártöl eftir þann tíma með e.Kr. eða *eftir Krist*,“ segir *The World Book Encyclopedia*.

En gagnrýnendur benda á að nálega allt sem við vitum um Jesú sé sótt í Biblíuna. Engar aðrar samtímaheimildir séu til um hann, segja þeir. Jafnvel H. G. Wells skrifaði: „Sagnaritarar Rómar að fornu sögðu ekki aukatekið orð um Jesú; hann setti ekkert mark á söguheimildir síns tíma.“ En er það rétt?

Þótt veraldlegir sagnaritarar þess tíma segi fátt um Jesú er hans þó getið. Cornelíus Tacítus, virtur rómverskur sagnaritari á fyrstu öld, skrifaði: „Nafnið [kristinn maður] er dregið af Kristi sem Pontíus Pílatus landstjóri lét lífláta í stjórnartíð Tíberíusar.“ Suetóníus og Plíníus yngri,

rómverskir rithöfundar frá þeim tíma, minnst einnig á Krist. Auk þess gat Flavíus Jósefus, Gyðingur og sagnaritari á fyrstu öld, um Jakob sem hann nefndi „bróður Jesú er kallaður var Kristur.“

Alfræðibókin *The New Encyclopædia Britannica* segir því: „Þessar óháðu frásagnir sanna að til forna véfengdu jafnvel óvinir kristninnar aldrei að Jesús væri sannsöguleg persóna, en það var í fyrsta sinn véfengt á ófullnægjandi forsendum undir lok 18. aldar, á 19. öld og í byrjun 20. aldar.“

En í meginatriðum er þó allt, sem vitað er um Jesú, skrifað af fylgjendum hans á fyrstu öld. Frásagnir þeirra eru varðveittar í guðspjöllunum — í biblíubókum þeirra Matteusar, Markúsar, Lúkasar og Jóhannesar. Hvern segja þessar frásagnir Jesú hafa verið?

Hver var hann eiginlega?

Fylgjendur Jesú á fyrstu öld veltu þessari spurningu fyrir sér. Er þeir sáu Jesú vinna það kraftaverk að lægja öldur á vatni með því að hasta á vindinn, spurðu þeir furðu lostnir: „Hver er þessi?“ Við annað tækifæri síðar spurði Jesús postula sína: „Hvern segið þér mig vera?“ — Markús 4:41; Matteus 16:15.

Hverju hefðir þú svarað ef þú hefðir verið spurður? Var Jesús Guð sjálfur? Margir halda því fram. En félagar hans héldu aldrei að hann væri Guð. Pétur postuli svaraði spurningu Jesú: „Þú ert Kristur, sonur hins lifanda Guðs.“ — Matteus 16:16.

Jesús hélt því aldrei fram að hann væri Guð heldur sagðist vera hinn fyrirheitni Messías eða Kristur. Hann

sagðist líka vera „sonur Guðs,“ *ekki Guð*. (Jóhannes 4: 25, 26; 10:36) Biblían segir hins vegar ekki að Jesús hafi verið eins og hver annar maður. Hann var mjög sérstakur af því að hann var skapaður af Guði á undan öllu öðru. (Kólossubréfið 1:15) Um ótalda ármilljarða, jafnvel áður en efnisheimurinn var skapaður, var Jesús til sem anda- vera á himnum og átti náinn félagsskap við föður sinn, Jehóva Guð, hinn mikla skapara. — Orðskviðirnir 8:22, 27-31.

Síðan, fyrir hér um bil tvö þúsund árum, flutti Guð líf sonar síns í móðurkvið konu, og Jesús varð mennskur sonur Guðs, fæddur á venjulegan hátt af konu. (Galatabréfið 4:4) Meðan Jesús var að þroskast í móðurkviði og meðan hann var að alast upp sem drengur var hann háður þeim jarðnesku foreldrum sem Guð hafði valið honum. Loks varð hann fulltíða maður og var veitt að muna að öllu leyti eftir fyrra samfélagi sínu við Guð á himnum. — Jóhannes 8:23; 17:5.

Það sem gerði hann mestan

Jesús er mesta mikilmenni sem lifað hefur vegna þess að hann líkti vandlega eftir himneskum föður sínum. Hann var trúfastur sonur og líkti svo nákvæmlega eftir föður sínum að hann gat sagt fylgjendum sínum: „Sá sem hefur séð mig, hefur séð föðurinn.“ (Jóhannes 14:9, 10) Meðan Jesús var hér á jörð gerði hann undir öllum kringumstæðum alveg eins og faðir hans, alvaldur Guð, hefði gert. „Ég gjöri ekkert af sjálfum mér,“ sagði hann, „heldur tala ég það eitt, sem faðirinn hefur kennt mér.“ (Jóhannes 8:28) Þegar við kynnum okkur ævi Jesú Krists fáum við því skýrari mynd af Guði sjálfum.

Þess vegna gat Jóhannes postuli skrifað: „Guð er kærleikur,“ enda þótt „enginn hafi nokkurn tíma séð Guð.“ (Jóhannes 1:18; 1. Jóhannesarbréf 4:8) Jóhannes gat skrifað að þetta vegna þess að hann þekkti kærleika Guðs af því sem hann sá í fari Jesú, en hann var fullkomin spegilmynd föður síns. Jesús var brjóstgóður, vingjarnlegur, auðmjúkur og viðmótsþýður. Veikburða fólki og undirokuðum leið vel í návist hans líkt og öllum öðrum — körlum, konum, börnum, ríkum, fátækum, voldugum og jafnvel stórsyndurum. Öllum geðjaðist vel að honum nema þeim sem höfðu illt hjartalag.

Jesús kenndi ekki bara fylgjendum sínum að elska hver annan; hann sýndi þeim hvernig þeir ættu að gera það. „Eins og ég hef elskað yður, skuluð þér einnig elska hver annan,“ sagði hann. (Jóhannes 13:34) Að þekkja „kærleika Krists“ „gnæfir yfir alla þekkingu,“ skrifaði einn af postulum hans. (Efesusbréfið 3:18, 19) Já, kærleikur Krists er miklu æðri fræðilegri þekkingu og „knýr“ aðra til að bregðast við honum. (2. Korintubríf 5:14) Það var því öðru fremur hið framúrskarandi kærleiksfordæmi Krists sem gerði hann að mesta mikilmenni sögunnar. Kærleikur hans hefur snortið hjörtu milljóna manna í aldanna rás og haft varanleg áhrif á líf þeirra.

En einhver kann að andmæla: „Líttu á alla glæpina sem framdir hafa verið í nafni Krists — krossferðirnar, rannsóknarréttinn og styrjaldirnar þar sem milljónir manna, er kalla sig kristna beggja vegna víglínunnar, drepa hver annan.“ En sannleikurinn er sá að þessir menn gefa alranga mynd af því hvað það er að vera fylgjandi Jesú. Kenningar hans og líferni fordæmir athæfi þeirra. Jafnvel hindúinn

Mohandas Gandhi sagði: „Ég elska Krist en fyrirlít kristna menn af því að þeir lifa ekki eins og Kristur lifði.“


Lærðu um hann þér til gagns

Ekkert nám getur verið þýðingarmeira en það að fræðast um ævi og þjónustu Jesú Krists. „Beinum sjónum vorum til Jesú,“ hvatti Páll postuli. „Virðið hann fyrir yður.“ Og Guð sjálfur fyrirskipaði varðandi son sinn: „*Hljóðið á hann!*“ Það er tilgangur bókarinnar *Mesta mikilmenni sem lifað hefur* að hjálpa þér að gera það. — Hebreabréfið 12:2, 3; Matteus 17:5.

Leitast er við að greina frá hverjum einasta atburði í jarðlífi Jesú sem guðspjöllin fjögur segja frá, þar á meðal ræðum hans, dæmisögum og kraftaverkum. Atburðunum er lýst í tímaröð að svo miklu leyti sem unnt er. Í lok hvers kafla eru tilgreindir þeir biblíutextar sem kaflinn er byggður á. Við hvetjum þig til að lesa þessa texta og svara upprifjunarspurningunum í kaflalok.

Fræðimaður við University of Chicago sagði fyrir nokkru: „Meira hefur verið skrifað um Jesú á síðastliðnum tuttugu árum en á næstu tvö þúsund árunum þar á undan.“ Engu að síður er afar mikilvægt að skoða frásagnir guðspjallanna persónulega, því eins og alfræðibókin *The Encyclopædia Britannica* segir: „Margir nútímalesendur eru svo uppteknir af ósamhljóða kenningum um Jesú og guðspjöllin að þeir kynna sér ekki frumheimildirnar.“

Við álítum að rækileg og fordómalaus rannsókn á frásögum guðspjallanna sannfæri þig um að mesti viðburður allrar mannkynssögunnar hafi átt sér stað í stjórnartíð Ágústusar keisara í Róm, þegar Jesús frá Nasaret kom fram og gaf líf sitt í okkar þágu.



MIDJARDARHAF
(HAFID MIKLA)

• Sídon

• Týrus

Hermonfjall ▲

Sesarea
• Filippí

Korasín

Kapernaum • Betsaída

GALILEU-
VAIN

Kana

Tíberías

Nasaret

Nain

DEK

APÓLIS

P E R E A



LANDIÐ
ÞAR SEM
JESÚS GEKK

Jordan

Garísímfjall, Síkar
Jakobsbrunnur

SAMARÍA

• Arimabea

• Efraím

• Jeríkó

• Emmaus

• Betfage

• Jerúsalem

• Betania

• Betlehem

JÚDEA

SALTÍ-
SJÓR

Boð frá himni

SEGJA má að öll Biblían sé boð frá himni því að himneskur faðir okkar gaf okkur hana til fræðslu. En fyrir næstum 2000 árum flutti engill, sem „stendur frammi fyrir Guði,“ mönnum tvenn boð sem voru mjög sérstök. Engillinn heitir Gabríel. Við skulum kynna okkur við hvaða aðstæður þessar tvær mikilvægu vitjanir til jarðar áttu sér stað.

Það er árið 3 fyrir okkar tímatal. Í Júdahæðum, sennilega skammt frá Jerúsalem, býr prestur Jehóva að nafni Sakaríá. Hann og Elísabet kona hans eru gömul og barnlaus. Það er komið að þjónustutíma Sakaríá í musteri Guðs í Jerúsalem. Skyndilega birtist Gabríel hægra megin við reykelsisaltarið.

Sakaríá er dauðskelfdur. En Gabríel róar hann og segir: „Óttast þú eigi, Sakaríá, því bæn þín er heyrð. Elísabet kona þín mun fæða þér son, og þú skalt láta hann heita Jóhannes.“ Gabríel segir að Jóhannes skuli „verða mikill í augliti [Jehóva]“ og „búa [Jehóva] altygjaðan lýð.“

En Sakaríá getur ekki trúað þessu. Þau Elísabet eru svo gömul að það virðist óhugsandi að þau geti eignast barn. Þess vegna segir Gabríel: „Þú munt verða mállaus og ekki geta talað til þess dags, er þetta kemur fram, vegna þess að þú trúðir ekki orðum mínum.“

Fólkið fyrir utan er farið að undrast hve lengi Sakaríá dvelst í musterinu. Þegar hann loks kemur út getur hann ekki talað heldur aðeins gefið bendingar með höndum, þannig að menn gera sér ljóst að hann hefur séð eitthvað yfirnáttúrlegt.


Sakaríá snýr heim eftir að musteriþjónustunni lýkur. Og skömmu síðar gerist það — Elísabet kona hans verður

barnshafandi! Elísabet heldur sig heima í fimm mánuði meðan hún bíður þess að barnið fæðist.

Gabriel birtist aftur síðar. Og við hvern talar hann núna? Við unga, ógifta konu sem heitir María og býr í Nasaret. Hvaða boð flytur hann í þetta sinn? Taktu eftir. „Þú hefur fundið náð hjá Guði,“ segir Gabriel Maríu. „Þú munt þunguð verða og son ala, og þú skalt láta hann heita Jesú.“ Gabriel bætir við: „Hann mun verða mikill og kallaður sonur hins hæsta. . . . Og hann mun ríkja yfir ætt Jakobs að eilífu, og á ríki hans mun enginn endir verða.“

Við getum verið viss um að Gabriel þykja það sérréttindi að flytja þessi boð. Og þegar við lesum meira um Jóhannes og Jesú sjáum við hvers vegna þessi boð frá himni eru svona þýðingarmikil. **2. Tímóteusarbréf 3:16; Lúkas 1:5-33.**

- Hvaða tvenn þýðingarmikil boð eru send frá himni?
- Hverjir fá boðin og hver flytur þau?
- Hvers vegna er erfitt að trúna þessum boðum?



Heiðraður fyrir fæðingu

EFTIR að engillinn Gabri-
el segir hinni ungu Maríu
að hún muni fæða son sem
verði eilífur konungur, spyr hún:
„Hvernig má þetta verða, þar eð ég hef
ekki karlmanns kennt?“

„Heilagur andi mun koma yfir þig,“
svarar Gabriél, „og kraftur hins hæsta
mun yfirskyggja þig. Fyrir því mun og
barnið verða kallað heilagt, sonur Guðs.“

Til að auðvelda Maríu að trúa þess-
um boðskap heldur Gabriél áfram:
„Elísabet, frændkona þín, er einnig
orðin þunguð að syni í elli sinni, og
þetta er sjötti mánuður hennar, sem
kölluð var óbyrja, en Guði er enginn
hlutur um megn.“

María trúir orðum Gabriels. Og
hverju svarar hún? „Sjá, ég er ambátt [Jehóva],“ segir hún.
„Verði mér eftir orðum þínum.“

María ferðbýst til að heimsækja Elísabetu skömmu eft-
ir að Gabriél fer, en hún býr ásamt Sakaría manni sín-





um í fjallabyggðum Júða. Þetta er löng ferð heim-
an frá Maríu í Nasaret,
kannski þrjár eða fjórar
dagleiðir.

María kemur að húsi
Sakaría, gengur inn og
heilsar. Elísabet fyllist
þá heilögum anda og segir
við Maríu: „Blessuð ert þú
meðal kvenna og blessaður
ávöxtur lífs þíns. Hvaðan
kemur mér þetta, að móð-
ir Drottins míns kemur
til mín? Þegar kveðja þín
hljómaði í eyrum mér, tók
barnið viðbragð af gleði í
lífi mínu.“

María svarar full
þakklætis: „Önd mín
miklar [Jehóva], og
andi minn gleðst í

Guði, frelsara mínum. Því að hann hefur litið til ambáttar sinnar í smæð hennar, héðan af munu allar kynslóðir mig sæla segja. Því að mikla hluti hefur hinn völdugi við mig gjört.“ Þrátt fyrir þá náð, sem Maríu er sýnd, gefur hún Guði heiðurinn. „Heilagt er nafn hans,“ segir hún. „Miskunn hans við þá, er óttast hann, varir frá kyni til kyns.“

María heldur áfram að lofa Guð í innblásnum, spádómlegum söng og syngur: „Máttarverk hefur hann unnið með armi sínum og drembilátum í hug og hjarta hefur hann tvístrað. Valdhöfum hefur hann steipt af stóli og upp hafid smælingja, hungraða hefur hann fyllt gæðum, en látið ríka tómhenta frá sér fara. Hann hefur minnst miskunnar sinnar og tekið að sér Ísrael, þjón sinn, eins og hann talaði til feðra vorra, við Abraham og niðja hans ævinlega.“

María dvelur um þrjá mánuði hjá Elísabetu og er henni eflaust mikil hjálp á síðustu vikum meðgöngunnar. Það er gott fyrir þessar tvær trúföstu konur, sem eru báðar þungaðar fyrir tilstilli Guðs, að geta verið saman á þessum blessunartíma í lífi sínu!

Tókstu eftir hvernig Jesús var heiðraður fyrir fæðingu? Elísabet kallaði hann ‚Drottin sinn‘ og ófætt barn hennar tók viðbragð af gleði þegar María birtist. En aðrir sýndu Maríu og ófæddu barni hennar litla virðingu síðar eins og við munum sjá.

Lúkas 1:26-56.

- Hvað segir Gabriel við Maríu til að hjálpa henni að skilja hvernig hún verði barnshafandi?
- Hvernig var Jesús heiðraður fyrir fæðingu?
- Hvað segir María í spádómlegum lofsöng til Guðs?
- Hve lengi dvelur María hjá Elísabetu og hvers vegna á það vel við að hún skuli gera það á þeim tíma?

Fyrirrennarinn fæðist

ELISABET er að því komin að fæða barnið. María hefur dvalist hjá henni undanfarna þrjá mánuði. En nú er kominn tími fyrir Maríu til að kveðja og halda heimleiðis alla leið til Nasaret. Eftir um sex mánuði á hún sjálf von á barni.

Elisabet fæðir skömmu eftir að María fer. Allir gleðjast þegar fæðingin gengur vel og Elisabetu og barninu heilsast þrýðilega! Nágrannar og ættingjar Elisabetar samfagna henni þegar hún sýnir þeim barnið.

Á áttunda degi eftir fæðingu á að umskera drengi í Ísrael samkvæmt lögmáli Guðs. Ættingjar og vinir koma í heimsókn af því tilefni. Þeir segja að nefna eigi drenginn Sakaríá í höfuðið á föður





sínum. En Elísabet segir: „Eigi skal hann svo heita, heldur Jóhannes.“ Eins og þú manst sagði engillinn Gabriel að drengurinn skyldi nefndur því nafni.

En vinafólkið mótmælir: „Enginn er í ætt þinni, sem heitir því nafni.“ Síðan er faðir hans spurður með bendingum hvað drengurinn skuli heita. Sakaríá biður um spjald og ritar öllum til undrunar: „Jóhannes er nafn hans.“

Um leið fær Sakaríá málið aftur á undraverðan hátt. Eins og þú manst missti hann málið þegar hann trúði ekki orðum engilsins um að Elísabet myndi eignast barn. Þegar Sakaríá fær málið á ný undrast allir nágrannarnir stórlega og segja hver við annan: „Hvað mun barn þetta verða?“

Sakaríá fyllist nú heilögum anda og segir fagnandi: „Lofaður sé [Jehóva], Guð Ísraels, því að hann hefur vitjað lýðs síns og búið honum lausn. Hann hefur reist oss horn hjálpræðis í húsi Davíðs þjóns síns.“ Þetta „horn hjálpræðis“ er auðvitað hinn ófæddi Drottinn Jesús. Fyrir hans atbeina mun Guð „hrífa oss úr höndum óvina og veita oss að þjóna sér óttalaust í heilagleik og réttlæti fyrir augum hans alla daga vora,“ segir Sakaríá.

Síðan spáir Sakaríá um son sinn, Jóhannes: „Og þú, sveinn! munt nefndur verða spámaður hins hæsta, því að þú

munt ganga fyrir [Jehóva] að greiða vegu hans og veita lýð hans þekkingu á hjálpræðinu, sem er fyrirgefning syna þeirra. Þessu veldur hjartans miskunn Guðs vors. Hún lætur upp renna sól af hæðum að vitja vor og lýsa þeim, sem sitja í myrkri og skugga dauðans, og beina fótum vorum á friðar veg.“

Þegar hér er komið sögu er María komin heim til Nasaret, en hún er enn ógift. Hvað verður um hana þegar ljóst verður að hún er barnshafandi? **Lúkas 1:56-80; 3. Mósebók 12: 2, 3.**

- Hvaða aldursmunur er á Jóhannesi og Jesú?
- Hvað gerist þegar Jóhannes er átta daga gamall?
- Hvernig hefur Guð vitjað fólks síns?
- Hvaða verk er spáð að Jóhannes vinni?





4

Ófrísk en ógift

MARÍA er komin nokkuð á þriðja mánuð á leið. Þú manst að hún dvaldist hjá Elisabetu á fyrsta hluta meðgöngunnar, en nú er hún komin heim aftur til Nasaret. Bráðlega verður á hvers manns vitorði í heimabæ hennar hvernig ástatt er fyrir henni. Hún er sannarlega í óþægilegri aðstöðu!

Það gerir illt verra að María er trúlofuð smiðnum Jósef. Og hún veit að samkvæmt lögmáli Guðs í Ísrael ber að grýta til dauða þá konu sem er heitbundin manni en hefur kynmök við annan. Hvernig getur hún útskýrt fyrir Jósef að hún sé barnshafandi?

Jósef brennur áreiðanlega í skinninu að hitta Maríu því að hún hefur verið í burtu í þrjá mánuði. María segir honum líklega fréttirnar strax og þau hittast. Hún gerir eflaust sitt besta til að útskýra fyrir honum að það sé fyrir atbeina heilags anda Guðs sem hún sé barnshafandi. En þú getur rétt imyndað þér að Jósef á erfitt með að trúa því.

Jósef veit að María hefur mjög gott mannorð og honum þykir greinilega ákaflega vænt um hana. Samt sem áður virðist einsýnt að hún sé barnshafandi eftir annan mann, hvað sem hún segir. En Jósef vill ekki að hún sé grýtt til bana eða hljóti opinbera skömm. Hann ákveður því að skilja við hana í kyrrþey. Á þeim tíma var trúlofun álitin jafngilda giftingu, og fólk þurfti að skilja til að binda enda á trúlofun.

Jósef er enn að velta þessu fyrir sér þegar hann leggst til svefns. Þá birtist honum engill Jehóva í draumi sem segir við hann: „Jósef, sonur Davíðs, óttastu ekki að taka til þín Maríu, heitkonu þína. Barnið, sem hún gengur með, er af heilögum anda. Hún mun son ala, og hann skaltu láta heita Jesú, því að hann mun frelsa lýð sinn frá syndum þeirra.“

Jósef er innilega þakklátur þegar hann vaknar. Hann gerir tafarlaust eins og engillinn sagði og tekur Maríu inn á heimili sitt. Þessi opinbera athöfn jafngildir giftingu og sýnir öllum að Jósef og María séu formlega gift. En Jósef hefur ekki kynmök við Maríu meðan hún gengur með Jesú.

Sjáðu! María er komin langt á leið en Jósef hefur sett hana upp á asna sinn. Hvert eru þau að fara og hvers vegna eru þau að leggja land undir fót þegar María er að því komin að ala barnið?

Lúkas 1:39-41, 56; Matteus 1:18-25;

5. Mósebók 22:23, 24.

■ Hvað hugsar Jósef þegar hann kemst að raun um að María er barnshafandi, og hvers vegna?

■ Hvernig getur Jósef skilið við Maríu fyrst þau eru enn ekki gift?

■ Hvaða opinber athöfn er eins og hjónavígsla fyrir Jósef og Maríu?





5

Fæðing Jesú — hvar og hvenær?

Á GÚSTUS Rómarkeisari hefur fyrirskipað að allir skuli fara til fæðingarborgar sinnar og láta skrásetja sig. Jósef fer því til Betlehem þar sem hann er fæddur.

Margir eru staddir í Betlehem til að skrásetja sig og Jósef og María fá hvergi inni nema í gripahúsi. Jesús fæðist því í útihúsi þar sem asnar og önnur húsdýr eru geymd. María vefur hann reifum og leggur í jötu sem er að jafnaði notuð undir gripafóður.

Það hlýtur að hafa verið vegna handleiðslu Guðs sem Ágústus keisari setti skrásetningarlögin. Þau urðu til þess að Jesús fæddist í Betlehem, borginni sem Ritningin hafði löngu áður sagt að verða mundi fæðingarstaður hins fyrirheitna stjórnanda.

Þetta er mjög þýðingarmikil nótt! Úti í haga leiftrar skært ljós á hóp af fjárhirðum. Það er dýrð Jehóva sem ljómar kringum þá! Og engill Jehóva segir þeim: „Verið óhræddir, því sjá, ég boða yður mikinn fögnuð, sem veitast mun öllum lýðnum: Yður er í dag frelsari fæddur, sem er Kristur Drottinn, í borg Davíðs. Og hafið þetta til marks: Þér munuð finna ungbarn reifað og lagt í jötu.“ Skyndilega birtist fjöldi engla sem syngja: „Dýrð sé Guði í upphæðum, og friður á jörðu með mönnum, sem hann hefur velþóknun á.“

Þegar englarnir eru farnir segja fjárhirðarnir hver við annan: „Förum beint til Betlehem að sjá það, sem gjörst hefur

og [Jehóva] hefur kunngjört oss.“ Þeir hraða sér þangað og finna Jesú alveg eins og engillinn hafði sagt. Allir undrast þegar fjárhirðarnir skýra frá því sem engillinn sagði þeim. María leggur á minnið allt sem sagt er og geymir það í hjarta sér.

Margir trúa að Jesús hafi fæðst 25. desember. En desember er kaldur og rigningasamur í Betlehem. Fjárhirðar hefðu ekki verið að næturlagi úti í haga með hjarðir sínar á þeim árstíma. Og Rómarmeisari hefði varla látið þjóð, sem var uppreisnargjörn að eðlisfari, leggja upp í ferðalög um hávetur til að skrasetja sig. Ljóst er að Jesús fæddist einhvern tíma snemma hausts.

Lúkas 2:1-20; Míka 5:1.

- Hvers vegna ferðast Jósef og María til Betlehem?
- Hvaða undur eiga sér stað nóttina sem Jesús fæðist?
- Hvernig vitum við að Jesús fæddist ekki 25. desember?



Barnið fyrirheitna

JÓSEF og María dveljast áfram í Betlehem í stað þess að snúa aftur heim til Nasaret. Og þegar Jesús er átta daga gamall láta þau umskera hann eins og kveðið er á um í Móselögnum. Ljóst er að það var líka venja að gefa drengjum nafn á áttunda degi. Þau nefna drenginn Jesú eins og engillinn Gabriel hafði mælt fyrir um.

Meira en mánuður liður og Jesús er orðinn 40 daga. Hvert fara foreldrar hans með hann núna? Til musterisins í Jerúsalem sem er aðeins nokkurra kílómetra leið frá dvalarstað þeirra. Samkvæmt lögmáli Guðs á móðir að færa hreinsunarförn í musterinu 40 dögum eftir að hún elur son.

María gerir það og færir tvo smáfugla að fórn. Það segir okkur sitthvað um fjárhag Jósefs og Maríu. Lögmál Móse kveður á um að fórna skuli ungum hrút sem er auðvitað miklu verðmætari en tveir fuglar. En hefði móðirin ekki efni á því nægðu tvær turtildúfur eða tvær dúfur.

Í musterinu er gamall maður sem tekur Jesú í faðm sér. Hann heitir Símeon. Jehóva Guð hefur opinberað honum að hann deyi ekki fyrr en hann hafi séð hinn fyrirheitna Krist eða Messías. Þegar Símeon kemur íusterið þennan dag leiðir heilagur andi hann til barnsins sem Jósef og María halda á.


Símeon þakkar Guði með Jesú í fanginu og segir: „Nú lætur þú, Drottinn, þjón þinn í friði fara, eins og þú hefur heitið mér, því að augu mín hafa séð hjálpraði þitt, sem þú hefur fyrirbúið í augsyn allra lýða, ljós til opinberunar heiðingjum og til vegsemdar lýð þínum Ísrael.“

Jósef og María undrast er þau heyra þetta. Síðan blessar Símeon þau og segir Maríu að sonur hennar sé „settur til falls og til viðreisnar mörgum í Ísrael“ og bætir við að sjálf verði hún sverði níst í sálu sinni af sorg.

Parna er einnig stödd spákonan Anna sem er 84 ára. Reyndar er hún öllum stundum í musterinu. Hún nálgast á sömu stundu og tekur að þakka Guði og tala um Jesú við alla sem heyra vilja.

Jósef og María gleðjast mjög yfir þessum atburðum í musterinu. Allt staðfestir þetta fyrir þeim að barnið sé sá sem Guð hafði fyrirheitið. **Lúkas 2:21-38; 3. Mósebók 12:1-8.**

- Hvenær var greinilega venja að gefa ísraelskum drengjum nafn?
- Hvað þurfti ísraelsk móðir að gera þegar sonur hennar var 40 daga gamall, og hvað getum við ráðið um fjárhag Maríu af því hvernig hún uppfyllir þetta ákvæði?
- Hverjir bera kennsl á Jesú við þetta tækifæri og með hvaða hætti?




7 Jesús og stjörnuspekingarnir

HÓPUR manna er kominn frá Austurlöndum. Þetta eru stjörnuspekingar sem telja sig geta túlkað ýmis mál eftir stöðu stjarnanna. Heima í Austurlöndum höfðu þeir séð nýja stjörnu og hafa fylgt henni mörg hundruð kílómetra leið til Jerúsalem.

Þegar stjörnuspekingarnir koma til Jerúsalem spyrja þeir: „Hvar er hinn nýfæddi konungur Gyðinga? Vér sáum stjörnu hans renna upp og erum komnir að veita honum lotningu.“

Heródes konungur í Jerúsalem kemst í mikið uppnám er hann heyrir þetta. Hann kallar því saman ædstuprestana og spyr hvar Kristur eigi að fæðast. „Í Betlehem,“ svara þeir og byggja svar sitt á Ritningunni. Heródes lætur sækja stjörnuspekingana og segir þeim: „Farið og spyrjist vandlega fyrir um barnið, og er þér finnið það látið mig vita, til þess að ég geti einnig komið og veitt því lotningu.“ Í raun réttir ætlar Heródes að finna barnið til að drepa það!

Undarlegur atburður á sér stað eftir að þeir fara. Stjarnan, sem þeir sáu meðan þeir voru í Austurlöndum, fer á undan þeim. Þetta er greinilega engin venjuleg stjarna heldur skín hún sér-



staklega til að leiðbeina þeim. Stjörnuspekingarnir fylgja henni uns hún staðnæmist yfir húsinu þar sem Jósef og María búa.

Stjörnuspekingarnir ganga inn í húsið og finna þar Mariu og drenginn hennar, Jesú. Þeir falla allir fram fyrir honum og draga fram gjafir af gulli, reykelsi og myrru. Eftir þetta, þegar þeir eru í þann mund að snúa aftur til Heródesar til að segja honum hvar barnið sé að finna, fá þeir bendingu frá Guði í draumi um að gera það ekki. Þeir fara því aðra leið heim í land sitt.

Hver heldurðu að hafi látið stjörnuna lýsa og hreyfast á himni til að leiða stjörnuspekingana? Mundu að stjarnan leiddi þá ekki beint til Jesú í Betlehem heldur til Jerúsalem. Þar komust þeir í samband við Heródes konung sem vildi drepa Jesú. Og það hefði hann gert ef Guð hefði ekki skorist í leikinn og varað stjörnuspekingana við að segja Heródesi frá dvalarstað Jesú. Það var óvinur Guðs, Satan djöfullinn, sem vildi fyrirfara Jesú, og hann notaði þessa stjörnu til að reyna að koma fram vilja sínum.

Matteus 2:1-12; Míka 5:1.

- Hvað sýnir að stjarnan, sem stjörnuspekingarnir sáu, var engin venjuleg stjarna?
- Hvar er Jesús þegar stjörnuspekingarnir finna hann?
- Hvernig vitum við að stjarnan, sem leiddi stjörnuspekingana, var frá Satan?




Á flóttu undan harðstjóra

JÓSEF vekur Maríu til að segja henni árið-andi fréttir. Engill Jehóva er nýbúinn að birtast honum og flytja honum þessi boð: „Rís upp, tak barnið og móður þess og flý til Egyptalands. Þar skaltu vera, uns ég segi þér, því að Heródes mun leita barnsins til að fyrirfara því.“

Þau forða sér í flýti. Og ekki má tæpara standa því að Heródes hefur komist að raun um að stjörnuspekingarnir hafa blekkst hann og farið úr landi. Þú manst að þeir áttu að koma til hans aftur og segja honum hvar þeir hefðu fundið Jesú. Heródes er afar reiður. Í von um að sér takist að drepa Jesú fyrirskipar hann að allir drengir í Betlehem og nágrenni, tveggja ára og yngri, skuli drepnir. Hann byggir þetta aldursmark á því sem stjörnuspekingarnir frá Austurlöndum höfðu sagt honum áður.

Fjöldamorðin á öllum þessum drengjum eru hryllileg! Hermenn Heródesar brjótast inn í hvert húsið af öðru. Og þegar þeir finna sveinbarn hrifsa þeir það úr faðmi móður sinnar. Við höfum enga hugmynd um hve mörg börn þeir drepa, en hinn mikli





grátur og harmur mæðranna uppfyllir spádóm Guðs í Biblíunni sem Jeremía bar fram.

Jósef og fjölskylda hans komast heil á húfi til Egyptalands og setjast þar að. En nótt eina birtist engill Jehóva Jósef enn á ný í draumi. „Rís upp, tak barnið og móður þess og far til Ísraelslands,“ segir engillinn. „Nú eru þeir dánir, sem sátu um líf barnsins.“ Fjölskyldan snýr því aftur heim í land sitt og uppfyllir þar

með annan biblíuspádóm þess efnis að sonur Guðs yrði kallaður frá Egyptalandi.

Jósef ætlar sér greinilega að setjast að í Júdeu, en þau bjuggu í Betlehem í Júdeu áður en þau flúðu til Egyptalands. En hann kemst að raun um að hinn illi sonur Heródesar, Arkelás, er konungur í Júdeu og fær bendingu frá Jehóva í öðrum draumi um að hætta sé á ferðum. Hann fer því með fjölskyldu sína norður í land og sest að í bænum Nasaret í Galíleu. Þar elst Jesús upp, fjarri trúarmiðstöð Gyðinga.

Matteus 2:13-23; Jeremía 31:15;

Hósea 11:1.

- Hvaða hræðilega skipun gefur Heródes konungur þegar hann uppgötvar að stjörnuspekingarnir koma ekki aftur til hans, en hvernig kemst Jesús undan?
- Hvers vegna sest Jósef ekki aftur að í Betlehem þegar hann snýr heim frá Egyptalandi?
- Hvaða biblíuspádómar rætast á þessu tímabili?

9 Æska Jesú og fjölskyldulíf

JESÚS elst upp í Nasaret sem er lítt þekktur smábær í hæðunum í Galíleu, skammt frá hinum fagra Jes-reldal.

Jesús er ef til vill um tveggja ára þegar Jósef og María flytjast þangað frá Egyptalandi, og er þá greinilega eina barn Maríu. En fljótlega fjölgar börnunum. María og Jósef eignast drengina Jakob, Jósef, Símon og Júdas og einnig dætur. Jesús á því að minnsta kosti sex yngri systkini.

Hann á líka aðra ættingja. Við vitum þegar um frænda hans Jóhannes sem býr suður í Júdeu. En Salóme, sem er að öllum líkindum systir Maríu, býr í grenndinni. Salóme er gift Sebedeusi, þannig að Jesús og synir þeirra tveir, þeir Jakob og Jóhannes, eru þá systrabörn. Við vitum ekki hvort Jesús er mikið með þessum drengjum á uppvaxtarárunum, en síðar verða þeir nánir vinir hans.




Jósef þarf að vinna hörðum höndum til að sjá fjölskyldu sinni farborða. Hann er trésmiður. Hann elur Jesú upp sem sinn eigin son og Jesús er því nefndur „sonur smiðsins.“ Jósef kennir honum líka trésmiði og drengurinn er námfús. Þess vegna segja menn síðar um Jesú: „Er þetta ekki smiðurinn?“

Tilbeiðslan á Jehóva Guði er þungamiðja fjölskyldulífsins. Í samræmi við lögmál Guðs fræða Jósef og María börn sín um andleg mál þegar þau eru heima, þegar þau eru á ferðalagi, þegar þau leggjast til hvíldar og þegar þau fara á fætur. Í Nasaret er samkunduhús og við getum verið viss um að Jósef fer líka að staðaldri með fjölskyldu sína þangað til að tilbiðja Guð. En vafalaust hafa þau mesta ánægju af reglulegum ferðum til musteris Jehóva í Jerúsalem.

Matteus 13:55, 56; 27:56; Markús 15:40; 6:3; 5. Mósebók 6:6-9.

- Hve mörg yngri systkini á Jesús að minnsta kosti? Nefndu sum þeirra.
- Nefndu þrjá, þekktu frændur Jesú.
- Hvaða iðn lærir Jesús og hvers vegna?
- Hvaða mikilvæga fræðslu veitir Jósef fjölskyldu sinni?



Ferðir til Jerúsalem

ÞAÐ er komið vor. Og þá er kominn tími fyrir fjölskyldu Jósefs til að fara í hina árlegu vorferð til Jerúsalem, ásamt vinum og ættingjum, til að halda páska. Allir hlakka til eins og venjulega þegar lagt er af stað í ferðina sem er um 100 kílómetra löng. Jesús er nú 12 ára og hlakkar sérstaklega til hátíðarinnar.

Páskarnir eru ekki bara eins dags hátíð fyrir Jesú og fjölskyldu hans. Þau dveljast áfram í Jerúsalem til að halda hátíð ósýrðu brauðanna, sem stendur í sjö daga, og þau líta á hana sem hluta páskana. Ferðalagið frá Nasaret ásamt dvölinni í Jerúsalem tekur því um hálfan mánuð. En þetta ár verður ferðin lengri sökum atviks er tengist Jesú.

Á leiðinni heim frá Jerúsalem kemur í ljós að ekki er allt með felldu. Jósef og María gera ráð fyrir að Jesús sé með ættingjum og vinum sem þau ferðast með. En þegar þau koma á náttstað um kvöldið er hann hvergi sjáanlegur þótt þau leiti hans meðal samferðafólksins. Hann finnst hvergi. Jósef og María snúa því við alla leið til Jerúsalem til að leita hans.

Þau leita hans heilan dag án árangurs. Annar dagurinn líður án þess að þau finni hann. Að lokum fara þau í musterið á þriðja degi þar sem þau finna Jesú í einum salnum. Hann situr þar mitt á meðal lærifeðra Gyðinga, hlýðir á þá og spyr þá út úr.

„Barn, hví gjörðir þú okkur þetta?“ spyr María. „Við faðir þinn höfum leitað þin harmþrungin.“

Jesús er hissa á því að þau skyldu ekki vita hvar hann væri og spyr: „Hvers vegna voruð þið að leita að mér? Vissuð þið ekki, að mér ber að vera í húsi föður mins?“


Jesús skilur ekki að foreldrar hans skuli ekki hafa vitað þetta. En hann fer heim með þeim og er þeim hlýðinn áfram.



Hann þroskast að visku og vexti og náð hjá Guði og mönnum. Já, allt frá barnæsku er Jesús góð fyrirmynd með því að sækjast eftir því sem andlegt er og sýna foreldrum sínum virðingu.

Lúkas 2:40-52; 22:7.

- Hvert fer Jesús með fjölskyldu sinni á hverju vori og hve löng ferð er þetta?
- Hvað gerist í páskaferðinni þegar Jesús er 12 ára?
- Hvernig er Jesús góð fyrirmynd fyrir unglinga nú á tímum?



11 Jóhannes undirbýr veginn

SAUTJÁN ár eru liðin síðan Jesús var að spyrja kennar-
ana í musterinu út úr, þá 12 ára gamall. Þetta er vor-
ið 29, og allir virðast vera að tala um Jóhannes, frænda
Jesú, sem er að prédika um alla byggðina umhverfis Jórdan.

Jóhannes er tilkomumikill, bæði í útliti og tali. Hann klæð-
ist fötum úr úlfaldahári og er með leðurbelti um mittið. Til
matar hefur hann engisprettur og villihunang. Og hver er
boðskapur hans? „Gjörið iðrun, himnaríki er í nánd.“

Þessi boðskapur hrifur áheyrendur hans. Margir skilja að
þeir þurfa að iðrast, það er að segja að breyta hugarfari sínu
og snúa baki við fyrra líferni sem var ekki eins og það átti
að vera. Menn streyma því stórum hópum til Jóhannesar frá
allri Jórdanbyggð og jafnvel frá Jerúsalem, og hann skirir þá
niðurdýfingarskírni í ánni. Hvers vegna?

Með því að skirast hjá Jóhannesi er fólk að gefa tákni um
eða viðurkenna að það iðrist í einlægni synda sinna gegn laga-
sáttmála Guðs. Þess vegna fordæmir Jóhannes farísea og
saddúkea sem koma til hans að ánni Jórdan. „Þér nöðru
kyn,“ segir hann. „Berið . . . ávöxt samboðinn iðruninni! Lát-
ið yður ekki til hugar koma, að þér getið sagt með sjálfum
yður: ‚Vér eigum Abraham að föður.‘ Ég segi yður, að Guð
getur vakið Abraham börn af steinum þessum. Öxin er þeg-
ar lögð að rótum trjáanna, og hvert það tré, sem ber ekki góð-
an ávöxt, verður upp höggvið og í eld kastað.“


Allur þessi áhugi manna á Jóhannesi verður til þess að
Gyðingar senda til hans presta og levíta sem spyrja hann:
„Hver ert þú?“

„Ekki er ég Kristur,“ segir Jóhannes.

„Hvað þá?“ spyrja þeir. „Ertu Elía?“

„Ekki er ég hann,“ svarar Jóhannes.

„Ertu spámaðurinn?“



Hann kveður nei við.

Þá krefjast þeir svars: „Hver ertu? Vér verðum að svara þeim, er sendu oss. Hvað segir þú um sjálfan þig?“

Jóhannes svarar: „Ég er rödd hrópanda í eyðimörk: Gjörið beinan veg [Jehóva], eins og Jesaja spámaður segir.“

„Hvers vegna skírir þú,“ spyrja þeir, „fyrst þú ert hvorki Kristur, Elía né spámaðurinn?“

„Ég skíri með vatni,“ svarar hann. „Mitt á meðal yðar stendur sá, sem

þér þekkið ekki, hann, sem kemur eftir mig.“

Jóhannes er að undirbúa veginn með því að koma fólki í rétt hugarástand til að taka við Messíasi, hinum væntanlega konungi. Jóhannes segir um hann: „Sá sem kemur eftir mig, er mér máttugri, og er ég ekki verður að bera skó hans.“ Hann bætir meira að segja við: „Sá sem kemur eftir mig, var á undan mér, enda fyrri en ég.“

Þegar Jóhannes segir: „Himnaríki er í nánd,“ er hann því að tilkynna opinberlega að þjónusta hins útnefnda konungs Jehóva, Jesú Krists, sé í þann mund að hefjast. **Jóhannes 1:6-8, 15-28; Matteus 3:1-12; Lúkas 3:1-18; Postulasagan 19:4.**

- Hvers konar maður er Jóhannes?
- Hvers vegna skírir Jóhannes?
- Af hverju getur Jóhannes sagt að himnaríki sé í nánd?

Jesús skírist

JESÚS verður þrítugur um sex mánuðum eftir að Jóhannes byrjar að prédika og kemur þá til hans að Jórdanánni. Til hvers? Aðeins í vinarheimsókn? Langar hann bara til að sjá hvernig Jóhannesi gengur starf sitt? Nei, Jesús biður Jóhannes að skíra sig.

En Jóhannes andmælir: „Mér er þörf að skírast af þér, og þú kemur til mín!“ Jóhannes veit að Jesús, frændi hans, er sérstakur sonur Guðs. Jóhannes hafði meira að segja tekið við bragð af gleði í móðurkviði þegar María kom í heimsókn meðan hún var ófrísk að Jesú. Elisabet, móðir Jóhannesar, hefur áreiðanlega sagt honum frá því. Og hún hefur örugglega líka sagt honum frá tilkynningu engilsins um fæðingu Jesú og um englana sem birtust fjárhirðunum nóttina sem hann fæddist.

Jóhannes er því ekkert ókunnugur Jesú. Og Jóhannes veit að skírn hans er ekki fyrir Jesú. Hún er ætluð þeim sem iðrast synda sinna, en Jesús er syndlaus. En þrátt fyrir mótmæli Jóhannesar situr Jesús við sinn keip: „Lát það nú eftir. Þannig ber okkur að fullnægja öllu réttlæti.“



Hvers vegna er rétt af Jesú að láta skírast? Vegna þess að skírn Jesú er ekki iðrunartákn heldur er hann að bjóða sig fram til að gera vilja föður síns. Jesús hefur verið trésmiður en nú er tíminn kominn fyrir hann til að hefja þjónustuna sem Jehóva Guð sendi hann til jarðar til að gegna. Heldurðu að Jóhannes búist við einhverju óvenjulegu þegar hann skírir Jesú?

Jóhannes segir síðar: „Sá er sendi mig að skíra með vatni, sagði mér: ‚Sá sem þú sérð andann koma yfir og nema staðar á, hann er sá sem skírir með heilögum anda.‘“ Jóhannes býst því við að sjá anda Guðs koma yfir einhvern sem hann skírir. Kannski kemur það honum alls ekki á óvart að sjá „anda Guðs stíga niður eins og dúfu og koma yfir“ Jesú þegar hann stígur upp úr vatninu.

En fleira gerist við skírn Jesú. ‚Himnarnir opnuðust‘ honum. Hvað þýðir það? Bersýnilega að um leið og Jesús skírist er honum gefið að muna eftir lífi sínu á himnum áður en hann kom til jarðar. Núna man Jesús greinilega eftir lífi sínu sem andasonur Jehóva Guðs, þar á meðal öllu sem Guð sagði honum á himnum áður en hann varð maður.


Við skírn Jesú heyrast líka rödd af himni sem segir: „Þessi er minn elskaði sonur, sem ég hef velþóknun á.“ Hver er það sem talar? Jesús sjálfur? Vitanlega ekki! Það er Guð sem talar. Jesús er auðvitað sonur Guðs, ekki Guð sjálfur eins og sumir segja.

En Jesús er mennskur sonur Guðs alveg eins og fyrsti maðurinn, Adam. Lærisveinninn Lúkas skrifar eftir að hafa lýst skírn Jesú: „Jesús var um þrítugt, er hann hóf starf sitt. Var hann, eftir því sem haldið var, sonur Jósefs, sonar Elí, . . . sonar Davíðs, . . . sonar Abrahams, . . . sonar Nóa, . . . sonar Adams, sonar Guðs.“

Jesús er mennskur ‚sonur Guðs‘ alveg eins og Adam hafði verið. Jesús er mesta mikilmenni sem lifað hefur — það er ljóst þegar við rannsökum ævi hans nánar. En við skírn

sína eignast Jesús nýtt samband við Guð og verður líka andlegur sonur hans. Guð kallar hann nú aftur til himna ef svo má segja með því að leiða hann inn á braut sem verður til þess að hann leggur mannlíf sitt í sölurnar að eilífu sem fórn í þágu fordæmðs mannkyns. **Matteus 3:13-17; Lúkas 3:21-38; 1:34-36, 44; 2:10-14; Jóhannes 1:32-34; Hebreabréfið 10:5-9.**

- Hvers vegna er Jóhannes ekki ókunnugur Jesú?
- Af hverju lætur Jesús skirast fyrst hann er syndlaus?
- Hvað veit Jóhannes um Jesús sem gerir að verkum að hann er kannski ekkert undrandi að sjá anda Guðs koma yfir hann?



13 Lærum af freistingum Jesú

STRAX eftir skirnina leiðir andi Guðs Jesú út í Júdeu-eyðimörk. Hann hefur margt um að hugsa því að „himnarnir opnuðust“ þegar hann skírðist þannig að hann gat skilið það sem himneskt er. Hann hefur sannarlega margt að hugleiða!

Jesús er 40 daga og 40 nætur í eyðimörkinni og borðar ekkert á meðan. Hann er því sársvangur þegar djöfullinn kemur til að freista hans. Djöfullinn segir: „Ef þú ert sonur Guðs, þá bjóð þú, að steinar þessir verði að brauðum.“ En Jesús veit að það er rangt að vinna kraftaverk til að fullnægja sínum eigin löngunum. Hann lætur því ekki freistast.

En djöfullinn gefst ekki upp. Hann reynir aftur. Hann skorar á Jesú að kasta sér ofan af musterisveggnum og láta engla Guðs bjarga sér. En Jesús lætur ekki freistast til að sýna sig og vekja athygli. Hann vitnar í Ritninguna og bendir á að það sé rangt að freista Guðs með þessum hætti.


Í þriðju freistingunni sýnir djöfullinn Jesú öll ríki heims á einhvern undraverðan hátt og segir: „Allt þetta mun ég gefa þér, ef þú fellur fram og tilbiður mig.“ Enn sem fyrr neitar Jesús að láta freista sín til að gera það sem rangt er. Hann vill heldur vera Guði trúr.

Við getum lært ýmislegt af þessum freistingum sem Jesús varð fyrir. Þær sýna til dæmis að djöfullinn er ekki bara illskan sem slík eins og sumir segja, heldur raunveruleg, ósýnileg persóna. Freistingarnar sýna einnig að djöfullinn ræður yfir öllum ríkisstjórnnum heims. Tilboð hans hefði ekki verið nein freisting fyrir Krist ef hann hefði ekki ráðið yfir þeim í alvöru.

Og hugleiddu líka að djöfullinn sagðist vera fús til að launa Jesú fyrir eina tilbeiðsluathöfn, jafnvel gefa honum *öll ríki heims*. Djöfullinn reynir kannski að freista okkar á svipaðan hátt, hugsanlega með því að stilla upp lokkandi tækifærum til

að eignast peninga, fá völd eða komast í einhverja stöðu í heiminum. En það væri viturlegt af okkur að fylgja fordæmi Jesú með því að vera Guði trú, hverju sem okkar er freistað með. **Matteus 3:16; 4:1-11; Markús 1:12, 13; Lúkas 4: 1-13.**

- Hvað hugleiðir Jesús líklega þá 40 daga sem hann er í eyðimörkinni?
- Hvernig reynir djöfullinn að freista Jesú?
- Hvað getum við lært af freistingum Jesú?






14

Fyrstu lærisveinar Jesú

EFTIR 40 daga í eyðimörkinni fer Jesús aftur til Jóhannesar sem skírði hann. Er hann nálgast bendir Jóhannes á hann og segir við nærstadda: „Sjá, Guðs lamb, sem ber synd heimsins. Þar er sá er ég sagði um: „Eftir mig kemur maður, sem var á undan mér, því hann er fyrri en ég.“ Þótt Jóhannes sé eldri en Jesús frændi hans veit hann að Jesús var til á undan honum sem andi á himnum.

Fáeinum vikum áður, þegar Jesús kom til hans til að láta skírast, virðist Jóhannes þó ekki hafa vitað með vissu að Jesús ætti að vera Messías. „Sjálfur þekkti ég hann ekki,“ segir hann. „En til þess kom ég og skíri með vatni, að hann opinberist Ísrael.“

Jóhannes útskýrir síðan fyrir áheyrendum hvað gerðist þegar hann skírði Jesú: „Ég sá andann koma af himni ofan



eins og dúfu, og hann nam staðar yfir honum. Sjálfur þekkti ég hann ekki, en sá er sendi mig að skíra með vatni, sagði mér: „Sá sem þú sérð andann koma yfir og nema staðar á, hann er sá sem skírir með heilögum anda.“ Þetta sá ég, og ég vitna, að hann er sonur Guðs.“

Daginn eftir er Jóhannes með tveim af lærisveinum sínum þegar Jesús nálgast. Þá segir hann aftur: „Sjá, Guðs lamb.“ Þegar lærisveinarnir tveir heyra þetta fylgja þeir Jesú. Annar þeirra er Andrés og hinn er greinilega sá sem skrifaði frásöguna, en hann heitir líka Jóhannes. Þessi Jóhannes er einnig frændi Jesú að því er best verður séð, sonur Salóme systur Maríu.

Jesús snýr sér við, sér þá Andrés og Jóhannes fylgja sér og spyr: „Hvers leitið þið?“

„Rabbí,“ spyrja þeir, „hvar dvelst þú?“

„Komið og sjáið,“ svarar Jesús.

Þetta er um klukkan fjögur síðdegis, og Andrés og Jóhannes eru með Jesú það sem eftir er dagsins. Andrés er svo spenntur að hann flýtir sér eftir á að finna bróður sinn Pétur. „Við höfum fundið Messías!“ segir hann og fer með Pétur til Jesú. Kannski finnur Jóhannes Jakob bróður sinn um svipað leyti og fer með hann til Jesú, en það er dæmigert fyrir Jóhannes að segja sem minnst um sjálfan sig í guðspjalli sínu.

Daginn eftir finnur Jesús Filippus sem er frá Betsáidu, sömu borg og þeir Andrés og Pétur. Hann segir við hann: „Fylg þú mér!“

Filippus finnur síðan Natanael, sem er einnig kallaður Bartólómeus, og segir: „Vér höfum fundið þann, sem Móse skrifar um í lögmálinu og spámennirnir, Jesú frá Nasaret, son Jósefs.“ Natanael er efins og spyr: „Getur nokkuð gott komið frá Nasaret?“

„Kom þú og sjá,“ hvetur Filippus. Þegar þeir nálgast segir Jesús um Natanael: „Hér er sannur Ísraélíti, sem engin svik eru í.“

„Hvaðan þekkir þú mig?“ spyr Natanael.

„Ég sá þig undir fikjutrénu, áður en Filippus kallaði á þig,“ svarar Jesús.

Natanael er furðu lostinn. „Rabbí [sem merkir kennari], þú ert sonur Guðs, þú ert konungur Ísraels,“ segir hann.

„Trúir þú, af því að ég sagði við þig: „Ég sá þig undir fikjutrénu?“ spyr Jesús. „Þú munt sjá það, sem þessu er meira.“ Síðan lofar hann: „Sannlega, sannlega segi ég yður: Þér munuð sjá himininn opinn og engla Guðs stíga upp og stíga niður yfir Mannssoninn.“

Skömmu síðar yfirgefur Jesús Jórdandalinn ásamt hinum nýju lærisveinum og heldur til Galíleu. **Jóhannes 1:29-51.**

- Hverjir eru fyrstu lærisveinar Jesú?
- Hvernig eru Pétur og líklega Jakob kynntir fyrir Jesú?
- Hvað sannfærir Natanael um að Jesús sé sonur Guðs?



15

Fyrsta kraftaverk Jesú

Þ AÐ eru ekki liðnir nema einn eða tveir dagar síðan Andrés, Pétur, Jóhannes, Filippus, Natanael og ef til vill Jakob gerðust fyrstu lærisveinar Jesú. Þeir eru allir ættaðir frá Galíleuhéraði og eru nú á heimleið. Þeir ætla til Kana, heimabæjar Natanaels, á hæðunum skammt frá Nasaret þar sem Jesús ólst upp. Þar eru þeir boðnir til brúðkaupsveislu.


Móðir Jesú er líka komin til brúðkaupsins. María er fjölskylduvinur brúðhjónanna og virðist taka þátt í að sinna þörfum gestanna sem eru margir. Hún tekur þess vegna fljótt eftir því þegar eitthvað vantar og segir við Jesú: „Þeir hafa ekki vín.“

Jesús er í fyrstu tregur til þegar María stingur eiginlega upp á að hann geri eitthvað til að bæta úr vinskortinum. „Hvað varðar það mig og þig?“ spyr hann. Hann er útnefndur konungur Guðs og á ekki að beita kröftum sínum í þágu ættingja eða vina. María er því skynsöm og lætur hann

um framhaldið. Hún segir bara við þjónana: „Gjörið það, sem hann kann að segja yður.“

Þarna eru sex stór vatnsker úr steini sem hvert um sig tekur meira en 40 lítra. Jesús segir þjónunum: „Fyllið kerin vatni.“ Og þjónarnir barmafylla þau. Síðan segir Jesús: „Ausið nú af og færið veislustjóra.“

Veislustjórinn undrast gæði vinsins, enda veit hann ekki að það var búið til með kraftaverki. Hann kallar á brúðgumann og segir: „Allir menn bera fyrst fram góða vínið og síðan hið lakara, er menn gjörast ölvaðir. Þú hefur geymt góða vínið þar til nú.“






Þetta er fyrsta kraftaverk Jesú og það styrkir trú nýju lærisveinanna. Eftir brúðkaupið fara þeir með Jesú, móður hans og hálfbræðrum til bæjarins Kapernaum við Galíleuvatn.

Jóhannes 2:1-12.


- Hvenær á þjónustutíma Jesú er brúðkaupið í Kana haldið?
- Hvers vegna andmælir Jesús tillögu móður sinnar?
- Hvaða kraftaverk vinnur Jesús og hvaða áhrif hefur það á aðra?



Kostgæfni gagnvart tilbeiðslu Jehóva

HÁLFRÆÐUR Jesú — hinir synir Mariu — heita Jakob, Jósef, Simon og Júdas. Vera má að María og synirnir hafi komið við í heimabæ sínum, Nasaret, og tekið til það sem þau þurfa til fararinnar áður en þau héldu öll með Jesú og lærisveinum hans til borgarinnar Kapernaum við Galíleuvatn.

En hvers vegna fer Jesús til Kapernaum í stað þess að halda starfi sínu áfram í Nasaret eða annars staðar á Galíleuhæðum?



Meðal annars vegna þess að Kapernaum er greinilega stærri og þekktari borg. Auk þess búa flestir hinna nýju lærisveina Jesú í Kapernaum eða nágrenni, þannig að þeir þurfa ekki að fara að heiman til að fá fræðslu hjá honum.

Meðan Jesús dvelur í Kapernaum vinnur hann mörg dá-semdarverk eins og hann nefnir sjálfur nokkrum mánuðum síðar. En innan skamms eru Jesús og félagar hans á faraldsfæti á ný. Það er komið vor árið 30 og þeir eru á leið til Jerúsalem til að halda páskahátíðina. Meðan á dvölinni þar standur kynnast lærisveinarnir nýrri hlið á Jesú.

Samkvæmt lögmáli Guðs eiga Ísraelsmenn að færa dýrafórni-ir. Þeim til hagræðis bjóða kaupmenn í Jerúsalem dýr og fugla til sölu í þeim tilgangi. En þeir stunda verslun sína inni í must-erinu og þeir svíkja fólk með því að setja upp of hátt verð.

Jesús fyllist réttlátri reiði, gerir sér svipu úr köðlum og rek-ur solumennina út. Hann steypir niður peningum víxlaranna og hrindir um borðum þeirra. „Burt með þetta héðan,“ hróp- ar hann. „Gjörið ekki hús föður míns að sölubúð.“

Þegar lærisveinar Jesú sjá þetta rifjast upp fyrir þeim spá- dómurinn um son Guðs: „Vandlæting [kostgæfni] vegna húss þíns mun tæra mig upp.“ En Gyðingarnir spyrja: „Hvaða tákn getur þú sýnt oss um það, að þú megir gjöra þetta?“ Jesús svar- ar: „Brjótið þetta musteri, og ég skal reisa það á þrem dögum.“

Gyðingarnir ímynda sér að Jesús sé að tala um hið bók- staflega musteri og segja því: „Þetta musteri hefur verið fjöru- tíu og sex ár í smíðum, og þú ætlar að reisa það á þrem dög- um!“ En Jesús er að tala um musteri líkama síns og þrem árum síðar minnst lærisveinarnir þessara orða hans þegar hann er reistur upp frá dauðum. Jóhannes 2:12-22; Matteus 13:55; Lúkas 4:23.

- Hvert fer Jesús eftir brúðkaupið í Kana?
- Hvers vegna fyllist Jesús réttlátri reiði og hvað gerir hann?
- Hvað kemur lærisveinum Jesú í hug þegar þeir sjá hann að verki?
- Hvað segir Jesús um „þetta musteri“ og hvað á hann við?

Jesús kennir Nikódemusi

JESÚS gerir ótrúleg tákni eða kraftaverk á páska hátíðinni árið 30. Það verður til þess að margir trúá hann. Nikódemusi, sem situr í æðstaráði eða hæstarétti Gyðinga, þykir mikið til um og vill vita meira. Hann fer því til fundar við Jesú í skjóli náttmyrkurs, sennilega af ótta við mannorðshnekkni meðal annarra forystumanna Gyðinga ef til hans sæist.

„Rabbí,“ segir hann, „vér vitum, að þú ert lærifaðir kominn frá Guði. Enginn getur gjört þessi tákni, sem þú gjörir, nema Guð sé með honum.“ Jesús svarar Nikódemusi og segir að maður verði að „fæðast að nýju,“ endurfæðast, til að ganga inn í Guðsríki.

En hvernig getur maður endurfæðst? „Skyldi hann geta komist aftur í líf móð-





ur sinnar og fæðst?“ spyr Nikódemus.

Nei, endurfæðing er ekki fólgin í því.

„Enginn getur komist inn í Guðs ríki,“ svarar Jesús, „nema hann fæðist af vatni og anda.“

Þegar Jesús lét skirast og heilagur andi kom yfir hann fæddist hann

„af vatni og anda.“ Guð hafði þá lýst yfir af himni ofan að þessi væri elskaður sonur hans sem hann hefði velpóknun á. Þannig tilkynnti hann að hann hefði eignast andlegan son sem ætti í vændum að ganga inn í himnaríkið. Síðar, á hvítasunnunni árið 33, eiga aðrir eftir að fá heilagan anda og endurfæðast líka sem andlegir synir Guðs.

En þessi sérstaki, mennski sonur Guðs gegnir geysimikilvægu hlutverki. „Eins og Móse hóf upp höggorminn í eyðimörkinni,“ segir Jesús Nikódemusi,

„Þannig á Mannssonurinn að verða upp hafinn, svo að hver sem trúir hafi eilíft líf í honum.“ Já, þeir Ísraelsmenn, sem voru bitnir af eiturslögum, urðu að horfa á eirorminn til að bjargast. Eins verða allir menn að iðka trú á son Guðs til að frelsast frá dauðvona ástandi sínu.

Jesús leggur áherslu á kærleiksrikt hlutverk Jehóva í þessu og segir Nikódemusi: „Svo elskaði Guð heiminn, að hann gaf son sinn eingetinn, til þess að hver sem á hann trúir glattist ekki, heldur hafi eilíft líf.“ Aðeins sex mánuðum eftir að Jesús hefur þjónustu sína segir hann opinskátt þarna í Jerúsalem að það sé fyrir milligöngu sína sem Jehóva Guð frelsi mannkynið.

Jesús útskýrir málið nánar fyrir Nikódemusi: „Guð sendi ekki soninn í heiminn til að dæma heiminn,“ það er að segja ekki til að fella áfellsdóm yfir honum eða fordæma hann og dæma mannkynið til tortímingar. Jesús segist hafa verið sendur til að „heimurinn skyldi frelsast fyrir sig.“


Nikódemus kom óttasleginn til Jesú í skjóli náttmyrkurs. Það er því athyglisvert að Jesús skuli ljúka samtalinu þannig: „En þessi er dómurinn: Ljósíð [sem Jesús persónugerði með lífi sínu og kennslu] er komið í heiminn, en menn elskuðu myrkrið fremur en ljósið, því að verk þeirra voru vond. Hver sem illt gjörir hatar ljósið og kemur ekki til ljóssins, svo að verk hans verði ekki uppvís. En sá sem iðkar sannleikann kemur til ljóssins, svo að augljóst verði, að verk hans eru í Guði gjörð.“

Jóhannes 2:23–3:21; Matteus 3:16, 17; Postulasagan 2:1-4;

4. Mósebók 21:9.

- Hvað fær Nikódemus til að heimsækja Jesú og hvers vegna kemur hann að næturlagi?
- Hvað merkir það að „fæðast að nýju“ eða endurfæðast?
- Hvernig lýsir Jesús hlutverki sínu í frelsun okkar?
- Hvað merkir það að Jesús hafi ekki komið til að dæma heiminn?

Jóhannes minnkar, Jesús vex



JESÚS og lærisveinar hans yfirgefa Jerúsalem eftir páska vorið 30. En þeir halda ekki heimleiðis til Galíleu heldur fara til Júdeu þar sem þeir skíra niðurdýfingarskírn. Jóhannes skírari hefur einnig skírt í um það bil ár og er enn með lærisveina með sér.


Jesús skírir reyndar ekki sjálfur heldur gera lærisveinarnir það undir leiðsögn hans. Þessi skírn felur í sér hið sama og skírn Jóhannesar; hún er tákni um iðrun Gyðinga vegna synda þeirra gegn lagasáttmála Guðs. En eftir upprisu sína felur Jesús lærisveinunum að skíra skírn sem hefur aðra merkingu. Kristin skírn nú á dögum er tákni þess að maður hafi vígst til að þjóna Jehóva Guði.

En núna, snemma á þjónustutíma Jesú, eru bæði hann og Jóhannes að kenna iðrunarfullum mönnum og skíra þá, þótt þeir starfi hvor í sínu lagi. Lærisveinar Jóhannesar verða hins vegar öfundsjúkir og kvarta undan Jesú við Jóhannes: „Rabbí, . . . hann er að skíra, og allir koma til hans.“

En Jóhannes er ekki öfundsjúkur heldur gleðst yfir velgengni Jesú og vill að lærisveinar sínir gleðjist líka. Hann segir þeim: „Þér getið sjálfir vitnað um, að ég sagði: „Ég er ekki Kristur, heldur er ég sendur á undan honum.““ Síðan kemur hann með fallega samlíkingu: „Sá er brúðguminn, sem á brúðina, en vinur brúðgumans, sem stendur hjá og hlýðir á hann, gleðst mjög við rödd hans. Þessi gleði er nú mín að fullu.“

Jóhannes er vinur brúðgumans og hann fagnaði um sex mánuðum áður þegar hann leiddi lærisveina sína til Jesú. Sumir þeirra urðu síðar hluti af himneskum brúðarhópi Krists sem myndaður er af andasmurðum kristnum mönnum. Jóhannes vill að núverandi lærisveinar sínir fylgi Jesú líka, því að verkefni hans er að undirbúa veginn fyrir árangursríka þjónustu Krists. Eins og Jóhannes skírari segir: „Hann á að vaxa, en ég að minnka.“

Jóhannes, nýr lærisveinn Jesú sem hafði áður verið lærisveinn Jóhannesar skírara, skrifar um uppruna Jesú og þýðingarmikið hlutverk hans í hjálpræði mann-



kyns: „Sá sem kemur að ofan, er yfir öllum. . . Faðirinn elskar soninn og hefur lagt allt í hönd honum. Sá sem trúir á soninn, hefur eilíft líf, en sá sem óhlýðnast syninum, mun ekki sjá líf, heldur varir reiði Guðs yfir honum.“


Skömmu eftir að Jóhannes skírari talar um að starf sitt eigi að minnka lætur Heródes konungur handtaka hann. Heródes hefur tekið sér fyrir eiginkonu, Heródías, konu Filippusar bróður síns, og þegar Jóhannes lýsir opinberlega yfir að það sé rangt lætur Heródes hneppa hann í fangelsi. Er Jesús fréttir af handtöku Jóhannesar yfirgefur hann Júdeu og heldur ásamt lærisveinum sínum til Galíleu. Jóhannes 3:22–4:3;

Postulasagan 19:4; Matteus 28:19; 2. Korintubríf 11:2; Markús 1:14; 6:17-20.

■ Hvað merkir skírnin sem gerð er undir handleiðslu Jesú fyrir upprisu hans? En skírnin eftir upprisu hans?

■ Hvernig sýnir Jóhannes fram á að kvörtun lærisveina hans sé til-efnislaus?

■ Af hverju er Jóhannes hnepptur í fangelsi?





19

Jesús kennir samverskri konu

ALEIÐ sinni frá Júdeu til Galíleu fara Jesús og lærisveinar hans um Samariu. Þeir eru þreyttir eftir langa ferð og staðnæmast um hádegisbil við brunn nálægt borginni Sikar. Það var Jakob sem gróf þennan brunn öldum áður og hann er til enn þann dag í dag nálægt bænum Nablus.

Lærisveinarnir fara inn í borgina til að kaupa vistir en Jesús hvílist á meðan. Þegar samversk kona kemur til að sækja vatn biður hann hana að gefa sér að drekka.

Sökum djúpstæðra fordóma eiga Gyðingar og Samverjar yfirleitt ekkert saman að sælda. Konan spyr því undrandi: „Hverju sætir, að þú, sem ert Gyðingur, biður mig um að drekka, samverska konu?“

„Ef þú þekktir . . . hver sá er, sem segir við þig: ‚Gef mér að drekka,‘ þá myndir þú biðja hann, og hann gæfi þér lifandi vatn,“ svarar Jesús.

„Herra, þú hefur enga skjólu að ausa með, og brunnurinn er djúpur. Hvaðan hefur þú þetta lifandi vatn? Ertu meiri en Jakob forfaðir vor, sem gaf oss brunninn og drakk sjálfur úr honum og synir hans og fénaður?“ spyr konan.



„Hvern sem drekkur af þessu vatni mun aftur þyrsta,“ svarar Jesús, „en hvern sem drekkur af vatninu, er ég gef honum, mun aldrei þyrsta að eilífu. Því vatnið, sem ég gef honum, verður í honum að lind, sem streymir fram til eilífs lífs.“

„Herra, gef mér þetta vatn, svo að mig þyrsti ekki og ég þurfi ekki að fara hingað að ausa,“ segir konan.

Jesús segir þá við hana: „Farðu, kallaðu á manninn þinn, og komdu hingað.“

„Ég á engan mann,“ svarar hún.

Jesús tekur undir orð hennar. „Rétt er það, að þú eigir engan mann, því þú hefur átt fimm menn, og sá sem þú átt nú, er ekki þinn maður.“

„Herra, nú sé ég, að þú ert spámaður,“ segir konan forviða. Hún lætur í ljós áhuga sinn á andlegum málum og segir að Samverjar hafi „tilbeðið Guð á þessu fjalli [Garísímfjalli sem er í grenndinni], en þér [Gyðingar] segið, að í Jerúsalem sé sá staður, þar sem tilbiðja skuli.“

En Jesús bendir á að tilbeiðslustaðurinn skipti ekki máli. „Sú stund kemur, já, hún er nú komin, er hinir sönnu tilbiðjendur munu tilbiðja föðurinn í anda og sannleika,“ segir hann. „Faðirinn leitar slíkra, er þannig tilbiðja hann. Guð er andi, og þeir, sem tilbiðja hann, eiga að tilbiðja í anda og sannleika.“

Konan er djúpt snortin. „Ég veit, að Messías kemur — það er Kristur. Þegar hann kemur, mun hann kunngjöra oss allt,“ svarar hún.

„Ég er hann, ég sem við þig tala,“ segir Jesús. Hugsaðu þér. Jesús sýnir þessari konu sérstaka velvild, en hún kemur um miðjan dag til að sækja vatn, kannski til að forðast að hitta hinar konurnar í borginni sem fyrirlita hana vegna lífennis hennar. Hann segir henni berum orðum það sem hann hefur engum öðrum sagt. Og með hvaða afleiðingum?



Margir Samverjar trúa

Þegar lærisveinarnir koma aftur frá Síkar með vistirnar finna þeir Jesú við Jakobsbrunninn þar sem þeir skildu við hann, og hann er að tala við samverska konu. Hún skilur vatnskrúsina eftir þegar lærisveinarnir koma og heldur til borgarinnar.

Hún hefur brennandi áhuga á því sem Jesús sagði henni og segir við borgarmenn: „Komið og sjáið mann, er sagði mér allt, sem ég hef gjört.“ Síðan bætir hún við til að vekja forvitni þeirra: „Skyldi hann vera Kristur?“ Spurningin ber tilætlaðan árangur — mennirnir fara til að sjá með eigin augum.

Meðan á þessu stendur hvetja lærisveinarnir Jesú til að borða matinn sem þeir komu með úr borginni, en hann svarar: „Ég hef mat að eta, sem þér vitið ekki um.“

„Skyldi nokkur hafa fært honum að eta?“ spyrja lærisveinarnir hver annan. Jesús útskýrir: „Minn matur er að gjöra vilja þess, sem sendi mig, og fullna verk hans. Segið þér ekki:



Enn eru fjórir mánuðir, þá kemur uppskera?“ En Jesús hefur andlegu uppskeruna í huga og segir: „Lítið upp og horfið á akrana, þeir eru hvítir til uppskeru. Sá sem upp sker, tekur þegar laun og safnar ávexti til eilífs lífs, svo að sá gleðjist, er sáir, og með honum hinn, sem upp sker.“

Jesús sér kannski fyrir hin góðu áhrif af fundi sínum við konuna — að margir trúir á hann vegna vitnisburðar hennar. Hún vitnar fyrir borgarbúum að hann hafi sagt sér allt sem hún hafi gert. Þegar mennirnir í Síkar koma til hans við brunninn biðja þeir hann að staldra við og segja sér meira. Jesús þiggur boðið og dvelst þar í tvo daga.

Margir fleiri Samverjar trú á þegar þeir hlusta á Jesú. Síðan segja þeir konunni: „Það er ekki lengur sakir orða þinna, að vér trúum, því að vér höfum sjálfir heyrt hann og vitum, að hann er sannarlega frelsari heimsins.“ Samverska konan er ágætt dæmi um það hvernig við getum borið vitni um Krist með því að vekja forvitni þannig að áheyrendur okkar vilji vita meira.

Eins og þú manst eru fjórir mánuðir til uppskerunnar. Þarna er greinilega átt við bygguppskeruna sem er að vori í Palestínu. Þetta er því sennilega í nóvember eða desember. Það þýðir að eftir páska árið 30 hafa Jesús og lærisveinar hans kennt og skirt í Júdeu um átta mánaða skeið. Þeir halda nú heim til Galíleu. Hvað biður þeirra þar? **Jóhannes 4:3-43.**

- Hvers vegna verður samverska konan undrandi að Jesús skuli tala við hana?
- Hvað kennir Jesús henni um lifandi vatn og hvar skuli tilbiðja?
- Hvernig segir Jesús henni hver hann sé og hvers vegna er þessi opinberun svona furðuleg?
- Hvað ber samverska konan vitni um og með hvaða árangri?
- Hvaða samband er milli matar Jesú og uppskerunnar?
- Af hverju má sjá hve lengi Jesús hefur starfað í Júdeu eftir páska árið 30?

Annað kraftaverk í Kana

ÞEGAR Jesús kemur aftur á heimaslóðir sínar eftir umfangsmikið prédikunarstarf í Júdeu er það ekki til að hvílast. Hann byrjar á enn umfangsmeiri prédikun í Galíleu, héraðinu þar sem hann ólst upp. En lærisveinar hans taka ekki þátt í því með honum heldur snúa heim til fjölskyldna sinna og fyrri starfa.

Hvaða boðskap tekur Jesús að prédika? „Guðs ríki [er] í nánd. Gjörið iðrun og trúið fagnaðarerindinu.“ Og hver eru viðbrögðin? Galíleumenn taka Jesú vel og allir lofa hann. En það er ekki sérstaklega vegna boðskapar hans heldur vegna þess að margir þeirra voru

á páskahátíðinni í Jerúsalem nokkrum mánuðum áður og sáu undrin og táknin sem hann gerði.

Jesús byrjar hina miklu prédikun sína



í Galíleu í borginni Kana. Þú manst kannski að hann sótti brúðkaupsveislu þar og breytti vatni í vín er hann sneri aftur frá Júdeu. Núna er barn eins af embættismönnum Heródesar Antípasar konungs alvarlega veikt. Er embættismaðurinn fréttir að Jesús sé kominn frá Júdeu til Kana ferðast hann alla leið frá Kapernaum, þar sem hann býr, til að hitta Jesú. Maðurinn er harmi sleginn og biður: „Komdu áður en barnið mitt deyr.“

Jesús svarar: „Farðu heim, sonur þinn er læknaður.“ Embættismaðurinn trúir honum og snýr aftur heim. Á leiðinni hittir hann þjóna sína sem eru að flýta sér til að segja honum að allt sé í lagi og drengurinn hafi náð sér! Hann spyr hvenær það hafi gerst.

„Í gær upp úr hádegi,“ svara þeir.

Embættismaðurinn gerir sér ljóst að það var samtímis og Jesús sagði honum að sonur hans væri læknaður. Eftir þetta gerist hann og allt heimafólk hans lærisveinar Krists.

Það var mikil blessun fyrir Kana að Jesús skyldi tvívegis hafa gert þar táknið eftir að hann kom frá Júdeu. Þetta eru auðvitað ekki einu kraftaverkin sem hann hefur unnið fram til þessa, en þau eru mjög þýðingarmikil af því að þau marka endurkomu hans til Galíleu.


Jesús heldur nú heim til Nasaret. Hvað biður hans þar?

Jóhannes 4:43-54; Markús 1:14, 15; Lúkas 4:14, 15.

■ Hvað gera lærisveinarnir þegar Jesús snýr aftur til Galíleu, og hvernig er honum tekið?

■ Hvaða kraftaverk vinnur Jesús og hvaða áhrif hefur það á þá sem hlut eiga að máli?

■ Hvaða blessunar er Kana aðnjótandi?




Í samkunduhúsinu í heimabæ Jesú


EFLAUST ríkir mikil eftirvænting í Nasaret þegar Jesús kemur heim. Áður en hann fór til að skírast hjá Jóhannesi fyrir rúmlega ári var hann þekktur sem smiður en nú er hann alþekktur sem kraftaverkamaður. Bæjarbúar eru óðfúsir að sjá hann vinna einhver af þessum kraftaverkum í heimabæ sínum.

Eftirvæntingin vex þegar Jesús gengur inn í samkunduhúsið eins og hann er vanur. Hann stendur upp til að lesa og er fengin bók Jesaja spámanns. Hann finnur staðinn þar sem sagt er frá þeim sem er smurður með anda Jehóva, en það er í 61. kafla í biblíum okkar núna.


Jesús les hvernig þessi þjónn Jehóva á að boða bandingjum lausn og blindum sýn og kunngera náðarár hans. Síðan fær hann þjóninum bókina og sest. Allir einblína á hann. Þá tekur hann að tala og útskýrir, sennilega í alllöngu máli: „Í dag hefur rætst þessi ritning í áheyrn yðar.“

Fólk undrast hin „hugnæmu orð“ hans og segir hvert við ann-





að: „Er hann ekki sonur Jósefs?“ En Jesús veit að fólk vill sjá hann vinna kraftaverk og heldur því áfram: „Eflaust munuð þér minna mig á orðtakið: ‚Læknir, lækna sjálfan þig!‘ Vér höfum heyrt um allt, sem gjörst hefur í Kapernaum. Gjör nú hið sama hér í ættborg þinni.“ Fyrrverandi nágrönnum Jesú finnst greinilega að hann ætti að hefja lækningarnar heima hjá sér til góðs fyrir samborgara sína. Þeim finnst Jesús því hafa lítilsvirt sig.



Jesús veit hvað þeir eru að hugsa og rifjar upp viðeigandi sögubrot. Hann bendir á að margar ekkjur hafi verið í Ísrael á dögum Elía, en að Elía hafi ekki verið sendur til neinnar þeirra. Hann fór til ekkju í Sídon, sem var ekki ísraelsk, og vann þar kraftaverk henni til lífsbjargar. Og á dögum Elísa voru margir holdsveikir en hann hreinsaði engan nema Naaman Sýrlending.

Þeir sem staddir eru í samkunduhúsinu reiðast þessum óhagstæða samanburði við forna sögu. Þeir afhjúpa eigingirni sína og trúleysi er þeir spretta á fætur og hrekja Jesú út úr bænum. Þeir reyna síðan að hrinda honum fram af brún fjallsins sem Nasaret stendur á. En Jesús sleppur frá þeim og kemst óhultur undan. **Lúkas 4:16-30; 1. Konungabók 17:8-16; 2. Konungabók 5: 8-14.**

- Hvers vegna eru Nasaretbúar fullir eftirvæntingar?
- Hvað finnst mönnum um ræðu Jesú en hverju reiðast þeir síðan heiftarlega?
- Hvað reynir fólk að gera við Jesú?


22 Fjórir lærisveinar kallaðir

EFTIR morðtilraunina á Jesú í heimabæ hans, Nasaret, fer hann til borgarinnar Kapernaum við Galileuvatn. Þar með uppfyllist annar spádómur Jesaja. Það er spádómurinn um að Galileubúar við vatnið skyldu sjá mikið ljós.

Þegar Jesús gengur þar um sem ljósberi og prédikar Guðsríki finnur hann fjóra lærisveina sína. Þeir höfðu ferðast með honum áður en snúið sér aftur að fiskveiðum þegar þeir komu aftur frá Júdeu með Jesú. Trúlega leitar Jesús þá uppi því að það er kominn tími til að þeir verði fastir hjálparmenn hans og hann þjálfí þá til að halda þjónustunni áfram eftir dauða sinn.

Jesús er á gangi meðfram ströndinni þegar hann sér Simon Pétur og félagaga hans þvo net sín. Hann gengur til þeirra, stígur um borð í bát Péturs og biður hann að leggja frá landi. Þeir





eru komnir spölkorn út á vatnið þegar hann sest niður í bátinn og tekur að kenna mannfjöldanum á ströndinni.

Eftir það segir Jesús við Pétur: „Legg þú út á djúpið, og legg-ið net yðar til fiskjar.“

„Meistari,“ svarar Pétur, „vér höfum stritað í alla nótt og ekkert fengið, en fyrst þú segir það, skal ég leggja netin.“

Þeir leggja netin og fá svo mikinn fisk að netin taka að rifna. Í ofboði benda mennirnir félögum sínum á nærstöddum báti að koma og hjálpa. Innan skamms eru bátarnir svo drekkhlaðnir að þeir eru að því komnir að sökkva. Þegar Pétur sér það fellur hann á kné frammi fyrir Jesú og segir: „Far þú frá mér, herra, því að ég er syndugur maður.“



„Óttast þú ekki,“ svarar Jesús, „héðan í frá skalt þú menn veiða.“

Jesús býður líka Andrésí, bróður Péturs, að koma. „Komið og fylgið mér,“ hvetur hann þá, „og mun ég láta yður menn veiða.“ Félögum þeirra, Jakobi og Jóhannesi Sebedeussonum, er líka boðið og þeir þiggja það án þess að hika. Fjórmenningsarnir hætta því fiskveiðum og eru þeir fyrstu sem fylgja Jesú stöðuglega. Lúkas 5:1-11; Matteus 4:13-22; Markús 1:16-20; Jesaja 9:1, 2.

- Hvers vegna býður Jesús lærisveinum sínum að fylgja sér og hverjir eru það?
- Hvaða kraftaverk skelfir Pétur?
- Hvers konar veiðar býður Jesús lærisveinum að stunda?

Fleiri kraftaverk í Kapernaum

HVÍLDARDAGINN eftir að Jesús kallaði fyrstu fjóra lærisveina sína — þá Pétur, Andrés, Jakob og Jóhannes — fara þeir allir í samkunduhúsið í Kapernaum. Jesús tekur að kenna þar og fólkið undrast því að hann kennir þeim eins og sá sem vald hefur en ekki eins og fræðimennirnir.

Maður haldinn illum anda er staddur í samkunduhúsinu þennan hvíldardag. Skyndilega æpir hann: „Hvað vilt þú oss, Jesús frá Nasaret? Ert þú kominn að tortíma oss? Ég veit, hver þú ert, hinn heilagi Guðs.“


Illi andinn, sem hefur manninn á valdi sínu, er raunar einn af englum Satans. Jesús hastar á illa andann og segir: „Þegi þú, og far út af honum.“


Illi andinn lætur manninn fá krampakast og rekur upp óp, en fer út af honum án þess að vinna honum mein. Allir eru furðu lostnir. „Hvað er þetta?“ spyrja menn. „Ný kenning með valdi! Hann skipar jafnvel óhreinum öndum og þeir hlýða honum.“ Þessi atburður fréttist út um allt héraðið.

Jesús og lærisveinar hans yfirgefa samkunduhúsið og halda heim til Símonar Péturs þar sem tengdamóðir hans liggur fár-sjúk með háan hita. Þeir sárþæna Jesú um að hjálpa henni. Jesús gengur til hennar, tekur í hönd hennar og reisir hana á fætur. Hún læknast samstundis og tekur að matbúa handa þeim!

Síðar, þegar sól er sest, kemur fólk alls staðar að heim til Péturs með sjúka ástvini. Innan stundar eru allir bæjarbúar samankomnir við dyrnar! Og Jesús læknar alla sjúka, hvað sem amar að þeim. Hann rekur jafnvel út illa anda. Þegar andarnir fara út af fólki æpa þeir: „Þú ert sonur Guðs.“ En Jesús hastar á þá og leyfir þeim ekki að tala af því að þeir vita að hann er Kristur. **Markús 1:21-34; Lúkas 4:31-41; Matteus 8:14-17.**

- Hvað gerist í samkunduhúsinu hvíldardaginn eftir að Jesús kallar fjóra lærisveina sína?
- Hvert fer Jesús þegar hann yfirgefur samkunduhúsið og hvaða kraftaverk vinnur hann þar?
- Hvað gerist síðar sama kvöld?





24

Hvers vegna Jesús kom til jarðar

JESÚS hefur átt annasaman dag í Kapernaum með læri-sveinum sínum fjórum. Um kvöldið komu Kapernaumbú- ar til hans með alla sjúka ástvini sína til að hann læknaði þá. Hann hefur ekki haft næði til að vera einn.

Jesús fer snemma á fætur næsta morgun, löngu fyrir dögum, og fer einsamall út. Hann fer á afskekktan stað þar sem hann getur beðið til föður síns í einrúmi. En hann fær ekki að vera lengi í næði því að Pétur og hinir fara að leita að honum þegar þeir uppgötva að hann er horfinn.

Þegar þeir finna hann segir Pétur: „Allir eru að leita að þér.“ Kapernaumbúar vilja að Jesús sé um kyrrt hjá sér. Þeir kunna



vel að meta það sem hann hefur gert fyrir þá! En kom Jesús til jarðar fyrst og fremst til að vinna kraftaverk og lækna fólk? Hvað segir hann um það?

Samkvæmt einni af frásögum Bibliunnar svarar Jesús lærisveinunum: „Vér skulum fara annað, í þorpin hér í grennd, svo að ég geti einnig prédikað þar, því að til þess er ég kominn.“ Þótt fólkið hvetji Jesú til að vera um kyrrt segir hann: „Mér ber og að flytja hinum borgunum fagnaðarerindið um Guðs ríki, því að til þess var ég sendur.“

Já, Jesús kom fyrst og fremst til jarðar til að prédika Guðsríki sem mun réttlæta nafn föður hans og lækna öll manna mein fyrir fullt og allt. En Jesús lækna fólk á undraverðan hátt til að sýna að hann sé sendur af Guði. Móse hafði öldum áður unnið kraftaverk til að staðfesta að hann væri þjónn Guðs.

Jesús fer nú frá Kapernaum til að prédika í öðrum borgum, og lærisveinarnir fjórir með honum. Þetta eru bræðurnir Pétur og Andrés ásamt bræðrunum Jóhannesi og Jakobi. Þú manst að það er bara vika síðan Jesús bauð þeim fyrstum að ferðast með sér sem starfsfélagar.

Prédikunarferð Jesú um Galíleu með lærisveinunum fjórum ber frábæran árangur! Fregnirnar af starfi hans berast meira að segja um allt Síryland. Mikill mannfjöldi kemur frá Galíleu, Júdeu og landinu handan Jórdanar, og fylgir Jesú og lærisveinum hans.

Markús 1:35-39; Lúkas 4:42, 43; Matteus 4:23-25; 2. Mósebók 4: 1-9, 30, 31.

- Hvað gerist morguninn eftir annasaman dag í Kapernaum?
- Hvers vegna var Jesús sendur til jarðar og hvaða tilgangi þjóna kraftaverk hans?
- Hverjir ferðast með Jesú er hann prédikar í Galíleu og hvernig bregst fólk við starfi hans?





25

Jesús miskunnar holdsveikum manni

ÞEGAR Jesús og lærisveinarnir fjórir fara um borgir og bæi Galíleu berast fréttirnar af undursamlegum verkum hans út um héraðið. Í einni borginni, þangað sem fréttirnar berast, er holdsveikur maður. Lúkas læknir segir að hann hafi verið „altekinn líkþrá.“ Þetta er hræðilegur sjúkdómur sem afmyndar ýmsa líkamshluta smám saman er hann ágerist. Holdsveiki maðurinn er því aumkunarverður.

Maðurinn nálgast Jesú þegar hann kemur til borgarinnar. Samkvæmt lögmáli Guðs á holdsveikur maður að hrópa: „Óhreinn, óhreinn!“ til að vara aðra við og hindra að þeir komi of nálægt honum og eigi á hættu að smitast. Holdsveiki maðurinn fellur fram á andlit sér og sárþænir Jesú: „Herra, ef þú vilt, getur þú hreinsað mig.“

Maðurinn hefur greinilega mikla trú á Jesú! En hann hlýtur að vera aumkunarverður ásýndar vegna sjúkdómsins. Hvað gerir Jesús? Hvað hefur þú gert? Jesús kennir í brjósti um manninn, rétt-



ir út höndina, snertir hann og segir: „Ég vil, verð þú hreinn!“ Og jafn skjótt læknastr hann af holdsveikinni.

Gætir þú hugsað þér að hafa konung sem sýnir slíka meðaumkun? Framkoma Jesú við holdsveika manninn veitir okkur það traust að eftirfarandi biblíuspádómur rætist þegar Jesús ríkir sem konungur: „Hann aumkast yfir bágstadda og snauða, og fátækum hjálpar hann.“ Já, Jesús mun þá hjálpa öllum þjáðum eins og hann þráir í hjarta sér.

Þjónusta Jesú hefur vakið mikla eftirvæntingu meðal manna jafnvel áður en hann læknastr holdsveika manninn. Jesús uppfyllir nú spádóm Jesaja og segir læknaða manninum: „Gæt þess að segja engum neitt.“ Svo bætir hann við: „Far þú,

sýn þig prestinum og fórna fyrir hreinsun þína því, sem Móse bauð, þeim til vitnisburðar.“

En maðurinn er svo glaður að hann getur ekki þagað yfir kraftaverkinu. Hann gengur burt og segir tíðindin alls staðar og vekur greinilega slíkan áhuga og forvitni meðal manna að Jesús getur ekki komið opinberlega í neina borg. Hann hefst því við á óbyggðum stöðum og menn koma til hans hvaðanæva til að hlýða á hann og læknastr af sjúkdómum sínum. **Lúkas 5:**

12-16; Markús 1:40-45; Matteus 8:2-4; 3. Mósebók 13:45; 14:10-13; Sálmur 72:13; Jesaja 42:1, 2.

- Hvers konar sjúkdómur er holdsveiki og hvernig átti holdsveikur maður að vara aðra við?
- Hvernig biður holdsveikur maður Jesú að hjálpa sér og hvað lærum við af svari Jesú?
- Hverju hlýðir læknaði maðurinn ekki og með hvaða afleiðingum?



26 Aftur heima í Kapernaum

HRÓÐUR Jesú hefur borist víða og margir koma til hans á afskekktu staði þar sem hann hefst við. En að nokkrum dögum liðnum snýr hann aftur til Kapernaum við Galileuvatn. Það fréttist á augabragði um allan bæinn að hann sé kominn heim aftur og margir safnast saman við húsið þar sem hann dvelst. Farísear og lögmálskenningarar koma alla leið frá Jerúsalem.


Mannfjöldinn er svo mikill inni fyrir og treðst svo að dyrnum að fleiri komast ekki inn. Þetta er kjörinn vettvangur fyrir óvenjulegan atburð. Það sem nú gerist skiptir gríðarmiklu máli því það sýnir okkur fram á að Jesús hefur vald til að uppræta orsök mannglegra þjáninga og veita öllum, sem hann vill, heilsu á ný.

Jesús er að kenna mannfjöldanum þegar fjórir menn koma að húsinu með lamaðan mann á börum. Þeir vilja fá Jesú til að lækna vin sinn, en sökum mannfjöldans komast þeir ekki inn fyrir. Hvilík vonbrigði! En þeir deyja ekki ráðalausir. Þeir klifra upp á þak, rjúfa gat á það og láta lamaða manninn síga á börnunum niður til Jesú.

Reiðist Jesús þessari truflun? Alls ekki, heldur er hann djúpt snortinn af trú þeirra. Hann segir við lamaða manninn: „Syndir þínar eru fyrirgefnar.“ En getur Jesús virkilega fyrirgefið syndir? Fræðimennirnir og farísearnir eru ekki á því og hugsa í hjörtum sínum: „Hví mælir þessi maður svo? Hann guðlastar. Hver getur fyrirgefið syndir nema Guð einn?“

Jesús veit hvað þeir eru að íhuga og segir við þá: „Hví hugsuðu þér slíkt í hjörtum yðar? Hvort er auðveldara að segja við lama manninn: ‚Syndir þínar eru fyrirgefnar,‘ eða segja: ‚Statt upp, tak rekkju þína og gakk?‘“

Síðan leyfir Jesús mannfjöldanum, meðal annars þeim sem fundu að honum, að sjá ótrúlegt dæmi þess að hann hafi vald





til að fyrirgefa syndir á jörð og að hann sé í sannleika mesta mikilmenni sem lifað hefur. Hann snýr sér að lamaða mannum og segir: „Statt upp, tak rekkju þína, og far heim til þín.“ Og maðurinn stendur upp þegar í stað, tekur börurnar og gengur burt í allra auglýn! Fólk er furðu lostið, lofar Guð og segir: „Aldrei áður höfum vér þvilíkt séð.“

Tókstu eftir að Jesús nefnir syndir í sambandi við veikindi, og að fyrirgefning synda sé tengd því að ná líkamlegri heilsu? Biblían segir að fyrsti faðir okkar, Adam, hafi syndgað og að við höfum öll erft afleiðingar þessarar syndar, það er að segja sjúkdóma og dauða. En undir stjórn Guðsríkis fyrirgefur Jesús syndir allra sem elska Guð og þjóna honum, og þá verða allir sjúkdómar þurrkaðir út. Það verður stórkostlegt!

Markús 2:1-12; Lúkas 5:17-26; Matteus 9:1-8; Rómverjabréfið 5:12, 17-19.

- Við hvaða aðstæður gerist mjög óvenjulegur atburður?
- Hvernig komst lamaði maðurinn til Jesú?
- Hvers vegna erum við öll syndug, en hvernig veitir Jesús von um fyrirgefningu synda og fullkomna heilsu?





27

Matteus kallaður

SKÖMMU eftir að Jesús læknar lamaða manninn yfirgefur hann Kapernaum og heldur til Galíleuvatns. Mannfjöldinn eltir hann eins og áður og hann tekur að kenna. Hann heldur göngunni áfram og sér þá Matteus, sem einnig er kallaður Leví, sitja hjá tollbúðinni. „Fylg þú mér!“ segir Jesús.

Matteus þekkir líklega til kenninga Jesú eins og þeir Pétur, Andrés, Jakob og Jóhannes gerðu þegar þeir voru kallaðir. Og Matteus þiggur boð Jesú þegar í stað eins og þeir. Hann stendur upp, segir skilið við skattheimtustörfin og fylgir Jesú.

Síðar heldur Matteus fjölmenna veislu í húsi sínu, kannski til að halda upp á köllun sína. Auk Jesú og lærisveina hans eru fyrrverandi starfsbræður Matteusar viðstaddir. Þessir menn eru yfirleitt fyrirlitnir af samlöndum sínum vegna þess að þeir innheimta skatta fyrir hin hötuðu, rómversku yfirvöld. Oft eru þeir óheiðarlegir og heimta meira en eðlilegan skatt af fólki.


Þegar farisearnir sjá Jesú sitja að veisluborði með slíkum mönnum spyrja þeir lærisveina hans: „Hvers vegna etur meistari yðar með tollheimtumönnum og bersyndugum?“ Jesús heyrir spurningu fariseanna og svarar þeim: „Ekki þurfa heilbrigðir læknis við, heldur þeir sem sjúkir eru. Farið og nemið,

hvað þetta merkir: „Miskunnsemi vil ég, ekki fórnir.“ Ég er ekki kominn til að kalla réttláta, heldur syndara.“

Matteus hefur greinilega boðið þessum tollheimtumönnum heim til sín til að hlýða á Jesú og hljóta andlega lækningu. Jesús umgengst þá í þeim tilgangi að hjálpa þeim að eignast heilbriggt samband við Guð. Hann fyrirlítur þá ekki eins og hinir sjálfumglöðu farísear, heldur hefur meðaumkun með þeim og þjónar þeim eins og andlegur læknir.

Þótt Jesús sýni syndurum miskunn er hann ekki að leiða syndir þeirra hjá sér heldur sýnir þeim sömu umhyggju og blíðu og líkamlega sjúkum. Þú manst til dæmis hvað hann sagði þegar hann rétti út höndina fullur með aumkunar og snerti holdsveika manninn: „Ég vil, verð þú hreinn!“ Megum við líka sýna miskunn með því að hjálpa þeim sem eru hjálparþurfi, einkum andlega.

Matteus 8:3;
9:9-13; Markús 2:13-17;
Lúkas 5:27-32.



- Hvar er Matteus þegar Jesús sér hann?
- Hvað starfar Matteus og hvers vegna fyrirliða Gyðingar slíkt fólk?
- Hvað er Jesús sakaður um og hverju svarar hann?
- Hvers vegna umgengst Jesús syndara?



Spurður um föstuhald

NÆSTUM ár er liðið síðan Jesús sótti páskahátíðina árið 30. Jóhannes skírari hefur setið í fangelsi í nokkra mánuði. Jóhannes vildi að lærisveinar sínir fylgdu Kristi en þeir hafa ekki allir gert það.

Nú koma sumir þessara lærisveina Jóhannesar til Jesú og spyrja: „Hví föstum vér og farisear, en þínir lærisveinar fasta ekki?“ Það er trúarsíður hjá fariseunum að fasta tvisvar í viku. Og lærisveinar Jóhannesar fylgja kannski svipaðri



venju. Ef til vill fasta þeir líka til að láta í ljós sorg sína vegna þess að Jóhannes situr í fangelsi og undrast að lærisveinar Jesú skuli ekki harma með þeim.

Jesús svarar: „Hvort geta brúðkaupsgestir verið hryggir, meðan brúðguminn er hjá þeim? En koma munu þeir dagar, er brúðguminn verður frá þeim tekinn. Þá munu þeir fasta.“

Lærisveinar Jóhannesar áttu að muna að hann hafði talað um Jesú sem brúðgumann. Meðan Jesús er á sjónarsviðinu áleit Jóhannes ekki viðeigandi að fasta og lærisveinar Jesú eru sama sinnis. Síðar, þegar Jesús deyr, syrgja lærisveinar hans og fasta. En þegar hann rís upp frá dauðum og stígur upp til himna hafa þeir ekki ástæðu framar til að syrgja og fasta.

Síðan segir Jesús þessa líkingu: „Enginn lætur bót af óþæfðum dúk á gamalt fat, því þá rífur bótin út frá sér og verður af verri rifa. Ekki láta menn heldur nýtt vín á gamla belgi, því þá springa belgirnir, og vínið fer niður, en belgirnir ónýtast. Menn láta nýtt vín á nýja belgi.“ Hvað eiga þessar líkingar skylt við föstuhald?

Jesús er að sýna lærisveinum Jóhannesar skírara fram á að enginn eigi að ætlast til að fylgjendur hans haldi hina gömlu síði gyðingdómsins, svo sem helgisiðaföstur. Hann kom ekki til að lappa upp á og viðhalda gömlu, gatslitnu tilbeidslukerfi sem átti að leggja niður innan skamms. Kristnin yrði ekki aðlöguð gyðingdómi samtíðarinnar með manna-setningum hans. Hún átti ekki að vera ný bót á gamla flik eða nýtt vín á gömlum belg.

Matteus 9:14-17; Markús 2:

18-22; Lúkas 5:33-39; Jóhannes 3:27-29.


- Hverjir stunda föstuhald og í hvaða tilgangi?
- Af hverju fasta lærisveinar Jesú ekki meðan hann er hjá þeim, og hvers vegna hverfur allt tilefni til föstuhalds skömmu eftir dauða hans?
- Hvaða líkingar kemur Jesús með og hvað merkja þær?

Góðverk á hvíldardegi

VORID 31 er runnið upp. Fáein-ir mánuðir eru liðnir síðan Jesús talaði við konuna við brunninn í Samariu á leiðinni frá Júdeu til Galíleu.

Eftir umfangsmikla prédikun út um alla Galíleu heldur Jesús nú aftur til Júdeu þar sem hann prédikar í samkunduhúsum. Í samanburði við það sem Biblían segir um þjónustu Jesú í Galíleu er hún fáorð um starf hans í Júdeu þessu sinni og eins þá mánuði sem hann dvaldi þar eftir páskahátíðina árið áður. Greinilega var þjónustu



An illustration of a temple interior. A large white column stands in the foreground. In the background, a person wearing a blue hooded cloak is kneeling on the floor, looking towards the left. The architecture features arches and other columns. The scene is lit with soft, natural light.

hans ekki eins vel tekið í Júdeu og í Galíleu.

Innan skamms er Jesús á leið til Jerúsalem, helstu borgar Júdeu, til að halda páska. Skammt frá Sauðahliðinu í Jerúsalem er laug sem kallast Betesda. Þangað koma margir sjúkir, blindir og haltir. Þeir trúa að fólk geti læknað ef það kemst í laugina þegar hreyfing kemst á vatnið.

Þetta er á hvíldardegi og Jesús sér mann við laugina sem hefur verið veikur í 38 ár. Jesús veit hve lengi maðurinn hefur verið sjúklingur og spyr: „Viltu verða heill?“

Hann svarar: „Herra, ég hef engan til að láta mig í laugina, þegar vatnið hrærist, og meðan ég er að komast, fer annar ofan í á undan mér.“

Jesús segir við hann: „Statt upp, tak rekkju þína og gakk!“ Maðurinn verður alheill þegar í stað, tekur upp börunnar, sem hann hvílir á, og fer að ganga!

En þegar Gyðingar sjá manninn segja þeir: „Í dag er hvíldardagur. Þú mátt ekki bera rekkjuna.“

Maðurinn svarar þeim: „Sá sem læknaði mig, sagði við mig: ‚Tak rekkju þína og gakk!‘“

„Hver er sá maður, sem sagði þér: ‚Tak hana og gakk?‘“ spyrja þeir. Jesús hefur vikið til hliðar



vegna mannfjöldans og sá sem læknaðist veit ekki hvað hann heitir. En síðar hittast Jesús og maðurinn í musterinu, og maðurinn kemst að raun um hver læknaði hann.

Maðurinn fer þá til Gyðinganna til að segja þeim að það hafi verið Jesús sem læknaði hann. Gyðingarnir leita Jesú þá uppi. Til hvers? Til að kanna hvernig hann geti unnið þessi dásemdarverk? Nei, heldur til að finna að því að hann vinni þessi góðverk á hvíldardegi. Og þeir taka jafnvel að ofsækja hann!

Lúkas 4:44; Jóhannes 5:1-16.

- Hve langt er liðið síðan Jesús kom síðast til Júdeu?
- Af hverju er Betesdaug svona vinsæl?
- Hvaða kraftaverk vinnur Jesús við laugina og hvernig taka Gyðingar því?

Jesús svarar ákærendum sínum

ÞEGAR trúarleiðtogar Gyðinga saka Jesú um að brjóta hvíldardagshelgina svarar hann: „Faðir minn starfar til þessarar stundar, og ég starfa einnig.“


Hvað sem farisearnir segja, banna hvíldardagslögin ekki þau verk sem Jesús er að vinna. Prédikun hans og lækningar eru verkefni frá Guði, og í samræmi við fordæmi Guðs vinnur hann við þau alla daga. En Gyðingar reiðast enn meir við svar Jesú og vilja drepa hann. Af hverju?

Af því að nú finnst þeim Jesús bæði vera að brjóta hvíldardagshelgina og eins að guðlasta með því að segjast vera Guðs eigin sonur. Jesús er hins vegar óhræddur og svarar þeim ítarlegar um náð samband sitt við Guð. „Faðirinn elskar soninn,“ segir hann, „og sýnir honum allt, sem hann gjörir sjálfur.“

„Eins og faðirinn vekur upp dauða og lífgar, þannig lífgar og sonurinn þá, sem hann vill,“ heldur Jesús áfram. Sonurinn er reyndar þegar byrjaður að reisa upp dauða á andlegan hátt! „Sá sem heyrir orð mitt og trúir þeim, sem sendi mig,“ segir hann, „er . . . stigin yfir frá dauðanum til lífsins.“ Svo bætir hann við: „Sú stund kemur og er þegar komin, að hinir dauðu munu heyra raust Guðs sonarins, og þeir, sem heyra, munu lifa.“

Enn sem komið er hefur Jesús ekki reist nokkurn bókstaflega upp frá dauðum svo vitað sé, en hann segir ákærendum sínum að slík bókstafleg upprisa dauðra muni eiga sér stað. „Undrist þetta ekki,“ segir hann. „Sú stund kemur, þegar allir þeir, sem í gröfunum eru, munu heyra raust hans og ganga fram.“

Þetta er bersýnilega í fyrsta sinn sem Jesús lýsir mikilvægu hlutverki sínu í tilgangi Guðs svona skýrt og greinilega fyrir



opnum tjöldum. En ákærendur hans hafa meira en vitnisburð hans sjálfs um þetta. Jesús minnir þá á að þeir hafi „sent menn til Jóhannesar og hann hafi borið sannleikanum vitni.“

Aðeins tveim árum áður hafði Jóhannes skírari sagt þessum trúarleiddtogum Gyðinga frá þeim sem eftir hann kæmi. Jesús minnir þá á hve mikils þeir hafi einu sinni metið Jóhannes, sem nú situr í fangelsi, og segir: „Þér vilduð um stund gleðjast við ljós hans.“ Jesús vekur athygli þeirra á því í von um að hjálpa þeim, já, bjarga þeim. En hann er ekki háður vitnisburði Jóhannesar.

„Verkin, sem ég vinn [meðal annars kraftaverkið sem hann er nýbúinn að gera], bera mér það vitni, að faðirinn hefur sent mig.“ Og Jesús heldur áfram: „Faðirinn, sem sendi mig, hann hefur sjálfur vitnað um mig.“ Guð bar til dæmis vitni um Jesú við skírn hans er hann sagði: „Þessi er minn elskaði sonur.“

Ákærendur Jesú hafa eiginlega enga afsökun fyrir því að hafna honum. Ritningarnar, sem þeir segjast rannsaka, bera vitni um hann. „Ef þér tryðuð Móse, munduð þér líka trúá mér,“ segir Jesús, „því um mig hefur hann ritað. Fyrst þér trúðu ekki því, sem hann skrifaði, hvernig getið þér þá trúað orðum mínum?“



Jóhannes 5:17-47; 1:19-27; Matteus 3:17.

- Hvers vegna er Jesús ekki að brjóta hvíldardagshelgina með starfi sínu?
- Hvernig lýsir Jesús mikilvægu hlutverki sínu í tilgangi Guðs?
- Hvaða vitnisburð bendir Jesús á til að sanna að hann sé sonur Guðs?

Lærisveinarnir tína kornöx á hvíldardegi

INNAN tíðar snúa Jesús og lærisveinar hans aftur frá Jerúsalem til Galíleu. Þetta er að vori og korn stendur á ökrum. Lærisveinarnir eru svangir svo að þeir tína kornöx og borða. En það er hvíldardagur og þetta fer ekki fram hjá mönnum.

Trúarleiðtogarnir í Jerúsalem höfðu rétt áður viljað drepa Jesús vegna þess að þeir telja hann hafa brotið hvíldardagshelgina. Nú koma farisearnir með ákæru: „Lít á, lærisveinar þínir gjöra það, sem ekki er leyft að gjöra á hvíldardegi,“ segja þeir ásakandi.

Farisearnir halda því fram að lærisveinarnir séu að uppskera og þreskja þegar þeir tína kornöx og nú þeim milli handa sér



svo að hismið losni frá korninu. En hin stranga túlkun þeirra á því hvað sé vinna hefur gert hvíldardaginn að þungri byrði, enda þótt dagurinn hafi átt að vera ánægjulegur og andlega uppbyggjandi. Jesús svarar því með dæmum úr Biblíunni til að sýna fram á að Jehóva Guð ætlaðist aldrei til að hvíldardagslögum hans yrði beitt af slíkri ósanngirni.

Jesús segir að Davíð og menn hans hafi komið við í tjaldbúðinni og borðað skoðunarbrauðin þegar þá hungraði. Þessi brauð höfðu verið tekin af borðinu frammi fyrir Jehóva og ný látin í staðinn, en að öllu jöfnu máttu aðeins prestarnir borða þau. Undir þessum kringumstæðum voru Davíð og menn hans ekki fordæmdir fyrir að borða þau.

Jesús nefnir annað dæmi: „Hafið þér ekki lesið í lögmálinu, að prestar vanhelga hvíldardaginn í musterinu á hvíldardögum, og eru þó án saka?“ Já, jafnvel á hvíldardögum slátra



prestarnir dýrum og vinna önnur störf í musterinu við að undirbúa dýrafórnirnar! „En ég segi yður: Hér er meira en musterið,“ segir Jesús.

Hann heldur áfram og ávítar fariseana: „Ef þér hefðuð skilið, hvað felst í orðunum: „Miskunnsemi vil ég, ekki fórnir,“ munduð þér ekki hafa sakfelld saklausa menn.“ Síðan segir hann: „Því að Mannssonurinn er herra hvíldardagsins.“ Hvað á Jesús við með því? Hann er að tala um þúsund ára friðarstjórn sína.

Mannkynið hefur nú þrælað í 6000 ár undir oki Satans djöfulsins. Ofbeldi og styrjaldir hafa verið daglegt brauð. Hin mikla hvíldardagsstjórn Krists hefur aftur á móti í för með sér hvíld frá öllum slíkum þjáningum og kúgun.

Matteus 12:1-8;

3. Mósebók 24:5-9; 1. Samúelsbók 21:1-6; 4. Mósebók 28:9; Hósea 6:6.

- Hvað eru lærisveinar Jesú sakaðir um og hvernig svarar Jesús?
- Hvernig setur Jesús ofan í við fariseana?
- Á hvaða hátt er Jesús „herra hvíldardagsins“?



Hvað er leyfilegt á hvíldardegi?

AÖÐRUM hvíldardegi kemur Jesús í samkunduhús nálægt Galíleuvatni. Þar er maður með visna hægri hönd. Fræðimenn og farisear fylgjast grannt með því hvort Jesús lækni manninn. Loks spyrja þeir: „Er leyfilegt að lækna á hvíldardegi?“

Trúarleiðtogar Gyðinga telja að það megi einungis lækna á hvíldardegi ef maður er í lífshættu. Þeir kenna til dæmis að ekki megi setja saman brotið bein eða binda um tognaðan útlím á hvíldardegi. Fræðimennirnir og farisearnir eru því að spyrja Jesú í þeim tilgangi að geta ákært hann.

Jesús veit hvað þeir eru að hugsa. En honum er líka ljóst að þeir hafa mjög öfgafulla og óbiblíulega skoðun á því hvað sé brot á banninu gegn því að vinna á hvíldardegi. Hann býður þeim því birginn og segir manninum með visnu höndina: „Statt upp og kom hér fram!“


Síðan snýr Jesús sér að fræðimönnunum og fariseunum og spyr: „Nú á einhver yðar eina sauðkind, og hún fellur í gryfju á hvíldardegi. Mundi hann ekki taka hana og draga upp úr?“ Þar eð sauðkind er verðmæt fjárfesting myndu þeir ekki láta hana liggja í gryfjunni til næsta dags því hún gæti veikst og þeir orðið fyrir tjóni. Auk þess segir Ritningin: „Hinn réttláti er nærgætinn um þörf skepna sinna.“


Jesús heldur áfram að útskýra líkinguna: „Hve miklu er þó maðurinn sauðkindinni fremri! Það er því leyfilegt að gjöra góðverk á hvíldardegi.“ Trúarleiðtogarnir þegja enda geta þeir ekki hrakið þessi rök sem bera vott um miskunn og meðaumkun.

Jesús lítur í kringum sig, reiður og hryggur yfir heimskulegri þrjúsku þeirra. Síðan segir hann manninum: „Réttu fram hönd þína.“ Og hann réttir fram höndina og hún verður heil.

Í stað þess að gleðjast yfir því að maðurinn skuli lækna ganga farísearnir út og bindast þegar í stað samtökum við Heródesarsinna um að ráða Jesú af dögum. Í þessum stjórn-málafllokki eru líka saddúkear. Að jafnaði eru Heródesar-sinnar og farísear fjandmenn, en þeir eru hins vegar ein-huga í andstöðu sinni gegn Jesú. **Matteus 12:9-14; Markús 3:1-6; Lúkas 6:6-11; Orðskviðirnir 12:10; 2. Mósebók 20:8-10.**

- Hvernig skerst í odda með Jesú og trúarleiðtog-um Gyðinga?
- Hvaða skoðun hafa þessir trúarleiðtogar á því að lækna á hvíldardegi?
- Hvaða líkingu notar Jesús til að hrekja rang-ar skoðanir þeirra?





Spádómur Jesaja rætist

ÞEGAR Jesús kemst að raun um að farísear og Heródesarsinnar ætla að drepa hann fer hann með lærisveinunum til Galíleuvatns. Mikill fjöldi manna hópast til hans hvaðanæva úr Palestínu og jafnvel lengra að. Hann lækna marga með þeim afleiðingum að allir, sem haldnir eru þungbærum sjúkdómum, þrængja að honum til að snerta hann.

Svo mikill er fjöldinn að Jesús segir lærisveinunum að hafa bát til reiðu öllum stundum. Með því að leggja frá landi getur hann forðast að mannfjöldinn þrengi að sér. Hann getur kennt fjöldanum úr bátnum og siglt til annarra staða meðfram ströndinni til að hjálpa fólki þar.

Lærisveinninn Matteus nefnir að með starfi Jesú rætist „það, sem sagt er fyrir munn Jesaja spámanns.“ Síðan vitnar hann í spádóminn sem Jesús uppfyllir:

„Sjá þjón minn, sem ég hef útvalið, minn elskaða, sem sál mín hefur þóknun á. Ég mun láta anda minn koma yfir hann, og hann mun



boða þjóðunum rétt. Eigi mun hann þrátta né hrópa, og eigi mun raust hans heyrast á strætum. Brákaðan reyr brýtur hann ekki, og rjúkandi hörkveik mun hann ekki slökkva, uns hann hefur leitt réttinn til sigurs. Á nafn hans munu þjóðirnar vona.“

Jesús er auðvitað hinn elskaði þjónn sem Guð hefur þóknun á. Og Jesús boðar greinilega hvað sé raunverulegt réttlæti sem nú er myrkvað fölskum, trúarlegum erfikenningum. Farisearnir misbeita svo lögmáli Guðs að þeir vilja ekki einu sinni koma sjúkum manni til hjálpar á hvíldardegi! Jesús dregur réttlæti Guðs fram í dagsljósið og léttir ranglátum erfikenningabyrðum af fólki, og fyrir það vilja trúarleiðtogarnir hann feigan.

Hvað merkir það að „eigi muni hann þrátta né hrópa svo raust hans heyrast á strætum“? Þegar Jesús læknað fólk „leggur hann ríkt á við það að gera sig eigi kunnan.“ Hann vill ekki auglýsa sig með látum á strætum úti eða láta æsifengnar sögur af sér berast frá manni til manns.

Og Jesús ber hughreystandi boðskap sinn til manna sem eru í táknrænum skilningi eins og brákaður og niðurtroð-


inn reyr. Þeir eru eins og rjúkandi hörkveikur sem næstum er búið að slökkva síðasta lífsneistann í. Jesús brýtur ekki brákaðan reyr eða slekkur flóktandi logann á rjúkandi hörkveik. Bliðlega og ástúðlega reisir hann auðmjúka menn við. Jesús er sannarlega sá sem þjóðirnar

geta vonað á! **Mattæus 12:15-21;**

Markús 3:7-12; Jesaja 42:1-4.

- Hvernig boðar Jesús réttlætið án þess að þrátta eða hrópa á strætunum?
- Hverjir eru eins og brákaður reyr og hörkveikur, og hvernig kemur Jesús fram við þá?





34

Postularnir valdir

NÚ ER um hálf tannað ár liðið síðan Jóhannes skírari kynnti Jesú sem lamb Guðs og Jesús hóf þjónustu sína meðal almennings. Þeir Andrés, Símon Pétur, Jóhannes og kannski Jakob (bróðir Jóhannesar) gerðust þá fyrstu lærisveinar hans, og eins Filippus og Natanael (einnig kallaður Bartólómeus). Smám saman hafa margir fleiri bæst í hópinn.

Jesús er nú tilbúinn að velja postula sína. Þeir skulu vera nánustu starfsfélagar hans og fá sérstaka þjálfun. En áður en hann velur þá fer hann upp á fjall og er þar alla nóttina á bæn þar sem hann biður líklega um vísu og blessun Guðs. Þegar dagur rennur kallar hann til sín lærisveinana og velur tólf úr



þeirra hópi. Þeir eru þó eftir sem áður nemendur hans og kallast því enn lærisveinar.

Sex þeirra, sem Jesús velur, eru nefndir hér á undan og voru fyrstu lærisveinar hans. Matteus, sem Jesús kallaði frá tollbúðinni, er einnig valinn. Hinir fimm eru Júdas (líka nefndur Taddæus), Júdas Ískariot, Símon vandlætari, Tómas og Jakob Alfeusson. Jakob þessi er einnig nefndur Jakob yngri eða litli, kannski af því að hann er lágvaxnari eða yngri en hinn postulinn sem heitir Jakob.

Þegar hér er komið sögu hafa þessir tólf verið með Jesú um tíma og hann þekkir þá vel. Margir þeirra eru reyndar skyldir honum. Jesús og bræðurnir Jakob og Jóhannes eru að öllum líkindum systrasynir. Og sennilega var Alfeus bróðir Jósefs, stjúpföður Jesú. Jakob postuli, sonur Alfeusar, og Jesús eru þá bræðrasynir.

Jesús á auðvitað ekki í minnstu vandræðum með að muna nöfn postula sinna. En manst þú þau? Þú þarft bara að muna að tveir hétu Símon, tveir Jakob og tveir Júdas, og að Símon átti bróður sem hét Andrés og Jakob bróður sem hét Jóhannes. Þannig manstu nöfnin á átta postulum. Hinir fjórir voru tollheimtumaður (Matteus), einn sem síðar efaðist (Tómas), einn sem var undir tré þegar hann var kallaður (Natanael) og svo Filippus vinur hans.

Ellefu af postulunum eru frá Galíleu, heimahéraði Jesú. Natanael er frá Kana, Filippus, Pétur og Andrés eru upphaflega frá Betsaidu en Pétur og Andrés fluttust síðar til Kapernaum þar sem Matteus virðist hafa búið. Jakob og Jóhannes voru fiskimenn og bjuggu líklega einnig í Kapernaum eða nágrenni. Júdas Ískariot, sem síðar sveik Jesú, virðist hafa verið eini postulinn frá Júdeu.

Markús 3:13-19; Lúkas 6:12-16.

- Hvaða postular kunna að hafa verið skyldir Jesú?
- Hvað heita postular Jesú og hvernig geturðu munað nöfnin?
- Hvaðan eru postularnir?



35

Frægasta ræða sem flutt hefur verið


SÖGUSVIÐIÐ er eitthvert það eftirminnilegasta í biblíusögunni: Jesús situr í fjallshlíð og flytur hina frægu fjallræðu. Þetta er í grennd við Galileuvatn, sennilega skammt frá Kapernaum. Jesús hefur verið á bæn alla nóttina og er nýbúinn að velja tólf postula úr hópi lærisveina sinna. Þeir eru nú allir komnir niður á slétta flöt neðar í fjallshlíðinni.


Ætla má að Jesús sé orðinn býsna þreyttur og vilji leggja sig. En mikill mannfjöldi er kominn á vettvang, sumir um 100 kílómetra veg alla leið frá Júdeu og Jerúsalem. Aðrir eru komnir norðan frá strandhéruðunum við Týrus og Sidon. Þeir eru komnir til að hlýða á Jesú og fá bót meina sinna. Þarna er jafnvel fólk þjáð af illum öndum eða englum Satans.

Þegar Jesús kemur ofan af fjallinu sækir veikt fólk að honum til að snerta hann og hann læknað alla. Eftir þetta fer Jesús hærra upp í fjallshlíðina, sest niður og byrjar að kenna mannfjöldanum á flötinni fyrir framan sig. Og hugsaðu þér. Nú er ekki einn einasti maður í öllum áheyrendaskaranum haldinn alvarlegum sjúkdómi!

Fólkið biður
óþreyjufullt eftir að
hlýða á kennarann sem
getur unnið þessi ótrúlegu
kraftaverk. Jesús flytur ræðu
sína þó einkum fyrir læri-
sveinana sem sitja sennilega
næstir honum. En bæði Matteus
og Lúkas skráðu ræðuna svo að
við getum notið góðs af henni.

Frásaga Matteusar af fjall-
ræðu Jesú er um fjórfalt lengri
en frásögn Lúkasar. Og Lúkas
lýsir hluta af því sem Matteus





greinir frá eins og Jesús hafi sagt það við önnur tækifæri. Þetta má sjá af samanburði á Matteusi 6:9-13 og Lúkasi 11:1-4, og svo Matteusi 6:25-34 og Lúkasi 12:22-31. En það ætti ekki að koma okkur á óvart. Jesús hefur greinilega kennt það sama oft en einu sinni, og Lúkas kaus að segja frá sumu af því í öðru samhengi.

Fjallræða Jesú er sérstaklega verðmæt bæði sökum þess hve djúpt hann kafar andlega, og eins vegna þess hve einfalt og skýrt hann kemur þessum sannindum á framfæri. Hann byggir á hversdagslegum atburðum og kunnuglegum hlutum, þannig að hugmyndir hans eru auðskildar fyrir alla sem þrá betra líf í samræmi við vilja Guðs.




Hverjir eru raunverulega hamingjusamir?

Allir vilja vera hamingjusamir. Jesús veit það og byrjar fjallræðuna á því að lýsa hverjir séu raunverulega hamingjusamir. Hann hlýtur að ná athygli allra áheyrenda sinna þegar í stað. En samt hlýtur sumum að þykja inngangsorð hans mótsagnakennd.

Jesús beinir orðum sínum til lærisveinanna og segir: „Sælir eruð þér, fátækir, því að yðar er Guðs ríki. Sælir eruð þér, sem nú hungrar, því að þér munuð saddir verða. Sælir eruð þér, sem nú grátið, því að þér munuð hlæja. Sælir eruð þér, þá er menn hata yður . . . Fagnið á þeim degi og leikið af gleði, því laun yðar eru mikil á himni.“

Þetta er útgáfa Lúkasar af inngangsorðum fjallræðunnar. En samkvæmt frásögn Matteusar segir Jesús líka að hógværir, miskunnssamir, hjartahreinir og friðflytjendur séu sælir eða hamingjusamir. Þeir eru það, segir Jesús, vegna þess að þeir munu erfa jörðina, þeim verður miskunnað, þeir munu sjá Guð og þeir verða kallaðir börn Guðs.

Þegar Jesús talar um að vera sáll eða hamingjusamur á hann ekki bara við kæti eða glaðværð eins og þegar við





skemmtum okkur. Sönn hamingja er djúpstæðari og felur í sér ánægjukennd og lífsfyllingu.

Jesús sýnir því fram á að þeir séu raunverulega hamingjusamir sem viðurkenna andlega þörf sína, hryggjast yfir syndugu ástandi sínu og *kynnast Guði og þjóna honum*. Þótt þeir séu síðan hataðir eða ofsóttir fyrir að gera vilja Guðs eru þeir engu að síður hamingjusamir af því að þeir vita að þeir eru Guði þóknanlegir og hljóta eilíft líf að launum frá honum.

En margir af áheyrendum Jesú álíta að hamingja sé fólgin í velmegun og lífsgæðum, líkt og margir hugsa nú á dögum. Jesús veit betur. Hann bendir á andstæðu, sem hlýtur að koma mörgum áheyrenda hans á óvart, og segir:

„Vei yður, þér auðmenn, því að þér hafið tekið út huggun yðar. Vei yður, sem nú eruð saddir, því að yður mun hungra. Vei yður, sem nú hlæið, því að þér munuð sýta og gráta. Vei yður, þá er allir menn tala vel um yður, því að á sama veg först feðrum þeirra við falsspámennina.“

Hvað á Jesús við? Hvers vegna hefur það ógæfu í för með sér að vera efnaður, hlæja, skemmta sér og hljóta lof manna? Vegna þess að maður sem hefur allt þetta og þykir vænt um það hefur ekki rúm í lífi sínu til að þjóna Guði, en aðeins það veitir sanna hamingju. Og Jesús var ekki að segja að maður yrði hamingjusamur fyrir það eitt að vera fátækur, hungraður og sorgbitinn. En bágstaddir taka oft á móti kenningu Jesú og hljóta sanna hamingju að launum.

Nú ávarpar Jesús lærisveina sína og segir: „Þér eruð salt

jarðar.“ Hann á auðvitað ekki við að þeir séu bókstaflegt salt. En salt er gott rotvarnarefni. Við altarið í musteri Jehóva var stór salthaugur sem prestarnir notuðu til að salta fórnirnar.

Lærisveinar Jesú eru „salt jarðar“ í þeirri merkingu að þeir stuðla að því að vernda fólk. Boðskapur þeirra verndar líf allra sem taka við honum. Hann gerir þá staðfasta, holla og trúfasta og kemur í veg fyrir sérhverja andlega og siðferðilega spillingu hjá þeim.

„Þér eruð ljós heimsins,“ segir Jesús lærisveinunum. Ljós er ekki sett undir mæliker heldur á ljóastíku, svo að Jesús segir: „Þannig lýsi ljós yðar meðal manna.“ Lærisveinar Jesú gera það með opinberum vitnisburði sínum og einnig með því að vera skínandi fordæmi um breytni sem samræmist meginreglum Biblíunnar.

Háleitar lífsreglur handa fylgjendum hans

Trúarleiddogarnir líta á Jesú sem lögmálsbrjót og hafa nýverið komið sér saman um að ráða hann af dögum. Jesús heldur því áfram í fjallræðu sinni: „Ætlið ekki, að ég sé kominn til að afnema lögmálið eða spámennina. Ég kom ekki til að afnema, heldur uppfylla.“

Jesús ber hina dýpstu virðingu fyrir lögmáli Guðs og hvetur aðra til þess líka. Hann segir reyndar: „Hver sem því brýtur eitt af þessum minnstu boðum og kennir öðrum það, mun kallast minnstur í himnaríki,“ og á þá við að slíkur maður komist alls ekki inn í Guðsríki.




Jesús lítillsvirðir alls ekki lögmál Guðs heldur fordæmir jafnvel þau viðhorf sem fá fólk til að brjóta gegn því. Hann bendir á að lögmálið segir: „Þú skalt ekki morð fremja,“ en bætir við: „Ég segi yður: Hver sem reiðist bróður sínum, skal svara til saka fyrir dómi.“

Langvinn reiði gegn náunganum er alvarleg og getur jafnvel leitt til morðs, og þess vegna gripur Jesús til líkingar til að sýna fram á hve langt menn eigi að ganga í því að koma á sáttum. Hann segir:

„Sértu því að færa fórn þína á altarið og minnst þess þar, að bróðir þinn hefur eitthvað á móti þér, þá skaltu skilja gjöf þína eftir fyrir framan altarið, fara fyrst og sættast við bróður þinn, koma síðan og færa fórn þína.“

Jesús beinir nú athyglinni að sjöunda boðorðinu og heldur áfram: „Þér hafið heyrt, að sagt var: „Þú skalt ekki drýgja hór.““ En Jesús fordæmir jafnvel ranga afstöðu til hórdóms. „Ég segi yður: Hver sem horfir á konu í girndarhug, hefur þegar drýgt hór með henni í hjarta sínu.“

Jesús er ekki að tala aðeins um siðlausu hugsun sem líður hjá heldur að halda áfram að horfa á konu í girndarhug. Sá sem gerir það elur með sér ástríðufulla girnd sem getur endað




með hórdómi ef tækifæri býðst. Hvernig er hægt að koma í veg fyrir að slíkt gerist? Jesús bendir á að róttækar aðgerðir geti reynst nauðsynlegar og segir: „Ef hægra auga þitt tælir þig til falls, þá ríf það úr og kasta frá þér. . . . Ef hægri hönd þín tælir þig til falls, þá snið hana af og kasta frá þér.“

Fólk er oft tilbúið að fórna bókstaflegum útlím, ef hann er sýktur, til að bjarga lífi sínu. En að sögn Jesú er enn þýðingarmeira að „kasta frá sér“ *hverju sem er*, jafnvel þótt það virðist jafnverðmætt og auga eða hönd, til að forðast siðlausar hugsanir og verk. Að öðrum kosti verður slíku fólki kastað í Gehenna (logandi sorphaug í grennd við Jerúsalem) sem tákna eilífa tortímingu.

Jesús ræðir einnig um hvernig eigi að bera sig að við þann sem er móðgandi eða vinnur manni tjón. „Rísið ekki gegn þeim, sem gerir yður mein,“ ráðleggur hann. „Nei, slái einhver þig á hægri kinn, þá bjóð honum einnig hina.“ Jesús er ekki að segja að maður eigi ekki að verja sig eða fjölskyldu sína ef á þau er ráðist. Löðruni er ekki ætlað að meiða held-



ur móðga. Jesús er að segja að það sé rangt að bregðast ókvæða við þeim sem reynir að stofna til illinda eða átaka, annaðhvort með því að löðruna mann með flötum lófa eða særa með meiðandi orðum.



Eftir að Jesús hefur minnt á það lagaboð Guðs að elska náungann segir hann: „Elskið óvini yðar, og biðjið fyrir þeim, sem ofsækja yður.“ Hann segir að það sé ærin ástæða til: „Svo að þér reynist börn föður yðar á himnum, er lætur sól sína renna upp yfir vonda sem góða.“

Jesús lýkur þessum kafla ræðunnar með hvatningunni: „Verið þér því fullkomnir, eins og faðir yðar himneskur er fullkominn.“ Hann er ekki að segja að fólk geti verið fullkomni í strangasta skilningi orðsins, heldur geti það líkt eftir Guði með því að láta kærleika sinn ná jafnvel til óvina sinna. Í hliðstæðri frásögu hefur Lúkas eftir Jesú: „Verið miskunnsamir, eins og faðir yðar er miskunnsamur.“

Bæn og traust á Guði

Í framhaldi ræðunnar fordæmir Jesús hræsni þeirra sem flagga ímyndaðri guðrækni sinni. „Þegar þú gefur ölmusu, skaltu ekki láta þeyta lúður fyrir þér, eins og hræsnarar gjöra,“ segir hann.

„Og þegar þér biðjist fyrir, þá verið ekki eins og hræsnararnir,“ heldur Jesús áfram. „Þeir vilja helst standa og biðjast fyrir í samkundum og á gatnamótum, til þess að menn sjái þá.“ Síðan segir hann: „En nær þú biðst fyrir, skaltu ganga inn í herbergi þitt, loka dyrunum og biðja föður þinn, sem er

í leynum.“ Jesús baðst sjálfur fyrir á almannafæri þannig að hann er ekki að fordæma það. Hann er að fordæma bænir sem eru bornar fram til að vekja hrifningu áheyrenda og kalla fram aðdáun þeirra og hrós.


Jesús heldur áfram og ráðleggur: „Þegar þér biðjist fyrir, skuluð þér ekki fara með fánýta mælgí að hætti heiðingja.“ Hann er ekki að gefa í skyn að endurtekning sé röng. Einu sinni baðst hann fyrir aftur og aftur „með sömu orðum.“ Hann er að lýsa vanþóknun sinni á því að fara með síendurteknar utanbókarþulur eins og menn gera með hjálp talnabanda.

Jesús kennir áheyrendum sínum fyrirmyndarbæn til að hjálpa þeim að biðja, en í henni eru sjö beiðnir. Fyrstu þrjár tengjast réttilega viðurkenningu á drottinvaldi Guðs og tilgangi hans. Þar er beðið um að nafn Guðs helgist, ríki

hans komi og vilji hans verði gerður. Hinar fjórar eru persónulegar beiðnir um daglegt fæði, fyrirgefningu synda, að verða ekki freistað um megn fram og um frelsun frá hinum vonda.

Í framhaldinu bendir Jesús á að það sé snara að leggja óhóflega áherslu á efnislegar eignir. Hann hvetur: „Safnið yður ekki fjársjóðum á jörðu, þar sem mölur og ryð eyðir og þjófar brjótast inn og stela.“ Slikir fjársjóðir eru forgengilegir og gera menn ekki ríka í augum Guðs.

Jesús segir því: „Safnið yður heldur fjársjóðum á himni.“ Það er gert með því að láta þjónustu Guðs ganga fyrir í lífinu. Enginn getur stolið úr þeim sjóði sem safnast hjá Guði með slíkum verk-






um, eða þeim miklu launum sem fylgja honum. Síðan bætir Jesús við: „Hvar sem fjársjóður þinn er, þar mun og hjarta þitt vera.“

Jesús fjallar áfram um snöru efnishyggjunnar og bregður upp líkingu: „Augað er lampi líkamans. Sé auga þitt heilt, mun allur líkami þinn bjartur. En sé auga þitt spillt, verður allur líkami þinn dimmur.“ Heilbriggt auga er líkamanum eins og lýsandi lampi á myrkum stað. En til að sjá skýrt þarf augað að vera heilt og einbeita sér að einum hlut í einu. Auga, sem sér ekki skýrt, getur lagt rangt mat á hluti þannig að efnislegir hlutir séu teknir fram yfir þjónustuna við Guð. Þá verður ‚allur líkaminn‘ í myrkri.

Jesús dregur síðan upp sterka mynd: „Enginn getur þjónað tveimur herrum. Annaðhvort hatar hann annan og elskar hinn eða þýðist annan og afrækir hinn. Þér getið ekki þjónað Guði og mammón.“

Eftir að hafa gefið þessi ráð fullvissar Jesús áheyrendur sína um að þeir þurfi ekki að hafa áhyggjur af efnislegum þörfum sínum ef þeir láti þjónustu Guðs ganga fyrir. „Lítið



til fugla himinsins,“ segir hann. „Hvorki sá þeir né uppskera né safna í hlöður og faðir yðar himneskur faðir þá.“ Síðan spyr hann: „Eruð þér ekki miklu fremri þeim?“

Því næst nefnir Jesús liljur vallarins og bendir á að „jafnvel Salómon í allri sinni dýrð hafi ekki verið svo búinn sem ein þeirra.“ Svo heldur hann áfram: „Fyrst Guð skryðir svo gras vallarins, . . . skyldi hann þá ekki miklu fremur klæða yður, þér trúlitlir!“ Niðurstaða Jesú er því þessi: „Segið því ekki áhyggjufullir: „Hvað eigum vér að eta? Hvað eigum vér að drekka? Hverju eigum vér að klæðast?“ . . . Yðar himneski faðir veit, að þér þarfnist alls þessa. En leitið fyrst ríkis hans og réttlætis, þá mun allt þetta veitast yður að auki.“

Leiðin til lífsins

Leiðin til lífsins er fólgin í því að fara eftir kenningum Jesú. En það er ekki auðvelt. Farisearnir eru til dæmis dómharðir og margir líkja trúlega eftir þeim. Jesús hvetur því áheyrendur sína í framhaldi fjallræðunnar: „Dæmið ekki, svo að þér verðið ekki dæmdir. Því að með þeim dómi, sem þér dæmið, munuð þér dæmdir.“

Það er hættulegt að fylgja fordæmi fariseanna sem eru gagnrýnir úr hófi fram. Samkvæmt frásögn Lúkasar lýsir Jesús þessari hættu þannig: „Hvort fær blindur leitt blindan? Munu ekki báðir falla í gryfju?“

Það er háalvarlegt mál að vera of gagnrýninn á aðra, gera mikið úr göllum þeirra og hamra á þeim. Jesús spyr því: „Hvernig fær þú sagt við bróður þinn: „Lát mig draga flísina úr auga þér?“ Og þó er bjálki í auga sjálfs þín. Hræsnari, drag fyrst bjalkann úr auga þér, og þá sérðu glöggt til að draga flísina úr auga bróður þíns.“

Jesús er ekki að segja að lærisveinar hans eigi ekki að beita dómgreind sinni í samskiptum við aðra, því hann heldur áfram: „Gefið ekki hundum það sem heilagt er, og kastið eigi perlum yðar fyrir svín.“ Sannleikurinn í orði

Guðs er heilagur. Hann er eins og táknrænar perlur. En ef sumir eru eins og hundar eða svín að því leyti að þeir kunna alls ekki að meta þessi dýrmætu sannindi, þá ættu lærisveinar Jesú að láta þá eiga sig og leita að þeim sem eru móttækilegri.



Jesús er búinn að ræða um bænina fyrr í fjallræðunni, en núna leggur hann áherslu á þrautseigju í bæninni. „Biðjið, og yður mun gefast,“ hvetur hann. Jesús tekur dæmi til að lýsa vilja Guðs til að svara bænum: „Hver er sá maður meðal yðar, sem gefur syni sínum stein, er hann biður um brauð? . . . Fyrst þér, sem eruð vondir, hafið vit á að gefa börnum yðar góðar gjafir, hve miklu fremur mun þá faðir yðar á himnum gefa þeim góðar gjafir, sem biðja hann?“

Nú setur Jesús fram hina annáluðu gullnu reglu eins og hún er yfirleitt kölluð: „Allt sem þér viljið, að aðrir menn gjöri yður, það skuluð þér og þeim gjöra.“ Að lifa eftir þessari reglu merkir að gera öðrum gott, að koma fram við þá eins og maður vill láta koma fram við sig.

Vegurinn til lífsins er ekki auðfarinn eins og sjá má af fyrirmælum Jesú: „Gangið inn um



þrönga hliðið. Því að vítt er hliðið og vegurinn breiður, sem liggur til glötunar, og margir þeir, sem þar fara inn. Hve þröngt er það hlið og mjór sá vegur, er liggur til lífsins, og fáir þeir, sem finna hann.“

Það er veruleg hætta á því að leiðast á villigötur þannig að Jesús segir: „Varist falsspámenn. Þeir koma til yðar í sauðaklæðum, en innra eru þeir gráðugir vargar.“ Alveg eins og góð tré og slæm tré þekkjast á ávöxtum sínum, eins má þekkjast falsspámenn á atferli þeirra og kenningum.

Jesús heldur áfram og bendir á að það séu ekki *orðin* sem geri mann að lærisveini hans heldur *verkin*. Sumir kalla Jesú herra sinn og Drottin, en ef þeir gera ekki vilja föður hans segist hann votta þeim: „Aldrei þekkti ég yður. Farið frá mér, illgjörðamenn.“

Jesús lýkur ræðu sinni með eftirminnilegum orðum. Hann segir: „Hver sem heyrir þessi orð mín og breytir eftir þeim, sá er líkur hyggnum manni, er byggði hús sitt á bjargi. Nú skall á steypiregn, vatnið flæddi, stormar blésu og buldu á því húsi, en það féll eigi, því það var grundvallað á bjargi.“

„En hver sem heyrir þessi orð mín og breytir ekki eftir þeim,“ segir Jesús, „sá er líkur heimskum manni, er byggði hús sitt á sandi. Steypiregn skall á, vatnið flæddi, stormar blésu og buldu á því húsi. Það féll, og fall þess var mikið.“

Þegar Jesús lýkur ræðu sinni undrast mannfjöldinn hvern-



ig hann kennir,
því að hann kennir
eins og sá sem
vald hefur en ekki
eins og trúarleiðtog-
arnir. Lúkas 6:12-23;
Matteus 5:1-12; Lúkas 6:
24-26; Matteus 5:13-48; 6:1-34;
26:36-45; 7:1-29; Lúkas 6:27-49.



- Hvar er Jesús þegar hann flytur eftirminnilegustu ræðu sína, hverjir eru viðstaddir og hvað gerðist rétt áður?
- Hvers vegna er ekkert óeðlilegt að Lúkas skuli segja frá sumu úr fjallræðunni í öðru samhengi?
- Hvað gerir ræðu Jesú sérstaklega verðmæta?
- Hverjir eru raunverulega hamingjusamir og hvers vegna?
- Hverjir verða fyrir ógæfu og af hverju?
- Hvernig eru lærisveinar Jesú „salt jarðar“ og „ljós heimsins“?
- Hvernig sýnir Jesús mikla virðingu fyrir lögmáli Guðs?
- Hvaða leiðbeiningar gefur Jesús um að uppræta orsakir morðs og hórðóms?
- Hvað á Jesús við þegar hann talar um að bjóða hina kinnina?
- Hvernig getum við verið fullkomin eins og Guð er fullkominn?
- Hvaða leiðbeiningar gefur Jesús um bænina?
- Af hverju eru himneskir fjársjóðir miklu betri en jarðneskir og hvernig eignast maður þá?
- Hvaða líkingar notar Jesús til að vara fólk við efnishyggju?
- Af hverju segir Jesús að menn þurfi ekki að vera áhyggjufullir?
- Hvað segir Jesús um að dæma aðra, en hvernig bendir hann á að lærisveinarnir þurfi að sýna dómgreind í samskiptum við fólk?
- Hvað fleira segir Jesús um bænina og hvaða hegðunarreglu setur hann?
- Hvernig bendir Jesús á að leiðin til lífsins sé ekki auðfarin og að hætta sé á því að leiðast á villigötur?
- Hvernig lýkur Jesús ræðu sinni og hvaða áhrif hefur hún?

Liðsforingi sýnir mikla trú

ÞJÓNUSTA Jesú meðal fólks er næstum hálfnuð þegar hann flytur fjallræðuna. Hann á nú aðeins eitt ár og níu mánuði eftir til að ljúka starfi sínu á jörð.

Jesús kemur nú til Kapernaum sem er eins konar starfsbækistöð hans. Þar koma öldungar Gyðinga að máli við hann og biðja hann nokkurs. Þeir eru sendir af hundraðshöfðingja eða liðsforingja í rómverska hernum sem ekki er Gyðingur.

Liðsforingi þessi á þjón sem hann metur mjög mikils og þjónninn er að deyja úr alvarlegum sjúkdómi. Maðurinn vill að Jesús lækni þjón sinn. Gyðingar sárþæna Jesú fyrir hönd liðsforingjans: „Verður er hann þess, að þú veitir honum þetta, því að hann elskar þjóð vora, og hann hefur reist samkunduna handa oss.“

Jesús fer með mönnunum án þess að hika. En þegar þeir nálgast heimili liðsforingjans sendir hann vini til móts við Jesú og lætur segja honum:

„Ómaka þig ekki, herra, því að ég er ekki verður þess, að þú gangir inn undir þak mitt. Þess vegna hef ég ekki heldur talið sjálfan mig verðan þess að koma til þín.“

Þetta ber vott um mikla auðmýkt af hálfu liðsforingja sem er vanur að skipa öðrum fyrir. En hann er senni-



lega líka að hugsa um Jesú og gerir sér ljóst að samkvæmt venju má Gyðingur ekki eiga félagslegt samneyti við menn af öðrum þjóðum. Jafnvel Pétur sagði: „Þér vitið, að Gyðingi er bannað að eiga samneyti við annarrar þjóðar mann eða koma til hans.“

Liðsforinginn vill ekki að Jesús þurfi að líða fyrir að brjóta þessa siðvenju og lætur því vini sína biðja hann: „Mæl þú eitt orð, og mun sveinn minn heill verða. Því að sjálfur er ég



maður, sem verð að lúta valdi og ræð yfir hermönnum, og ég segi við einn: ‚Far þú,‘ og hann fer, og við annan: ‚Kom þú,‘ og hann kemur, og við þjón minn: ‚Gjör þetta,‘ og hann gjörir það.“

Jesús undrast er hann heyrir þetta. „Sannlega segi ég yður, þvílíka trú hef ég ekki fundið hjá neinum í Ísrael,“ segir hann. Eftir að hafa læknað þjón liðsforingjans notar Jesús tækifærið til að segja frá því hvernig trúaðir menn, sem ekki eru Gyðingar, öðlist blessun sem trúlausir Gyðingar hafni.

„Margir munu koma frá austri og vestri og sitja til borðs með Abraham, Ísak og Jakob í himnaríki, en synir ríkisins munu út reknir í ystu myrkur. Þar verður grátur og gnístran tanna.“

„Synir ríkisins . . . reknir í ystu myrkur“ eru bókstaflegir Gyðingar sem stóð fyrst til boða að verða meðstjórnendur Krists en þáðu það ekki. Abraham, Ísak og Jakob tákna guðsríkisfyrirkomulagið. Jesús er því að segja að mönnum af þjóðunum verði boðið að sitja við himneskt borð, ef svo má segja, „í himnaríki.“

Lúkas 7:1-10; Matteus 8:5-13; Postulasagan

10:28.

- Hvað biðja Gyðingar um í þágu heiðins liðsforingja?
- Hvað kann að skýra hvers vegna liðsforinginn býður Jesú ekki að ganga í hús sitt?
- Hvað á Jesús við með lokaorðum sínum?





37

Sorg ekkjunnar breytist í gleði

SKÖMMU eftir að Jesús læknað þjón liðsforingjans heldur hann til borgarinnar Nain sem er ríflega 30 kílómetra suðvestur af Kapernaum. Lærisveinarnir og mikill mannfjöldi fylgir honum. Degi er sennilega tekið að halla þegar þeir koma að útjaðri Nain. Þar ganga þeir fram á lík fylgd. Verið er að bera lík ungs manns út úr borginni til greftunar.

Móðirin á sérstaklega bágt vegna þess að hún er ekkja og þetta var einkasonur hennar. Þegar maðurinn hennar dó gat hún huggað sig við að hún ætti son. Vonir hennar, langanir og

markmið voru bundin honum. En nú á hún engan að sér til hughreystingar. Buguð af sorg gengur hún ásamt borgarbum til greftrunarstaðarins.

Þegar Jesús kemur auga á þessa sorgbitnu konu finnur hann sárlega til með henni. Hann segir því við hana, blíðlega en þó með traustvekjandi festu: „Grát þú eigi!“ Orð hans og framkoma grípur athygli mannfjöldans. Burðarmennirnir staðnæmast því þegar hann gengur fram og snertir líkbörurnar. Allir eru eflaust að hugsa með sér hvað hann ætli að gera.

Þeir sem fylgja Jesú hafa vissulega séð hann lækna marga á undraverðan hátt af sjúkdómum. En þeir munu aldrei hafa séð hann reisa mann upp frá dauðum. Getur hann það? Jesús ávarpar líkið og segir: „Ungi maður, ég segi þér, rís þú upp!“ Og maðurinn sest upp! Hann fer að tala og Jesús gefur hann móður hans.

Þegar fólkið sér að ungi maðurinn er virkilega lifandi segir það hvert við annað: „Spámaður mikill er risinn upp meðal vor.“ Aðrir segja: „Guð hefur vitjað lýðs síns.“ Fréttirnar af þessu undraverki breiðast eins og eldur í sinu út um alla Júdeu og allt nágrennið.


Jóhannes skírari situr enn í fangelsi og hann vill fá að vita meira um þau verk sem Jesús er að vinna. Lærisevinnar Jóhannesar segja honum frá þessum kraftaverkum. Hvernig bregst hann við?

Lúkas 7:11-18.

- Hvað er að gerast þegar Jesús nálgast Nain?
- Hvaða áhrif hefur það á Jesú sem hann sér og hvað gerir hann?
- Hver eru viðbrögð fólks við kraftaverki Jesú?







38

Skorti Jóhannes trú?

JÓHANNES skirari hefur setið í fangelsi í hér um bil ár þegar hann fréttir að Jesús hafi reist son ekkjunnar í Nain upp frá dauðum. En hann vill heyra hvað Jesús sjálfur segir um þýðingu þessa, þannig að hann sendir tvo lærisveina sína til að spyrja hann: „Ert þú sá, sem koma skal, eða eigum vér að vænta annars?“

Spurningin kann að þykja undarleg, einkum þegar haft er í huga að Jóhannes sá anda Guðs stíga niður yfir Jesú og heyrði rödd Guðs lýsa velþóknun á Jesú þegar hann skírði hann nálega tveim árum áður. Einhver gæti haldið að Jóhannes væri orðinn veikur í trúnni. En svo er ekki. Jesús hefði ekki farið jafnlofsamlegum orðum um Jóhannes og hann gerði við þetta tækifæri ef Jóhannes hefði verið farinn að ef-ast. Hvers vegna spyr hann þá um þetta?

Kannski vill Jóhannes bara fá staðfestingu frá Jesú á því að hann sé Messías. Það væri mjög styrkjandi fyrir Jóhannes sem er að veslast upp í fangelsinu. En greinilega er meira fólgið í spurningunni. Hann vill augljóslega fá að vita hvort einhver annar eigi eftir að koma fram, eins konar arftaki sem ljúki við að uppfylla allt sem spáð var að Messías myndi áorka.

Samkvæmt spádómum Biblíunnar, sem Jóhannes þekkir, á Guðs smurði að vera konungur, frelsari. En Jóhannes situr enn í fangelsi mörgum mánuðum eftir skírn Jesú. Jóhannes er því greinilega að spyrja Jesú: „Ert þú virkilega sá sem á að stofnsetja sýnilegt ríki Guðs, eða er einhver annar,



einhver arftaki sem við eigum að biða eftir að uppfylli alla hina stórkostlegu spádóma um dýrð Messíasar?'

Í stað þess að segja lærisveinum Jóhannesar beint: „Auðvit- að er ég sá sem koma átti!“ tekur hann að lækna marga af alls konar sjúkdómum og kvillum. Síðan segir hann lærisveinum: „Farið og kunngjörið Jóhannesi það, sem þið hafið séð og heyrt: Blindir fá sýn, haltir ganga, líkþráir hreinsast og daufir heyra, dauðir rísa upp og fátækum er flutt fagnaðarerindi.“

Með öðrum orðum liggur kannski í spurningu Jóhannes- ar viss von um að Jesús geri meira en hann er að gera, og ef til vill að hann frelsi Jóhannes úr fangelsinu. En Jesús segir Jóhannesi að búast ekki við meiru en kraftaverkunum sem hann er að vinna.

Þegar lærisveinar Jóhannesar fara snýr Jesús sér að mann- fjöldanum og segir að Jóhannes sé ‚sendiboðinn‘ sem Jehóva spáði um í Malakí 3:1 og einnig spámaðurinn Elía sem spáð er um í Malakí 4:5, 6. Þannig lofar hann Jóhannes og gerir hann jafnan sérhverjum spámanni sem uppi var fyrrum og segir: „Sannlega segi ég yður: Enginn er sá af konu fæddur, sem meiri sé en Jóhannes skírari. En hinn minnsti í himna- ríki er honum meiri. Frá dögum Jóhannesar skírara og til þessa er ríki himnanna ofríki beitt.“

Jesús sýnir hér fram á að Jóhannes verði ekki í himnaríki því að hinn minnsti í himnaríki sé honum meiri. Jóhannes undirbjó veginn fyrir Jesú Krist en deyr áður en Jesús inn- siglar sáttmálann eða samninginn um að lærisveinar hans verði meðstjórnendur hans í ríkinu. Þess vegna segir Jesús að Jóhannes verði ekki í himnaríki. Hann verður jarðneskur þegn Guðsríkis.

Lúkas 7:18-30; Matteus 11:2-15.

- Hvers vegna spyr Jóhannes hvort Jesús sé sá sem koma skuli eða hvort vænta beri annars?
- Hvaða spádóma segir Jesús að Jóhannes hafi uppfyllt?
- Af hverju verður Jóhannes skírari ekki á himnum með Jesú?

Hinir stoltu og hinir auðmjúku

EFTIR að Jesús hefur lýst dyggðum Jóhannesar skírara beinir hann athygli sinni að hinu stolta og hverflynda fólki umhverfis sig. „Þessi kynslóð er lík börnum sem á torgum sitja og kallast á: „Vér lékum fyrir yður á flautu og ekki vilduð þér dansa. Vér sungum yður sorgarljóð, og ekki vilduð þér syrgja,““ segir hann.

Hvað á Jesús við? Hann útskýrir: „Jóhannes kom, át hvorki né drakk, og menn segja: „Hann hefur illan anda.“ Mannssonurinn kom, át og drakk, og menn segja: „Hann er mathákur og vinsvelgur, vinur tollheimtumanna og bersyndugra!“

Það er engin leið að gera fólki til geðs. Því finnst ekkert nógu gott. Jóhannes hefur lifað



fábrotnu lífi í sjálfsafneitun eins og nasírei, í samræmi við yfirlýsingu engilsins: „Aldrei mun hann drekka vín né áfengian drykk.“ Samt segir fólk að hann hafi illan anda. Á hinn bóginn lifir Jesús eins og hver annar maður, án allra meinlæta, og hann er sakaður um óhóf.

Það er sannarlega erfitt að gera fólkinu til hæfis! Það er eins og börn að leik sem vilja ekki dansa þegar leikfélagarnir leika á flautu, eða syrgja þegar leikfélagarnir syngja sorgarljóð. En Jesús segir: „Spekin sannast af verkum sínum.“ Já, ummerkin eða verkin sýna og sanna að ásakanirnar á hendur Jóhannesi og Jesú eru rangar.

Jesús heldur áfram og ávítar borgirnar Kórasín, Betsáidu og Kapernaum þar sem hann hefur unnið flest kraftaverkin. Ef hann hefði unnið þessi verk í föníkisku borgunum Týrus og Sídon hefðu þær iðrast í sekk og ösku. Hann fordæmir Kapernaum, sem virðist hafa verið starfsbækistöð hans meðan þjónusta hans hefur staðið yfir, og segir: „Landi Sódómu mun bærilegra á dómsdegi en þér.“

Því næst vegsamar Jesús himneskan föður sinn. Hann finnur sig knúinn til þess af því að Guð hylur dýrmæt, andleg sannindi fyrir spekingum og menntamönnum en opinberar þau auðmjúkum mönnum eða smælingjum.

Loks hvetur Jesús hlýlega: „Komið til mín, allir þér sem erfiði hafið og þungar byrðar, og ég mun veita yður hvíld. Takið á yður mitt ok og lærið af mér, því að ég er hógvær og af hjarta lítillátur, og þá munuð þér finna hvíld sálum yðar. Því að mitt ok er ljúft og byrði mín létt.“

Hvernig veitir Jesús hvíld? Með því að leysa menn úr fjöðrum þjakandi erfikenninga sem trúarleiddogarnir hafa íþyngt fólki með, þeirra á meðal hinna ströngu hvíldardagsákvæða. Einnig bendir hann þeim á undankomuleið sem eru að kikna undan yfirdrottnun pólitískra yfirvalda og þeim sem eru

sakbitnir vegna synða sinna. Hann opinberar slíkum þjáð-
um mönnum hvernig þeir geti fengið syndafyrirgefningu og
eignast dýrmætt samband við Guð.

Hið ljúfa ok Jesú er fólgið í hugheilli vígslu til Guðs, í þeim
tilgangi að þjóna miskunnssömum og meðaumkunarsömum
föður okkar á himnum. Og hin léttu byrði, sem Jesús býður
þeim er koma til hans, er sú að hlýða kröfum Guðs sem veita
mönnum líf, það er að segja boðorðum hans sem skráð eru
í Biblíunni. Og það er engin byrði að hlýða þeim. **Matteus 11:
16-30; Lúkas 1:15; 7:31-35; 1. Jóhannesarbréf 5:3.**

- Á hvaða hátt er hin stolta og hverflynda kynslóð manna á dögum
Jesú eins og börn?
- Af hverju finnur Jesús sig knúinn til að vegsama himneskan föður
sinn?
- Hvað íþyngir fólki og hvaða létti býður Jesús?





40

Lexía í miskunn

JESÚS er ef til vill enn í Nain þar sem hann reisti son ekkju nokkurrar upp frá dauðum fyrir skemmstu, eða þá í einhverri grannborg. Farisea, sem heitir Símon, langar til að kynnast þessum kraftaverkamanntímann. Hann býður Jesú því til máltíðar.

Jesús lítur á þetta boð sem tækifæri til að kenna viðstöddum og þiggur boðið, alveg eins og hann hefur áður gert og matast með tollheimtumönnum og syndurum. En þegar hann gengur í hús Símonar fær hann ekki þær hjartanlegu móttökur sem venja er.



Menn verða óhreinir á fótum og heitt að ganga í ilskóm á rykugum vegum, og það heyrir til almennri gestrisni að þvo fætur gesta í köldu vatni. En fætur Jesú eru ekki þvegnir þegar hann kemur. Hann er ekki heldur boðinn velkominn með kossi svo sem tíðkast. Og honum er ekki boðin olía í hárið eins og telst til almennrar gestrisni.

Meðan gestir liggja að borði kemur kona inn fyrir, hljóðlega og óboðin. Hún er þekkt í borginni fyrir siðlaust lífveri. Trúlega hefur hún heyrt Jesú kenna, meðal annars heyrt boð hans til „allra sem hafa þungar byrðar um að koma til sín og hljóta hvíld.“ Hún er djúpt snortin af því sem hún hefur séð og heyrt og hefur leitað Jesú uppi.

Konan kemur aftan að Jesú við borðið og krýpur við fætur hans. Tár hennar falla á fætur honum og hún þerrar þau með hári sínu. Blíðlega kyssir hún fætur hans og smyr þá með ilmolíu úr flösku sem hún hefur meðferðis. Símon horfir á með vanþóknun. „Væri þetta spámaður, mundi hann vita, hver og hvílik sú kona er, sem snertir hann, að hún er bersyndug,“ hugsar hann með sér.

Jesús veit hvað hann er að hugsa og segir: „Símon, ég hef nokkuð að segja þér.“

„Seg þú það, meistari,“ svarar hann.

„Tveir menn voru skuldugir lánveitanda nokkrum,“ segir Jesús. „Annar skuldaði honum fimm hundruð denara, en hinn fimmtíu. Nú gátu þeir ekkert borgað, og þá gaf hann báðum upp. Hvor þeirra skyldi nú elska hann meira?“

„Sá, hygg ég, sem hann gaf meira upp,“ svarar Símon, kannski með nokkru tómlæti þar eð honum þykir spurningin málinu óviðkomandi.



„Þú ályktaðir rétt,“ segir Jesús. Síðan snýr hann sér að konunni og segir við Símon: „Sér þú konu þessa? Ég kom í hús þitt, og þú gafst mér ekki vatn á fætur mína, en hún vætti fætur mína tárur sínum og þerraði með hári sínu. Ekki gafst þú mér koss, en hún hefur ekki látið af að kyssa fætur mína, allt frá því ég kom. Ekki smurðir þú höfuð mitt oliu, en hún hefur smurt fætur mína með smyrslum.“

Konan hefur á þennan hátt látið í ljós einlæga iðrun vegna siðlausrar fortíðar sinnar. Jesús segir því að lokum: „Hinar mörgu syndir hennar eru fyrirgefnar, enda elskar hún mikið, en sá elskar litið, sem litið er fyrirgefið.“

Jesús er engan veginn að afsaka siðleysi eða gera litið úr því. Þetta atvik sýnir hins vegar meðaumkun hans og skilning gagnvart fólki sem gerir mistök í lífinu en lætur síðan í ljós að það iðrist þeirra og leitar ásjár hjá honum. Jesús veitir konunni nýjan kraft er hann segir: „Syndir þínar eru fyrirgefnar. . . . Trú þín hefur frelsað þig, far þú í friði.“ **Lúkas 7: 36-50; Matteus 11:28-30.**

- Hvaða móttökur fær Jesús hjá gestgjafa sínum, Símoni?
- Hver leitar Jesú uppi og hvers vegna?
- Hvaða líkingu bregður Jesús upp og hvernig heimfærir hann hana?

Umdeildur maður

SKÖMMU eftir að Jesús var gestur í húsi Simonar leggur hann upp í aðra prédikunarferð um Galíleu. Á fyrri ferð sinni um svæðið voru fyrstu lærisveinar hans, þeir Pétur, Andrés, Jakob og Jóhannes, með honum. Núna eru postularnir 12 og nokkrar konur með í för. Þeirra á meðal eru þær María Magdalena, Súsanna og Jóhanna sem er kona ráðsmanns Heródesar konungs.


Því meir sem Jesús hraðar þjónustu sinni þeim mun umdeildari verður hann. Maður haldinn illum anda, sem er auk þess blindur og mállaus, er færður til hans. Mannfjöldinn er furðu lostinn þegar Jesús læknað manninn þannig að hann losnar undan yfirráðum illa andans og getur bæði talað og séð. Menn segja hver við annan: „Hann er þó ekki sonur Davíðs?“

Slíkur er mannfjöldinn umhverfis húsið, þar sem Jesús dvelst, að hann og lærisveinarnir geta ekki einu sinni matast. Auk þeirra sem halda að hann sé kannski hinn fyrirheitni „sonur Davíðs“ þá eru þangað komnir fræðimenn og farísear alla leið frá Jerúsalem til að gera hann tortryggilegan. Þegar ættingjar Jesú fréttu af öllu uppnáminu kringum hann koma þeir til að sækja hann. Hvers vegna?

Enn sem komið er trúa bræður Jesú ekki að hann sé sonur Guðs. Það er líka svo ólíkt þeim Jesú, sem þeir þekktu þegar hann var að alast upp í Nasaret, að valda slíku uppnámi og deilum. Þeir halda því að Jesús sé ekki heill á geðsmunum. Þeir hugsa með sér að hann sé genginn af vitinu og hyggjast taka hann burt með valdi.

Eftir sem áður er ljóst að Jesús hefur læknað manninn sem haldinn var illa andanum. Fræðimennirnir og farísearnir vita að þeir geta ekki þrætt fyrir það. Þeir reyna því að gera Jesú tortryggilegan með því að segja fólkinu: „Þessi rekur ekki út illa anda nema með fulltingi Beelsebúls, höfðingja illra anda.“





Jesús veit hvað fræðimennirnir og farísearnir eru að hugsa, kallar á þá og segir: „Hvert það ríki, sem er sjálfu sér sundurþykkt, leggst í auðn, og hver sú borg eða heimili, sem er sjálfu sér sundurþykkt, fær ekki staðist. Ef Satan rekur Satan út, er hann sjálfum sér sundurþykkur. Hvernig fær ríki hans þá staðist?“

Þetta eru óhrekjandi rök! Farísearnir halda því fram að menn úr þeirra hópi hafi rekið út illa anda þannig að Jesús spyr: „Ef ég rek illu andana út með fulltingi Beelsebúls, með hverju reka þá yðar menn þá út?“ Með öðrum orðum mætti alveg eins saka þá um hið sama og þeir saka Jesú um. Síðan segir Jesús: „En ef ég rek illu andana út með Guðs anda, þá er Guðs ríki þegar yfir yður komið.“

Vald hans til að reka út illa anda er sönnun þess að hann sé Satan máttugri. Hann bregður upp líkingu: „Hvernig fær nokkur brotist inn í hús hins sterka og rænt föngum hans, nema hann bindi áður hinn sterka, þá getur hann rænt hús hans. Hver sem er ekki með mér, er á móti mér, og hver sem safnar ekki saman með mér, hann sundurdreifir.“ Farísearnir eru greinilega á móti Jesú og sýna sig þar með handbendi Satans. Þeir eru að dreifa Ísraelsmönnum burt frá honum.

Þar af leiðandi varar Jesús þessa illu andstæðinga við því að „guðlast gegn andanum verði ekki fyrirgefið.“ Hann skýrir það nánar: „Hverjum sem mælir gegn Mannssyninum, verður það fyrirgefið, en þeim sem mælir gegn heilögum anda, verður ekki fyrirgefið, hvorki í þessum heimi né í hinum komanda.“ Fræðimennirnir og farísearnir hafa drýgt þessa ófyrirgefanlegu synd með því að eigna Satan undraverk sem eru greinilega unnin af heilögum anda Guðs. **Matteus 12:22-32; Markús 3:19-30; Lúkas 8:1-3; Jóhannes 7:5.**

- Í hverju er önnur ferð Jesú um Galíleu ólík þeirri fyrstu?
- Hvers vegna reyna ættingjar Jesú að taka hann?
- Hvernig reyna farísearnir að gera kraftaverk Jesú tortryggileg og hvernig hrekur Jesús rök þeirra?
- Hvað eru þessir farísear sekir um og hvers vegna?

Jesús ávítar faríseana



EF ÞAÐ er með valdi Satans sem Jesús rekur út illa anda, þá er Satan að berjast gegn sjálfum sér. „Ann- aðhvort er tréð gott og ávöxturinn góður eða tréð vont og ávöxturinn vondur. Því af ávextinum þekkest tréð,“ heldur Jesús áfram.

Það er heimskulegt að halda því fram að hinn góði ávöxtur að reka út illa anda stafi af því að Jesús þjóni Satan. Ef ávöxturinn er góður getur tréð ekki verið vont. Vondur ávöxtur faríseanna, það er að segja fáránlegar ásakanir þeirra og tilhæfulaus andstaða þeirra gegn Jesú, sannar hins vegar að þeir eru sjálfir vondir. „Þér nöðru kyn,“ segir Jesús, „hvernig getið þér, sem eruð vondir, talað gott? Af gnægð hjartans mælir munnurinn.“

Þar eð orð okkar endurspeгла hjartalagið má dæma okkur af orðunum. „Ég segi yður: Hvert ónytjuorð, sem menn mæla, munu þeir verða að svara fyrir á dómsdegi,“ segir Jesús. „Því af orðum þínum muntu sýknaður, og af orðum þínum muntu sakfelldur verða.“

Þrátt fyrir öll máttarverk Jesú biðja fræðimennirnir og farísearnir: „Meistari, vér viljum sjá þig gjöra tákni.“ Þessir sömu menn frá Jerúsalem hafa kannski ekki sjálfir séð hann vinna kraftaverk sín, en fyrir því er óhrekjandi vitnisburður sjónarvotta. Jesús svarar því þessum leiðtogum Gyðinga: „Vond og ótrú kynslóð heimtar tákni, en eigi verður henni annað tákni gefið en tákni Jónasar spámanns.“

Jesús heldur áfram og útskýrir hvað hann á við: „Jónas var í kviði stórhvelisins þrjá daga og þrjár nætur, og eins mun Mannssonurinn vera þrjá daga og þrjár nætur í skauti jarðar.“ Eftir að fiskurinn gleypsti Jónas slapp hann út úr honum eins og upprisinn. Jesús er því að segja fyrir að hann eigi eftir að deyja og verða reistur upp á þriðja degi. En leiðtogar



Gyðinga hafna ‚tákní Jónasar,‘ jafnvel síðar þegar Jesús er reistur upp frá dauðum.

Jesús segir að Níníve�menn, sem iðruðust við prédíkun Jónasar, rísi upp í dóminum til að sakfella Gyðingana sem hafna Jesú. Hann bendir einnig á drottninguna af Saba sem kom frá endimörkum jarðar til að heyra speki Salómóns og undræðist það sem hún sá og heyrði. „Og hér er meira en Salómón,“ bendir Jesús á.

Jesús kemur síðan með líkingu um mann sem óhreinn andi fer út af. En maðurinn fyllir ekki tómið með neinu góðu þannig að sjó illir andar til viðbótar taka sér bólfestu í honum. „Eins mun fara fyrir þessari vondu kynslóð,“ segir Jesús. Ísraelsþjóðin hafði verið hreinsuð og siðbætt — líkt og óhreinn andi færi út af henni um stund. En með því að hafna spámönnum Guðs, og loks með andstöðu sinni gegn Kristi sjálfum, sýnir hún að hún er miklu verri en áður.

Meðan Jesús er að tala koma móðir hans og bræður og taka sér stöðu í útjaðri mannfjöldans. Einhver segir: „Móðir þín og bræður standa hér úti og vilja tala við þig.“

„Hver er móðir mín, og hverjir eru bræður mínir?“ spyr Jesús. Hann réttir út höndina í átt til lærisveinanna og segir: „Hér er móðir mín og bræður mínir. Hver sem gjörir vilja föður míns, sem er á himnum, sá er bróðir minn, systir og móðir.“ Þannig bendir Jesús á að samband hans við lærisveinana sé honum enn dýrmætara en þau bönd sem binda hann ættingjum sínum, þótt sterk séu. **Matteus 12:33-50; Markús 3: 31-35; Lúkas 8:19-21.**

- Hvernig er bæði „tréð“ og „ávöxturinn“ hjá fariseunum?
- Hvert er „tákn Jónasar“ og hvernig er því síðar hafnað?
- Hvað er líkt með Ísraelsþjóð fyrstu aldar og mannum sem óhreinn andi kom út af?
- Hvernig leggur Jesús áherslu á náíð samband sitt við lærisveinana?

43 Jesús kennir í dæmisögum

JESÚS er að öllum líkindum staddur í Kapernaum þegar hann ávítar fariseana. Síðar sama dag gengur hann að heiman og niður að Galileuvatni sem er þar rétt hjá. Mikill mannfjöldi safnast þar saman og Jesús fer út í bát, leggur frá landi og tekur að kenna fólkinu á ströndinni um himnaríkið. Hann segir margar dæmisögur eða líkingar byggðar á kunnuglegum hlutum eða aðstæðum.

Fyrst segir Jesús frá sáðmanni sem sáir. Sumt af sæðinu fellur hjá götunni þar sem fuglar éta það. Annað fellur í grunnan jarðveg ofan á klöpp. Þar eð ræturnar standa grunnt skrælna nýju plönturnar í brennandi sólinni. Sumt af sæðinu fellur meðal þyrna sem vaxa og kæfa plönturnar. En sumt af sæðinu fellur í góða jörð og gefur af sér hundræðfalt, sextugfalt eða þrítugfalt.

Í annarri dæmisögu líkir Jesús Guðsríki við mann sem sáir sæði. Dagarnir líða og sæðið vex meðan maðurinn sefur og meðan hann vakir. Hann veit ekki hvernig. Það vex alveg af sjálfu sér og ber hveiti. Þegar hveitið er orðið þroskað uppsker maðurinn.

Þriðja dæmisagan fjallar um mann sem sáir góðu sæði í akur sinn en „er menn voru í svefni“ kemur óvinur og sáir illgresi meðal hveitisins. Þjónar mannsins spyrja hvort þeir eigi að reyta illgresið en hann svarar: „Nei, þá gætuð þið slitið upp hveitið um leið. Látið hvort tveggja vaxa saman fram að kornskurði. Þá segi ég kornskurðarmönnum að skilja illgresið frá og brenna því en hirða hveitið í hlöðuna.“


Jesús segir tvær dæmisögur í viðbót meðan hann talar við mannfjöldann á ströndinni. Hann segir að „himmarríki“ sé líkt mustarðskorni sem maður sáir. Þótt það sé allra fræja smæst verður plantan, sem af því vex, allra jurta stærst. Það

verður að tré og fuglar himinsins finna sér skjól í greinum þess.

Sumir benda á að til séu smærri fráen mustarðsfræið. En Jesús er ekki að kenna grasafraði. Mustarðsfræið er virkilega smæsta fræið sem Galileubúar þess tíma þekkja. Þeir skilja því mætavel að Jesús er að lýsa griðarlegum vexti.

Loks líkir Jesús „himnaríki“ við súrdeig sem kona tekur og blandar í þrjá mæla mjöls. Smám saman sýrir það allt deigið, segir hann.

Jesús lætur mannfjöldann fara eftir að hann hefur sagt þessar fimm dæmisögur og gengur aftur inn í húsið þar sem



ur inn í húsið þar sem hann dvelst. Fljótlega eru postularnir tólf komnir til hans ásamt fleirum.

Lærisveinarnir læra af dæmisögnum


Lærisveinarnir koma til Jesú eftir að hann hefur talað til mannfjöldans á ströndinni, til að forvitnast um hina nýju kennsluáðferð hans. Auðvitað hafa þeir heyrt hann segja dæmisögur og líkingar áður, en aldrei í slíkum mæli. Þeir spyrja því: „Hvers vegna talar þú til þeirra í dæmisögum?“

Ein ástæðan er sú að hann er að uppfylla orð spámansins: „Ég mun opna munn minn í dæmisögum, mæla fram það, sem hulið var frá grundvöllun heims.“ En það er líka önnur ástæða fyrir því að tala í dæmisögum — það stuðlar að því að draga fram hvað býr í hjörtum manna.

Sannleikurinn er sá að flestir vilja hlusta á Jesú fyrst og fremst af því að hann er frábær sögumaður og kraftaverka-

maður, en hafa ekki áhuga á að fylgja honum í óeigin-girni sem Drottni. Þeir vilja ekki láta koma róti á líf sitt eða lífsviðhorf. Þeir vilja ekki láta boðskapinn hafa slík áhrif á sig.

Jesús segir því: „Þess vegna tala ég til þeirra í dæmisögum, að sjáandi sjá þeir ekki og heyrandi heyra þeir ekki né skilja. Á þeim



rætist spádómur Jesaja: . . . Því að hjarta lýðs þessa er sljótt orðið.“

„En sæl eru augu yðar, að þau sjá, og eyru yðar, að þau heyra,“ heldur Jesús áfram. „Sannlega segi ég yður: Margir spámenn og réttlátir þráðu að sjá það, sem þér sjáið, en sáu það ekki, og heyra það, sem þér heyrið, en heyru það ekki.“

Já, postularnir tólf og þeir sem með þeim eru hafa næm hjörtu. Þess vegna segir Jesús: „Yður er gefið að þekkja leynda dóma himnaríkis, hinum er það ekki gefið.“ Skilningsprá postulanna er svo sterk að Jesús skýrir dæmisöguna um sáðmanninn fyrir þeim.

„Sæðið er Guðs orð,“ segir Jesús, og jarðvegurinn er hjarta-að. Um sæðið sem féll hjá götunni segir hann: „Djöfullinn kemur og tekur það burt úr hjarta þeirra, til þess að þeir trúi ekki og verði hólpnir.“

Sæðið sem féll í grunnan jarðveg ofan á klöpp merkir fólk sem tekur við orðinu með fögnuði í hjarta. En orðið getur ekki fest djúpar rætur í slíku hjarta og þetta fólk fellur frá þegar á það reynir eða ofsóknir verða.

Sæðið sem féll meðal þyrna merkir þá sem heyra orðið, segir Jesús, en kafna undir áhyggjum, auðæfum og nautnum lífsins þannig að þeir bera ekki þroskaðan ávöxt.

Sæðið sem féll í góða jörð er hins vegar þeir sem heyra orðið, geyma það í göfugu og góðu hjarta og bera svo ávöxt með stöðuglyndi, segir hann.

Það er mikil blessun fyrir lærisveinana að þeir skuli hafa leitað Jesú uppi til að fá skýringu á því sem hann var að kenna. Jesús ætlast til að dæmisögur hans skiljist til að þær miðli öðrum sannleika. „Ekki bera menn ljós inn og setja það undir mæliker eða bekk?“ spyr hann. „Er það ekki sett á ljósastiku?“ Svo bætir hann við: „Gætið því að, hvernig þér heyrið.“


Meiri fræðsla


Lærisveinana fýsir að vita meira eftir að Jesús hefur skýrt fyrir þeim dæmisöguna um sáðmanninn. Þeir biðja hann að skýra fyrir sér dæmisöguna um illgresið á akrinum.

Lærisveinarnir hugsa sannarlega öðruvísi en mannfjöldinn á ströndinni. Þetta fólk langar ekki raunverulega til að skilja merkinguna að baki dæmisögunum heldur lætur sér nægja yfirborðsþekkingu. Jesús ber saman forvitna lærisveina sína og áheyrendurna á ströndinni og segir:

„Með þeim mæli, sem þér mælið, mun yður mælt verða og við yður bætt.“ Það er eins og lærisveinarnir séu að „mæla“ áhuga sinn og athygli og Jesús veitir þeim meiri fræðslu. Hann svarar því fyrirspurn þeirra:

„Sá er sáir góða sæðinu, er Mannssonurinn, akurinn





er heimurinn, góða sæðið merkir börn ríkisins, en illgresið börn hins vonða. Óvinurinn, sem sáði því, er djöfullinn. Kornskurðurinn er endir veraldar og kornskurðarmennirnir englar.“

Eftir að hafa skýrt dæmisöguna lið fyrir lið lýsir Jesús niðurstöðunni. Við endalok heimskerfisins munu uppskerumennirnir, sem eru englar, skilja illgresið, það er að segja gervikristna menn, frá hinum sönnu ‚börnum ríkisins.‘ Þá verða „börn hins vonða“ send til eyðingar en börn eða synir Guðsríkis, sem nefndir eru „réttlátir,“ munu skína skært í ríki föður síns.

Síðan hljóta spurulir lærisveinar Jesú þá blessun að heyra þrjár dæmisögur í viðbót. Fyrst segir hann: „Líkt er himnaríki fjársjóði, sem fólgin var í jörðu og maður fann og leyndi. Í fögnuði sínum fór hann, seldi allar eigur sínar og keypti akur þann.“

„Enn er himnaríki líkt kaupmanni, sem leitaði að fögrum perlum,“ segir hann. „Og er hann fann eina dýrmæta perlu, fór hann, seldi allt, sem hann átti, og keypti hana.“


Sjálfur er Jesús eins og maðurinn sem finnur falinn fjársjóð og eins og kaupmaðurinn sem finnur dýrmæta perlu. Hann seldi allt ef svo má segja er hann afsalaði sér virðing-

arstöðu á himni til að verða lágt settur maður. Og sem maður á jörð má hann þola háðung og hatrammar ofsóknir til að sanna sig verðugan þess að verða konungur Guðsrikis.

Sú áskorun blasir líka við fylgjendum Jesú að selja allt til að hljóta þau stórkostlegu laun að verða annaðhvort meðstjórnendur Krists eða jarðneskir þegnar Guðsrikis. Litum við á hlutdeild í Guðsriki sem verðmætari en allt annað í lífinu, sem ómetanlegan fjársjóð eða dýrmæta perlu?

Að lokum líkir Jesús „himnaríki“ við net sem safnar alls konar fiski. Fiskurinn er flokkaður og óætum fiski hent en góða fiskinum haldið. Þannig verður það við endalok heimskerfisins, segir Jesús, því að englarnir munu skilja vonda menn frá réttlátum og senda hina vondu til eyðingar.

Sjálfur hóf Jesús þessar fiskveiðar og kallaði fyrstu lærisveina sína til að ‚veiða menn.‘ Fiskveiðarnar halda áfram öld fram af öld undir umsjón engla. Loks kemur að því að draga ‚netið,‘ sem tákna allar stofnanir og samtök á jörð er segjast vera kristin, þeirra á meðal söfnuð smurðra kristinna manna.





Óæta fiskinum er eytt en sem betur fer er ‚góða fiskinum‘ haldið. Ef við þráum þekkingu og skilning jafnákaft og lærisveinar Jesú hljótum við þá blessun að fá meiri fræðslu og eilíft líf frá Guði að auki.

Matteus 13:1-52; Markús 4:1-34;

Lúkas 8:4-18; Sálmur 78:2; Jesaja 6:9, 10.

- Hvar og hvenær talar Jesús í dæmisögum og líkingum til mannfjöldans?
- Hvaða fimm dæmisögur segir Jesús mannfjöldanum?
- Af hverju segir Jesús að mustarðsfræ sé smæst allra fræja?
- Af hverju talar Jesús í dæmisögum?
- Hvernig sýna lærisveinar Jesú að þeir eru frábrugðnir fjöldanum?
- Hvernig skýrir Jesús dæmisöguna um sáðmanninn?
- Hvernig eru lærisveinarnir ólíkir mannfjöldanum á ströndinni?
- Hvern eða hvað táknar sáðmaðurinn, akurinn, góða sæðið, óvinurinn, kornskurðurinn og kornskurðarmennirnir?
- Hvaða þrjár aðrar líkingar notar Jesús og hvað getum við lært af þeim?

44 Stormurinn hlýðir honum

JESÚS hefur átt annasaman dag. Hann hefur meðal annars kennt mannfjöldanum á ströndinni og síðan útskýrt dæmisögurnar einslega fyrir lærisveinunum. Þegar kvöldar segir hann: „Förum yfir um!“

Á austurströnd Galíleuvatns er svæði sem kallast Dekapólís, dregið af gríska orðinu *de'ka* sem merkir „tíu“ og *po'l-is* sem merkir „borg.“ Borgirnar í Dekapólís eru miðstöð grískrar menningar þótt eflaust búi líka margir Gyðingar þar. En Jesús starfar sáralítið á því svæði. Jafnvel núna er hann hindraður í að staldra lengi við eins og við munum sjá.

Lærisveinarnir flytja Jesú yfir vatnið á báti þegar hann biður þá. En þeir komast ekki óséðir burt og innan skamms eru nokkrir bátar lagðir af stað á eftir þeim. Þetta er ekki löng leið. Galíleuvatn er ekki nema 21 kílómetra langt og 12 kílómetra breitt þar sem breiðast er.

Jesús er þreyttur eins og við er að búast. Skömmu eftir að þeir ýta úr vör leggur hann sig í skutnum með kodka undir höfðinu og steinsofnar. Nokkrir postulanna eru reyndir sjómenn og hafa stundað fiskveiðar lengi á Galíleuvatni. Þeir stjórna því bátnum.

En ferðin reynist ekki auðveld. Vatnið, sem er í hér um bil 210 metra hæð undir sjávarmáli, er heitara en loftið yfir fjöllunum umhverfis þannig að sterkir vindar af fjöllunum valda stundum skyndilegu hvassviðri á vatninu. Og nú skellur á stormhrina. Innan skamms er öldugangurinn svo mikill að það gefur á bátinn og við liggur að hann fyllist. En Jesús sefur sem fastast!

Þessir reyndu sjómenn gera allt hvað þeir geta til að stýra bátnum. Eflaust er þetta ekki í fyrsta sinn sem þeir sigla í stormi. En nú eru þeir að niðurlotum komnir. Þeir óttast um líf sitt og vekja Jesú. „Meistari, stendur þér á sama? Við





erum að sökkva! hrópa þeir. „Bjargaðu okkur, við drukknum!“

Jesús vaknar og skipar vindi og vatni: „Þegi þú, haf hljótt um þig!“ Og það gerir stillilogn og öldurnar lægir. Hann snýr sér að lærisveinum og spyr: „Hví eruð þið hræddir? Hafið þið enn enga trú?“

Mikill ótti grípur lærisveinana. „Hver er þessi maður eiginlega?“ spyrja þeir hver annan, „því að hann skipar bæði vatni og vindum og hvort tveggja hlýðir honum.“

Jesús er gríðarlega máttugur! Það er mjög hughreystandi að vita að konungur okkar skuli ráða yfir náttúruöflunum. Þegar hann í Guðsríki beinir athygli sinni að fullu að jörðinni mun mönnum ekki lengur standa ógn af náttúruöflunum.

Einhvern tíma eftir að storminn lægir ná Jesús og lærisveinar hans landi við vatnið austanvert, heilu og höldnu. Kannski sluppu hinir bátarnir við illviðrið og komust heilir heim. **Markús 4:35–5:1; Matteus 8:18, 23-27; Lúkas 8:22-26.**

- Hvað og hvar er Dekapólís?
- Hvaða aðstæður valda stundum hvasviðri á Galíleuvatni?
- Hvað gera lærisveinarnir þegar siglingakunnáttan hrekkur ekki lengur til?

Ólíklegur lærisveinn

ÓGNVEKJANDI sjón blasir við þegar Jesús stígur á land. Tveir sérlega illskeyttir menn koma hlaupandi á móti honum frá grafreit þar í grenndinni. Þeir eru haldnir illum öndum. Trúlega er annar þeirra sýnu ofbeldisfyllri en hinn og hefur verið undir áhrifum illra anda miklu lengur, þannig að athyglin beinist að honum.

Þessi aumkunarverði maður hefur lengi hafst við nakinn í gröfunum. Hann æpir dag og nótt og lemur sig grjóti. Svo ofsafenginn er hann að enginn þorir að fara um veginn sem liggur þar hjá. Reynt hefur verið að binda hann en hann slitur alla hlekki af höndum sér og fjötra af fótum sér. Enginn ræður við hann.

Maðurinn kemur til Jesú og fellur að fótum hans og illu andarnir, sem hafa hann á valdi sínu, láta hann hrópa: „Hvað



vilt þú mér, Jesús, sonur Guðs hins hæsta? Ég særi þig við Guð, kvel þú mig eigi!“


„Þú óhreini andi, far út af mannum,“ endurtekur Jesús, en síðan spyr hann: „Hvað heitir þú?“

„Hersing heiti ég, vér erum margir,“ er svarið. Illu andarnir njóta þess að kvelja þá sem þeir taka sér bólfestu í og hafa greinilega yndi af því að ráðast að þeim í hóp eins og skræfur. En þegar þeir standa andspænis Jesú sárþæna þeir hann að senda sig ekki í undirdjúpið. Aftur sjáum við að Jesús er geysimáttugur því að hann ræður jafnvel við hættulega, illa anda. Þetta atvik sýnir líka að illu andarnir vita að Guð dæmir þá síðar til að fara í undirdjúpið ásamt höfðingja sínum, Satan djöflinum.

Um 2000 svín eru á beit á fjalli í grenndinni. Illu andarnir biðja: „Send oss í svinin, lát oss fara í þau!“ Illu andarnir hafa greinilega einhvers konar óeðlilega nautn af því að taka sér bólfestu í verum af holdi og blóði. Þegar Jesús leyfir þeim að fara í svinin ryðjast þau fram af hamrinum í vatnið og drukkna.

Svínahirðarnir hraða sér burt þegar þeir sjá þetta, til að segja tíðindin í borginni og sveitinni. Og fólk kemur til að sjá hvað gerst hefur. Þegar það kemur á staðinn sér það manninn, sem illu andarnir fóru út af, sitja klæddan og heilvita við fætur Jesú!

Sjónarvottar segja frá því hvernig maðurinn varð heill og greina líka frá undarlegum dauða svínanna. Þegar fólk heyrir þetta verður það



óttaslegið og biður Jesús fyrir alla muni að yfirgefa héraðið. Hann gerir eins og fólkíð biður og fer um borð í bátinn. Maðurinn, sem hafði verið haldinn illum öndum, sárþæmir Jesús að leyfa sér að fara með, en Jesús segir: „Far heim til þín og þinna, og seg þeim, hve mikið [Jehóva] hefur gjört fyrir þig og verið þér miskunn-samur.“



Yfirleitt fyrirskipar Jesús þeim sem hann læknar að segja engum frá því, þar eð hann vill ekki að fólk dragi ályktanir af æsifengnum frásögum. En þessi undantekning er viðeigandi af því að þessi maður á eftir að bera vitni meðal fólks sem Jesús hefur sennilega ekki tækifæri til að hitta. Og návist mannsins verður góður vitnisburður um mátt Jesús til að vinna góðverk og mótvægi gegn hugsanlegum söguburði vegna svínamissisins.

Maðurinn, sem haldinn hafði verið illu öndunum, fer burt eins og Jesús segir og tekur að kunngera í Dekapólís allt sem Jesús gerði fyrir hann, og fólk undrast mjög. **Matteus 8:28-34; Markús 5:1-20; Lúkas 8:26-39; Opinberunarbókin 20:1-3.**

- Hver er ef til vill ástæðan fyrir því að athyglin beinist aðeins að öðrum manningum sem haldinn var illum öndum?
- Hvað sýnir að illu andarnir vita að þeir eiga að fara í undirdjúpið í framtíðinni?
- Hvers vegna virðast illir anda vilja taka sér bólfestu í mönnum og dýrum?
- Hvers vegna biður Jesús manninn, sem haldinn var illum öndum, að segja frá því sem gerðist, ólíkt því sem hann gerði að jafnaði?


Hún snerti klæði hans

Þ AÐ fréttist í Kapernaum að Jesús sé kominn aftur frá Dekapólís og mikill mannfjöldi safnast saman við vatnið til að fagna honum. Eflaust hafa menn frétt hvernig hann lögði storminn og læknaði menn haldna illum öndum. Fólk safnast kringum hann, ákaft og eftirvæntingarfullt, þegar hann stígur á land.

Einum manni er mikið í mun að hitta Jesú, en það er Jáirus, forstöðumaður samkundunnar. Hann fellur til fóta Jesú og þrúbíður hann: „Dóttir mín litla er að dauða komin. Kom og legg hendur yfir hana, að hún læknist og lifi.“ Hún er einkabarn Jáirusar og aðeins tólf ára þannig að honum þykir sérstaklega vænt um hana.

Jesús fer með Jáirusi og heldur til heimilis hans ásamt mannfjöldanum. Við getum ímyndað okkur hve eftirvæntingarfyllt fólkið er því það býst við að sjá enn eitt kraftaverk. En kona ein í mannþrönginni er með hugann við sitt eigið vandamál.

Í tólf löng ár hefur þessi kona haft stöðugar blæðingar. Hún hefur leitað til eins læknis eftir annan og kostað aleigunni í læknismeðferð án þess að fá bata. Henni hefur aðeins versnað.



Þú getur rétt ímyndað þér hve sjúkdómurinn hefur dregið úr henni þróttinn, að ekki sé talað um óþægindin og auðmýkinguna sem fylgir honum. Fólk talar yfirleitt ekki á almannaþæri um slíkan sjúkdóm. Og samkvæmt Móselögnum er kona óhrein meðan hún hefur tíðablæðingar, og hver sá sem snertir hana eða óhrein föt hennar þarf að baða sig og vera óhrein til kvölds.

Konan hefur frétt af kraftaverkum Jesú og leitað hann uppi. Sökum þess að hún telst óhrein reynir hún að láta sem minnst á sér bera þegar hún smeygir sér gegnum mannþröngina, og hún segir við sjálfa sig: „Ef ég fæ aðeins snert klæði hans, mun ég heil verða.“ Um leið og hún gerir það finnur hún að blæðingarnar hafa stöðvast!

„Hver var það, sem snart mig?“ spyr Jesús. Henni hlýtur að bregða við orð hans! Hvernig gat hann vitað það? „Meistari,“ andmælir Pétur, „mannfjöldinn treðst að þér og þrýstir á, og þó spyrð þú: „Hver snart mig?““

Jesús litast um eftir konunni og segir: „Einhver snart mig, því að ég fann, að kraftur fór út frá mér.“ Þetta var engin venjuleg snerting því að lækningin, sem hún olli, dró kraft frá Jesú.

Konan sér nú að hún fær ekki dulist svo að hún fellur skjálfaandi og óttaslegin að fótum Jesú. Að öllum áheyrandi segir hún allan sannleikann um sjúkdóm sinn og hvernig hún hafi nú læknaast.

Jesús er snortinn af játningu hennar, hughreystir hana hlýlega og segir: „Dóttir, trú þín hefur bjargað þér. Far þú í friði, og ver heil meina þinna.“ Það er gott til þess að vita að sá sem Guð hefur valið til að stjórna jörðinni er svona hlýlegur og meðaumkunnarsamur, og ber bæði umhyggju fyrir fólki og hefur vald og mátt til að hjálpa því!

Matteus 9:18-22; Markús 5:21-34; Lúkas 8:40-48; 3. Mósebók 15:25-27.

- Hver er Jáirus og hvers vegna kemur hann til Jesú?
- Hvað hrjáir konu eina og hvers vegna er mjög erfitt fyrir hana að leita hjálpar hjá Jesú?
- Hvernig læknaast konan og hvernig hughreystir Jesús hana?



Grátur breytist í fögnuð

TRAUST Jáirusar á undraverðan mátt Jesú eykst vafalaust þegar hann sér konuna læknast af blæðingunum. Fyrr um daginn hafði Jáirus beðið Jesú að koma og hjálpa dauðvona dóttur sinni sem er tólf ára. En nú gerist það sem Jáirus óttast mest. Meðan Jesús er enn að tala við konuna koma menn og segja Járusi hljóðlega að dóttir hans sé dáið svo að hann þurfi ekki að ónáða meistarann lengur.

Þetta er reiðarslag. Hugsaðu þér: Þessi virti maður í samfélaginu er nú algerlega hjálparvana þegar hann fréttir að



dóttir hans sé dáin. En Jesús heyrir á tal þeirra. Hann snýr sér að Jáirusi og segir hvetjandi: „Óttast ekki, trú þú aðeins.“

Jesús fylgir harmi lostnum föðurnum heim til hans. Þegar þangað kemur er allt í uppnámi og mikið grátið. Fjöldi fólks hefur safnast þar saman til að syrgja og harma. Jesús gengur inn og spyr: „Hví hafið þér svo hátt og grátið? Barnið er ekki dáið, það sefur.“

Fólkið hlær að Jesú þegar það heyrir þetta, því að það veit að stúlkan er raunverulega dáin. Jesús segir hins vegar að hún sé aðeins sofandi. Með því að beita krafti frá Guði ætla hann að sýna að það sé jafnaðvelt að reisa fólk upp frá dauðum og að vekja það af djúpum svefni.

Jesús lætur nú vísa öllum út nema Pétri, Jakobi, Jóhannesi og foreldrum látnu stúlkunnar. Síðan fer hann með þau þangað sem stúlkan liggur. Hann tekur í hönd hennar og segir: „*Talíþa kúm!*“ sem merkir „Stúlka litla, ég segi þér, ris upp!“ Og stúlkan ris jafn skjótt upp og fer að ganga um! Foreldrarnir eru frá sér numdir af gleði.

Jesús segir Jáirusi og konu hans að gefa stúlkunni að borða og fyrirskipar þeim



að segja engum frá því sem gerst hafi. En þrátt fyrir það berast tíðindin út um allt héraðið. Þetta er í annað sinn sem Jesús reisir upp frá dauðum.

Matteus 9:18-26; Markús 5:


35-43; Lúkas 8:41-56.

- Hvaða tíðindi fær Jáirus og hvernig uppörvar Jesús hann?
- Hvernig er ástatt á heimili Jáirusar þegar þeir koma þangað?
- Af hverju segir Jesús að barnið sofi aðeins þótt það sé dáið?
- Hverjir fimm eru með Jesú og verða vitni að upprisunni?



Frá heimili Jaírusar og aftur til Nasaret

JESÚS á erfiðan dag að baki. Hann hefur siglt yfir vatnið frá Dekapólis, læknað konuna með blæðingarnar og reist dóttur Jaírusar upp frá dauðum. En dagurinn er ekki á enda. Tveir blindir menn fylgja Jesú, trúlega þegar hann yfirgefur heimili Jaírusar, og hrópa: „Miskunna þú okkur, sonur Davíðs.“



Með því að ávarpa Jesú ‚son Davíðs‘ eru þessir menn að láta í ljós þá trú að Jesús sé erfinginn að hásæti Davíðs og þar með hinn fyrirheitni Messías. Jesús virðist láta sem hann heyri ekki köll þeirra, kannski til að láta reyna á þrautseigju þeirra. En mennirnir gefast ekki upp. Þeir fylgja Jesú þangað sem hann dvelst og elta hann inn í húsið.

Þegar þangað kemur spyr Jesús: „Trúið þið, að ég geti gjört þetta?“

„Já, herra,“ svara þeir vongóðir.

Jesús snertir þá augu þeirra og segir: „Verði ykkur að trú ykkar.“ Allt í einu fá þeir sjónina! Jesús segir við þá: „Gætið þess, að enginn fái að vita þetta.“ En þeir eru svo glaðir að þeir sinna því ekki heldur tala um hann út um alla sveitina.

Rétt í þann mund sem mennirnir fara er komið með mál-
lausan mann haldinn illum anda. Jesús rekur illa andann út af mannum og hann fær málið samstundis. Mannfjöldinn undrast þessi kraftaverk og segir: „Aldrei hefur þvílíkt sést í Ísrael.“

Farísear eru einnig viðstaddir. Þeir geta ekki afneitað kraftaverkunum, en í vonsku sinni og vantrú endurtaka þeir ásökunina um það hver standi að baki kraftaverkum Jesú: „Með fulltingi höfðingja illra anda rekur hann út illu andana.“

Skömmu eftir þetta snýr Jesús aftur til heimabæjar síns Nasaret, nú í fylgd lærisveina sinna. Um ári áður hafði hann heimsótt samkunduhúsið þar og kennt. Þótt fólk hafi í fyrstu undrast geðfelld orð hans hneykslaðist það síðar á því sem hann kenndi og reyndi að drepa hann. Í miskunn sinni reynir Jesús nú aftur að hjálpa fyrrverandi nágrönnum sínum.

Annars staðar hópast fólk að Jesú en ekki hér. Hann fer því í samkunduhúsið á hvíldardeginum til að kenna. Flestir sem hlýða á hann undrast stórum. „Hvaðan kemur honum þessi speki og kraftaverkin?“ spyrja þeir. „Er þetta ekki sonur smiðsins? Heitir ekki móðir hans María og bræður hans



Jakob, Jósef, Símon og Júdas? Og eru ekki systur hans allar hjá oss? Hvaðan kemur honum þá allt þetta?“

„Jesús er bara heimamaður eins og við,“ hugsa þeir. „Við sáum hann alast upp og þekkjum fjölskyldu hans. Hvernig getur hann verið Messías? Þrátt fyrir öll sönnunargögnin — hina miklu visku hans og kraftaverkin — hafna þeir honum. Jafnvel ættingjar Jesú, sem þekkja hann þó vel, hneykslast á honum svo hann segir: „Hvergi er spámaður minna metinn en í landi sínu og með heimamönnum.“

Jesús undrast virkilega trúleysi þeirra. Hann vinnur því engin kraftaverk þar nema hann leggur hendur yfir nokkra sjúka og lækna þá.

Matteus 9:27-34; 13:54-58; Markús 6:1-6;


Jesaja 9:7.


- Hvað sýna blindu mennirnir með því að ávarpa Jesú „son Davíðs“?
- Hvaða skýringu á kraftaverkum Jesú hafa farísearnir ákveðið að hafa?
- Hvers vegna er það miskunn af hálfu Jesú að koma aftur til að hjálpa Nasaretbúum?
- Hvaða viðtökur fær Jesús í Nasaret og hvers vegna?

Priðja boðunarferðin um Galíleu

ÆTLI Jesús fari að slaka á og taka lífinu með ró eftir hér um bil tveggja ára öfluga prédikun? Alls ekki, heldur eykur hann prédikunarstarfið með því að leggja upp í enn eina boðunarferð, þá þriðju um Galíleu. Hann fer um allar borgir og þorp á svæðinu, kennir í samkundunum og prédikar fagnaðarerindið um ríkið. Það sem hann sér á þessari ferð sannfærir hann enn betur um þörfina á því að efla prédikunarstarfið.

Hvarvetna sér Jesús fólk sem þarfnast andlegrar lækningar og hughreystingar. Það er hrjád og umkomulaust eins og sauðir án hirðis, og hann kennir í brjósti um það. Hann segir lærisveinunum: „Uppskeran er mikil, en verkamenn





fáir. Biðjið því herra uppskerunnar að senda verkamenn til uppskeru sinnar.“

Jesús hefur gert starfsáætlun. Hann kallar til sín postulana tólf sem hann valdi fyrir næstum ári og skiptir þeim niður svo að tveir og tveir starfi saman. Hann gefur þeim eftirfarandi fyrirmæli: „Haldið ekki til heiðinna manna og farið ekki í samverska borg. Farið heldur til týndra sauða af Ísraelsætt. Farið og prédikið: „Himnaríki er í nánd.““

Þetta himnaríki, sem þeir eiga að prédika, er ríkið sem Jesús kenndi þeim að biðja um í fyrirmyndarbæninni. Það er í nánd í þeim skilningi að tilnefndur konungur Guðs, Jesús Kristur, er nærstaddur. Jesús gefur lærisveinunum mátt til að lækna sjúka og jafnvel að reisa upp dána til að staðfesta að þeir séu fulltrúar þessarar ofurmannlegu stjórnar. Hann segir þeim að veita þessa þjónustu ókeypis.

Lærisveinarnir eiga ekki að taka með sér neinar vistir eða fé til fararinnar. „Takið ekki gull, silfur né eir í belti,“ segir hann, „eigi mal til ferðar eða tvo kyrtla og hvorki skó né staf. Verður er verkamaðurinn fæðis síns.“ Þeir sem kunna að meta boðskapinn munu sjá þeim fyrir fæði og húsaskjóli. Eins og Jesús segir: „Hvar sem þér komið í borg eða þorp, spyrjist þá fyrir um, hver þar sé verðugur, og þar sé aðsetur yðar, uns þér leggið upp að nýju.“

Jesús segir þeim síðan hvernig þeir eigi að koma boðskapnum um ríkið á framfæri við fólk: „Þegar þér komið í hús, þá árið því góðs, og sé það verðugt, skal friður yðar koma yfir það, en sé það ekki verðugt, skal friður yðar aftur hverfa til yðar. Og taki einhver ekki við yður né hlýði á orð yðar, farið þá úr því húsi eða þeirri borg og hristið dustið af fótum yðar.“

Jesús segir að harður dómur bíði þeirrar borgar sem hafni boðskap þeirra: „Bærilegra mun landi Sódómu og Gómorru á dómsdegi en þeirri borg.“

Matteus 9:35–10:15; Markús

6: 6-12; Lúkas 9:1-5.

- Hvenær hefur Jesús þriðju boðunarferðina um Galileu og hvað sannfær-ist hann um?
- Hvaða fyrirmæli gefur Jesús postulunum tólf þegar hann sendir þá út að prédika?
- Hvers vegna er rétt af lærisveinunum að kenna að himnaríki sé í nánd?



50

Undirbúningur undir ofsóknir

JESÚS hefur gefið postulum sínum fyrirmæli um prédikunaraðferðir en nú varar hann þá við andstæðingum: „Sjá, ég sendi yður eins og sauði meðal úlfa. . . Varið yður á mönnunum. Þeir munu draga yður fyrir dómstóla og húðstrýkja yður í samkundum sínum. Þér munuð leiddir fyrir landshöfðingja og konunga mín vegna.“

Fylgjendur Jesú eiga harðar ofsóknir í vændum en hann segir hughreystandi: „Þá er menn draga yður fyrir rétt, skuluð þér ekki hafa áhyggjur af því, hvernig eða hvað þér eigið að tala. Yður verður gefið á sömu stundu, hvað segja skal. Þér eruð ekki þeir sem tala, heldur andi föður yðar, hann talar í yður.“

Jesús heldur áfram: „Bróðir mun selja bróður í dauða og faðir barn sitt. Börn munu rísa gegn foreldrum og valda þeim dauða.“ Hann bætir við: „Og þér munuð hataðir af öllum vegna nafns míns. En sá sem staðfastur er allt til enda, mun hólpinn verða.“

Prédikunarstarfið er gífurlega mikilvægt. Þess vegna leggur Jesús áherslu á að lærisveinarnir sýni aðgát svo að þeir njóti frelsis til að prédika. „Þegar þeir ofsækja yður í einni borg, þá flýið í aðra,“ segir hann. „Sannlega segi ég yður: Þér munuð ekki hafa náð til allra borga Ísraels, áður en Mannsonurinn kemur.“

Að vísu voru það postularnir tólf sem Jesús kenndi, hvatti og varaði við, en hann beindi orðum sínum einnig til þeirra sem taka myndu þátt í boðunarstarfinu um heim allan eftir dauða hans og upprisu. Það má sjá af þeim orðum hans að lærisveinarnir yrðu „hataðir af öllum,“ ekki aðeins Ísraelsmönnum sem postularnir voru sendir til að prédika fyrir. Og ljóst er að postularnir voru ekki dregnir fyrir landshöfðingja og konunga þegar Jesús sendi þá í þessa stuttu boðunarferð. Auk þess voru trúaðir ekki framseldir til dauða af ættingjum sínum þá.

Þegar Jesús sagði að lærisveinarnir myndu ekki ljúka prédikun sinni „áður en Mannssonurinn kæmi“ var hann að spá því að lærisveinar hans myndu ekki ná að prédika stofnsett ríki Jehóva Guðs um allan heim áður en hinn dýrlegi konungur, Jesús Kristur, kæmi til að fullnægja dómi hans í Harmagedón.

Jesús heldur áfram að leiðbeina um boðunarstarfið: „Ekki er lærisveinn meistarana fremri né þjónn herra sínum.“ Fylgjendur Jesú mega því búast við jafnillri meðferð og ofsóknum og hann fékk fyrir að prédika Guðsríki. En hann áminnur þá: „Hræðist ekki þá, sem líkamann deyða, en fá ekki deytt sálina. Hræðist heldur þann, sem megnar að tortíma bæði sálu og líkama í helvíti [Gehenna, tákn eilífrar tortímingar].“

Jesús gaf síðar fordæmi um þetta. Heldur vildi hann deyja óttalaus en víkja frá hollustu sinni við Jehóva Guð sem allt vald hefur. Já, það er Jehóva sem getur tortímt „sálu“



manns (sem merkir í þessu sambandi framtíðarhorfur mannsins sem lifandi sálar) eða reist mann upp frá dauðum til eilífs lífs. Jehóva, faðir okkar á himni, er svo sannarlega kærleiksrikur og miskunnsamur!

Því næst bregður Jesús upp líkingu til að hvetja lærisveinana, en hún lýsir vel kærleika Jehóva og umhyggju fyrir þeim. „Eru ekki tveir spörvar seldir fyrir smápening?“ spyr hann. „Og ekki fellur einn þeirra til jarðar án vitundar föður yðar. Á yður eru jafnvel höfuðhárin öll talin. Verið því óhræddir, þér eruð meira verðir en margir spörvar.“

Boðskapur Guðsríkis, sem Jesús felur lærisveinunum að flytja, sundrar fjölskyldum því að sumir taka við honum en aðrir hafna. „Ætlið ekki, að ég sé kominn að færa frið á jörð,“ segir hann. „Ég kom ekki að færa frið, heldur sverð.“ Það krefst því hugrekks að taka við sannleika Biblíunnar. „Sá sem ann föður eða móður meir en mér, er mín ekki verður, og sá sem ann syni eða dóttur meir en mér, er mín ekki verður,“ bætir hann við.

Jesús lýkur leiðbeiningum sínum með því að skýra fyrir lærisveinunum að þeir sem taki við þeim taki einnig við honum. „Hver sem gefur einum þessara smælingja svaladrykk vegna þess eins, að hann er lærisveinn, sannlega segi ég yður, hann mun alls ekki missa af launum sínum.“ **Matteus 10:16-42.**

- Hverju varar Jesús lærisveinana við?
- Hvernig hvetur hann þá og hughreystir?
- Hvers vegna eiga leiðbeiningar Jesú einnig við kristna menn nú á tímum?
 - Hvað merkir það að lærisveinn Jesú sé ekki meistara sínum fremri?



ÞEGAR Jesús hefur leiðbeint postulum sínum sendir hann þá tvo og tvo út á starfssvæðið. Líklegt er að bræðurnir Pétur og Andrés starfi saman, bræðurnir Jakob og Jóhannes, og svo þeir Filippus og Bartólómeus, Tómas og Matteus, Jakob og Taddeus og svo Símon og Júdas Ískariot. Þessir boðberar flytja fagnaðareringið um ríkið og lækna með kraftaverkum hvar sem þeir eru á ferð.

Jóhannes skírari er enn í fangelsi og hefur setið þar í næstum tvö ár. Þú manst kannski að Jóhannes hafði lýst opinberlega yfir að það væri rangt af Heródesi Antípasi að taka sér Heródías, konu Filippusar bróður síns, fyrir eiginkonu. Heródes Antipas sagðist fylgja Móselögnum þannig að Jóhannes hafði réttilega afhjúpað þetta siðlausu samband. Heródes lét því varpa Jóhannesi í fangelsi, ef til vill að áeggjan Heródíasar.

Heródes Antipas veit að Jóhannes er réttlátur maður og hlustar gjarnan á hann, en hefur ekki hugmynd um hvað hann á að gera við hann. Heródías hatar Jóhannes aftur á móti og reynir að fá hann drepinn. Loks fær hún tækifærið sem hún hefur beðið eftir.

Skömmu fyrir páska árið 32 heldur Heródes mikla veislu í tilefni af afmæli sínu. Þar eru saman komnir æðstu embættismenn hans og hershöfðingjar ásamt fyrirmönnum Galíleu. Er líður á kvöld er Salóme, hin unga dóttir Heródíasar sem hún átti með fyrri eiginmanni sínum Filippusi, send inn til að dansa fyrir gesti. Karlmennirnir eru heillaðir af frammistöðu hennar.

Heródes er hinn ánægðasti með Salóme. „Bið mig hvers þú vilt, og mun ég veita þér,“ segir hann. Hann sver henni meira að segja: „Hvað sem þú biður um, það mun ég veita þér, allt að helmingi ríkis míns.“



Salóme ráðfærir sig við móður sína áður en hún svarar. „Um hvað á ég að biðja?“ spyr hún.

Loksins kemur tækifærið! „Höfuð Jóhannesar skírara,“ svarar Heródías hiklaust.

Salóme skundar aftur til Heródesar og biður: „Gef mér þegar á fati höfuð Jóhannesar skírara.“

Heródes er miður sín. En gestirnir heyrðu hann sverja eiðinn og honum finnst hann verða að halda hann, jafnvel þótt hann þurfi að myrða saklausan mann. Böðull er þegar í stað sendur í fangelsið með fyrirmæli um að vinna þetta voðaverk. Skömmu síðar kemur hann aftur með höfuð Jóhannesar á fati og afhendir það Salóme en hún færir það móður sinni. Þegar lærisveinar Jóhannesar fréttu hvað gerst hefur sækja þeir lík hans og greftra og segja síðan Jesú frá.

Síðar, þegar Heródes fréttir að Jesús sé að lækna fólk og reka út illa anda, verður hann hræddur því að hann óttast að Jesús sé Jóhannes upprisinn frá dauðum. Hann fýsir mjög að sjá Jesú, ekki til að heyra hann prédika heldur til að fá staðfest hvort ótti sinn sé á rökum reistur eða ekki. **Matteus 10:1-5; 11:1; 14:1-12; Markús 6:14-29; Lúkas 9:7-9.**

- Af hverju situr Jóhannes í fangelsi og hvers vegna vill Heródes ekki lifláta hann?
- Hvernig tekst Heródías loks að fá Jóhannes drepinn?
- Hvers vegna fýsir Heródes að sjá Jesú eftir dauða Jóhannesar?



Jesús mettar þúsundir með kraftaverki

POSTULARNIR tólf hafa verið á viðburðarikri boðunarferð um Galíleu. Skömmu eftir aftöku Jóhannesar koma þeir aftur til Jesú og segja frá því sem drifið hefur á daga þeirra. Jesús sér að þeir eru þreyttir og að fjöldi fólks er stöðugt að koma og fara þannig að þeir hafa ekki einu sinni næði til að matast. Hann segir því: „Förum á óbyggðan stað þar sem þið getið hvílst.“

Þeir fara um borð í bátinn, sennilega í grennd við Kapernaum, og taka stefnu á afskekktan stað austan Jórdanar og handan við Betsáidu. En margir sjá þá fara og aðrir fréttu af því. Þeir hlaupa meðfram ströndinni og þegar báturinn leggur að landi bíður fólkið eftir þeim.

Þegar Jesús stígur á land og sér mannfjöldann kennir hann í brjosti um fólkið því það er eins og sauðir án hirðis. Hann læknar því sjúka og tekur að kenna fólkinu margt.

Tíminn liður hratt og lærisveinar Jesú koma að máli við hann og segja: „Hér er engin mannabyggð og langt á daginn liðið. Lát þá fara, að þeir geti náð til býla og þorpa hér í kring og keypt sér eitthvað til matar.“

En Jesús svarar: „Gefið þeim sjálfir að eta.“ Jesús veit hvað hann ætlar að gera þannig að hann spyr Filippus til að prófa hann: „Hvar eigum vér að kaupa brauð, að þessir menn fái að eta?“

Frá sjónarhóli Filippusar eru þeim allar bjargir bannaðar. Þarna eru um 5000 karlmenn, svo að sennilega eru þar um 10.000 manns að meðtöldum konum og börnum! Filippus svarar því: „Brauð fyrir tvö hundruð denara [denar var daglaun] nægðu þeim ekki, svo að hver fengi lítið eitt.“

Andrés ætlar sér kannski að sýna fram á hve fráleitt það sé að þeir geti mettað allan þennan fjölda og segir: „Hér er piltur,

sem er með fimm byggbrauð og tvo fiska, en hvað er það handa svo mörgum?”

Þetta er rétt fyrir páska vorið 32 og gras er vel sprottið. Jesús lætur því lærisveinana segja fólkinu að setjast í grasið í 50 og 100 manna hópum. Hann tekur brauðin fimm og fiskana tvo, litur til himins og þakkar Guði. Síðan tekur hann að brjóta brauðin og skipta fiskunum, réttir lærisveinunum og



þeir dreifa meðal fólksins. Svo furðulegt sem það er nægir það til að metta alla!

Síðan segir Jesús við lærisveinana: „Safnið saman leifunum, svo ekkert spillist.“ Þeir gera það og fylla tólf körfur með brauðleifum!

Matteus 14:13-21; Markús 6:30-44; Lúkas 9:10-17;

Jóhannes 6:1-13.

- Hvers vegna vill Jesús fara á afvikinn stað með postulunum?
- Hvert fer Jesús með lærisveinana og hvers vegna geta þeir ekki hvílt sig eins og til stóð?
- Hvað hvetja lærisveinarnir Jesú til að gera þegar kvöldar, en hvað gerir hann fyrir mannfjöldann?



Ákjósanlegur stjórnandi

FÓLKIÐ undrast stórlega þegar Jesús settar það þúsundum saman. „Þessi maður er sannarlega spámaðurinn, sem koma skal í heiminn,“ segja menn. Þeir draga þá ályktun að Jesús hljóti bæði að vera spámaðurinn meiri en Móse og jafnframt hinn ákjósanlegasti stjórnandi. Þeir áforma því að taka hann með valdi og gera hann að konungi.

En Jesús veit hvað fólkíð hyggst fyrir og bregst því skjótt við til að hindra það. Hann sendir mannfjöldann burt og knýr lærisveinana til að fara í bátinn og sigla aftur til Kapernaum. Síðan fer hann upp á fjall til að biðjast fyrir og er þar einn um nóttina.

Skömmu fyrir dögum sér Jesús ofan af fjallinu að hvass vindur yfir öldurnar á vatninu. Tungl er næstum fullt því að liðið er að páskum, og í tunglsljósinu sér Jesús að róðurinn er þungur hjá lærisveinunum þótt þeir rói af öllu afli gegn öldunum.

Jesús fer ofan fjallið og gengur á öldunum í átt að bátnum. Báturinn er kominn um fimm til sex kílómetra frá landi þegar Jesús kemur að honum, en hann heldur áfram eins og hann ætli fram hjá bátnum. „Þetta er vofa,“ æpa lærisveinarnir þegar þeir sjá hann.

Jesús svarar hughreystandi: „Það er ég, verið óhræddir.“





Þá segir Pétur: „Ef það ert þú, herra, þá bjóð mér að koma til þín á vatninu.“

„Kom þú!“ svarar Jesús.

Pétur stígur þá út úr bátnum og gengur á vatninu í átt að Jesú. En þegar hann sér rokið verður hann hræddur, tekur að sökkva og hrópar: „Herra, bjarga þú mér!“

Jesús réttir út höndina þegar í stað, tekur í hann og segir: „Þú trúlitli, hví efaðist þú?“

Vindinn lægir eftir að Pétur og Jesús stíga upp í bátinn. Lærisveinarnir eru agndofa. En þurfa þeir að vera það? Ef þeir hefðu skilið „það, sem gjörst hafði með brauðin,“ það er að segja hið mikla kraftaverk sem Jesús vann nokkrum klukkustundum áður þegar hann mettaði þúsundir manna með aðeins fimm brauðum og tveim smáfiskum, þá hefði þeim ekki þótt svona furðulegt að hann skyldi geta gengið á vatninu og lægt vindinn. En nú veita lærisveinarnir Jesú lotningu og segja: „Sannarlega ert þú sonur Guðs.“

Innan stundar eru þeir komnir til Genesaret sem er fögur og frjósöm slétta í grennd við Kapernaum og leggja bátnum. En þegar þeir stíga á land þekkir fólkið Jesú og fer um allt nágrennið til að leita uppi alla sem sjúkir eru. Komið er með þá á börum og þeir verða alheilir við það eitt að snerta klæðafald Jesú.

Mannfjöldinn, sem varð vitni að því þegar Jesús mettaði þúsundir, uppgötvar að hann er farinn. Fólkið fer nú á bátum, sem komnir eru frá Tíberías, til Kapernaum í leit að Jesú. Þegar menn finna hann þar spyrja þeir: „Rabbi, nær komstu hingað?“ Jesús ávitar þá eins og við komumst fljótlega að raun um.

Jóhannes 6:14-25; Matteus 14:22-36; Markús 6:45-56.

- Hvað vill fólkið gera við Jesú eftir að hann er búinn að metta þúsundir?
- Hvað sér Jesús ofan af fjallinu þar sem hann er einsamall, og hvað gerir hann?
- Af hverju áttu lærisveinarnir ekki að undrast það sem Jesús gerði?
- Hvað gerist eftir að þeir koma að landi?

54 „Hið sanna brauð af himni“

GÆRDAGURINN hafði verið viðburðaríkur. Jesús vann það kraftaverk að metta þúsundir manna og komst síðan hjá því að fólkið gerði hann að konungi. Um nóttina gekk hann í stormi á Galileuvatni, bjargaði Pétri sem tók að sökkva þegar hann gekk á ólgandi vatninu og lægði öldurnar til að forða lærisveinunum frá skipbroti.

Fólkið, sem Jesús hafði mettað með kraftaverki norðaustur af Galileuvatni, finnur hann nú í grennd við Kapernaum og spyr: „Hvenær komstu hingað?“ Jesús ávítar fólkið fyrir að leita sín aðeins af því að það vonast eftir annarri ókeypis máltíð. Hann hvetur það til að afla sér ekki þeirrar fæðu sem eyðist heldur þeirrar sem varir til eilífs lífs. Fólkið spyr því: „Hvað eigum vér að gjöra, svo að vér vinnum verk Guðs?“

Jesús nefnir aðeins eitt verk sem er öðru mikilvægara og segir: „Þetta er verk Guðs, að þér trúið á þann, sem hann sendi.“

En fólkið trúir ekki á Jesú þrátt fyrir öll kraftaverkin sem hann hefur unnið. Eftir allt sem hann hefur gert spyr fólkið þótt ótrúlegt sé: „Hvaða táknið gjörir þú, svo að vér sjáum og trúum þér? Hvað afrekar þú? Feður vorir átu manna í eyðimörkinni, eins og ritað er: „Brauð af himni gaf hann þeim að eta.““

Jesús svarar beiðni fólksins um táknið með því að taka skýrt fram hvaðan þessar undraverðu gjafir séu: „Móse gaf yður ekki brauðið af himni, heldur gefur faðir minn yður hið sanna brauð af himni. Brauð Guðs er sá, sem stigur niður af himni og gefur heiminum líf.“

„Herra, gef oss ætíð þetta brauð,“ segir fólkið.

„Ég er brauð lífsins,“ útskýrir Jesús. „Þann mun ekki hungra, sem til mín kemur, og þann aldrei þyrsta, sem



á mig trúir. En ég hef sagt við yður: Þér hafið séð mig og trúið þó ekki. Allt sem faðirinn gefur mér, mun koma til mín, og þann sem kemur til mín, mun ég alls eigi brott reka. Ég er stigin niður af himni, ekki til að gjöra vilja minn, heldur vilja þess, er sendi mig. En sá er vilji þess, sem sendi mig, að ég glati engu af öllu því, sem hann hefur gefið mér, heldur reisi það upp á efsta degi. Því sá er vilji föður míns, að hver sem sér soninn og trúir á hann, hafi eilíft líf.“

Þegar Jesús segir: „Ég er brauðið, sem niður steig af himni,“ kemur upp kurr meðal Gyðinga. Í augum þeirra er hann bara sonur mannskra foreldra og þeir andmæla því alveg eins og Nasaretbúar áður: „Er þetta ekki hann Jesús, sonur Jósefs? Vér þekkjum bæði föður hans og móður. Hvernig getur hann sagt, að hann sé stigin niður af himni?“

„Verið ekki með kurr yðar á meðal,“ segir Jesús. „Enginn getur komið til mín, nema faðirinn, sem sendi mig, dragi hann, og ég mun reisa hann upp á efsta degi. Hjá spámönnunum er skrifað: ‘Þeir munu allir verða af [Jehóva] fræddir.’ Hver sem hlýðir á föðurinn og lærir af honum, kemur til mín. Ekki er það svo, að nokkur hafi séð föðurinn. Sá einn, sem er frá Guði, hefur séð föðurinn. Sannlega, sannlega segi ég yður: Sá sem trúir, hefur eilíft líf.“



Jesús endurtekur: „Ég er brauð lífsins. Feður yðar átu manna í eyðimörkinni, en þeir dóu. Þetta er brauðið, sem niður stígur af himni. Sá sem etur af því, deyr ekki. Ég er hið lifandi brauð, sem steig niður af himni. Hver sem etur af þessu brauði, mun lifa að eilífu.“ Já, með því að trú á Jesú, sem Guð sendi, geta menn hlotið eilíft líf. Ekkert manna og ekkert annað brauð getur veitt mönnum slíkt!

Orðaskiptin um brauðið af himni hófust greinilega skömmu eftir að fólkið fann Jesú í nánd við Kapernaum. En umræðan heldur áfram og nær hámarki síðar þegar Jesús kennir í samkunduhúsi í Kapernaum. **Jóhannes 6:25-51, 59; Sálmur 78:24; Jesaja 54:13; Matteus 13:55-57.**


- Hvað átti sér stað áður en Jesús ræðir um brauðið af himni?
- Hvers vegna er mjög óviðeigandi að fólkið skuli biðja um tákni, í ljósi þess sem Jesús hefur gert skömmu áður?
 - Af hverju kemur upp kurr meðal Gyðinga þegar Jesús segist vera hið sanna brauð af himni?
 - Hvar áttu orðaskiptin um brauðið af himni sér stað?



Margir lærisveinar hætta að fylgja Jesú

Í SAMKUNDUHÚSI einu í Kapernaum talar Jesús um sjálfan sig sem hið sanna brauð af himni. Ræða hans er greinilega framhald af því sem hann sagði fólkinu þegar það fann hann eftir komuna frá austurströnd Galíleuvatns, en þar hafði það borðað brauð og fisk sem hann lét í té með kraftaverki.

Jesús heldur áfram og segir:
„Brauðið, sem ég mun gefa, er hold mitt, heiminum til lífs.“
Aðeins tveim árum áður, vorið 30, hafði hann sagt Nikódemusi að Guð elskaði



heiminn svo heitt að hann hefði gefið son sinn sem frelsara. Jesús er því að sýna fram á að hver sá maður geti öðlast eilíft líf sem borði hold hans í táknrænum skilningi með því að trú á fórnina sem hann færir bráðlega.

En fólkíð hneykslast á orðum Jesú og spyr: „Hvernig getur þessi maður gefið oss hold sitt að eta?“ Jesús vill koma áheyrendum sínum í skilning um að þeir eigi að borða hold hans í táknrænni merkingu. Til að leggja áherslu á það segir hann nokkuð sem er enn hneykslanlegra sé það skilið bókstaflega:

„Ef þér etið ekki hold Mannssonarins og drekið blóð hans, hafið þér ekki lífið í yður. Sá sem etur hold mitt og drekkur blóð mitt, hefur eilíft líf, og ég reisi hann upp á efsta degi. Hold mitt er sönn fæða, og blóð mitt er sannur drykkur. Sá sem etur hold mitt og drekkur blóð mitt, er í mér og ég í honum.“

Kenningar Jesú væru vissulega mjög fráhrindandi ef hann væri að hvetja til mannáts. En hann er auðvitað ekki að tala um að borða hold og drekka blóð í bókstaflegri merkingu. Hann er einfaldlega að leggja áherslu á að allir, sem fá eilíft líf, verði að iðka trú á fórnina sem hann á að færa þegar

hann leggur fullkominn mannslíkama sinn í sölurnar og úthellir lífsblóði sínu. En margir af lærisveinum hans reyna ekki einu sinni að skilja hvað hann á við og andmæla: „Þung er þessi ræða. Hver getur hlustað á hana?“

Jesús veit að margir lærisveina hans eru óánægðir vegna orða hans og segir: „Hneykslar þetta yður? En ef þér sæjuð Mannssoninn stíga upp þangað, sem hann áður var? . . . Orðin, sem ég hef talað til yðar, þau eru andi og þau eru líf. En meðal yðar eru nokkrir, sem ekki trúa.“

Jesús bætir við: „Vegna þess sagði ég við yður: Enginn getur komið til mín, nema faðirinn veiti honum það.“ Eftir þetta fara margir af lærisveinum hans og hætta að fylgja honum. Jesús snýr sér þá að postulunum tólf og spyr: „Ætlið þér að fara líka?“

Pétur svarar: „Herra, til hvers ættum vér að fara? Þú hefur orð eilífs lífs, og vér trúum og vitum, að þú ert hinn heilagi Guðs.“ Þetta er falleg hollustujátning, jafnvel þótt Pétur og hinir postularnir hafi kannski ekki skilið alveg það sem Jesús var að kenna.

Jesús gleðst yfir svari Péturs en segir þó: „Hef ég eigi sjálfur útvalið yður tólf? Þó er einn yðar djöfull.“ Hann er að tala um Júdas Ískariot. Hugsanlegt er að Jesús hafi komið auga á „upphafið“ að rangri stefnu Júdasar um þetta leyti.

Jesús er nýbúinn að valda fólki vonbrigðum með því að leyfa því ekki að gera sig að konungi, og það hugsar kannski með sér: „Hvernig getur þessi maður verið Messías fyrst hann vill ekki taka sér þá stöðu sem Messíasi ber?“ Þetta hefur líka verið fólki ofarlega í huga.

Jóhannes 6:51-71; 3:16.

- Fyrir hverja gefur Jesús hold sitt og hvernig „eta þeir hold hans“?
- Hvað annað segir Jesús sem hneykslar fólk en hvað er hann að leggja áherslu á?
- Hver eru viðbrögð Péturs þegar margir hætta að fylgja Jesú?

Hvað saurgar manninn?

ANDSTAÐAN gegn Jesú færast í aukana. Hvort tveggja er að margir af lærisveinunum hafa yfirgefið hann og eins sitja Gyðingar í Júdeu um líf hans líkt og þeir gerðu þegar hann var í Jerúsalem um páskana árið 31.

Nú er komið að páskum árið 32. Líklega fer Jesús til Jerúsalem til að halda páska eins og lögmál Guðs kveður á um, en lætur lítið á sér bera því að líf hans er í hættu. Hann snýr svo aftur til Galileu.

Jesús er ef til vill í Kapernaum þegar farisear og fræðimenn frá Jerúsalem koma til hans. Þeir eru að leita færís á að ákæra hann fyrir brot á trúarlögnum. „Hvers vegna brjóta lærisveinar þínir erfikenning forfeðranna?“ spyrja þeir. „Þeir taka ekki handlaugar, áður en þeir neyta matar.“ Lögmál Guðs krefst þess ekki að menn haldi þennan helgisíð, sem felur meðal annars í sér að þvo sér upp fyrir olnboga, en farisearnir álíta það alvarlegt brot að gera það ekki.

Jesús svarar ekki ásökun þeirra heldur bendir á að þeir séu forhertir og brjóti lög Guðs vísvitandi. „Hvers vegna brjótið þér sjálfir boðorð Guðs sakir erfikenningar yðar?“ spyr hann. „Guð hefur sagt: ‚Heiðra föður þinn og móður,‘ og: ‚Hver sem formælir föður eða móður, skal dauða deyja.‘ En þér segið: ‚Hver sem segir við föður sinn eða móður: ‚Það sem þér hefði getað orðið til styrktar frá mér, er musterisfé,‘ hann á ekki að heiðra föður sinn.“

Farisearnir kenna að lausafé, fasteignir eða annað, sem er helgað Guði, tilheyri musterinu og megi ekki nota til einhvers annars. En í rauninni heldur maðurinn sjálfur því sem hann hefur helgað Guði. Með þessum hætti getur sonur einfaldlega sagt að fjármunir sínir eða eignir séu „korban“ — það er að segja helgað Guði eða musterinu — og skotið sér undan ábyrgð sinni að hjálpa öldruðum foreldrum sem líða ef til vill skort.


Jesús er réttilega reiður yfir því hvernig farísearnir rangsnúa lögmáli Guðs og segir: „Þér ógildið orð Guðs með erfikenning yðar. Hræsnarar, sannspár var Jesaja um yður, er hann segir: Lýður þessi heiðrar mig með vörunum, en hjarta þeirra er langt frá mér. Til einskis dýrka þeir mig, er þeir kenna þá lærdóma, sem eru mannasetningar einar.“

Mannfjöldinn hefur kannski dregið sig í hlé til að gefa faríseunum færi á að spyrja Jesús. En núna, þegar farísearnir geta ekki svarað hörðum ákúrum Jesús, kallar hann mannfjöldann til sín. „Heyrið mig allir, og skiljið,“ segir hann. „Ekkert er það utan mannsins, er saurgi hann, þótt inn í hann fari. Hitt saurgar manninn, sem út frá honum fer.“

Síðar, þegar þeir eru komnir inn í hús, spyrja lærisveinarnir: „Veistu, að farísearnir hneyksluðust, þegar þeir heyrðu orð þín?“

„Sérhver jurt, sem faðir minn himneskur hefur eigi gróðursett, mun upprætt verða,“ svarar Jesús. „Látið þá eiga sig! Þeir eru blindir, leiðtogar blindra. Ef blindur leiðir blindan, falla báðir í gryfju.“

Jesús virðist undrandi þegar Pétur biður um skýringu fyrir hönd lærisveinanna á því hvað saurgi manninn. „Eruð þér líka skilningslausir ennþá?“ svarar Jesús. „Skiljið þér ekki, að allt sem inn kemur í munninn, fer í magann og lendir síðan í safnþrónni? En það sem út fer af munn, kemur frá hjartanu. Og slíkt saurgar manninn. Því að frá hjartanu koma illar hugsanir, manndráp,



hórdómur, saurlifnaður, þjófnaður, ljúgvitni, lastmælgí. Þetta er það, sem saurgar manninn. En að eta með óþvegunum höndum saurgar engan mann.“

Jesús er ekki að gera lítið úr eðlilegu hreinlæti. Hann er ekki að halda því fram að maður þurfi ekki að þvo sér um hendurnar áður en hann matbýr eða matast. Hann er að fordæma hræsni trúarleiðtoganna sem reyna með undirferli að sniðganga réttlát lög Guðs með því að halda fram óbíbliulegum erfikenningum. Það eru vond verk sem saurga manninn og Jesús sýnir fram á að þau eigi upptök sín í hjartanu. Jóhannes 7:1; 5. Mósebók 16:16; Matteus 15:1-20; Markús 7:1-23; 2. Mósebók 20:12; 21:17; Jesaja 29:13.

- Hvaða andstöðu mætir Jesús núna?
- Hvaða ákæru bera farisearnir fram, en hvernig brjóta þeir lögmál Guðs vísitandi að sögn Jesú?
- Hvað segir Jesús að saurgi manninn?



Meðaumkun með nauðstöddum

JESÚS fer burt með lærisveinunum eftir að hann hefur fordæmt fariseana fyrir að fylgja eigingjörnum erfi-kenningum sínum. Skömmu áður hafði hann reynt að komast burt með lærisveinunum til að hvílast en fékk ekki ráðrúm til þess vegna þess að mannfjöldinn fann þá. Hann fer nú með lærisveinunum til byggða Týrusar og Sídonar langt í norðri. Að því er best verður séð er þetta eina ferðin sem Jesús fer með þeim út fyrir landamæri Ísraels.

Eftir að Jesús hefur fundið hús til að dveljast í nefnir hann að hann vilji ekki láta neinn vita af dvalarstað þeirra. En hann fær ekki einu sinni dulist utan Ísraels. Grísk kona, fædd þar í sýrlensku Föníkíu, finnur hann og tekur að hrópa: „Mis-kunna þú mér, herra, sonur Davíðs! Dóttir mín er mjög kvalin af illum anda.“ En Jesús svarar henni engu orði.

Loks segja lærisveinarnir við Jesú: „Láttu hana fara, hún eltir oss með hrópum.“ Jesús skýrir nú fyrir þeim hvers vegna hann ansi henni ekki: „Ég er ekki sendur nema til týndra sauða af Ísraelsætt.“

En konan gefst ekki upp. Hún kemur til Jesú, fellur að fótum hans og sárþænir hann: „Herra, hjálpa þú mér!“

Jesús hlýtur að vera snortinn af því hve innilega konan biður hann. En hann bendir aftur á að ábyrgð hans sé fyrst og fremst sú að þjóna þjóð Guðs, Ísraelsmönnum. En Jesús vill greinilega reyna trú hennar og vísar til fordóma Gyðinga gagnvart öðrum þjóðum og segir: „Ekki sæmir að taka brauð barnanna og kasta því fyrir hundana.“

Jesús sýnir eflaust með mildilegum raddblæ og meðaumkunarsvip hvernig hann litur á fólk af öðrum þjóðum. Gyðingar eru vanir að líkja heiðingjum við hunda en samkvæmt frummálinu mildar Jesús samlíkinguna með því að tala um



,*litla hunda,* það er að segja hvolpa. Í stað þess að fyrta við orð Jesú grípur konan skírskotun hans til fordóma Gyðinga á lofti og segir auðmjúk í bragði: „Satt er það, herra, þó eta hundarnir mola þá, sem falla af borðum húsbænda þeirra.“

„Kona, mikil er trú þín,“ svarar Jesús. „Verði þér sem þú vilt.“ Og henni verður að ósk sinni! Þegar hún kemur heim til sín finnur hún dótturina alheila í rúminu.

Jesús og lærisveinarnir halda nú frá strandhéraði Sídonar þvert yfir landið í átt að upptökum Jórdanar. Þeir vaða sennilega yfir Jórdan einhvers staðar norðan við Galíleuvatn og

koma inn á Dekapólís-svæðið við vatnið austanvert. Þar ganga þeir upp á fjall en mannfjöldinn finnur þá og kemur til Jesú með halta menn, blinda, fatlaða, mállausa og marga aðra sjúka. Þar er þeim næstum kastað við fætur Jesú og hann lækna þá. Fólkið er furðu lostið að sjá mállausa tala, halta ganga og blinda sjá, og það lofar Guð Ísraels.

Jesús gefur sérstakan gaum að manni sem er heyrnarlaus og næstum mállaus. Heyrnleysingar verða oft vandræðalegir, einkum í mannfjölda, og Jesús sér kannski að þessi maður er sérstaklega taugaóstyrkur. Hann fer því með manninn afsíðis frá fólkinu. Þegar þeir eru orðnir einir gefur Jesús til kynna hvað hann ætli að gera fyrir hann. Hann stingur fingrunum í eyru hans og vætir tungu hans með munnvatni sínu. Síðan lítur Jesús til himins, andvarpar og segir: „Opnist þú.“ Samstundis fær maðurinn heyrnina og getur talað eðlilega.

Fólkið kann vel að meta allar lækningarnar sem Jesús hefur framkvæmt og segir: „Allt gjörir hann vel, daufa lætur hann

heyra og mállausa mæla.“ **Matteus 15: 21-31; Markús 7:24-37.**



- Af hverju læknað Jesús ekki barn grisku konunnar þegar í stað?
- Hvert fer Jesús síðan með lærisveinunum?
- Hvernig sýnir Jesús heyrnarlausa og málhaltu mannum sérstaka meðaumkun?

Brauðið og súrdeigið

MIKILL mannfjöldi hefur flykkst til Jesú í Dekapólis sem er að mestu leyti byggt fólki af þjóðunum. Margir eru komnir langan veg til að hlýða á hann og fá lækningu meina sinna. Þeir hafa tekið með sér stórar körfur undir vistir eins og venja er þegar ferðast er um lönd heiðingja.

Jesús kallar nú á lærisveinana og segir: „Ég kenni í brjósti um mannfjöldann. Þeir hafa nú hjá mér verið þrjá daga og hafa ekkert til matar. Láti ég þá fara fastandi heim til sín, örmagnast þeir á leiðinni, en sumir þeirra eru langt að.“


„Hvar er hægt að fá brauð til að metta þetta fólk hér í óbyggðum?“ spyrja lærisveinarnir.

Jesús spyr þá: „Hve mörg brauð hafið þér?“

„Sjö, og fáeina smáfiska,“ svara þeir.

Jesús segir fólkinu nú að setjast á jörðina, tekur brauðin og fiskana, biður til Guðs, brýtur þau og gefur lærisveinunum. Þeir bera síðan fólkinu og allir borða nægju sína. Þegar leifarnar eru teknar saman fylla þær sjö körfur, þótt um 4000 karlmenn hafi matast, auk kvenna og barna!

Jesús lætur mannfjöldann fara, fer um borð í bát með



lærisveinunum og siglir yfir á vesturströnd Galíleuvatns. Þar reyna farísear og menn af sértrúarflokki saddúkea að freista Jesú með því að biðja hann að sýna sér tákn af himni.

Jesús veit að þeir eru að reyna að freista hans og svarar: „Að kvöldi segið þér: ‚Það verður góðviðri, því að roði er á lofti.‘ Og að morgni: ‚Illviðri í dag, himinninn er rauður og þungbúinn.‘ Útlit loftsins kunnið þér að ráða, en ekki tákn tímanna.“

Síðan kallar Jesús þá vonda og ótrúa kynslóð og varar þá við, eins og faríseana áður, að þeir fái ekkert tákn annað en Jónasartáknið. Hann fer svo með lærisveinunum á báti yfir til Betsaidu á norðausturströnd Galíleuvatns. Á leiðinni uppgötva lærisveinarnir að þeir hafa gleymt að taka með sér brauð, svo að þeir hafa ekki nema eitt brauð meðferðis.

Jesús hefur í huga nýafstaðinn fund sinn með faríseunum og saddúkeunum sem eru stuðningsmenn Heródesar. Hann áminnur þá: „Gætið yðar, varist súrdeig farísea og súrdeig Heródesar.“ Þegar lærisveinarnir heyra Jesú minnst á súrdeig halda þeir greinilega að hann sé að hugsa um brauðið sem þeir gleymdu að hafa meðferðis, og þeir taka að deila sín í milli. Jesús tekur eftir að þeir hafa misskilið hann og segir: „Hvað eruð þér að tala um, að þér hafið ekki brauð?“

Tvívegis áður hafði Jesús unnið það kraftaverk að gefa þúsundum manna brauð, síðast fyrir einum eða tveim dögum. Þeir ættu því að vita að hann hefur ekki áhyggjur af bókstaflegum brauðskorti. „Munið þér ekki?“ spyr hann. „Þegar ég braut brauðin fimm handa fimm þúsundum, hve margar körfur fullar af brauðbitum tókuð þér saman?“

„Tólf,“ svara þeir.

„Eða brauðin sjö handa fjórum þúsundunum, hve margar körfur fullar af brauðbitum tókuð þér þá saman?“



„Sjö,“ svara þeir.

„Skiljið þér ekki enn?“ spyr Jesús. „Hvernig má það vera, að þér skynjið ekki, að ég var ekki að tala um brauð við yður. Varist súrdeig farísea og saddúkea.“

Loksins skilja lærisveinarnir hvað hann á við. Súrdeig, sem er notað til að valda gerjun og láta brauð lyfta sér, táknar spillingu. Lærisveinarnir skilja nú að Jesús er að nota myndlíkingu, að hann er að hvetja þá til að vera á verði gegn „kenningu farísea og saddúkea“ sem er spillandi. **Markús 8: 1-21; Matteus 15:32-16:12.**

- Hvers vegna hefur fólk stórar körfur meðferðis?
- Til hvaða staða fer Jesús á báti eftir að hann yfirgefur Dekapólís?
- Hvernig misskilja lærisveinarnir orð Jesú um súrdeig?
- Hvað á Jesús við með „súrdeigi farísea og saddúkea“?

Hver er Jesús eiginlega?

ÞEGAR báturinn með Jesú og lærisveinunum leggur að landi í Betsáidu kemur fólk með blindan mann til hans og sárþætur hann um að snerta hann svo að hann lækni. Jesús leiðir manninn við hönd sér út fyrir þorpið, skyrpir í augu hans og spyr: „Sér þú nokkuð?“

„Ég sé menn, ég greini þá líkt og tré, þeir ganga,“ svarar maðurinn. Jesús leggur hendur yfir augu mannsins og veitir honum skýra sjón. Síðan sendir hann manninn heim til sín með þeim fyrirmælum að fara ekki inn í þorpið.

Jesús heldur nú með lærisveinum sínum til þorpanna hjá Sesareu Filippí, nyrst í Palestínu. Sesarea Filippí stendur í fögru umhverfi í hér um bil 350 metra hæð yfir sjávarmáli. Þetta er um 50 kílómetra ganga upp í móti, þannig að ferðin tekur sennilega tvo daga.

Á leiðinni fer Jesús afsíðis til að biðjast fyrir. Nú eru aðeins um níu eða tíu mánuðir til dauða hans og hann hefur áhyggjur af lærisveinunum, enda hafa margir hætt að fylgja honum. Sumir eru greinilega ráðvilltir og vonsviknir vegna þess að hann leyfði fólkinu ekki að gera sig að konungi, og vegna þess að hann gaf ekki tákni af himni til að sanna konungdóm sinn þegar óvinir hans skoruðu á hann að gera það. Hvern halda postular hans hann vera? Þegar þeir koma til Jesú þar sem hann er á bæn spyr hann: „Hvern segja menn mig vera?“

„Sumir Jóhannes skírara, aðrir Elía og enn aðrir Jeremía eða einn af spámönnunum,“ svara þeir. Já, fólk heldur að Jesús sé einhver þessara manna upprisinn!

„En þér, hvern segið þér mig vera?“ spyr Jesús.

Þétur svarar um hæl: „Þú ert Kristur, sonur hins lifanda Guðs.“

Jesús hrósar Pétri fyrir svarið og segir: „Eg segi þér: Þú ert Þétur, og á þessum kletti mun eg byggja söfnuð minn, og



hlið Heljar skulu eigi verða honum yfirsterkari.“ Hér kunngerir Jesús í fyrsta sinn að hann ætli að byggja söfnuð og að dauðinn nái ekki einu sinni að halda safnaðarmönnum föngrum eftir að þeir hafi trúfastir lokið lífi sínu á jörð. Síðan segir hann Péttri: „Ég mun fá þér lykla himnaríkis.“

Jesús opinberar þannig að Pétur öðlist einstök sérréttindi. Hann á hvorki að verða fremstur meðal postulanna né undirstaða safnaðarins. Jesús er sjálfur kletturinn sem söfnuðurinn verður byggður á, en Péttri verða fengnir þrjú táknrænir lykjar til að opna hópum manna aðgang að himnaríki.

Pétur notaði fyrsta lykilinn á hvítasunnunni árið 33 til að sýna iðrunarfullum Gyðingum hvað þeir þyrftu að gera til að bjargast. Annan lykilinn notaði hann skömmu síðar til að opna trúuðum Samverjum aðgang að Guðsríki. Síðan, árið 33, notaði hann þriðja lykilinn til að veita óumskornum heiðingjum, þeim Kornelíusi og vinum hans, sama tækifæri.


Jesús heldur áfram að ræða við postulana. Hann veldur þeim vonbrigðum með því að segja þeim að hann þurfi bráðlega að þjást og deyja í Jerúsalem. Pétur skilur ekki að Jesús verði reistur upp til lífs á himnum og segir við hann einslega:

„Guð náði þig, herra, þetta má aldrei fyrir þig koma.“ Jesús snýr baki í Pétur og svarar: „Vik frá mér, Satan, þú ert mér til ásteytingar, þú hugsar ekki um það, sem Guðs er, heldur það, sem manna er.“

Ljóst er að fleiri lærisveinar en postularnir eru í för með Jesú og hann kallar þá nú til sín og útskýrir að það verði ekki auðvelt að fylgja honum. „Hver sem vill fylgja mér, afneiti sjálfum sér, taki kross sinn og fylgi mér,“ segir hann. „Því að hver sem vill bjarga lífi sínu, mun týna því, og hver sem týnir lífi sínu vegna mín og fagnaðarerindisins, mun bjarga því.“

Já, fylgjendur Jesú verða að vera hugrakkir og fórnfúsir til að sanna að þeir verðskuldi hylli hans. Hann segir: „En þann sem blygðast sín fyrir mig og mín orð hjá þessari ótrúu, syndugu kynslóð, mun Mannssonurinn blygðast sín fyrir, er

hann kemur í dýrð föður síns með heilögum englum.“ Markús 8:22-38; Matteus 16:13-28, vers 18 samkvæmt *Bibliunni* 1912; Lúkas 9: 18-27.



- Af hverju hefur Jesús áhyggjur af lærisveinunum?
- Hver heldur fólk að Jesús sé?
- Hvaða lykla fær Pétur og hvernig á hann að nota þá?
- Hvernig er Pétur leiðréttur og hvers vegna?

Forsmekkur að dýrð Krists í ríki hans

JESÚS er kominn í byggðir Sesareu Filippi og er þar að kenna stórum hópi manna, þeirra á meðal postulum sínum. Þá segir hann óvænt: „Sannlega segi ég yður: Nokkrir þeirra, sem hér standa, munu eigi dauða bíða, fyrr en þeir sjá Mannssoninn koma í ríki sínu.“

Lærisveinarnir hljóta að velta fyrir sér hvað Jesús eigi við. Um viku síðar tekur Jesús þá Pétur, Jakob og Jóhannes með sér upp á hátt fjall. Hugsanlegt er að það sé um nótt því að lærisveinarnir eru syfjaðir. Meðan Jesús er að biðjast fyrir ummyndast hann fyrir augum þeirra. Andlit hans tekur að skína sem sól og fót hans verða björt eins og ljós.

Síðan birtast tvær mannverur, nefndar „Móse og Elía,“ og byrja að tala við Jesú um brottför hans í Jerúsalem. Með þessari brottför er greinilega átt við dauða Jesú og upprisu. Þessar samræður sanna að Jesús komist ekki hjá því að deyja smánarlegum dauða, eins og Pétur vildi.

Lærisveinarnir glaðvakna og fylgjast furðu lostnir með því sem fram fer. Enda þótt þetta sé sýn er hún svo raunveruleg að Pétur lifir sig inn í hana og segir: „Herra, gott er, að vér erum hér. Ef þú vilt, skal ég gjöra hér þrjár tjaldbúðir, þér eina, Móse eina og Elía eina.“

Meðan Pétur er að tala ber yfir þá bjart ský og rödd úr skýinu segir: „Þessi er minn elskaði sonur, sem ég hef velþóknun á. Hlýðið á hann!“ Þegar lærisveinarnir heyra röddina falla þeir fram á andlitið, en Jesús segir: „Risið upp, og óttist ekki.“ Þeir gera það og sjá þá engan nema Jesú.

Á leiðinni ofan af fjallinu næsta dag fyrirskipar Jesús: „Segið engum frá sýninni, fyrr en Mannssonurinn er risinn upp frá dauðum.“ Að Elía skyldi birtast í sýninni vekur spurningu

í hugum lærisveinanna: „Hví segja fræðimennirnir, að Elía eigi fyrst að koma?“

„Elía er þegar kominn, og menn þekktu hann ekki,“ svarar Jesús. Hann er að tala um Jóhannes skírara sem gegndi svipuðu hlutverki og Elía. Jóhannes undirbjó veginn fyrir Krist eins og Elía undirbjó veginn fyrir Elísa.

Þessi sýn er afar styrkjandi bæði fyrir Jesú og lærisveinana. Hún er eins og forsmekkur að dýrð Krists í ríki hans. Í reynd hafa þeir séð „Mannssoninn koma í ríki sínu“ eins og Jesús hafði heitið þeim viku áður. Eftir dauða Krists skrifaði Pétur að þeir hefðu orðið „sjónarvottar að há-tign hans þegar þeir voru með honum á fjallinu helga.“

Farisearnir höfðu krafist þess að Jesús sýndi þeim tákni til að sanna að hann væri hinn útvaldi konungur Guðs sem átti að koma samkvæmt Ritningunni. Þeir fengu ekkert slíkt tákni. Á hinn bóginn er nánustu lærisveinum Jesú leyft að sjá hann ummyndast til að staðfesta spádómana um Guðsríki. Þess vegna skrifaði Pétur síðar: „Enn þá áreiðanlegra er oss því nú hið spámannlega orð.“

Matteus 16:13,

28–17:13; Markús 9:1-13; Lúkas 9:27-37; 2. Pétursbréf 1:16-19.

- Hvernig sjá sumir Krist koma í ríki sínu áður en þeir deyja?
- Um hvað tala Móse og Elía við Jesú í sýninni?
- Hvers vegna er þessi sýn svona styrkjandi fyrir lærisveinana?





Drengur haldinn illum anda læknast

MÉÐAN Jesús, Pétur, Jakob og Jóhannes eru fjarverandi, líklega á fjallsrana út úr Hermonfjalli, lenda hinir lærisveinarnir í erfiðleikum. Jesús sér strax að eitthvað er að þegar hann kemur aftur. Mannfjöldi hefur safnast saman kringum lærisveinana, og fræðimenn eru að þrátta við þá. Fólkið verður mjög undrandi þegar Jesús nálgast og hleypur til móts við hann að heilsa honum. „Um hvað eruð þér að þrátta við þá?“ spyr hann.

Maður gengur fram úr mannfjöldanum, krýpur frammi fyrir Jesú og segir: „Meistari, ég færði til þín son minn, sem málleysisandi er í. Hvar sem andinn grípur hann, slengir hann honum flötum, og hann froðufellir, gnistir tönnum og stirðnar upp. Ég bað lærisveina þína að reka hann út, en þeir gátu það ekki.“

Fræðimennirnir nota sér greinilega til hins ítrasta að lærisveinarnir skuli ekki geta læknað drenginn og gera kannski gys að þeim. Það er á þessu augnabliki sem Jesús kemur. „Ó, þú vantrúa kynslóð, hversu lengi á ég að vera hjá yður? Hversu lengi á ég að umbera yður?“ segir hann.

Jesús virðist beina orðum sínum til allra viðstaddra, en ef laust er hann sérstaklega að tala til fræðimannanna sem hafa valdið lærisveinum hans erfiðleikum. Síðan biður Jesús þá að færa drenginn til sín. En þegar drengurinn kemur til Jesú slengir illi andinn honum flötum og lætur hann fá ofsafenginn krampa svo hann veltist um og froðufellir.

„Hve lengi hefur honum liðið svo?“ spyr Jesús.

„Frá bernsku,“ svarar faðirinn. „Og oft hefur [illi andinn] kastað honum bæði í eld og vatn til að fyrirfara honum.“ Síðan sárþænir hann Jesú: „Ef þú getur nokkuð, þá sjá aumur á okkur og hjálpa okkur.“



Vera má að faðirinn hafi verið að leita hjálpar í mörg ár. Og núna, þegar lærisveinum Jesú hefur mistekist, er hann örvílnaður. Jesús er uppörvandi þegar hann svarar örvæntingarfullum mannum: „Ef þú getur! Sá getur allt sem trúir.“

„Ég trúi,“ hrópar maðurinn þegar í stað. „Hjálpa þú vantrú minni.“

Þegar Jesús sér að mannfjöldi þyrpist að hastar hann á illa andann og segir: „Þú dumbi, daufi andi, ég býð þér, far út af honum, og kom aldrei frammar í hann.“ Drengurinn fær ákaft krampakast um leið og andinn fer út af honum og æpir hátt. Síðan liggur drengurinn hreyfingarlaus á jörðinni og flestir halda að hann sé dáinn. En Jesús tekur í hönd hans og hann stendur á fætur.

Áður, þegar lærisveinarnir voru sendir út að prédika, höfðu þeir rekið út illa anda. Þess vegna spyrja þeir Jesú einslega þegar þeir koma í hús: „Hví gátum vér ekki rekið hann út?“

Jesús gefur til kynna að þá hafi skort trú og svarar: „Þetta kyn verður eigi út rekið nema með bæn.“ Svona öflugur, illur andi varð ekki rekinn út undirbúningslaust heldur þurfti sterka trú ásamt bæn um kraft frá Guði.

Síðan bætir Jesús við: „Sannlega segi ég yður: Ef þér hafið trú eins og mustarðskorn, getið þér sagt við

fjall þetta: Flyt þig héðan og þangað, og það mun flytja sig. Ekkert verður yður um megn.“ Svona sterk getur trúin verið!

Ýmsir erfiðleikar og tálmar í þjónustunni við Jehóva geta vírst eins óyfírstíganlegir og óhagganlegir og bókstaflegt fjall. En Jesús bendir á að ef við ræktum með okkur trú í hjartanu, vökvum hana og hlúum að henni, þá vaxi hún og þroskist þannig að við getum yfírstigið fjallháar hindranir og erfiðleika.

Markús 9:14-29; Matteus 17:19, 20; Lúkas 9:37-43.



- Hvað blasir við Jesú þegar hann snýr aftur ofan af Hermonfjalli?
- Hvernig uppörvar Jesús föður drengsins sem haldinn er illa andanum?
- Af hverju geta lærisveinarnir ekki rekið illa andann út?
- Hve sterk getur trúin orðið, að sögn Jesú?

Lexía í auðmýkt

JESÚS vill snúa aftur heim til Kapernaum eftir að hann hefur læknað dreng haldinn illum anda í grennd við Sesareu Filippí. En hann vill vera einn með lærisveinunum á leiðinni þannig að hann geti búið þá betur undir dauða sinn og ábyrgð þeirra eftir það. „Mannssonurinn verður framseldur í manna hendur, og þeir munu lífláta hann, en þá er hann hefur líflátinn verið, mun hann upp rísa eftir þrjá daga,“ segir hann þeim.

Enda þótt Jesús hafi rætt þetta áður og þrjár postulanna hafi séð ummyndunina þar sem rætt var um „brottför“ hans, skilja lærisveinarnir ekki enn um hvað málið snýst. Enginn reynir að vísu að mótmæla því að hann verði drepinn eins og Pétur hafði gert, en þeir þora ekki að spyrja hann nánar um það.


Loks koma þeir til Kapernaum sem hefur verið eins konar starfsbækistöð Jesú í þjónustu hans og er jafnframt heima-borg Péturs og sumra hinna postulanna. Menn, sem eru að innheimta musterisgjaldið, koma nú að máli við Pétur, ef til vill til að reyna að fá Jesú til að brjóta viðtekna siðvenju. Þeir spyrja: „Geldur meistari yðar eigi musterisgjaldið?“

Pétur segir svo vera.

Jesús kann að hafa komið í húsið skömmu síðar og hann veit hvað fram hefur farið. Hann er því fyrri til að hefja máls á þessu og spyr Pétur: „Hvað list þér, Símon? Af hverjum heimta konungar jarðarinnar toll eða skatt? Af börnum sínum eða vandalausum?“

„Af vandalausum,“ svarar Pétur.

„Þá eru börnin frjáls,“ segir Jesús. Þar eð faðir Jesú er konungur alheimsins og tilbeðinn í musterinu er Jesú, syni Guðs, ekki skylt lögum samkvæmt að greiða musterisgjaldið. „En til þess vér hneykslum þá ekki, skaltu fara niður að vatni og renna öngli, taktu síðan fyrsta fiskinn, sem þú dregur, opna



munn hans og muntu finna pening,“ segir Jesús. „Tak hann og greið þeim fyrir mig og þig.“

Þegar lærisveinarnir koma saman aftur eftir komuna til Kapernaum, ef til vill í húsi Péturs, spyrja þeir: „Hver er mestur í himnaríki?“ Jesús veit hver er kveikjan að þessari spurningu því hann veit hvað þeir voru að ræða sín á milli þar sem þeir gengu á eftir honum frá Sesareu Filíppi. Hann spyr því: „Hvað voruð þér að ræða á leiðinni?“ Lærisveinarnir verða vandræðalegir og þegja því að þeir höfðu verið að þrætta um það hver þeirra væri mestur.

Það virðist kannski ótrúlegt að lærisveinarnir skyldu vera að deila um slíkt eftir að hafa notið kennslu Jesú í næstum þrjú ár. En það ber bara vitni um sterk áhrif mannlegs ófullkomleika og trúaruppruna. Trú Gyðinga, sem lærisveinarnir höfðu alist upp við, lagði áherslu á stétt og stöðu í öllum samskiptum. Og kannski fannst Pétri hann standa hinum framar úr því að Jesús hafði lofað að gefa honum „lykla“ Guðsríkis. Jakob og Jóhannes hafa ef til vill gert sér svipaðar hugmyndir af því að þeir urðu vitni að ummyndun Jesú.

Hvað sem því líður bregður Jesús upp hrífandi sýnikennslu í von um að leiðrétta viðhorf þeirra. Hann kallar á barn, setur það meðal þeirra, tekur utan um það og segir: „Nema þér snúið við og verðið eins og börn, komist þér aldrei í himnaríki. Hver sem auðmýkir sjálfan sig eins og barn þetta, sá er mestur í himnaríki. Hver sem tekur við einu slíku barni í mínu nafni, tekur við mér.“

Þetta er frábær aðferð til að leiðrétta lærisveinana! Jesús reiðist þeim ekki og kallar þá ekki hrokafulla, ágjarna eða metnaðargjarna. Nei, hann notar lítið barn sem dæmi til að

leiðrétta þá, en börn eru að jafnaði hæversk, laus við metnað-argirni og gera sér yfirleitt engar hugmyndir um stöðu eða stétt sín á meðal. Þannig sýnir Jesús lærisveinunum fram á að þeir þurfi að þroska með sér þessa eiginleika sem einkenna auðmjúk börn. Hann segir að lokum: „Sá sem minnstur er meðal yðar allra, hann er mestur.“ **Matteus 17:22-27; 18:1-5; Markús 9:30-37; Lúkas 9:43-48.**

- Hvað endurtekur Jesús eftir heimkomuna til Kapernaum og hvernig er því tekið?
- Af hverju er Jesús ekki skylt að greiða musterisgjaldið en hvers vegna greiðir hann það samt?
- Hvað kann að hafa stuðlað að deilu lærisveinanna og hvernig leiðréttir Jesús þá?



Nánari leiðbeiningar frá Jesú

MÉÐAN Jesús og postularnir eru í húsinu í Kapernaum er rætt um fleira en deilu postulanna um það hver sé þeirra mestur. Þeir ræða um atburð sem kann einnig að hafa gerst á heimleiðinni til Kapernaum þegar Jesús var ekki sjálfur nærstaddur. Jóhannes postuli segir svo frá: „Vér sáum mann reka út illa anda í þínu nafni, og vildum vér varna honum þess, af því að hann fylgdi oss ekki.“

Jóhannes virðist líta svo á að postularnir hafi einkarétt á því að lækna. Honum finnst maðurinn alls ekki hafa leyfi til að vinna kraftaverk fyrst hann er ekki einn af hópnium.

Jesús áminnir hins vegar: „Varnið honum þess ekki, því að enginn er sá, að hann gjöri kraftaverk í mínu nafni og geti þegar á eftir talað illa um mig. Sá sem er ekki á móti oss, er með oss. Hver sem gefur yður bikar vatns að drekka, vegna þess að þér eruð Krists, sannlega segi ég yður, hann mun alls ekki missa af launum sínum.“

Þessi maður þurfti ekki að ferðast bókstaflega með Jesú til að vera hans megin. Kristni söfnuðurinn var enn ekki stofnaður, þannig að hann tilheyrði ekki endilega einhverjum öðrum söfnuði þótt hann væri ekki einn af hópnium. Maðurinn trúði virkilega á nafn Jesú



og tókst þar af leiðandi að reka út illa anda. Það sem hann gerði var umbunarvert og Jesús bendir á að hann missi ekki af launum sínum fyrir það.

En hvað nú ef orð eða framkoma postulanna hneykslaði manninn? Það væri háalvarlegt mál. Jesús segir: „Hverjum þeim, sem tælir til falls einn af þessum smælingjum, sem trúa, væri betra að vera varpað í hafið með mylnustein um hálsinn.“

Jesús segir að fylgjendur hans eigi að losa sig við hvaðeina sem geti orðið þeim að falli, þótt það sé þeim jafnkært og hönd, fótur eða auga. Það er betra að komast inn í Guðsríki án slíkra verðmæta en að halda í þau og verða kastað í Gehenna (logandi sorphaug í grennd við Jerúsalem) sem táknar eilífa tortímingu.

Jesús heldur áfram í varnaðartón: „Varist að forsmá nokkurn þessara smælingja. Ég segi yður, að englar þeirra á himnum sjá jafnan auglit míns himneska föður.“ Síðan tekur hann dæmi til að lýsa því hve dýrmætir þessir „smælingjar“

séu. Hann segir frá manni sem á hundrað sauði en týnir einum.

Hann skilur hina 99 eftir til að leita þess týnda, og þegar hann finnur hann gleðst hann meira yfir honum en hinum 99. „Þannig er það eigi vilji yðar himneska föður, að nokkur þessara smælingja glatist,“ segir Jesús.



Jesús er ef til vill að hugsa um deilu postulanna þegar hann hvetur þá: „Hafið salt í sjálfum yður, og haldið frið yðar á milli.“ Daufur matur bragðast betur ef hann er saltaður. Það er auðveldara að meðtaka orð manns ef þau eru söltuð táknrænu salti. Að hafa slíkt salt í sér stuðlar að friði.

Mannlegur ófullkomleiki veldur stundum alvarlegu ósætti. Jesús gefur einnig leiðbeiningar um hvernig skuli útkljá það. „Ef bróðir þinn syndgar gegn þér, skaltu fara og tala um fyrir honum, og sé það ykkar einna í milli,“ segir Jesús. „Láti hann sér segjast, hefur þú unnið bróður þinn.“ Láti hann sér ekki segjast „skaltu taka með þér einn eða tvo, að ,hvert orð sé staðfest með framburði tveggja eða þriggja vitna,“ ráðleggur Jesús.

Síðasta úrræðið er að leggja málið fyrir ‚söfnuðinn,‘ það er að segja ábyrga umsjónarmenn safnaðarins sem geta fellt dóm. Ef syndarinn hlítir ekki úrskurði þeirra, „þá sé hann þér sem heiðingi eða tollheimtumaður,“ segir Jesús.

Þegar umsjónarmennirnir taka slíka ákvörðun þurfa þeir að halda sér fast við leiðbeiningar orðs Jehóva. Ef þeir komast að raun um að einhver er sekur og verðskuldar refsingu er dómurinn þegar ‚bundinn á himni.‘ Og það sem þeir ‚leysa á jörðu,‘ það er að segja þegar þeir komast að raun um sakleysi manns, hefur þegar verið ‚leyst á himni.“ „Hvar sem tveir eða þrír eru saman komnir í mínu nafni, þar er ég mitt á meðal þeirra,“ segir Jesús og á þá við slík dómsmál.

Matteus 18:6-20; Markús 9:

38-50; Lúkas 9:49, 50.

- Af hverju var ekki nauðsynlegt að vera í för með Jesú á hans dögum?
- Hve alvarlegt mál er það að hneyksla smælingja og hvernig lýsir Jesús með dæmi hve dýrmætir þeir séu?
- Hver er sennilega kveikjan að hvatningu Jesú til postulanna um að hafa salt í sjálfum sér?
- Hvað merkir það að ‚binda‘ og ‚leysa‘?

Kennsla í fyrirgefningu

JESÚS virðist enn vera í húsinu í Kapernaum með lærisveinunum. Hann hefur verið að ræða við þá hvernig taka skuli á vandamálum bræðra í milli þannig að Pétur spyr: „Herra, hve oft á ég að fyrirgefa bróður mínum, ef hann misgjörir við mig?“ Trúarleiðtogar Gyðinga leggja til að menn fyrirgefi allt að þrisvar þannig að Pétur álitur sig sennilega mjög göfuglyndan að stinga upp á „sjö sinnum.“

En það er rangt að halda slíkt bókhald. Jesús leiðréttir Pétur og segir: „Ekki segi ég þér sjö sinnum heldur sjötíu sinnum sjö.“ Hann er að benda Péttri á að hann eigi alls ekki að setja því nokkur takmörk hve oft hann fyrirgefi bróður sínum.

Jesús segir nú dæmisögu til að innprenta lærisveinunum að þeim sé skylt að fyrirgefa. Hún fjallar um konung sem vill gera upp reikninga við þjóna sína. Þjónn er færður til hans sem skuldar honum gríðarlega fjárhæð, 60.000.000 denara. Hann hefur ekki nokkurn möguleika á að greiða skuldina. Jesús segir því að konungurinn hafi fyrirskipað að þjónninn, kona hans og börn skuli seld upp í skuldina.

Þá fellur þjónninn til fóta herra sínum og sárþænir hann: „Haf biðlund við mig, og ég mun borga þér allt.“

Konungurinn kennir í brjósti um þjóninn og sýnir honum þá miskunn að gefa honum upp þessa gríðarlegu skuld. En hann er ekki fyrr búinn að því, segir Jesús, en þjónninn hittir samþjón sinn sem skuldar honum aðeins 100 denara. Maðurinn tekur hann kverkataki og segir: „Borga það, sem þú skuldar!“

Þjónn þessi getur hins vegar ekki greitt skuldina. Hann fellur því til fóta hinum þjóninum og sárþænir hann: „Haf biðlund við mig, og ég mun borga þér.“ En þjónninn er ekki miskunnssamur eins og herra hans og lætur varpa samþjóni sínum í fangelsi.

Jesús segir að samþjónar þessara manna hafi séð hvað fram fór og segi konunginum frá. Hann kallar þá þjóninn fyrir sig



reiður í bragði. „Illi þjónn,“ segir hann, „alla þessa skuld gaf ég þér upp, af því að þú baðst mig. Bar þér þá ekki einnig að miskunna samþjóni þínum, eins og ég miskunnaði þér?“ Konungurinn er svo reiður að hann afhendir fangavörðunum miskunnarlausu þjóninn uns skuldin er að fullu greidd.

Síðan segir Jesús: „Þannig mun og faðir minn himneskur gjöra við yður, nema hver og einn yðar fyrirgefi af hjarta bróður sínum.“

Þetta er frábær lexía í fyrirgefningu. Í samanburði við hina háu syndaskuld, sem Guð hefur fyrirgefið okkur, er sérhver synd kristins bróður gagnvart okkur ósköp smá. Og Jehóva Guð hefur fyrirgefið okkur mörg þúsund sinnum. Oft gerum við okkur ekki grein fyrir að við höfum syndgað gegn honum. Getum við þá ekki fyrirgefið bróður okkar nokkrum sinnum, jafnvel þótt við höfum réttmætt tilefni til að kvarta undan honum? Munum að Guð fyrirgefur „vorar skuldir, svo sem vér og fyrirgefum vorum skuldunautum,“ eins og Jesús kenndi í fjallræðunni.

Matteus 18:21-35; 6:12; Kólossubréfið 3:13.

- Hvert er tilefni spurningar Péturs um fyrirgefningu, og hvers vegna telur hann sig kannski göfuglyndan að vilja fyrirgefa bróður sínum sjö sinnum?
- Hvernig bregst konungurinn við beiðni þjónsins um miskunn, ólíkt viðbrögðum þjónsins við samþjón sinn?

- Hvað lærum við af dæmisögu Jesú?



Leynileg för til Jerúsalem

HAUSTIÐ 32 er gengið í garð og laufskálahátíðin í nánd. Jesús hefur aðallega starfað í Galíleu síðan um páskana 31 þegar Gyðingar reyndu að drepa hann. Líklega hefur hann aðeins farið til Jerúsalem til að sækja hin- ar þrjár árlegu hátíðir Gyðinga.

Bræður Jesú hvetja hann nú til að flytja sig þaðan og fara til Júdeu. Jerúsalem er helsta borg Júdeu og trúarmiðstöð landsins. Bræður hans hugsa sem svo: „Enginn starfar í leyn- um, ef hann vill verða alkunnur.“

Enda þótt þeir Jakob, Símon, Jósef og Júdas trúi ekki að eldri bróðir þeirra Jesús sé Messías, vilja þeir að hann sýni undraverðan mátt sinn öllum sem koma til hátíðarinnar. En Jesús gerir sér grein fyrir hættunni. „Heimurinn getur ekki hatað yður,“ segir hann. „Mig hatar hann, af því ég vitna um hann, að verk hans eru vond.“ Hann segir því bræðrum sín- um: „Þér skuluð fara upp eftir á hátíðina. Ég fer ekki til þess- arar hátíðar.“

Laufskálahátíðin stendur í sjö daga og lýkur á áttunda

degi með vissum há- tíðarathöfnum. Hátíð- in er í lok landbún- aðarársins og er því þakkar- og gleðitími. Nokkrum dögum eftir að bræður Jesú leggja af stað ásamt flestum öðrum, heldur hann af stað með leynd ásamt lærisveinunum og gæt- ir þess að ekki sjáist til þeirra. Þeir fara um



Samariu í stað þess að fara hina almennu leið meðfram Jórdan.

Þar eð Jesús og föruneyti hans þarf að fá gistingu í samversku þorpi lætur hann sendiboða fara á undan sér til að undirbúa það. En þorpsbúar vilja ekkert fyrir Jesú gera þegar þeir komast að raun um að hann er á leið til Jerúsalem. Jakob og Jóhannes spyrja gremjulega: „Herra, eigum vér að bjóða, að eldur falli af himni og tortími þeim?“ Jesús ávitar þá fyrir að stinga upp á slíku og þeir halda áfram í annað þorp.

Á leiðinni segir fræðimaður við Jesú: „Meistari, ég vil fylgja þér, hvert sem þú ferð.“

„Refar eiga greni og fuglar himins hreiður, en Mannssonurinn á hvergi höfði sínu að að halla,“ svarar Jesús. Þannig bendir hann fræðimanninum á að því fylgi ýmsir erfiðleikar að vera fylgjandi sinn, og það virðist mega ætla að





fræðimaðurinn sé líka of stoltur til að setta sig við slíka lífs-hætti.

Jesús segir við annan mann: „Fylg þú mér!“

„Herra, leyf mér fyrst að fara og jarða föður minn,“ svarar maðurinn.

„Lát hina dauðu jarða sína dauðu, en far þú og boða Guðs ríki,“ segir Jesús. Ljóst er að faðir mannsins var enn ekki dáinn því að varla hefði sonur hans þá verið þarna að hlýða á Jesú. Sonurinn er greinilega að biðja um frest til að biða eftir að faðir hans deyi. Hann er ekki tilbúinn til að láta Guðsríki ganga fyrir í lífi sínu.

Annar maður segir við Jesú á veginum til Jerúsalem: „Ég vil fylgja þér, herra, en leyf mér fyrst að kveðja fólk mitt heima.“

Jesús svarar: „Enginn, sem leggur hönd á plóginn og horfir aftur, er hæfur í Guðs ríki.“ Þeir sem vilja vera lærisveinar Jesú verða að einbeita sér að þjónustunni við Guðsríki. Líkt og plógar verður hlykkjótt ef plógmaðurinn horfir ekki beint fram, eins getur sá sem horfir um öxl á þetta gamla heimskerfi hrasað og farið út af veginum til eilífs lífs. **Jóhannes 7: 2-10; Lúkas 9:51-62; Matteus 8:19-22.**

- Hvað heita bræður Jesú og hvað finnst þeim um hann?
- Af hverju eru Samverjar ókurteisir og hvað vilja Jakob og Jóhannes gera?
- Hvaða þrjú samtöl á Jesú á leiðinni og hvernig undirstrikar hann þörfina á förnfústri þjónustu?

JESÚS er orðinn frægur á þeim tæpu þrem árum sem liðin eru síðan hann skírðist. Þúsundir manna hafa séð kraftaverk hans og fregnirnar af starfi hans hafa borist vítt og breitt um landið. Nú er fólk saman komið í Jerúsalem til að halda laufskálahátíðina og leitar hans þar og spyrst fyrir um hann.

Jesús er orðinn umdeildur. „Hann er góður,“ segja sumir en aðrir fullyrða: „Nei, hann leiðir fjöldann í villu.“ Það er mikið talað um hann í hálfum hljóðum á fyrstu dögum hátíðarinnar. Enginn þorir þó að tala máli Jesú opinberlega, því að menn óttast refsingu af hendi leiðtoga Gyðinga.

Jesús kemur til Jerúsalem þegar hátíðin er hálfnuð. Hann fer í musterið þar sem fólk undrast frábæra kennsluhæfni hans. Jesús hefur aldrei gengið í rabbínaskóla þannig að Gyðingarnir spyrja hver annan: „Hvernig hefur þessi maður orðið lærður og hefur þó ekki fræðslu notið?“

„Kenning mín er ekki mín, heldur hans, er sendi mig,“ segir Jesús. „Sá sem vill gjöra vilja hans, mun komast að raun um, hvort kenningin er frá Guði eða ég tala af sjálfum mér.“ Kennsla Jesú fylgir lögmáli Guðs. Það ætti því að vera augljóst að hann leitast við að heiðra Guð, ekki sjálfan sig. „Gaf Móse yður ekki lögmálið?“ spyr Jesús. Síðan segir hann í ávitunartón: „Samt heldur enginn yðar lögmálið.“

„Hví sitjið þér um líf mitt?“ spyr hann svo.

Fólkið, sennilega aðkomufólk á hátíðinni, veit ekki til þess að setið sé um líf hans. Því finnst óhugsandi að nokkur vilji drepa þennan frábæra kennara. Menn ímynda sér því að það hljóti að vera eitthvað að Jesú fyrst hann heldur það. „Þú ert haldinn illum anda,“ segja þeir. „Hver situr um líf þitt?“

Leiðtogar Gyðinga vilja Jesú feigan enda þótt mannfjöldinn viti það ekki. Þegar Jesús læknaði mann á hvíldardegi um hálfu öðru ári áður reyndu leiðtogarnir að drepa hann. Jesús bendir á hve ósanngjarnir þeir séu og segir: „Fyrst maður er umskorinn á hvíldardegi, til þess að lögmál Móse verði ekki brotið, hví reiðist þér mér, að ég gjörði manninn allan heilan á hvíldardegi? Dæmið ekki eftir útliti, dæmið réttlátan dóm.“

Jerúsalembúar, sem vita hvernig í pottinn er búið, segja nú: „Er þetta ekki sá, sem þeir sitja um að lífláta? Og nú er hann að tala á almannafæri, og þeir segja ekkert við hann. Skyldu nú höfðingjarnir hafa komist að raun um, að hann sé Kristur?“ Þessir Jerúsalembúar útskýra af hverju þeir trúá ekki að Jesús sé Kristur: „Vér vitum, hvaðan þessi maður er. Þegar Kristur kemur, veit enginn, hvaðan hann er.“

Jesús svarar: „Bæði þekkið þér mig og vit-ið hvaðan ég er. Þó er ég ekki kominn af sjálf-um mér. En sá er sannur, sem sendi mig, og hann þekkið þér ekki. Ég þekki hann, því ég er frá honum og hann sendi mig.“

Þá reyna þeir að leggja hendur á hann, kannski til




að hneppa hann í fangelsi eða láta drepa hann. En þeim mistekst því að tíminn er enn ekki kominn að Jesús skuli deyja.

Margir taka þó að trú á Jesú eins og þeir eiga reyndar að gera. Hann hefur gengið á vatni, lægt storma og öldur, mett að þúsundir með fáeinum brauðum og fiskum, læknað sjúka og halta, opnað augu blindra, læknað holdsveika og jafnvel reist upp dána. Þeir spyrja því: „Mun Kristur gjöra fleiri tákni, þegar hann kemur, en þessi maður hefur gjört?“

Þegar farisearnir heyra fólk-
ið tala sín í milli um þetta
senda þeir og yfirprestarnir
þjóna til að handtaka
Jesú. Jóhannes 7:11-32.

- Hvenær kemur Jesús til hátíðarinnar og hvað segir fólk um hann?
- Hver kann að vera ástæðan fyrir því að sumir segja að Jesús hafi illan anda?
- Hvernig líta Jerúsalembúar á Jesú?
- Af hverju taka margir að trú á Jesú?



Þeim mistekst að handtaka hann

TRÚARLEIÐTOGARNIR senda lögregluþjóna til að handtaka Jesú meðan laufskálahátíðin stendur yfir. Hann heldur áfram að kenna opinberlega og reynir ekki að fela sig. „Enn verð ég hjá yður skamma stund,“ segir hann, „og þá fer ég aftur til þess, sem sendi mig. Þér munuð leita mín og eigi finna. Þér getið ekki komist þangað sem ég er.“

Gyðingarnir skilja þetta ekki og segja sín á milli: „Hvert skyldi hann ætla að fara, svo að vér finnum hann ekki? Hann ætlar þó ekki að fara til Gyðinga, sem dreifðir eru meðal Grikkja og kenna Grikkjum? Hvað var hann að segja: „Þér munuð leita mín og eigi finna, og þér getið ekki komist þangað sem ég er?“ Jesús er auðvitað að tala um komandi dauða sinn og upprisu til lífs á himnum þangað sem óvinir hans geta ekki elt hann.

Sjöundi og síðasti dagur hátíðarinnar rennur upp. Á hverjum morgni hátíðarinnar hefur prestur hellt niður vatni úr Sílóamlaug þannig að það renni að grunni altarisins. Jesús er líklega að minna fólk á þessa daglegu athöfn þegar hann kallar: „Ef nokkurn þyrstir, þá komi hann til mín og drekki. Sá sem trúir á mig, — frá hjarta hans munu renna lækir lifandi vatns, eins og ritningin segir.“

Jesús er reyndar að tala um stórkostlegar afleiðingar þess að heilögum anda verður úthellt. Það gerist árið eftir á hvítasunnunni. Þá streymir fram lifandi vatn þegar 120 lærisveinar taka að kenna mannfjöldanum. En þangað til er enginn andi gefinn í þeim skilningi að enginn af lærisveinum Krists er smurður heilögum anda og kallaður til lífs á himnum.

Sumir segja þegar þeir heyra Jesú kenna: „Þessi er sannarlega spámaðurinn“ og eiga þá greinilega við spámanninn

meiri en Móse sem koma átti. Aðrir segja: „Hann er Kristur.“ En sumir mótmæla: „Mundi Kristur þá koma frá Galíleu? Hefur ekki ritningin sagt, að Kristur komi af kyni Davíðs og frá Betlehem, þorpinu þar sem Davíð var?“

Menn greinir á um Jesú. Sumir vilja láta handtaka hann en enginn leggur hendur á hann. Þegar lögregluþjónarnir snúa aftur tómhentir spyrja æðstu prestarnir og farísearnir: „Hvers vegna komuð þér ekki með hann?“

„Aldrei hefur nokkur maður talað þannig,“ svara þeir.

Trúarleiðtogarnir eru æva-reiðir, gera gys að lögregluþjónunum, skamma þá og rangfæra staðreyndir. Þeir segja hæðnislega: „Létuð þér þá einnig leiðast af-vega? Ætli nokkur af höfðingjunum hafi farið að trúá á hann, eða þá af faríseum? Þessi almúgi, sem veit ekkert í lögmálinu, hann er bölváður!“

Þá tekur Nikódemus til máls og vogar sér að tala máli Jesú, en hann er farísei og ráðsherra meðal Gyðinga (það er að segja á sæti í æðstaráðinu). Þú manst kannski að tveim og hálfu ári áður kom hann til Jesú að næturlagi og lét í ljós trú á hann. Nikódemus segir: „Mundi lögmál vort




dæma mann, nema hann sé yfirheyrður áður og að því komist, hvað hann hefur aðhafst?“

Farisearnir reiðast enn meir við það að einn úr þeirra hópi skuli verja Jesú. „Ert þú nú líka frá Galíleu?“ segja þeir meinglega. „Gáðu að og sjáðu, að enginn spámaður kemur úr Galíleu.“

Enda þótt Ritningin segi ekki beint að spámaður skuli koma frá Galíleu bendir hún á að Kristur komi þaðan þegar hún segir að „mikið ljós“ skuli sjást þar um slóðir. Auk þess fæddist Jesús í Betlehem og er afkomandi Davíðs. Farisearnir vita það sennilega en að öllum líkindum hafa þeir breitt út þær ranghugmyndir sem menn hafa um Jesú. **Jóhannes 7: 32-52; Jesaja 9:1, 2; Matteus 4:13-17.**

- Hvað er gert á hverjum morgni hátíðarinnar og hvernig vekur Jesús líklega athygli á því?
- Af hverju handtaka lögregluþjónarnir ekki Jesú og hvernig bregðast trúarleiddögarnir við því?
- Hver er Nikódemus, hvernig lítur hann á Jesú og hvernig koma hinir farisearnir fram við hann?
- Hvaða rök eru fyrir því að Kristur eigi að koma frá Galíleu?



Meiri kennsla á sjöunda deginum

SÍÐASTI dagur laufskálahátíðarinnar, sjöundi dagurinn, stendur enn. Jesús er að kenna í þeim hluta musterisins sem kallast ‚fjárhirslan.‘ Það mun hafa verið á svæði sem nefnt er forgarður kvenna, en þar eru kistur sem fólk leggur framlög sín í.

Meðan hátíðin stendur er höfð sérstök lýsing á þessu svæði musterisins að nóttu til. Settar eru upp fjórar, risastórar ljósastikur og í hverri fjögur stór ker með olíu. Ljósíð frá ljósastikunum með oliukerunum 16 er nógu sterkt til að lýsa langan veg að nóttu. Orð Jesú minna áheyrendur hans kannski á þessa lýsingu. „Ég er ljós heimsins,“ segir hann. „Sá sem fylgir mér, mun ekki ganga í myrkri, heldur hafa ljós lífsins.“

Farisearnir andmæla: „Þú vitnar um sjálfan þig. Vitnisburður þinn er ekki gildur.“

Jesús svarar: „Enda þótt ég vitni um sjálfan mig, er vitnisburður minn gildur, því ég veit hvaðan ég kom og hvert ég fer. En þér vitið ekki, hvaðan ég kem né hvert ég fer.“ Hann bætir við: „Ég er sá, sem vitna um sjálfan mig, og faðirinn, sem sendi mig, vitnar um mig.“

„Hvar er faðir þinn?“ spyrja farisearnir.

„Hvorki þekkið þér mig né föður minn,“ svarar Jesús. „Ef þér þekktuð mig, þá þekktuð þér líka föður minn.“ Enda þótt farisearnir vilji láta handtaka Jesú snertir hann enginn.

„Ég fer burt,“ segir Jesús aftur. „Þangað sem ég fer, getið þér ekki komist.“

Gyðingarnir segja nú sín í milli: „Mun hann ætla að fyrirfara sér, fyrst hann segir: ‚Þangað sem ég fer, getið þér ekki komist?‘“

„Þér eruð neðan að, ég er ofan að. Þér eruð af þessum heimi, ég er ekki af þessum heimi,“ segir Jesús. Svo bætir hann við:

„Ef þér trúið ekki, að ég sé sá sem ég er, munuð þér deyja í syndum yðar.“

Jesús er auðvitað að tala um tilveru sína áður en hann varð maður, og að hann sé hinn fyrirheitni Messías eða Kristur. Engu að síður spyrja þeir, eflaust með mikilli fyrirlitningu: „Hver ert þú?“

Þegar þeir hafna Jesú svarar hann: „Til hvers skyldi eg yfir höfuð vera að tala við yður!“ En svo segir hann: „Sá sem sendi mig, er sannur, og það sem ég heyrði hjá honum, það tala ég til heimsins.“ Hann heldur áfram: „Þegar þér hefjið upp Mannssoninn, munuð þér skilja, að ég er sá sem ég er, og að ég gjöri ekkert af sjálfum



mér, heldur tala ég það eitt, sem faðirinn hefur kennt mér. Og sá sem sendi mig, er með mér. Hann hefur ekki látið mig einan, því ég gjöri ætíð það sem honum þóknast.“

Þegar Jesús segir þetta fara margir að trúá á hann. Hann segir við þá: „Ef þér eruð stöðugir í orði mínu, eruð þér sannir lærisveinar mínir og munuð þekkja sannleikann, og sannleikurinn mun gjöra yður frjálssa.“

„Vér erum niðjar Abrahams og höfum aldrei verið nokkurs manns þrælar,“ gripa andstæðingarnir fram í. „Hvernig getur þú þá sagt: „Þér munuð verða frjálssir?““

Gyðingar hafa oft verið undir erlendum yfirráðum en viðurkenna þó engan kúgara sem herra sinn. Þeir neita að láta kalla sig þræla. En Jesús bendir á að þeir séu svo sannarlega þrælar. Hvernig þá? „Sannlega, sannlega segi ég yður: Hver sem syndina drýgir, er þræll syndarinnar.“

Gyðingar setja sig í hættu með því að neita að þeir séu þrælar syndarinnar. „Þrællinn dvelst ekki um aldur í húsinu,“ segir Jesús. „Sonurinn dvelst þar um aldur og ævi.“ Þræll á engan erfðarétt og hægt er að senda hann burt hvenær sem er. Aðeins réttborinn sonur eða kjörsonur er „um aldur og ævi“ í húsinu, það er að segja svo lengi sem hann lifir.

„Ef sonurinn gjörir yður frjálssa, munuð þér sannarlega verða frjálssir,“ heldur Jesús áfram. Sannleikurinn, sem gerir menn frjálssa, er því sannleikurinn um soninn, Jesú Krist. Það er aðeins vegna fullkominnar fórnar hans sem nokkur maður getur frelsast frá banvænni syndinni. **Jóhannes 8:12-36, vers 25**

samkvæmt *Biblunni 1912*.

- Hvar kennir Jesús á sjöunda deginum? Hvað er gert þar að nóttu og hvernig tengist það kennslu Jesú?
- Hvað segir Jesús um uppruna sinn og hvað ætti það að segja um hver hann sé?
- Á hvaða hátt eru Gyðingarnir þrælar en hvaða sannleikur getur frelsað þá?

ORÐASKIPTI Jesú og trúarleiðtoganna á laufskálahátíðinni verða æ hvassari. „Ég veit, að þér eruð niðjar Abrahams,“ viðurkennir Jesús. „Þó leitist þér við að lífláta mig, því að orð mitt fær ekki rúm hjá yður. Ég tala það, sem ég hef séð hjá föður mínum, og þér gjörði það, sem þér hafið heyrt hjá föður yðar.“

Jesús segir ekki hver faðir þeirra sé en lætur ótvírætt í ljós að hann eigi annan föður en þeir. Leiðtogar Gyðinga vita ekki hvern Jesús hefur í huga og svara: „Faðir vor er Abraham.“ Þeir telja sig vera sömu trúar og Abraham sem var vinur Guðs.

En þeim verður bilt við þegar Jesús svarar: „Ef þér væruð börn Abrahams, munduð þér vinna verk Abrahams.“ Já, sannur sonur líkir eftir föður sínum. „En nú leitist þér við að lífláta mig, mann sem hefur sagt yður sannleikann, sem ég heyrði hjá Guði. Slíkt gjörði Abraham aldrei,“ heldur Jesús áfram. Hann endurtekur því: „Þér vinnið verk föður yðar.“

Enn skilja þeir ekki hvern Jesús á við. Þeir halda því fram að þeir séu skilgetnir synir Abrahams og segja: „Vér erum ekki hörgetnir.“ Þeir fullyrða að þeir dýrki Guð í sannleika eins og Abraham og segja: „Einn föður eigum vér, Guð.“

En er Guð virkilega faðir þeirra? „Ef Guð væri faðir yðar, munduð þér elska mig,“ svarar Jesús, „því frá Guði er ég út genginn og kominn. Ekki er ég sendur af sjálfum mér. Það er hann, sem sendi mig. Hví skiljið þér ekki mál mitt?“

Jesús hefur reynt að sýna þessum trúarleiðtogum fram á hvaða afleiðingar það hafi að hafna honum. En nú segir hann umbúðalaust: „Þér eigið djöfulinn að föður og viljið gjöra það, sem faðir yðar girnist.“ Hvers konar faðir er djöfullinn? Jesús segir að hann sé manndrápari og bætir við: „Hann er

lygari og lyginna faðir,“ og segir svo: „Sá sem er af Guði, heyrir Guðs orð. Þér heyrið ekki, vegna þess að þér eruð ekki af Guði.“

Gyðingarnir reiðast fordæmingu Jesú og svara: „Er það ekki rétt, sem vér segjum, að þú sért Samverji og hafir illan anda?“ Orðið „Samverji“ er notað sem brigs- og skammar-yrði því að Gyðingar hata Samverja.

Jesús ansar því ekki að þeir skuli kalla hann Samverja í fyrir-lyritningarskygni og svarar: „Ekki hef ég illan anda. Ég heiðra föður minn, en þér smánið mig.“ Síðan gefur hann óvænt lof-orð: „Sá sem varðveitir mitt orð, skal aldrei að eilífu deyja.“ Jesús á auðvitað ekki við að enginn sem fylgi honum deyi nokkurn tíma bókstaflega heldur á hann við að þeir farist ekki eilíflega, deyi ekki ‚hinum öðrum dauða‘ sem engin upp-risa er frá.

En Gyðingar taka orð Jesú bókstaflega og segja: „Nú vit-um vér, að þú hefur illan anda. Abraham dó og spámennirn-ir, og þú segir, að sá sem varðveitir orð þitt, skuli aldrei að ei-lífu deyja. Ert þú meiri en faðir vor, Abraham? Hann dó, og spámennirnir dóu. Hver þykist þú vera?“

Allt samtalið hefur Jesús greinilega verið að benda þessum mönnum á að hann sé hinn fyrirheitni Messías. En hann svarar ekki beint spurningu þeirra hver hann sé, heldur seg-ir: „Ef ég vegsama sjálfan mig, er vegsemd mín engin. Faðir minn er sá, sem vegsamar mig, hann sem þér segið vera Guð yðar. Og þér þekkið hann ekki, en ég þekki hann. Ef ég segð-ist ekki þekkjja hann, væri ég lygari eins og þér.“


Jesús minnst síðan aftur á hinn trúfasta Abraham og seg-ir: „Abraham faðir yðar vænti þess með fögnuði að sjá dag minn, og hann sá hann og gladdist.“ Abraham horfði með augum trúarinnar fram til komu hins fyrirheitna Messíasar. En Gyðingar andmæla vantrúaðir: „Þú ert ekki enn orðinn fimmtugur, og hefur séð Abraham!“

„Sannlega, sannlega segi ég yður,“ svarar Jesús. „Áður en Abraham fæddist, er ég.“ Hann er vitanlega að tala um tilveru sína sem völdug andvera á himni áður en hann varð maður.

Gyðingar eru ævareiðir yfir því að Jesús skuli segjast hafa verið til á undan Abraham og taka upp steina til að grýta hann. En hann felur sig og forðar sér ómeiddur út úr must-erinu.

Jóhannes 8:37-59; Opinberunarbókin 3:14; 21:8.

- Hvernig bendir Jesús á að hann eigi annan föður en óvinir hans?
- Hvað merkir það að Gyðingar skuli kalla Jesú Samverja?
- Hvað á Jesús við með því að fylgjendur hans skuli aldrei deyja?



Jesús læknar mann sem er blindur frá fæðingu

ÞÓTT Gyðingar reyni að grýta Jesú fer hann ekki frá Jerúsalem. Hann er á gangi um borgina með lærisveinunum á hvíldardegi nokkru síðar þegar þeir koma auga á mann sem hefur verið blindur frá fæðingu. Lærisveinarnir spyrja





Jesú: „Rabbi, hvort hefur þessi maður syndgað eða foreldrar hans, fyrst hann fæddist blindur?“

Lærisveinarnir trúu kannski, eins og sumir rabbínar, að maður geti syndgað í móðurkviði, en Jesús svarar: „Hvorki er það af því, að hann hafi syndgað eða foreldrar hans, heldur til þess að verk Guðs verði opinber á honum.“ Maðurinn er ekki blindur vegna þess að hann eða foreldrar hans hafi drýgt einhverja ákveðna synd. Synd fyrsta mannsins Adams varð til þess að allir menn eru ófullkomnir og þar af leiðandi undirorpnir göllum svo sem meðfæddri blindu. Þessi fæðingargalli mannsins gefur Jesú nú tækifæri til að opinbera verk Guðs.

Jesús leggur áherslu á að það sé áriðandi að vinna þessi verk. „Oss ber að vinna verk þess, er sendi mig, meðan dagur er,“ segir hann. „Það kemur nótt, þegar enginn getur unnið. Meðan ég er í heiminum, er ég ljós heimsins.“ Innan skamms mun dauðinn kasta Jesú ofan í myrkur grafarinnar þar sem hann getur ekkert gert lengur. Þangað til á hann að upplýsa heiminn.

Að svo mæltu skyrpir Jesús á jörðina og gerir leðju úr munnvatninu. Hann ber hana á augu blinda mannsins og segir: „Farðu og þvoðu þér í lauginni Sílóam.“ Maðurinn gerir það

og fær sjónina um leið! Hann er himinlifandi að sjá nú í fyrsta sinn á ævinni!

Nágrannar mannsins og aðrir sem þekkja hann eru forviða. „Er þetta ekki sá, er setið hefur og beðið sér ölmusu?“ spyrja þeir. „Sá er maðurinn,“ segja sumir, en aðrir trúá því ekki: „Nei, en líkur er hann honum.“ Sjálfur segir maðurinn: „Ég er sá.“

„Hvernig opnuðust augu þín?“ spyrja menn þá.

„Maður að nafni Jesús gjörði leðju og smurði á augu mín og sagði mér að fara til Silóam og þvo mér. Ég fór og fékk sjónina, þegar ég var búinn að þvo mér.“

„Hvar er hann?“ spyrja þeir.

„Það veit ég ekki,“ svarar hann.

Fólkið fer nú með manninn, sem áður var blindur, til trúarleiðtoga sinna, faríseanna. Þeir taka líka að spyrja hann hvernig hann hafi fengið sjónina. „Hann lagði leðju á augu mín, ég þvoði mér, og nú sé ég,“ svarar maðurinn.

Farísearnir ættu auðvitað að samgledjast betlaranum en í staðinn fordæma þeir Jesú. „Þessi maður er ekki frá Guði,“ fullyrða þeir. Hvers vegna segja þeir það? „Hann heldur ekki hvíldardaginn.“ En aðrir farísear velta fyrir sér „hvernig syndugur maður geti gert þvílík tákni.“ Það verður því ágreiningur með þeim.

Þess vegna spyrja þeir manninn: „Hvað segir þú um hann, fyrst hann opnaði augu þín?“

„Hann er spámaður,“ svarar hann.

Farísearnir neita að trúá því. Þeir eru sannfærðir um að Jesús og maðurinn hafi komið sér leynilega saman um að blekkja fólk. Til að fá botn í málið kalla þeir á foreldra betlarans til að spyrja þá út úr.


Jóhannes 8:59; 9:1-18.

- Hvers vegna er maðurinn blindur en hver er ekki ástæðan?
- Hver er nóttin þegar enginn getur unnið?
- Þegar maðurinn læknastr, hver eru þá viðbrögð þeirra sem þekkja hann?
- Hvaða ágreiningur verður með faríseunum um lækningu mannsins?

Farísearnir vilja ekki trúa

FORELDRAR betlarans, sem verið hafði blindur, verða skelkaðir þegar þeir eru kallaðir fyrir fariseana. Þeir vita að ákveðið hefur verið að hver sá maður sé gerður samkundurækur sem láti í ljós trú á Jesú. Slík útilokun frá félags-

skap við aðra í samfélaginu getur haft gífurlega erfiðleika í



för með sér, ekki síst fyrir fátæka fjölskyldu. Foreldrarnir eru því varkárir.

„Er þetta sonur ykkar, sem þið segið að hafi fæðst blindur?“ spyrja farisearnir. „Hvernig er hann þá orðinn sjáandi?“

„Við vitum, að þessi maður er sonur okkar og að hann fæddist blindur,“ svara foreldrarnir. „En hvernig hann er nú orðinn sjáandi, vitum við ekki, né heldur vitum við, hver opnaði augu hans.“ Sonurinn hlýtur að hafa sagt þeim frá öllu sem gerðist, en foreldrarnir eru varkárir og segja: „Spyrjið hann sjálfan. Hann hefur aldur til. Hann getur svarað fyrir sig.“

Farisearnir kalla þá aftur á manninn. Nú reyna þeir að hræða hann með því að gefa í skyn að þeir hafi sannanir fyrir því að Jesús hafi gerst sekur um glæpsamlegt athæfi. „Gef þú Guði dýrðina,“ skipa þeir. „Vér vitum, að þessi maður er syndari.“

Maðurinn, sem verið hafði blindur, mót-mælir þeim ekki heldur segir: „Ekki veit ég, hvort hann er syndari. En eitt veit ég, að ég, sem var blindur, er nú sjáandi.“

Farisearnir reyna að finna veilu í vitnisburði mannsins og spyrja aftur: „Hvað gjörði hann við þig? Hvernig opnaði hann augu þín?“

„Ég er búinn að segja yður það, og þér hlustuðu ekki á það,“ segir hann í kvörtunartón. „Hví viljið þér heyra það aftur?“ Síðan spyr hann hæðnislega: „Viljið þér líka verða lærisveinar hans?“

Farisearnir verða ævareidrir þessu svari. „Þú ert lærisveinn hans, vér erum lærisveinar Móse,“ segja þeir ásakandi. „Vér vitum, að Guð talaði við Móse, en um þennan vitum vér ekki, hvaðan hann er.“



Hinn auðmjúki betlari svarar undrandi: „Þetta er furðulegt, að þér vitið ekki, hvaðan hann er, og þó opnaði hann augu mín.“ Hvaða ályktun ætti að draga af þessu? Betlarinn bendir á viðurkennda forsendu: „Vér vitum, að Guð heyrir ekki syndara. En ef einhver er guðrækinn og gjörir vilja hans, þann heyrir hann. Frá alda öðli hefur ekki heyrst, að nokkur hafi opnað augu þess, sem blindur var borinn.“ Niðurstaðan ætti því að vera augljós: „Ef þessi maður væri ekki frá Guði, gæti hann ekkert gjört.“

Farisearnir kunna ekkert svar við svona einföldum og skýrum rökum. Þeir geta ekki horfst í augu við sannleikann og úthúða manninum: „Þú ert syndum vafinn frá fæðingu og ætlar að kenna oss!“ Síðan reka þeir manninn út, greinilega í þeirri merkingu að þeir gera hann samkundurækan.

Þegar Jesús kemst að raun um hvað þeir hafa gert leitar hann manninn uppi og spyr: „Trúir þú á Mannssoninn?“

Maðurinn svarar: „Herra, hver er sá, að ég megi trúa á hann?“

„Hann er sá sem er nú að tala við þig,“ svarar Jesús.

Maðurinn fellur þá fram fyrir Jesú og segir: „Ég trúi, herra.“

Jesús segir þá: „Til dóms er ég kominn í þennan heim, svo að blindir sjái og hinir sjáandi verði blindir.“

Farisear, sem heyra samtal þeirra, spyrja þá: „Erum vér þá líka blindir?“ Ef þeir viðurkenndu að þeir væru andlega blindir væri andstaða þeirra gegn Jesú afsakanleg, eins og hann segir þeim: „Ef þér væruð blindir, væruð þér án sakar.“ En þeir standa á því fastara en fótunum að þeir séu ekki blindir og þarfnist ekki andlegrar upplýsingar. Jesús segir því: „Nú segist þér vera sjáandi, því varir sök yðar.“

Jóhannes 9:19-41.

- Af hverju verða foreldrar betlarans, sem verið hafði blindur, skelkaðir þegar þeir eru kallaðir fyrir fariseana, og hvernig svara þeir varfærnislega?
- Hvernig reyna farisearnir að hræða manninn sem verið hafði blindur?
- Hvaða skýrum rökum mannsins reiðast farisearnir?
- Af hverju er andstaða fariseanna gegn Jesú óafsakanleg?

Jesús sendir út lærisveinana 70

ÞETTA er haustið 32, þrem árum eftir skírn Jesú. Hann og lærisveinarnir hafa nýlega sótt laufskálahátíðina í Jerúsalem og virðast enn vera í næsta nágrenni. Reyndar eyðir Jesús síðustu sex mánuðum þjónustu sinnar að mestu leyti í Júdeu eða í Pereu, rétt handan Jórdanar. Þar þarf líka að prédika.

Jesús prédikaði að vísu um átta mánaða skeið í Júdeu eftir páska árið 30, en eftir að Gyðingar reyndu að drepa hann þar á páskum árið 31 kenndi hann svo til einvörðungu í Galíleu næsta eitt og hálf t árið. Á því tímabili þjálfaði hann upp fjölmennan hóp prédikara sem hann hafði ekki áður. Núna gerir hann síðasta boðunarátakið í Júdeu og það af miklum krafti.

Jesús hefst handa með því að velja 70 lærisveina og senda þá út tvo og tvo saman til að starfa á svæðinu. Þeir fara á undan Jesú í hverja borg og á hvern þann stað sem hann ætlar sjálfur að koma til, trúlega ásamt postulum sínum.

Jesús segir ekki boðberunum 70 að fara í samkunduhúsin heldur á einkaheimili manna: „Hvar sem þér komið í hús, þá segið fyrst: ‚Friður sé með þessu húsi.‘ Og sé þar friðar sonur, mun friður yðar hvíla yfir honum.“ Og hvaða boðskap eiga þeir að flytja? „Segið þeim: ‚Guðs ríki er komið í nánd við yður.‘“ Biblíuskýringabókin *Matthew Henry's Commentary* segir um starf þeirra 70: „Líkt og meistari þeirra *prédikuðu þeir hús úr húsi* hvar sem þeir komu.“

Fyrirmæli Jesú til boðberanna 70 eru svipuð og fyrirmælin til postulanna tólf þegar hann sendi þá í boðunarferð í Galíleu um ári áður. Hann bæði varar þá við andstöðu sem mæti þeim, býr þá undir að kynna boðskapinn fyrir fólki og veitir þeim kraft til að lækna sjúka. Þegar Jesús kemur skömmu síðar

eru margir þess vegna óþreyjufullir að hitta meistara þessara lærisveina sem vinna slík dásæmdarverk.

Prédikun lærisveinanna 70 og fylgistarf Jesú stendur tiltölulega stutt. Fljótlega fara þeir að tínast aftur til hans tveir og tveir. „Herra,“ segja þeir fagnandi, „jafnvel illir andar eru oss undirgefni í þínu nafni.“ Þessi góði árangur starfsins gleður Jesú því hann segir: „Ég sá Satan hræpa af himni sem eldingu. Ég hef gefið yður vald að stíga á höggorma og sporðreka.“

Jesús veit að eftir fæðingu Guðsríkis á endalokatímanum verður Satan og illum öndum hans varpað niður af himni. En núna eru venjulegir menn að reka út ósýnilega illa anda, og það staðfestir enn frekar að þetta eigi eftir að gerast. Jesús talar því um væntanlegt fall Satans af himni



sem algerlega öruggt. Það er því í táknrænni merkingu sem lærisveinarnir 70 fá vald til að stíga á höggorma og sporðdreka. Jesús segir þó: „Gleðjist samt ekki af því, að andarnir eru yður undirgefni, gleðjist öllu heldur af hinu, að nöfn yðar eru skráð í himnunum.“

Jesús er himinlifandi og vegsamar föður sinn fyrir að nota þessa auðmjúku þjóna sína á svona kröftugan hátt. Hann snýr sér að lærisveinum og segir: „Sæl eru þau augu, sem sjá það sem þér sjáið. Því að ég segi yður: Margir spámenn og konungar vildu sjá það sem þér sjáið, en sáu það ekki, og heyra það sem þér heyrið, en heyrdðu það ekki.“ **Lúkas 10:1-24; Matteus 10:1-42; Opinberunarbókin 12:7-12.**

- Hvar prédikaði Jesús fyrstu þrjú þjónustuár sín og hvaða svæði fer hann yfir á síðustu sex mánuðunum?
 - Hvar segir Jesús lærisveinum 70 að hitta fólk?
 - Af hverju segist Jesús hafa séð Satan falla af himni?
 - Í hvaða skilningi geta lærisveinarnir 70 stigið á höggorma og sporðdreka?




Hjálpfús Samverji

JESÚS er ef til vill staddur í námunda við Betaníu, þorp sem er um þriggja kílómetra leið frá Jerúsalem. Sérfræðingur í lögmáli Móse kemur að máli við hann og spyr: „Meistari, hvað á ég að gjöra til þess að öðlast eilíft líf?“

Jesús gerir sér grein fyrir að lögvitringurinn er ekki að spyrja aðeins til fróðleiks heldur til að reyna hann. Kannski ætlar hann að fá Jesú til að svara þannig að hann móðgi Gyðinga. Jesús fær hann því til að segja álit sitt og spyr: „Hvað er ritað í lögmálinu? Hvernig lest þú?“

Lögvitringurinn sýnir óvenjulegt innsæi er hann vitnar í lögmál Guðs í 5. Mósebók 6:5 og 3. Mósebók 19:18 og segir: „Elska skalt þú [Jehóva], Guð þinn, af öllu hjarta þínu, allri sálu þinni, öllum mætti þínum og öllum huga þínum, og náunga þinn eins og sjálfan þig.“



„Þú svaraðir rétt,“ segir Jesús. „Gjör þú þetta, og þú munt lifa.“

En lögvitringurinn er ekki ánægður. Svar Jesú er ekki nógu hnitmiðað fyrir hann. Hann vill fá staðfestingu Jesú á því að sjónarmið sín séu rétt og að hann sé réttlátur í framkomu við aðra. Þess vegna spyr hann: „Hver er þá náungi minn?“

Gyðingar álíta að hugtakið „náungi“ nái aðeins yfir Gyðinga eins og ætla mætti af samhenginu í 3. Mósebók 19:18. Pétur postuli sagði meira að segja síðar: „Þér vitið, að Gyðingi er bannað að eiga samneyti við annarrar þjóðar mann eða koma til hans.“ Lögvitringurinn, og kannski einnig lærisveinar Jesú, telja nóg að koma vel fram við aðra Gyðinga til að kallast réttlátir, þar sem þeir álíta menn af öðrum þjóðum ekki náunga sína.

Hvernig getur Jesús leiðrétt viðhorf áheyrenda sinna án þess að hneyksla þá? Hann segir þeim sögu, ef til vill byggða á raunverulegum atburði. „[Gyðingur] nokkur fór frá Jerúsalem ofan til Jeríkó og féll í hendur ræningjum,“ segir hann. „Þeir flettu hann klæðum og börðu hann, hurfu brott síðan og létu hann eftir dauðvona.“

„Svo vildi til, að prestur nokkur fór ofan sama veg og sá manninn, en sveigði fram hjá,“ heldur Jesús áfram. „Eins kom og levíti þar að, sá hann og sveigði fram hjá. En Samverji nokkur, er var á ferð, kom að honum, og er hann sá hann, kenndi hann í brjosti um hann.“

Margir prestar og levítar, sem voru aðstoðarmenn þeirra í musterinu, búa í Jeríkó. Til að komast heim frá Jerúsalem þurfa



þeir að fara hættulegan veg sem lækkar um 900 metra á 23 kílómetra kafla. Presturinn og levitinn eiga að koma nauðstöddum Gyðingi til hjálpar en gera ekki. Hins vegar verður Samverji nokkur honum að liði. Slíkt er hatur Gyðinga á Samverjum að skömmu áður höfðu þeir kallað Jesús ‚Samverja‘ sem var eitt grófasta skammaryrði sem þeir gátu notað.

Hvað gerir Samverjinn fyrir Gyðinginn? Hann „gekk til hans, batt um sár hans og helkti í þau viðsmjöri og víni. Og hann setti hann á sinn eigin eyk, flutti hann til gistihúss og lét sér annt um hann. Daginn eftir tók hann upp tvo denara [um tvenn daglaun], fékk gestgjafanum og mælti: ‚Lát þér annt um hann og það sem þú kostar meiru til, skal ég borga þér, þegar ég kem aftur.‘“

Eftir að hafa sagt söguna spyr Jesús lögvitringinn: „Hver þessara þriggja sýnist þér hafa reynst náungi þeim manni, sem féll í hendur ræningjum?“

Lögvitringnum þykir óþægilegt að segja eitthvað gott um Samverja og svarar því einfaldlega: „Sá sem miskunnarverkið gjörði á honum.“

„Far þú og gjör hið sama,“ segir Jesús.

Hefði Jesús sagt lögvitringnum beint að annarrar þjóðar menn væru náungar hans, þá hefði maðurinn ekki viðurkennt það og flestir áheyrendanna hefðu líklega staðið með honum í orðaskiptum hans við Jesús. Þessi raunsæja saga sýndi hins vegar fram á með óhrekjandi hætti að náungi okkar getur verið af annarri þjóð og öðrum kynstofni en við. Jesús er sannarlega framúrskarandi kennari! **Lúkas 10:25-37; Postulasagan 10:28; Jóhannes 4:9; 8:48.**

- Hvað spyr lögvitringur Jesús um og hvers vegna er hann greinilega að spyrja?
- Hver er náungi manns að mati Gyðinga, og hvaða ástæða er til að ætla að lærisveinarnir séu jafnvel þeirrar skoðunar?
- Hvernig kemur Jesús réttum viðhorfum á framfæri þannig að lögvitringurinn geti ekki hrakið þau?

Ráðleggingar til Mörtu og leiðbeiningar um bænina

MEDAN Jesús er að prédika í Júdeu kemur hann í borpið Betaníu. Þar búa þær Marta, María og Lasarus bróðir þeirra. Ef til vill hefur Jesús hitt þau fyrr á þjónustu sinni og er nú þegar náinn vinur þeirra. Hvað sem því líður kemur hann á heimili Mörtu og er tekið með virktum.

Mörtu er mikið í mun að gera sem best við Jesú. Það er ekki litill heiður að hafa hinn fyrirheitna Messías í heimsókn! Hún leggur sig því alla fram við að framreiða



dýrindismáltíð og huga að öðru því sem gert getur dvöl Jesú ánægjulega og þægilega.

Maria systir Mörtu sest hins vegar við fætur Jesú og hlustar á hann. Að stundu liðinni kemur Marta til hans og segir: „Herra, hirðir þú eigi um það, að systir mín lætur mig eina um að þjóna gestum? Seg þú henni að hjálpa mér.“

En Jesús vill ekki segja neitt slíkt við Maríu heldur minnir Mörtu á að hún megi ekki gera sér of miklar áhyggjur af matföngum. „Marta, Marta, þú ert áhyggjufull og mædist í mörgu, en eitt er nauðsynlegt,“ áminnir Jesús vingjarnlega. Hann er að segja að það sé óþarfi að eyða miklum tíma í að matbúa marga rétti. Fáeinir eða jafnvel einn nægir.

Mörtu gengur aðeins gott til; hún vill vera góður gestgjafi. En með öllum áhyggjum sínum af matföngunum missir hún af tækifærinu til að fá persónulega fræðslu frá sjálfum syni Guðs! Jesús segir því: „María valdi góða hlutskiptið. Það verður ekki frá henni tekið.“

Við annað tækifæri biður lærisveinn nokkur Jesú: „Herra, kenn þú oss að biðja, eins og Jóhannes kenndi lærisveinum sínum.“ Vera má að þessi lærisveinn hafi ekki verið viðstaddur um hálfu öðru ári áður þegar Jesús kenndi fyrirmyndar-bænina í fjallræðunni. Jesús endurtekur því leiðbeiningar sínar en bætir við dæmisögu til að leggja áherslu á hve nauðsynlegt sé að vera þolgóður í bæninni.

„Nú á einhver yðar vin og fer til hans um miðnætti og segir við hann: ‚Vinur, lánaðu mér þrjú brauð, því að vinur minn er kominn til mín úr ferð og ég hef ekkert að bera á borð fyrir hann.‘ Mundi hinn þá svara inni: ‚Gjör mér ekki ónæði. Það er búið að loka dyrum og börn mín og ég komin í rúm-ið. Ég get ekki farið á fætur að fá þér brauð?‘ Ég segi yður, þótt hann fari ekki á fætur og fái honum brauð vegna vinfengis þeirra, þá fer hann samt fram úr sakir áleitni hans og fær honum eins mörg og hann þarf.“

Með þessari samlíkingu er Jesús ekki að gefa í skyn að Jehóva Guð sé ófús að svara bænum eins og vinurinn í sögunni. Hann er að sýna fram á að fyrst ófúsi vinurinn láti undan þrábeiðni hins þá hljóti ástrikur faðir okkar á himnum að vera miklu fúsari til þess! Jesús heldur því áfram: „Ég segi yður: Biðjið, og yður mun gefast, leitið, og þér munuð finna, knýið á, og fyrir yður mun upp lokið verða. Því að hver sá öðlast, sem biður, sá finnur, sem leitar, og fyrir þeim, sem á knýr, mun upp lokið verða.“

Jesús bendir síðan á hvernig ófullkomnir, syndugir feður á jörðinni komi fram: „Er nokkur sá faðir yðar á meðal, að hann gefi syni sínum, er biður um fisk, höggorm í staðinn, eða sporðdreka, ef hann biður um egg? Fyrst þér, sem eruð vond-ir, hafið vit á að gefa börnum yðar góðar gjafir, hve miklu fremur mun þá faðirinn himneski gefa þeim heilagan anda, sem biðja hann.“ Jesús hvetur svo sannarlega til þolgæðis og þrautseigju í bæninni.

Lúkas 10:38–11:13.



- Af hverju leggur Marta sig alla fram þegar Jesús kemur í heimsókn?
- Hvað gerir María og hvers vegna hrósar Jesús henni en ekki Mörtu?
- Hvers vegna endurtekur Jesús leiðbeiningar sínar um bænina?
- Hvernig sýnir Jesús fram á að það sé nauðsynlegt að vera þolgóður í bæninni?

75 Uppspretta hamingjunnar

JESÚS vann mörg kraftaverk meðan boðun hans í Galíleu stóð yfir, og nú gerir hann slíkt hið sama í Júdeu. Til dæmis rekur hann illan anda út af mállausum manni. Mannfjöldinn er forviða en gagnrýnendur hans koma með sömu mótbárur og í Galíleu. „Með fulltingi Beelsebúls, höfðingja illra anda, rekur hann út illu andana,“ fullyrða þeir. Aðrir vilja sjá frekari merki þess að Jesús sé sá sem hann segist vera og reyna að freista hans með því að biðja um tákni af himni.

Jesús veit hvað gagnrýnendur hans eru að hugsa og svara þeim á sama hátt og hann gerði í Galíleu. Hann bendir á að sundrað ríki hljóti að falla. „Sé nú Satan sjálfum sér sundurþykkur, hvernig fær ríki hans þá staðist?“ spyr hann. Hann bendir á hve hættulega aðstöðu þessir gagnrýnendur setji sig í og segir: „Ef ég rek illu andana út með fingri Guðs, þá er Guðs ríki þegar yfir yður komið.“

Sjónarvottarnir að kraftaverkum Jesú ættu að bregðast við þeim á sama hátt og þeir sem sáu Móse vinna kraftaverk öldum áður. Þeir hrópuðu: „Þetta er Guðs fingur.“ Það var líka ‚fingur Guðs‘ sem ritaði boðorðin tíu á steintöflur. Og ‚fingur Guðs‘ — heilagur andi hans eða starfskraftur — gerir Jesú kleift að reka út illa anda og lækna sjúka. Ríki Guðs er því sannarlega komið yfir þessa gagnrýnendur því að Jesús, tilnefndur konungur þess, er mitt á meðal þeirra.

Jesús bendir síðan á að sú staðreynd að hann sé fær um að reka út illa anda sé merki þess að hann sé Satan yfirsterkari, líkt og sterkur maður sem yfirbugar alvopnaðan mann er gætir hallar sinnar. Hann endurtekur líka dæmisöguna sem hann sagði í Galíleu um óhreinan anda. Andinn fer út af manni, en þegar hann fyllir ekki tómið með því sem gott



er snýr andinn aftur og tekur með sér sjö aðra þannig að maðurinn er verr settur en áður.

Kona í mannfjöldanum, sem hlustar á Jesú kenna, hrópar nú hátt: „Sæll er sá kviður, er þig bar, og þau brjóst, er þú mylktir.“ Það er skiljanlegt að konan skuli segja þetta því að sérhver Gyðingakona þráir að vera móðir spámanns, sér í lagi Messíasar. Hún heldur greinilega að María hljóti að vera sérstaklega hamingjusöm fyrst hún er móðir Jesú.

En Jesús leiðréttir konuna og bendir henni á uppsprettu sannrar hamingju: „Já, að visu! Sælir eru þeir, sem heyra guðsorð og gæta þess.“ Jesús gaf aldrei í skyn að María móðir

hans skyldi heiðruð sérstaklega, heldur benti á að sönn hamingja sé fólgin í því að vera trúfastur þjónn Guðs en byggist ekki á einhverjum sérstökum ættartengslum eða afrekum.

Jesús ávítar Júdeumenn fyrir að biðja um tákni af himni, líkt og hann ávitaði Galíleubúa. Hann segir þeim að þeir fái ekkert annað tákni en Jónasartáknið. Jónas varð tákni bæði með því að vera þrjá daga í kviði fisksins og með djarflegri prédikun sinni sem varð til þess að Níníve�menn iðruðust. En Jesús bendir á að „hér sé meira en Jónas.“ Drottningin í Saba dáðist að vísu Salómons „og hér er meira en Salómon,“ segir Jesús.

Jesús bendir á að þegar maður kveiki ljós setji hann það ekki í felur eða undir mæliker heldur á ljóssastíku svo að fólk sjái það. Kannski er hann að gefa í skyn að kennsla hans og kraftaverk í augnsýn þessara þrjósku manna meðal áheyrenda séu sambærileg við að kveikja ljós og fela. Augu slíkra manna eru ekki heil svo að þau sjái skýrt, þannig að kraftaverk hans ná ekki tilætluðum árangri.


Jesús er nýbúinn að reka út illan anda og veita mállausum manni málið á ný. Það ætti að hvetja fólk með heil augu til að lofa þetta undraverk og boða fagnaðarerindið! En gagnrýnendurnir gera það ekki. Jesús segir því: „Gæt því þess, að ljósið í þér sé ekki myrkur. Sé því líkami þinn allur bjartur og hvergi myrkur í honum, verður hann allur í birtu, eins og þegar lampi lýsir á þig með loga sínum.“ **Lúkas 11: 14-36, vers 28 samkvæmt *Bibliunni 1859*; 2. Mósebók 8:18, 19; 31:18; Matteus 12:22, 28.**

- Hvernig bregst fólk við þegar Jesús læknað manninn?
- Hvað er ‚fingur Guðs‘ og hvernig var Guðsríki komið yfir áheyrendur Jesú?
- Hver er uppspretta sannrar hamingju?
- Hvernig er hægt að hafa heilt auga?

Máltíð hjá farísea

EFTIR að Jesús svarar gagnrýni þeirra sem draga í efa að máttur hans til að reka út illa anda sé frá Guði býður farisei honum til máltíðar. Áður en farísear matast þvo þeir sig helgiþvotti upp fyrir olnboga. Þetta gera þeir bæði fyrir máltíðir og eftir, og jafnvel á milli rétta. Þótt þessi siður brjóti ekki gegn rituðu lögmáli Guðs gengur hann lengra en Guð krefst í sambandi við trúarlegan hreinleika.

Gestgjafinn furðar sig á að Jesús skuli ekki halda þessa siðvenju. Hann hefur kannski ekki beint orð á því en Jesús skynjar það og segir: „Þér farísear, þér hreinsið bikarinn og fatið utan, en hið innra eruð þér fullir yfiringangs og illsku.



Þér heimskingjar, hefur sá, sem gjörði hið ytra, ekki einnig gjört hið innra?“

Jesús afhjúpar þannig hræsni fariseanna sem hafa handþvott fyrir helgisið en þvo hins vegar ekki hjörtu sín hrein af illsku. Hann ráðleggur: „Gefið fátækum það, sem í er lát-ið [það sem kemur innan frá], og þá er allt yður hreint.“ Þeir eiga að gefa af kærleika, ekki löngun til að vekja athygli annarra með uppgerðarréttlæti sínu.

„Vei yður, þér farisear!“ heldur Jesús áfram. „Þér gjaldið tíund af myntu og rúðu og alls kyns matjurtum, en hirðið ekki um réttlæti og kærleika Guðs. Þetta ber að gjöra og hitt eigi ógjört að láta.“ Lögmál Guðs krafðist þess að Ísraelsmenn greiddu tíund af afurðum jarðarinnar. Mynta og rúða eru smávaxnar kyddjurtir. Farisearnir gættu þess vandlega að greiða tíund jafnvel af þessum smájurtum, en Jesús fordæmir þá fyrir að skeyta ekki um hinar mikilvægari kröfur um kærleika, góðvild og lítillæti.

Jesús heldur áfram að fordæma þá og segir: „Vei yður, þér farisear! Yður er ljúft að skipa æðsta bekk í samkundum og láta heilsa yður á torgum. Vei yður, því þér eruð eins og duld-ar grafir, sem menn ganga yfir án þess að vita.“ Óhreinleiki þeirra er ekki augljós. Guðsdýrkun fariseanna er tilkomu-mikil að sjá en inntakið er einskis virði! Guðsdýrkun þeirra er hræsnin ein.

Lögvitringur, vel heima í lögmáli Guðs, hlýðir á fordæm-ingu Jesú og kvartar: „Meistari, þú meiddir oss líka með því, sem þú segir.“

Jesús kallar þessa lögmálsfræðinga einnig til ábyrgðar og segir: „Vei yður líka, þér lögvitringar! Þér leggið á menn lítt bærar byrðar, og sjálfir snertið þér ekki byrðarnar einum fingri. Vei yður! Þér hlaðið upp grafir spámannanna, sem feður yðar líflétu.“

Byrðarnar, sem Jesús nefnir, eru hinar munnlegu erfi-
kenningar, en þessir lögvitringar vilja ekki léttu einni ein-
ustu smáreglu af fólki til að gera því lífið léttara. Jesús bend-
ir á að þeir samþykki morðin á spámönnunum og segir í
viðvörðunartón: „Þannig verður kynslóð þessi krafín um blóð
allra spámannanna, er úthellt hefur verið frá grundvöllun
heims, frá blóði Abels til blóðs Sakaríá, sem drepinn var milli
altarisins og musterisins. Já, segi ég yður, þess mun krafist
verða af þessari kynslóð.“

Sá mannheimur, sem hægt er að endurleysa, varð til þeg-
ar Adam og Evu fæddust börn, þannig að Abel var uppi
við „grundvöllun heims.“ Eftir hið grimmilega morð á Sak-
aríá fór sýrlenskur her ránsendi um Júda. En Jesús segir
fyrir að kynslóð hans fái enn verri útreið vegna þess að
illska hennar sé meiri. Það á sér stað árið 70, um 38 árum
síðar.

Jesús heldur áfram fordæmingu sinni og segir: „Vei yður,
þér lögvitringar! Þér hafið tekið brott lykil þekkingarinnar.
Sjálfir hafið þér ekki gengið inn, og þeim hafið þér varnað,
sem inn vildu ganga.“ Sú skylda hvílir á lögmálsfræðingun-
um að skýra orð Guðs fyrir fólki, að ljúka því upp svo menn
skilji það. En þeir bregðast þessari skyldu og taka meira að
segja frá fólki tækifærið til að skilja orð Guðs.

Farisearnir og lögmálsfræðingarnir eru Jesú ævareidur fyr-
ir að afhjúpa þá. Þegar hann yfirgefur húsið ganga þeir hart
að honum og láta spurningunum rigna yfir hann. Þeir reyna
að leggja gildru fyrir hann og fá hann til að segja eitthvað
sem þeir geti látið handtaka hann fyrir. **Lúkas 11:37-54;**

5. Mósebók 14:22; Míka 6:8; 2. Kronikubók 24:20-25.

- Af hverju fordæmir Jesús fariseana og lögmálsfræðingana?
- Hvaða byrðar leggja lögvitringarnir á fólk?
- Hvenær var „grundvöllun heims“?

Spurning um arf

FÓLK veit greinilega að Jesús hefur matast í húsi fariseans svo það flykkist saman í þúsundtali fyrir utan húsið og bíður þess að hann komi út. Ólíkt fariseunum, sem eru Jesú mótsnúnir og reyna að standa hann að því að segja eitthvað rangt, hlustar fólkið á hann með mikilli ánægju.

Jesús snýr sér fyrst að lærisveinunum og segir: „Varist súrdeig farisea, sem er hræsnin.“ Allt trúarkerfi fariseanna er gagnsýrt hræsni eins og sýndi sig við máltíðina. En jafnvel



þótt farisearnir geti falið illsku sína undir guðrækilegu yfirbragði verða þeir afhjúpaðir um síðir. „Ekkert er hulið, sem eigi verður opinbert, né leynt, er eigi verður kunnugt,“ segir Jesús.

Hann endurtekur síðan fyrri hvatningu sína til postulanna tólf þegar hann sendi þá út til að prédika í Galíleu. Hann segir: „Hræðist ekki þá, sem líkamann deyða og fá að því búnu ekki meira að gjört.“ Þar eð Guð gleymir ekki einum einasta spörva fullvissar Jesús fylgjendur sína um að hann gleymi þeim ekki heldur. Hann segir: „Þegar þeir leiða yður fyrir samkundur, höfðingja og yfirvöld, . . . [mun] heilagur andi . . . kenna yður á þeirri stundu, hvað segja ber.“

Einn úr mannfjöldanum biður hann þá: „Meistari, seg þú bróður mínum að skipta með mér arfinum.“ Móselögin kveða á um að frumgetinn sonur skuli fá tvöfaldan erfðahlut, þannig að það ætti ekki að vera nein ástæða til deilna. En maðurinn vill greinilega fá meira í sinn hlut en honum ber að lögum.

Jesús neitar með réttu að blanda sér í málið. „Maður, hver hefur sett mig dómara eða skiptaráðanda yfir ykkur?“ spyr hann. Síðan gefur hann mannfjöldanum þýðingarmikla áminningu: „Gætið yðar, og varist alla ágirnd. Enginn þiggur líf af eignum sínum, þótt auðugur sé.“ Maðurinn deyr að lokum óháð eignum sínum og skilur þær allar eftir. Jesús segir nú dæmisögu til að leggja áherslu á það og jafnframt til að sýna fram á hve heimskulegt það sé að byggja ekki upp gott mannorð hjá Guði. Sagan hljóðar svo:

„Maður nokkur ríkur átti land, er hafði borið mikinn ávöxt. Hann hugsaði með sér: ‚Hvað á ég að gjöra? Nú get ég hvergi komið fyrir afurðum mínum.‘ Og hann sagði: ‚Þetta gjöri ég: Ég ríf hlöður mínar og reisi aðrar stærri, og

þangað safna ég öllu korni mínu og auðæfum. Og ég segi við sálu mína: Sála mín, nú átt þú mikinn auð til margra ára, hvíl þig nú, et og drekk og ver glöð.‘ En Guð sagði við hann: „Heimskingi, á þessari nóttu verður sál þín af þér heimtuð, og hver fær þá það, sem þú hefur aflað?“

Síðan segir Jesús: „Svo fer þeim er safnar sér fé, en er ekki ríkur hjá Guði.“ Enda þótt lærisveinarnir falli ef til vill ekki í þá gildru að sanku að sér auðæfum gætu þeir hæglega lát-ið áhyggjur daglegs lífs leiða sig frá heilshugar þjónustu við Jehóva. Jesús notar því tækifærið til að endurtaka hin góðu ráð sem hann gaf í fjallræðunni um einu og hálfu ári áður. Hann snýr sér að lærisveinunum og segir:

„Verið ekki áhyggjufullir um líf yðar, hvað þér eigið að eta, né heldur um líkama yðar, hverju þér eigið að klæðast. . . . Hyggið að hröfnunum. Hvorki sá þeir né uppskera, eigi hafa þeir forðabúr eða hlöðu, og Guð fæðir þá. . . . Hyggið að liljunum, hversu þær vaxa. Hvorki vinna þær né spinna. En ég segi yður: Jafnvel Salómon í allri sinni dýrð var ekki svo búinn sem ein þeirra. . . .“

„Hafið ekki hugann við, hvað þér eigið að eta og hvað að drekka, og kvíðið engu. Allt þetta stunda heiðingjar heimsins, en faðir yðar veit, að þér þarfnist þessa. Leitið heldur ríkis hans, og þá mun þetta veitast yður að auki.“

Orð Jesú eru sérstaklega umhugsunarverð þegar efnahagur er erfiður. Sá sem hefur óhóflegar áhyggjur af efnislegum þörfum sínum og slakar á í andlegum málum sýnir í raun að hann treystir Guði ekki fyllilega til að sjá fyrir þjónunum sínum.


Lúkas 12:1-31; 5. Mósebók 21:17.

- Hver kann að vera ástæða þess að maðurinn spyr um arf og hvaða áminningu veitir Jesús?
- Hvaða dæmisögu segir Jesús og hvað er hann að sýna fram á?
- Hvaða ráðleggingar endurtekur Jesús og hvers vegna er það viðeigandi?

Verið viðbúnir!

EFTIR að Jesús hefur varað mannfjöldann við ágirnd og áminnt lærisveinana um að leggja ekki of mikið upp úr efnislegum hlutum hvetur hann: „Vertu ekki hrædd, litla hjörð, því að föður yðar hefur þóknast að gefa yður ríkið.“ Þannig bendir hann á að tiltölulega fáir (síðar er upplýst að þeir séu 144.000 talsins) verði í ríkinu á himnum. Flestir þeirra sem fá eilíft líf verða jarðneskir þegnar Guðsrikis.

„Ríkið“ er stórkostleg gjöf! Jesús bendir á hversu þakklátir lærisveinarnir ættu að vera fyrir þessa gjöf og hvetur þá: „Seljið eigur yðar og



gefið ölmusu.“ Já, þeir ættu að nota eigur sínar þannig að aðrir hafi andlegt gagn af og byggja upp „fjárjód á himnum, er þrýtur ekki.“

Síðan hvetur Jesús lærisveinana til að vera viðbúna endurkomu hans. Hann segir: „Verið gyrtir um lendar, og látið ljós yðar loga, og verið líkir þjónum, er bíða þess, að húsbóndi þeirra komi úr brúðkaupi og þeir geti lokið upp fyrir honum um leið og hann kemur og knýr dyra. Sælir eru þeir þjónar, sem húsbóndinn finnur vakandi, er hann kemur. Sannlega segi ég yður, hann mun gyrða sig belti, láta þá setjast að borði og koma og þjóna þeim.“

Þjónarnir í þessari líkingu sýna að þeir eru viðbúnir endurkomu húsbónda síns með því að gyrða upp um sig síðan kyrtilinn og festa við belti sér og halda áfram að vinna skyldustörf sín fram á nótt við ljós af lömpum með nægri olíu. Jesús segir: „Komi húsbóndinn um miðnætti eða síðar og finni þá vakandi, sælir eru þeir þá.“

Húsbóndinn umbunar þjónum sínum með óvenjulegum hætti. Hann lætur þá setjast að borði og tekur að þjóna þeim. Hann fer ekki með þá eins og þjóna heldur trúa vini. Þeim er ríkulega umbunað fyrir að halda áfram að vinna fyrir húsbónda sinn alla nóttina meðan þeir bíða komu hans. Jesús segir: „*Verið þér og viðbúnir*, því að Mannssonurinn kemur á þeirri stundu, sem þér ætlið eigi.“

Þétur spyr: „Herra, mælir þú þessa líkingu til vor eða til allra?“

Jesús svarar þeim ekki beint heldur segir þeim aðra dæmisögu og spyr: „Hver er sá trúi og hyggni ráðsmaður, sem húsbóndinn setur yfir hjú sín að gefa þeim skammtinn á réttum tíma? Sæll er sá þjónn, er húsbóndinn finnur breyta svo, er hann kemur. Ég segi yður með sanni: Hann mun setja hann yfir allar eigur sínar.“

„Húsbóndinn“ er auðvitað Jesús Kristur. „Ráðsmaðurinn“ táknar „litla hjörð“ lærisveina hans í heild, og „hjúin“ eru sami 144.000 manna hópurinn sem öðlast ríkið á himnum, en þar er átt við starf þeirra hvers og eins. „Eigurnar“, sem trúir ráðsmaðurinn er settur yfir, eru konunglegir hagsmunir húsbóndans á jörðinni, þeirra á meðal jarðneskir þegnar ríkisins.

Jesús heldur dæmisögunni áfram og bendir á þann möguleika að það reynist ekki allir í ráðsmannahópnum trúir. Hann segir: „Ef sá þjónn segir í hjarta sínu: „Það dregst, að húsbóndi minn komi,“ og tekur að berja þjóna og þernur, eta og drekka og verða ölvaður, þá mun húsbóndi þess þjóns koma á þeim degi, er hann væntir ekki, . . . [og] höggva hann.“

Jesús bendir á að koma sín hafi haft í för með sér eld fyrir Gyðinga því að sumir taka við kenningum hans en aðrir ekki. Meira en þrem árum áður var hann skírður í vatni, en núna nálgast það að skírn hans til dauða ljúki og hann segir: „Hversu þungt er mér, uns hún er fullnuð.“

Jesús ávarpar mannfjöldann á ný eftir að hafa sagt lærisveinunum þetta. Hann harmar að fólkið skuli þrjóskað við að viðurkenna hinar skýru sannanir fyrir því hver hann sé og þýðingu þess, og segir: „Þá er þér sjáið ský draga upp í vestri, segið þér jafnskjótt: „Nú fer að rigna.“ Og svo verður. Og þegar vindur blæs af suðri, segið þér: „Nú kemur hiti.“ Og svo fer. Hræsnarar, útlit lofts og jarðar kunnið þér að ráða, en hvernig er því farið, að þér kunnið ekki að meta þennan tíma?“

Lúkas 12:32-59.

- Hve fjölmenn er „litla hjörðin“ og hvað fær hún?
- Hvernig leggur Jesús áherslu á að þjónar sínir þurfi að vera viðbúnir?
- Hver er „húsbóndinn“ í dæmisögu Jesú, „ráðsmaðurinn“, „hjúin“ og „eigurnar“?

Þjóð glatast en sumir frelsast

SKÖMMU eftir samtal Jesú við þá sem safnast höfðu saman fyrir utan hús farísea nokkurs, er honum sagt frá Galíleumönnum, að [rómverski landstjórinn Pontíus] Pilatus hafi blandað blóði þeirra í fórnir þeirra. Þetta eru kannski þeir Galíleumenn sem voru drepnir þegar þúsundir Gyðinga mótmæltu því að Pilatus skyldi nota fé úr fjárhirslu musterisins til að leggja vatnsveitubru inn í Jerúsalem. Þeir sem segja Jesú frá þessu eru kannski að gefa í skyn að Galíleumennirnir geti kennt vonskuverkum sjálfra sín um þessa ógæfu.

En Jesús leiðréttir þá og spyr: „Haldið þér, að þessir Galíleumenn hafi verið meiri syndarar en allir aðrir Galíleumenn, fyrst þeir urðu að þola þetta?“ „Nei,“ svarar hann svo. Síðan notar hann þennan atburð til að vara Gyðingana við: „Ef þér gjörið ekki iðrun, munuð þér allir farast eins.“

Jesús heldur áfram og minnst á annan harmleik þar um slóðir, hugsanlega einnig tengdan gerð vatnsveitubruarinnar. Hann spyr: „Eða þeir átján, sem turninn féll yfir í Sílóam og varð að bana, haldið þér, að þeir hafi verið sekari en allir þeir menn, sem í Jerúsalem búa?“ Nei, Jesús segir að það hafi ekki verið vegna illsku þessara manna sem þeir dóu. Það er „tími og tilviljun“ sem yfirleitt veldur slíkum harmleikjum, en Jesús notar þetta dæmi líka til varnaðar: „Ef þér gjörið ekki iðrun, munuð þér allir farast eins.“

Jesús segir síðan mjög viðeigandi dæmisögu: „Maður nokkur átti fikjutré gróðursett í vingarði sínum. Hann kom og leitaði ávaxtar á því og fann ekki. Hann sagði þá við vingarðsmanninn: „Í þrjú ár hef ég nú komið og leitað ávaxtar á fikjutré þessu og ekki fundið. Högg það upp. Hví á það að spilla jörðinni?“ En hann svaraði honum: „Herra, lát það



standa enn þetta ár, þar til ég hef grafið um það og borið að áburð. Má vera að það beri ávöxt síðan. Annars skaltu höggva það upp.“

Í meira en þrjú ár hefur Jesús reynt að rækta upp trú meðal Gyðingapjóðarinnar, en ávöxturinn af starfi hans er aðeins nokkur hundruð lærisveinar. Núna, á fjórða þjónustuári sínu, leggur hann enn meira á sig; í táknrænni merkingu er hann að grafa um og bera áburð að Gyðingapjóðinni með því að prédika og kenna af kappi í Júdeu og Perea. En allt kemur fyrir ekki. Þjóðin neitar að iðrast og eyðing blasir við henni. Aðeins lítill minnihluti tekur við boðskapnum.


Skömmu síðar er Jesús að kenna í samkunduhúsi á hvíldardegi. Þar sér hann konu sem illur andi hefur haldið samankrepptri í 18 ár. Jesús kennir í brjósti um hana og segir: „Kona, þú ert laus við sjúkleik þinn!“ Síðan leggur hann hendur yfir hana og jafnskjótt réttist hún og tekur að lofa Guð.

En samkundustjórinn reiðist. „Sex daga skal vinna, komið þá og látið lækna yður og ekki á hvíldardegi,“ segir hann. Þannig viðurkennir hann að Jesús búi yfir lækningamætti en fordæmir fólkið fyrir að koma á hvíldardegi til að láta lækna sig!

„Hræsningar,“ svarar Jesús, „leysir ekki hver yðar á hvíldardegi naut sitt eða asna af stalli og leiðir til vatns? En þessi kona, sem er dóttir Abrahams og Satan hefur fjötrað full átján ár, mátti hún ekki leyst verða úr fjötrum þessum á hvíldardegi?“

Mótstöðumenn Jesú verða sneyptir þegar þeir heyra þetta, en mannfjöldinn fagnar öllum þeim dásamlegu verkum sem hann sér Jesú vinna. Jesús endurtekur nú tvær spádómlegar dæmisögur um Guðsríki sem hann sagði úr báti á Galíleuvatni um ári áður. **Lúkas 13:1-21; Prédikarinn 9:11; Matteus 13:31-33.**

- Hvaða harmleikir eru nefndir hér og hvernig notar Jesús þá til kennslu?
- Hvernig má heimfæra dæmisöguna um ávaxtalaus fikjutréd og tilraunirnar til að láta það bera ávöxt?
- Hvað viðurkennir samkundustjórinn um lækningamátt Jesú en hvernig afhjúpar Jesús hræsni hans?



Sauðabyrgin og hirðirinn

JESÚS er kominn til Jerúsalem til að halda vígsluhátíðina eða hanukka en hún var haldin til minningar um endurvígslu musteris Jehóva. Um 200 árum áður, árið 168 f.o.t., hernam Antiokos fjórði Epifanes Jerúsalem og vanhelgaði musterið og altarið. Þrem árum síðar náðu Gyðingar borginni á ný og musterið var endurvígt. Þaðan í frá var haldin árleg minningarhátíð um endurvígsluna.

Vígsluhátíðin er haldin 25. kislef sem samsvarar síðari hluta nóvember og fyrri hluta desember samkvæmt okkar tímatali. Það eru því aðeins ríflega hundrað dagar fram til hinna örlagaríku páska árið 33. Kalt er í veðri á þessum árstíma svo að Jóhannes postuli segir kominn „vetur.“

Jesús segir nú dæmisögu þar sem hann nefnir þrjú sauðabyrgi og hlutverk sitt sem góða hirðisins. Fyrsta sauðabyrgið, sem hann talar um, er sú skipan sem var samkvæmt laga-sáttmála Móse. Lögmálið var eins og veggur umhverfis Gyðinga og hélt þeim aðgreindum frá spillandi hátterni þeirra þjóða sem ekki áttu aðild að þessum sérstaka sáttmála við Guð. Jesús segir: „Sannlega, sannlega segi ég yður: Sá sem kemur ekki um dyrnar inn í sauðabyrgið, heldur fer yfir annars staðar, hann er þjófur og ræningi, en sá sem kemur inn um dyrnar, er hirðir sauðanna.“

Aðrir höfðu komið og sagst vera Messías eða Kristur, en þeir voru ekki hinn sanni hirðir sem Jesús talar um í framhaldinu: „Dyravörðurinn lýkur upp fyrir honum, og sauðirnir heyra raust hans, og hann kallar á sína sauði með nafni og leiðir þá út. . . . En ókunnugum fylgja þeir ekki, heldur flýja frá honum, því þeir þekjja ekki raust ókunnugra.“

„Dyravörðurinn“ í fyrsta sauðabyrginu var Jóhannes skírari. Hann ‚lauk upp‘ fyrir Jesú með því að benda þessum táknrænu sauðum, sem hann skyldi leiða í haga, á



hann. Sauðunum, sem Jesús kallar með nafni og leiðir út, er að lokum hleypt inn í annað sauðabyrgi eins og hann útskýrir: „Sannlega, sannlega segi ég yður: Ég er dyr sauðanna,“ það er að segja dyr nýja sauðabyrgisins. Þegar Jesús gerir nýja sáttmálann við lærisveina sína og úthellir heilögum anda yfir þá af himni á næstu hvítasunnu er þeim hleypt inn í þetta nýja sauðabyrgi.

Jesús útskýrir hlutverk sitt nánar: „Ég er dyrnar. Sá sem kemur inn um mig, mun frelsast, og hann mun ganga inn og út og finna haga. . . . Ég er kominn til þess, að þeir hafi líf, líf í fullri gnægð. . . . Ég er góði hirðirinn og þekki mína, og mínir þekkja mig, eins og faðirinn þekkir mig og ég þekki föðurinn. Ég legg líf mitt í sölurnar fyrir sauðina.“

Það er stutt síðan Jesús hughreysti fylgjendur sína og sagði: „Vertu ekki hrædd, litla hjörð, því að föður yðar hefur þóknast að gefa yður ríkið.“ Þessi litla hjörð, sem verður að lokum 144.000 manns, gengur inn í þetta nýja eða annað sauðabyrgi. En Jesús heldur áfram: „Ég á líka aðra sauði, sem eru ekki úr þessu sauðabyrgi. Þá ber mér einnig að leiða, þeir munu heyra raust mína. Og það verður ein hjörð, einn hirðir.“

Þar eð hinir ‚aðrir sauðir‘ eru ‚ekki úr þessu sauðabyrgi‘ hlýtur þriðja sauðabyrgið að vera til. Sauðirnir í tveim síðastnefndu sauðabyrgjunum eiga sér ólíkt hlutskipti. ‚Litla hjörðin‘ í öðru sauðabyrginu á að stjórna með Kristi á himnum en hinir ‚aðrir sauðir‘ í hinu sauðabyrginu munu lifa í



paradís á jörð. En þótt sauðabyrgin séu tvö eru sauðirnir ekki öfundsjúkir hver út í annan, og þeim finnst sér ekki skipt sundur því að þeir verða „ein hjörð,“ eins og Jesús segir, undir umsjón „eins hirðis.“

Góði hirðirinn, Jesús Kristur, gefur líf sitt fúslega fyrir sauðina í báðum byrgjunum. „Ég legg það sjálfur í sölurnar,“ segir hann. „Ég hef vald til að leggja það í sölurnar og vald til að taka það

aftur. Þessa skipan fékk ég frá föður mínum.“ Þegar Jesús segir þetta verður ágreiningur meðal Gyðinga.

Margir áheyrenda hans segja: „Hann hefur illan anda og er genginn af vitinu. Hvað eruð þér að hlusta á hann?“ Aðrir segja: „Þessi orð mælir enginn sá, sem hefur illan anda.“ Síðan bæta þeir við: „Mundi illur andi geta opnað augu blindra?“ og hugsa þá eflaust til þess er Jesús opnaði augu manns sem fæddist blindur. Jóhannes 10:1-22; 9:1-7; Lúkas 12:32; Opinberunarbókin 14:1, 3; 21:3, 4; Sálmur 37:29.

- Hvers vegna er vígsluhátíðin haldin og hvenær?
- Hvert er fyrsta sauðabyrgið og hver er dyravörðurinn?
- Hvernig lýkur dyravörðurinn upp fyrir hirðinum og hvert er sauðunum svo hleypt?
- Hverjir eru í hinum tveim sauðabyrgjum góða hirðisins og hve margar verða hjarðirnar?

Aftur reynt að drepa Jesú

NÚ ER kominn vetur og Jesús er á gangi um yfirbyggt svæði meðfram musterinu er kallast súlnagöng Salómons. Þar safnast Gyðingar kringum hann og segja: „Hve lengi lætur þú oss í óvissu? Ef þú ert Kristur, þá seg oss það berum orðum.“



„Ég hef sagt yður það, en þér trúid ekki,“ svarar Jesús. Hann hefur ekki sagt þeim *beint* að hann sé Kristur eins og hann sagði samversku konunni við brunninn. Samt var hann í raun búinn að segja hver hann væri þegar hann útskýrði fyrir þeim að hann væri ofan að og hefði verið til á undan Abraham.

Jesús vill hins vegar að fólk dragi sjálft þá ályktun að hann sé Kristur, með því að bera saman verk hans og það sem Biblían sagði fyrir að Kristur ætti að gera. Þess vegna hafði hann áður lagt ríkt á við lærisveinana að segja engum að hann væri Kristur. Og það er þess vegna sem hann segir við þessa fjandsamlegu Gyðinga: „Verkin, sem ég gjöri í nafni föður míns, þau vitna um mig, en þér trúid ekki.“

Af hverju trúa þeir ekki? Skortir sannanir fyrir því að Jesús sé Kristur? Nei, Jesús segir hver ástæðan er: „Þér eruð ekki úr hópi sauða minna. Mínir sauðir heyra raust mína, og ég þekki þá, og þeir fylgja mér. Ég gef þeim eilíft líf, og þeir skulu aldrei að eilífu glatast, og enginn skal slíta þá úr hendi minni. Faðir minn, sem hefur gefið mér þá, er meiri en allir, og enginn getur slitið þá úr hendi föðurins.“

Jesús lýsir síðan nánú sambandi sínu við föðurinn og segir: „Ég og faðirinn erum eitt.“ Þar eð Jesús er á jörðinni og faðir hans á himnum er hann greinilega ekki að segja að hann og faðirinn séu bókstaflega og líkamlega eitt. Hann á við það að þeir séu eitt í tilgangi, að þeir séu sameinaðir.

Gyðingarnir reiðast Jesú fyrir það sem hann segir og taka upp steina til að grýta hann eins og þeir höfðu gert á laufskálahátíðinni. Jesús horfist hugrakkur í augu við Gyðingana sem ætla að drepa hann og segir: „Ég hef sýnt yður mörg góð verk frá föður mínum. Fyrir hvert þeirra verka viljið þér grýta mig?“

„Vér grýtum þig ekki fyrir góð verk,“ svara þeir, „heldur fyrir guðlast, að þú, sem ert maður, gjörir sjálfan þig að

Guði.“ Hvers vegna segja Gyðingarnir þetta fyrst Jesús hefur aldrei sagst vera guð?

Það er greinilega vegna þess að Jesús eignar sjálfum sér vald sem þeir telja að Guð einn hafi. Til dæmis er hann rétt búinn að segjast munu „gefa sauðunum eilíft líf“ sem enginn maður getur gert. En Gyðingunum yfirsést sú staðreynd að Jesús segist fá vald sitt frá föður sínum.

Til að sýna fram á að hann sé Guði lægri spyr hann: „Er ekki skrifað í lögmáli yðar [í Sálmi 82:6]: „Ég hef sagt: Þér eruð guðir“? Ef það nefnir þá guði, sem Guðs orð kom til, . . . segið þér þá við mig, sem faðirinn helgaði og sendi í heiminn, að ég guðlasti, af því ég sagði: „Ég er sonur Guðs“?“

Hvernig geta þessir Gyðingar fundið að því að Jesús skuli segjast vera „sonur Guðs“ fyrst Ritningin kallar jafnvel rangláta, mennska dómara „guði“? Jesús bætir við: „Ef ég vinn ekki verk föður míns, trúið mér þá ekki, en ef ég vinn þau, þá trúið verkunum, þótt þér trúið mér ekki, svo að þér skiljið og vitið, að faðirinn er í mér og ég í föðurnum.“

Þegar Jesús segir þetta reyna Gyðingar aftur að grípa hann, en hann kemst undan eins og hann gerði á laufskálahátíðinni. Hann fer frá Jerúsalem yfir um Jórdan þangað sem Jóhannes hafði verið að skíra næstum fjórum árum áður. Staðurinn er líklega skammt frá suðurströnd Galíleuvatns, um tvær dagleiðir frá Jerúsalem.

Margir koma þangað til Jesú og segja við hann: „Víst gjörði Jóhannes ekkert tákni, en allt er það satt, sem hann sagði um þennan mann.“ Margir taka því trú á Jesú á þessum stað.

Jóhannes 10:22-42; 4:26; 8:23, 58; Matteus 16:20.

- Hvernig vill Jesús að fólk komist að raun um að hann sé Kristur?
- Hvernig eru Jesús og faðir hans eitt?
- Hver er greinilega ástæðan fyrir því að Gyðingar segja að Jesús sé að gera sig að guði?
- Hvernig sýnir tilvitnun Jesú í Sálmana að hann segist ekki vera jafn Guði?

82 Jesús fer aftur til Jerúsalem

JESÚS er aftur á ferðalagi. Hann fer um borgir og þorp og kennir. Hann er á leið til Jerúsalem en fer að því er virðist um Pereu sem er hérað austan Jórdanar gegnt Júdeu.

Gyðingar hafa þá kenningu að einungis takmarkaður fjöldi manna verðskuldi hjálpræði, og það kann að vera ástæðan fyrir því að maður nokkur spyr: „Herra, eru þeir fáir, sem hólnir verða?“ Með svari sínu neyðir Jesús fólk til að hugsa um hvað sé nauðsynlegt til að öðlast hjálpræði: „Kostið kapps um [það er að segja leggið hart að ykkur, þínið ykkur] að komast inn um þröngu dyrnar.“

Það er mikilvægt að leggja hart að sér vegna þess að „margir,“ segir Jesús, „munu reyna að komast inn og ekki geta.“ Af hverju geta þeir það ekki? Hann útskýrir að þegar húsbóndinn sé staðinn upp og hafi lokað dyrum og fólk standi fyrir utan og knýi á dyr og segi: „Herra, ljúk þú upp fyrir oss!“ þá svari hann: „Ég veit ekki, hvaðan þér eruð, farið frá mér allir illgjörðamenn!“

Þeir sem lokaðir eru úti koma greinilega þegar þeim einum hentar, en þá er búið að loka dyrum tækifærisins kirfilega. Þeir hefðu átt að koma fyrr til að komast inn fyrir, jafnvel þótt það hefði kannski verið óþægilegt fyrir þá. Það fer mjög illa fyrir þeim sem fresta því að gera tilbeiðsluna á Jehóva að æðsta markmiði lífsins!

Gyðingarnir, sem Jesús er sendur til að þjóna, hafa fæstir gripið hið stórkostlega tækifæri að þiggja hjálpræðisráðstöfun Guðs. Jesús



segir því að þeir muni gráta og gnísta tönnum þegar þeir verði reknir út. Hins vegar mun koma fólk „frá austri og vestri, frá norðri og suðri,“ já, frá öllum þjóðum, „og sitja til borðs í Guðs ríki.“

Jesús heldur áfram: „Til eru síðastir [undirokaðir Gyðingar og fyrirlitnir menn af öðrum þjóðum], er verða munu fyrstir, og til eru fyrstir [efnislega ríkir og trúarlega vel settir Gyðingar], er verða munu síðastir.“ Að svona latir og vanþakklátir menn skuli vera síðastir merkir að þeir erfa alls ekki Guðsríki.

Farisearnir koma nú til Jesú og segja: „Far þú og hald á brott héðan, því að Heródes [Antípas] vill drepa þig.“ Vera má að Heródes hafi sjálfur komið þessum orðrómi af stað til að fá Jesú til að forða sér af svæðinu. Hugsanlegt er að Heródes sé hræddur við að valda dauða annars spámanns Guðs eins og hann olli dauða Jóhannesar skírara. En Jesús segir fariseunum: „Farið og segið ref þeim: „Í dag og á morgun rek ég út illa anda og lækna og á þriðja degi mun ég marki ná.““

Eftir að hafa lokið verki sínu þarna heldur Jesús áfram ferð sinni til Jerúsalem því að „eigi hæfir, að spámaður bíði dauða annars staðar en í Jerúsalem,“ eins og hann útskýrir. Hvers vegna er viðbúið að Jesús verði drepinn í Jerúsalem? Vegna þess að Jerúsalem er höfuðborgin þar sem 71 manns hæstiréttur Gyðinga, æðstaráðið, hefur aðsetur, og það er þar sem dýrum er fórnað. Það væri því ótækt að „Guðs lamb“ yrði drepit annars staðar en í Jerúsalem.


„Jerúsalem, Jerúsalem! Þú, sem líflætur spámennina og grýtir þá, sem sendir eru til þín!“ segir Jesús harmþrunginn. „Hversu oft vildi ég safna börn-



um þínum eins og hænán ungunum sínum undir vængi sér, og þér vilduð eigi. Hús yðar verður í eyði látið.“ Þjóðin er dauðadæmd fyrir að hafna syni Guðs!

Á leiðinni til Jerúsalem er Jesús boðið í hús eins af höfðingi-um farísea. Það er hvíldardagur og fólk gefur honum gætur því að viðstaddur er vatnssjúkur maður, sennilega með bjúg í handleggjum og fótleggjum. Jesús ávarpar faríseana og lög- vitringana, sem eru viðstaddir, og spyr: „Er leyfilegt að lækna á hvíldardegi eða ekki?“

Enginn segir orð. Jesús læknaþví manninn og lætur hann fara. Síðan spyr hann: „Nú á einhver yðar asna eða naut, sem fellur í brunn, mun hann ekki óðara draga það upp, þótt hvíld- ardagur sé?“ Sem fyrr svarar honum enginn. **Lúkas 13:22-14:6; Jóhannes 1:29.**

- 
- Hvað er nauðsynlegt til að öðlast hjálpraði eins og Jesús bendir á, og hvers vegna eru margir lokaðir úti?
 - Hverjir eru þeir ‚síðustu,‘ sem verða fyrstir, og þeir ‚fyrstu‘ sem verða síðastir?
 - Hver kann að vera ástæðan fyrir þeim orðrómi að Heródes vilji drepa Jesús?
 - Af hverju hæfir ekki að spámaður sé drepinn annars staðar en í Jerúsalem?

JESÚS er enn á heimili háttsetts farísea og er nýbúinn að lækna vatnssjúkan mann. Þegar hann sér aðra gesti velja sér hefðarsæti við matborðið kennir hann þeim lexíu í auðmýkt.

„Þegar einhver býður þér til brúðkaups, þá set þig ekki í hefðarsæti,“ segir hann. „Svo getur farið, að manni þér fremri að virðingu sé boðið, og sá komi, er ykkur bauð, og segi við þig: ‚Þoka fyrir manni þessum.‘ Þá verður þú með kinnroða að taka ysta sæti.“

Jesús ráðleggur því: „Far þú heldur, er þér er boðið, og set þig í ysta sæti, svo að sá sem bauð þér segi við þig, þegar hann kemur: ‚Vinur, flyt þig hærra upp!‘ Mun þér þá virðing veitast frammi fyrir öllum, er sitja til borðs með þér.“ Síðan segir hann: „*Því að hver sem upp hefur sjálfan sig, mun auðmýktur verða, en sá sem auðmýkir sjálfan sig, mun upp hafinn verða.*“



Nú ávarpar Jesús faríseann, sem er gestgjafi hans, og lýsir því hvernig halda skuli gestaboð sem hefur velþóknun Guðs. „Þegar þú heldur miðdegisverð eða kvöldverð, bjóð þá hvorki vinum þínum né bræðrum, ættingjum né ríkum nágrönnum. Þeir bjóða þér aftur, og þú færð endurgjald. Þegar þú gjörir veislu, þá bjóð þú fátækum og örkumla, höltum og blindum, og munt þú sæll verða, því þeir geta ekki endurgoldið þér.“

Sá sem býður bágstöddum til máltíðar hefur sjálfur ánægju af því og „fær það endurgoldið í upprisu réttlátra,“ eins og Jesús segir gestgjafa sínum. Lýsing Jesú á þessu gestaboði vekur einn gestanna til umhugsunar um annars konar máltíð. „Sæll er sá, sem neytir brauðs í Guðs ríki,“ segir hann. En það kunna ekki allir að meta þessa gleðilegu framtíðarvon eins og Jesús sýnir fram á með dæmisögu:

„Maður nokkur gjörði mikla kvöldmáltíð og bauð mörgum. . . . Sendi hann þjón sinn að segja þeim, er boðnir voru: ‚Komið, nú er allt tilbúið.‘ En þeir tóku allir að afsaka sig einum munn. Hinn fyrsti sagði við hann: ‚Ég hef keypt akur og verð að fara og líta á hann. Ég bið þig, haf mig afsakaðan.‘ Annar sagði: ‚Ég hef keypt fimm tvenndir akneyta og er á förum að reyna þau. Ég bið þig, haf mig afsakaðan.‘ Og enn annar sagði:

‚Konu hef ég eignast, ekki get ég komið.‘“



Þetta voru lélegar afsakanir! Menn skoða venjulega akur eða búpening áður en þeir festa kaup á honum, þannig að það lá ekkert á að skoða hið keypta eftir kaupin. Og það að vera nýgiftur átti ekki að hindra mann í að þiggja svona mikilvægt boð. Húsbóndinn reiðist því þegar hann heyrir þessar afsakanir og fyrirskipar þjóni sínum:

„Far þú fljótt út á stræti og götur borgarinnar, og leið inn hingað fátæka, örkuðla, blinda og halta.“ Og þjónninn sagði: „Herra, það er gjört, sem þú bauðst, og enn er rúm.“ Þá sagði húsbóndinn við þjóninn: „Far þú út um brautir og gerði og þrýstu þeim að koma inn, svo að hús mitt fyllist. . . . Enginn þeirra manna, er boðnir voru, mun smakka kvöldmáltíð mína.““

Hverju er Jesús að lýsa í dæmisögunni? „Húsbóndinn“ sem bauð til máltíðarinnar táknað Jehóva Guð, „þjónninn“ sem flutti heimboðið táknað Jesú Krist og „kvöldmáltíðin mikla“ táknað tækifærið til að fá hlutdeild í himnaríki.

Þeir sem fyrstir voru boðnir til að eignast hlutdeild í Guðsríki voru öðrum fremur trúarleiðtogar Gyðinga á dögum Jesú. En þeir höfnuðu boðinu. Þess vegna gekk út annað boð, sérstaklega frá hvítasunnunni árið 33, til hinna fyrir-litnu og lágtsettu meðal Gyðingabjóðarinnar. En það þáðu ekki nógu margir boðið til að fylla hin 144.000 sæti í himnesku ríki Guðs. Þess vegna var þriðja og síðasta boðið látið út ganga árið 36, þrem og hálfu ári síðar, og það náði til óumskorinna manna af öðrum þjóðum. Söfnun þeirra hefur staðið allt fram á okkar dag.

Lúkas 14:1-24.

- Hvaða lexíu í auðmýkt kennir Jesús?
- Hvernig getur gestgjafi haldið veislu sem hefur velþóknun Guðs og hvers vegna hefur gestgjafinn ánægju af því?
- Af hverju eru afsakanir boðgestanna lélegar?
- Hvað táknað dæmisaga Jesú um „kvöldmáltíðina mikla“?

Ábyrgðin að vera lærisveinn

EFTIR að Jesús er farinn úr húsi háttsetta fariseans, sem á trúlega sæti í æðstaráðinu, heldur hann áfram ferð sinni til Jerúsalem. Mikill fjöldi fólks er honum samferða. En af hvaða hvötum? Hvað er raunverulega fólgið í því að vera sannur fylgjandi hans?

Á leiðinni snýr Jesús sér að fólkinu og gerir því kannski bilt við þegar hann segir: „Ef einhver kemur til mín og hatar ekki föður sinn og móður, konu og börn, bræður og systur og enda sitt eigið líf, sá getur ekki verið lærisveinn minn.“

Hvað á Jesús við? Hann er ekki að segja að fylgjendur hans eigi að hata ættingja sína bókstaflega, heldur í þeirri merkingu að þeir eigi að elska þá minna en þeir elska hann. Jakob, forfaðir Jesú, er sagður hafa „fyrirlitið“ Leu og elskað Rakel sem merkti að hann elskaði Leu minna en Rakel systur hennar.

Hafðu líka í huga að Jesús sagði að lærisveinn ætti jafnvel að hata „sitt eigið líf.“ Hér er merkingin aftur sú að sannur lærisveinn verði að elska Jesú meira en eigið líf. Jesús leggur þannig áherslu á að það sé mikil ábyrgð að verða lærisveinn hans. Enginn má gera það án vandlegrar umhugsunar.

Það fylgja því erfiðleikar og ofsóknir að vera lærisveinn Jesú eins og hann bendir á: „Hver sem ber ekki sinn kross og fylgir mér, getur ekki verið lærisveinn minn.“ Sannur lærisveinn verður því að vera fús til að þola sama ámæli og Jesús, og jafnvel að deyja fyrir hendi óvina Guðs ef nauðsyn krefur eins og Jesús á eftir að gera innan skamms.

Fólkið, sem fylgir Kristi, þarf því að hugsa sinn gang mjög vandlega áður en það gerist lærisveinar hans. Jesús leggur áherslu á það með dæmisögu. „Hver yðar sest ekki fyrst við,

ef hann ætlar að reisa turn, og reiknar kostnaðinn, hvort hann eigi nóg til að ljúka verkinu?“ segir hann. „Ella má svo fara, að hann leggi undirstöðu, en fái ekki við lokið, og allir, sem það sjá, taki að spotta hann og segja: „Þessi maður fór að byggja, en gat ekki lokið.““

Jesús er því að sýna þeim sem fylgja honum fram á að þeir verði að fullvissa sig um að þeir geti gert það sem krafist er, áður en þeir gerast lærisveinar, alveg eins og maður, sem ætlar að reisa turn, gengur fyrirfram úr skugga um að hann hafi efni á að ljúka við hann. Jesús segir því næst aðra dæmisögu:

„Eða hvaða konungur fer með hernaði gegn öðrum konungi og sest ekki fyrst við og ráðgast um, hvort honum sé fært að mæta með tíu þúsundum þeim er fer á móti honum með tuttugu þúsundir? Sé svo ekki, gerir hann menn á fund hans, meðan hann er enn langt undan, og spyr um friðarkosti.“

Jesús leggur síðan áherslu á meginatriðið í dæmisögum sínum og segir: „Þannig getur enginn yðar verið lærisveinn minn, nema hann segi skilið við allt sem hann á.“

Mannfjöldinn sem fylgir Kristi og allir aðrir, sem læra um hann, verða að vera fúsir til að gera það. Þeir verða að vera reiðubúnir að fórna öllu sem þeir eiga — öllum eigum sínum og jafnvel lífinu — til að vera lærisveinar hans. Ert þú fús til þess?





„Saltið er gott,“ heldur Jesús áfram. Í fjallræðunni sagði hann að lærisveinar hans væru „salt jarðar“ og átti þá við að þeir stuðli að því að vernda fólk líkt og bókstaflegt salt ver gegn rotnun. „En ef saltið sjálft dofnar, með hverju á þá að krydda það?“ segir hann. „Hvorki er það hæft á tún né taðhaug. Því er fleygt. Hver sem eyru hefur að heyra, hann heyri.“

Jesús bendir þannig á að jafnvel þeir sem hafi verið lærisveinar hans um hríð meggi ekki hvika frá ásetningi sínum að halda áfram. Ef þeir gera það verða þeir ónothæfir, spottaðir af heiminum, óhæfir frammi fyrir Guði og honum til háðungar. Þeim er því tortímt, já fleygt líkt og dauðu og menguðu salti.

Lúkas 14:25-35; 1. Mósebók 29:30-33; Matteus 5:13.

- Hvað merkir það að ‚hata‘ ættingja sína og sjálfan sig?
- Hvaða tvær dæmisögur segir Jesús og hvað merkja þær?
- Hvað á Jesús við með lokaorðum sínum um saltið?


Jesús leitar týndra sauða

JESÚ er mikið í mun að leita og finna auðmjúka menn sem vilja þjóna Guði. Hann talar því um Guðsríki við alla sem hann getur, þeirra á meðal alkunna syndara. Slíkt fólk kemur nú til að hlýða á hann.

Farísear og fræðimenn sjá það og gagnrýna Jesú fyrir að leggja lag sitt við fólk sem þeir telja óverðugt þess. Þeir mögla: „Þessi maður tekur að sér syndara og samneytir þeim.“

Sjálfir myndu þeir aldrei lúta svona lágt! Farísear og fræðimenn líta á almenning eins og skítinn undir fótum sér. Þeir tala fyrirtillega um þetta almúgafólk og kalla það 'am ha-árets sem á hebresku merkir „fólk landsins [jarðarinnar].“

Jesús sýnir hins vegar öllum virðingu, góðvild og meðaumkun. Margt af þessu litilsvirta fólki, þeirra á meðal fólk sem er alþekkt fyrir rangt líferni sitt, hlustar því hugfangið á hann. En hvað um gagnrýni fariseanna á Jesú fyrir að sinna fólki sem þeir álíta ósæm-andi að hjálpa?



Jesús svarar andmælum þeirra með dæmisögu. Hann talar séð frá bæjardyrum fariseanna sjálfra, rétt eins og þeir séu réttlátir og óhultir í sauðabyrgi Guðs, en hinir fyriritlegu *'am ha'-a'rets* hafi villst og séu týndir. Hann spyr:

„Nú á einhver yðar hundrað sauði og týnir einum þeirra. Skilur hann ekki þá níutíu og níu eftir í óbyggðinni og fer eftir þeim, sem týndur er, þar til hann finnur hann? Og glaður leggur hann sauðinn á herðar sér, er hann finnur hann. Þegar hann kemur heim, kallar hann saman vini sína og nágretta og segir við þá: „Samgleðjist mér, því að ég hef fundið sauðinn minn, sem týndur var.““

Síðan heimfærir Jesús söguna og útskýrir: „Ég segi yður, þannig verður meiri fögnuður á himni yfir einum syndara, sem gjörir iðrun, en yfir níutíu og níu réttlátum, sem ekki hafa iðrunar þörf.““

Farisearnir álíta sig réttláta og ekki iðrunarþurfi. Þegar einhverjir þeirra fundu að Jesú tveim árum áður fyrir að matast með tollheimtumönnum og syndurum sagði hann þeim: „Ég er ekki kominn til að kalla réttláta, heldur syndara.“ Hinir þóttafullu farisear, sem sjá ekki að þeir þurfi að iðrast, valda engum fögnuði á himni eins og iðrunarfullir syndarar gera.



Jesús segir aðra dæmisögu til að leggja áherslu á að það sé mikið gleðiefni þegar týndur syndari snýr frá villu síns vegar: „Eða kona, sem á tíu drökmur og týnir einni drökmu, kveikir hún þá ekki á lampa, sópar húsið og leitar vandlega, uns hún finnur hana? Og er hún hefur fundið hana, kallar hún saman vinkonur sínar og grannkonur og segir: „Samgleðjist mér, því að ég hef fundið drökmuna, sem ég týndi.““

Jesús heimfærir þessa dæmisögu á sama hátt: „Ég segi yður: Þannig verður fögnuður með englum Guðs yfir einum syndara, sem gjörir iðrun.“

Ástrik umhyggja engla Guðs fyrir týndum syndurum, sem snúa frá villu síns vegar, er eftirtektarverð, einkum þegar haft er í huga að þessir litilsvirtu *'am ha'a'rets* fá að lokum sæti í himnesku ríki Guðs. Þeir fá því æðri stöðu á himnum en englarnir! En í stað þess að verða öfundsjúkir eða þykja sér misboðið viðurkenna englarnir auðmjúklega að þessir syndugu

menn hafi átt í og sigrast á vandamálum í lífinu til að þeir geti verið samúðarfullir og miskunnsamir konungar og prestar á himnum. Lúkas 15:1-10; Matteus 9:13; 1. Korintubréf 6:2, 3; Opínberunarbókin 20:6.



- Af hverju leggur Jesús lag sitt við þekkta syndara og hvaða gagnrýni fær hann frá fariseunum?
- Hvernig lita farisearnir á almenning?
- Hvaða dæmisögur segir Jesús og hvað lærum við af þeim?
- Af hverju er fögnuður englanna eftirtektarverður?


Glataði sonurinn

JESÚS er nýbúinn að segja fariseunum dæmisögur um týndan sauð og týnda drökmu sem finnast aftur. Og nú segir hann þeim dæmisögu um ástríkan föður og tvo syni hans sem báðir gera alvarleg mistök.

Yngri sonurinn er aðalpersóna dæmisögunnar. Hann biður um föðurarf sinn sem faðirinn gefur honum hiklaust. Síðan fer hann að heiman og tekur að lifa mjög siðlausu lífi. En heyrum Jesú segja söguna og sjáum síðan hvort þú kemur auga á hverja sögupersónurnar tákna.

„Maður nokkur átti tvo sonu,“ segir Jesús. „Sá yngri þeirra sagði við föður sinn: ‚Faðir, lát mig fá þann hluta eignanna, sem mér ber.‘ Og hann skipti með þeim eigum sínum.“ Hvað gerir yngri sonurinn við hlut sinn?

„Fáum dögum síðar tók yngri sonurinn allt fé sitt og fór burt í fjarlægt land,“ segir Jesús. „Þar sóaði hann eigum sínum í óhófsömum lifnaði.“ Sannleikurinn er sá að hann eyðir fénu í vændiskonur. En svo koma erfiðir tímar eins og Jesús lýsir:



„Er hann hafði öllu eytt, varð mikið hungur í því landi, og hann tók að líða skort. Fór hann þá og settist upp hjá manni einum í því landi. Sá sendi hann út á lendur sínar að gæta svína. Þá langaði hann að seðja sig á drafinu, er svínin átu, en enginn gaf honum.“

Hvílík niðurlæging að neyðast til að gæta svína því að þau töldust óhrein dýr samkvæmt lögmálinu! En það sem kvaldi soninn mest var þjakandi hungrið sem olli því að hann langaði jafnvel til að seðja sig á svínafóðrinu. Þessi hræðilega ógæfa varð til þess að sonurinn ‚kom til sjálfs sín‘ að sögn Jesú.

Jesús heldur sögunni áfram: „Hann . . . sagði [við sjálfan sig]: ‚Hve margir eru daglaunamenn föður míns og hafa gnægð matar, en ég ferst hér úr hungri! Nú tek ég mig upp, fer til föður míns og segi við hann: Faðir, ég hef syndgað móti himninum og gegn þér. Ég er ekki framar verður að heita sonur þinn. Lát mig vera sem einn af daglaunamönnum þínum.‘ Og hann tók sig upp og fór til föður síns.“

Þetta er umhugsunarvert. Hefði faðirinn kallað reiðilega á eftir syninum þegar hann fór að heiman, þá er ólíklegt að sonurinn hefði verið svona ákveðinn í hvað hann ætlaði að gera. Hann hefði kannski reynt að fá sér vinnu annars staðar í heimalandi sínu til að þurfa ekki að horfast í augu við föður sinn. En slíkt hvarflaði ekki að honum. Hann vildi komast heim aftur og ekkert annað!

Ljóst er að faðirinn í dæmisögu Jesú táknar ástríkan, miskunnsaman föður okkar á himnum, Jehóva Guð. Og þér er kannski ljóst líka að glataði sonurinn táknar alþekktu syndara. Farisearnir, sem Jesús er að tala við, voru áður búnir að brigsla honum um







að matast með slíku fólki. En
hvern táknar eldri sonurinn?

Þegar glataði sonurinn snýr aftur

Hvers konar móttökur fær glataði
sonurinn í dæmisögu Jesú þegar hann
snýr aftur heim til föðurhúsanna?
Heyrum lýsingu Jesú:

„Er hann var enn langt í
burtu, sá faðir hans hann og
kenndi í brjósti um hann,
hljóp og féll um háls hon-
um og kyssti hann.“ Þetta er





miskunnsamur og hjartahlýr faðir sem lýsir vel himneskum föður okkar, Jehóva!

Trúlega hafði faðirinn frétt af óhófsömum lifnaði sonar síns. Engu að síður býður hann soninn velkominn heim án þess að bíða eftir ítarlegri greinargerð. Jesús er líka svona hlýlegur og á frumkvæðið að því að gefa sig að syndurum og tollheimtumönnum sem glataði sonurinn í dæmisögunni tákna.

Faðirinn í dæmisögu Jesú er skarpskyggn og gerir sér eflaust nokkra grein fyrir iðrun sonarins af dapurlegum svip hans þegar hann snýr aftur heim. En að sögn Jesú auðveldar hann syninum að játa syndir sínar með kærleiksriku viðmóti sínu: „Sonurinn sagði við hann: „Faðir, ég hef syndgað móti himninum og gegn þér. Ég er ekki framar verður að heita sonur þinn.““

Sonurinn hefur varla sleppt orðinu þegar faðirinn fyrirskipar þjónum sínum: „Komið fljótt með hina bestu skikkju og færið hann í, dragið hring á hönd hans og skó á fætur honum. Sækið og alikálfinn og slátrið, vér skulum eta og gjöra oss glaðan dag. Því að þessi sonur minn var dauður og er lifnaður aftur. Hann var týndur og er fundinn.“ Síðan taka þeir að „gjöra sér glaðan dag.“

„Eldri sonur hans var á akri“ meðan þessu fór fram. Vittu hvort þú áttar þig á hvern hann tákna með því að hlusta á framhald sögunnar. Jesús segir um eldri soninn: „Þegar hann kom og nálgadist húsið, heyrði hann hljóðfærslátt og dans. Hann kallaði á einn piltanna og spurði, hvað um væri að vera. Hann svaraði: „Bróðir þinn er kominn, og faðir þinn hefur slátrað alikálfnum, af því að hann heimti hann heilan heim.“ Þá reiddist hann og vildi ekki fara inn. En faðir hans fór út og bað hann

koma. En hann svaraði föður sínum: „Nú er ég búinn að þjóna þér öll þessi ár og hef aldrei breytt út af boðum þínum, og mér hefur þú aldrei gefið kiðling, að ég gæti glatt mig með vinum mínum. En þegar hann kemur, þessi sonur þinn, sem hefur sóað eigum þínum með skækjum, þá slátrar þú alikálfinum fyrir hann.“

Hverjir hafa fundið að þeirri miskunn og athygli sem syndurum hefur verið veitt, líkt og eldri sonurinn? Eru það ekki fræðimennirnir og farisearnir? Kveikjan að dæmisögu Jesú er gagnrýni þeirra á hann fyrir að taka vel á móti syndurum, þannig að eldri sonurinn hlýtur að tákna þá.

Jesús lýkur sögunni með því að faðirinn höfðar til eldri sonarins: „Barnið mitt, þú ert



alltaf hjá mér, og allt mitt er þitt. En nú varð að halda hátið og fagna, því hann bróðir þinn, sem var dauður, er lifnaður aftur, hann var týndur og er fundinn.“

Jesús segir ekki hvað eldri sonurinn gerir. Síðar, eftir dauða Jesú og upprisu, „snerist mikill fjöldi presta til hlýðni við trúna,“ og vera má að sumir, sem ‚eldri sonurinn‘ táknaði og Jesús er að tala við, hafi verið meðal þeirra.

En hverja tákna synirnir tveir nú á tímum? Það hljóta að vera þeir sem hafa kynnst tilgangi Jehóva nógu vel til að geta eignast vináttusamband við hann. Eldri sonurinn táknar suma af ‚litlu hjörðinni‘ eða ‚söfnuði frumgetinna sem á himnum eru skráðir.‘ Þeir tileinkuðu sér sams konar viðhorf og eldri sonurinn í dæmisögunni. Þeir höfðu enga löngun til að bjóða jarðneskan hóp velkominn, hina „aðra sauði“ sem þeim fannst fá meiri athygli en þeir sjálfir.

Glataði sonurinn táknað hans vegar þá þjóna Guðs sem fara burt til að njóta þess sem heimurinn býður upp á. Síðar iðrast þeir og snúa aftur til að verða virkir þjónar Guðs á ný. Himneskur faðir okkar er svo sannarlega ástrikur og miskunnsamur við þá sem viðurkenna að þeir þarfnist fyrirgefningar og snúa aftur til hans.

Lúkas 15:11-32;

3. Mósebók 11:7, 8; Postulasagan 6:7; Lúkas 12:32; Hebreabréfið 12:23; Jóhannes 10:16.


- Hverjum segir Jesús þessa dæmisögu og hvers vegna?
- Hver er aðalpersóna sögunnar og hvað verður um hann?
- Hverja tákna faðirinn og yngri sonurinn á dögum Jesú?
- Hvernig líkir Jesús eftir fordæmi miskunnsama föðurins í dæmisögunni?
- Hvernig lítur eldri sonurinn á móttökurnar sem bróðir hans fær, og hvernig hegða farisearnir sér líkt og eldri sonurinn?
- Hvernig á dæmisaga Jesú við nú á dögum?

87 Viturlegur undirbúningur fyrir framtíðina

JESÚS er nýbúinn að segja dæmisöguna um glataða soninn. Hópur manna hefur hlýtt á hann, þeirra á meðal lærisveinar hans, óheiðarlegir tollheimtumenn og aðrir þekktir syndarar og svo fræðimenn og farísear. Nú ávarpar hann lærisveina sína og segir dæmisögu um ríkan mann sem fengið hefur slæmar fréttir af ráðsmanni sínum.

Að sögn Jesú kallar ríki maðurinn ráðsmanninn fyrir sig og segist ætla að reka hann úr starfi. „Hvað á ég að gjöra, fyrst húsbóndi minn sviptir mig ráðsmennskunni?“ segir ráðsmaðurinn við sjálfan sig. „Ekki orka ég að grafa og skömm þykir mér að betla. Nú sé ég, hvað ég gjöri, til þess að menn taki við mér í hús sín, þegar ég verð sviptur ráðsmennskunni.“

Hvað ætlast ráðsmaðurinn fyrir? Hann kallar til sín skuldunauta



húsbónda síns. „Hve mikið skuldar þú húsbónda mínum?“ spyr hann.

Sá fyrsti svarar: „Hundrað kvartil viðsmjör.“

„Tak þú skuldabréf þitt, set þig niður og skrifa sem skjótast fimmtíu,“ segir ráðsmaðurinn.

„Hvað skuldar þú?“ spyr hann annan.

Hann svarar: „Hundrað tunnur hveitis.“

„Tak þú skuldabréf þitt og skrifa áttatíu.“

Ráðsmaðurinn hefur heimild til að lækka skuldir manna við húsbónda sinn því að hann fer enn með fjármál hans. Með því að lækka skuldirnar er hann að afla sér vináttu þeirra sem geta endurgoldið honum greiðann þegar hann missir vinnuna.

Húsbóndinn dáist að ráðsmanninum þegar hann fréttir hvað hann hefur gert. Hann meira að segja „hrósar rangláta ráðsmanninum fyrir að hafa *breytt kænlega*.“ Svo bætir Jesús við: „Börn þessa heims eru kænni í skiptum við sína kynslóð en börn ljóssins.“

Jesús segir nú lærisveinunum hvað þeir geti lært af dæmisögunni: „Aflið yður vina með hinum rangláta mammón, svo að þeir taki við yður í eilifar tjaldbúðir, þegar honum sleppir.“

Jesús er ekki að hrósa ráðsmanninum fyrir ranglæti hans heldur fyrir framsýni hans og *kænsku*. Oft eru „börn þessa heims“ slungin í meðferð peninga eða nota aðstöðu sína til að afla sér vina sem geta endurgoldið greiðasemi þeirra. Þjónar Guðs, „börn ljóssins,“ þurfa líka að nota efnislegar eigur sínar, hinn „rangláta mammón,“ viturlega sér til gagns.

En eins og Jesús segir ættu þeir að nota þessar efnislegu eigur til að afla sér vina sem geta tekið við þeim „í eilifar tjaldbúðir.“ Fyrir litlu hjörðina eru þessar tjaldbúðir á himnum, en fyrir hina „aðra sauði“ eru þær í paradís á jörð. Nú eru það aðeins Jehóva Guð og sonur hans sem geta tekið við mönnum í þessar tjaldbúðir, þannig að við ættum að leggja okkur fram um að rækta vináttuböndin við þá með því að nota

hverja þá ‚ranglátu‘ fjármuni, sem við höfum, til stuðnings Guðsríki. Þá verður eilíf framtíð okkar tryggð þegar efnislega auðnum sleppir eða hann eyðist, eins og hann gerir örugglega.

Jesús heldur áfram og segir að þeir sem séu trúir í meðferð efnislegra hluta eða þess smæsta, verði líka trúir í því sem mikilvægara er. „Ef þér reynist ekki trúir í hinum rangláta mammón,“ bætir hann við, „hver trúir yður þá fyrir sönnum auði [það er að segja andlegum hagsmunum Guðsríkis]? Og ef þér reynist ekki trúir í því sem annars er [hagsmunum Guðsríkis sem Guð treystir þjónum sínum fyrir], hver gefur yður þá það, sem yðar er [launin sem eru líf í eilífum tjaldbúðum]?“

Við getum hreinlega ekki verið sannir þjónar Guðs og jafnframt verið þrælur hins rangláta mammóns eins og Jesús segir:

„Enginn þjónn getur þjónað tveimur herrum. Annaðhvort hatar hann annan og elskar hinn eða þýðist annan og afrækir hinn. Þér getið ekki þjónað Guði og mammón.“ **Lúkas 15: 1, 2; 16:1-13; Jóhannes 10:16.**

■ Hvernig aflar ráðsmaðurinn í dæmisögu Jesú sér vina sem geta hjálpað honum síðar?

■ Hver er hinn ‚rangláti mammón‘ og hvernig getum við notað hann til að afla okkur vina?

■ Hverjir geta tekið við okkur í „eilífar tjaldbúðir“ og hverjar eru þessar tjaldbúðir?



88 Ríki maðurinn og Lasarus

JESÚS hefur verið að tala við lærisveina sína um rétta notkun efnislegra auðæfa, og hann hefur útskýrt að við getum ekki verið þjónar mammóns og samtímis þjónað Guði. Farisearnir hlusta líka á og gera gys að Jesú enda féggjarnir. Hann segir þeim þá: „Þér eruð þeir, sem réttlætið sjálfa yður í augum manna, en Guð þekkir hjörtu yðar. Því það, sem hátt er að dómi manna, er viðurstyggð í augum Guðs.“

Nú er kominn tími til að hagar þeirra sem eru ríkir að veraldlegum gæðum, pólitískum völdum og trúarlegum áhrifum snúist við. Nú verða þeir auðmýktir, en hinir upphafnir sem viðurkenna andlega þörf sína. Jesús bendir á slík umskipti þegar hann segir við fariseana:

„Lögmálið og spámennirnir ná fram til Jóhannesar [skirara]. Þaðan í frá er flutt fagnaðarerindi Guðs ríkis, og hver maður vill ryðjast þar inn. En það er auðveldara, að himinn og jörð líði undir lok, en einn stafkrókur lögmálsins falli úr gildi.“

Fræðimennirnir og farisearnir þykjast halda Mósélögmálið og eru stoltir af. Þú manst að þegar Jesús vann það kraftaverk að veita blindum manni í Jerúsalem sjónina gortuðu þeir: „Vér erum lærisveinar Móse. Vér vitum, að Guð talaði við Móse.“ En nú hefur Mósélögmálið uppfyllt þann tilgang sinn að leiða auðmjúka menn til hins útnefnda konungs Guðs, Jesú Krists. Frá því að Jóhannes hóf þjón-



ustu sína hafa alls konar menn lagt sig fram um að verða þegnar Guðsríkis, einkum auðmjúkir og fátækir.

Nú eru Móselögin að uppfyllast svo að bráðlega verður ekki lengur skylt að halda þau. Lögmálið leyfir hjónaskilnað fyrir ýmsar sakir en nú segir Jesús: „Hver sem skilur við konu sína og gengur að eiga aðra, drýgir hór, og hver sem gengur að eiga konu, sem skilin er við mann, drýgir hór.“ Þessi yfirlýsing hlýtur að fara í taugarnar á faríseunum, einkum af því að þeir leyfa skilnað fyrir alls konar sakir.

Jesús heldur áfram að tala við faríseana og segir dæmisögu um tvo menn og aðstæður þeirra sem gerbreytast. Áttarðu þig á hverja mennirnir tákna og hvað breyttar aðstæður þeirra merkja?

„Einu sinni var maður nokkur ríkur, er klæddist purpura og dýru líni og lifði hvern dag í dýrlegum fagnaði,“ segir Jesús. „En



fátækur maður, hlaðinn kaunum, lá fyrir dyrum hans og hét sá Lasarus. Feginn vildi hann seðja sig á því, er féll af borði ríka mannsins, og jafnvel hundar komu og sleiktu kaun hans.“

Ríki maðurinn tákna hér trúarleiðtoga Gyðinga, bæði farísea, saddúkea og æðstuprestana. Þeir eru ríkir að andlegum sérréttindum og tækifærum og haga sér eins og ríki maðurinn í dæmisögunni. Purpuralitu klæðin tákna forréttinda-stöðu þeirra og hvíta línið réttlætið sem þeir telja sig hafa.

Þessi dramsami hópur, sem ríki maðurinn tákna, fyrir-litur fátækan almenninginn og kallar hann *'am ha'a'rets* eða fólk jarðarinnar. Betlarinn Lasarus tákna því fólkið sem trúarleiðtogarnir neita um holla, andlega næringu og sérréttindi. Eins og Lasarus er hlaðinn kaunum líta þeir niður á almenning sem andlega sjúkan og óverðugan að umgangast aðra en hunda. En Lasarusarhópurinn hungur og þyrstir í andlega næringu og bíður því við dyrnar eftir hverjum þeim fátæklegu molum andlegrar fæðu sem kunna að falla af borði ríka mannsins.



Jesús lýsir nú breytingu sem verður á stöðu ríka mannsins og Lasarusar. Hvaða breyting er það og hvað táknar hún?



Staða ríka mannsins og Lasarusar breytist

Ríki maðurinn táknar trúarleiðtogana sem njóta andlegra forréttinda og tækifæra, og Lasarus táknar almenning sem hungrar í andlega næringu. Jesús heldur nú sögunni áfram og lýsir algerum umskiptum sem verða á stöðu mannanna tveggja.

„En nú gjörðist það, að fátæki maðurinn dó, og báru hann englar í faðm Abrahams. Ríki maðurinn dó líka og var grafinn. Og í helju, þar sem hann var í kvölum, hóf hann upp augu sín og sá Abraham í fjarska og Lasarus við brjóst hans.“

Þar eð ríki maðurinn og Lasarus eru ekki bókstaflegir menn heldur tákna hópa manna, er rökrétt að dauði þeirra sé líka táknrænn. Hvað táknar hann?

Jesús er rétt áður búinn að benda á breyttar aðstæður með því að segja að „lögmálið og spámennirnir hafi náð fram til Jóhannesar skírara en þaðan í frá sé flutt fagnaðarerindi Guðs ríkis.“ Það er því með prédikun Jóhannesar og Jesú Krists sem bæði ríki maðurinn og Lasarus deyja fyrri aðstæðum sínum.

Hinn auðmjúki, iðrunarfulli Lasarusarhópur deyr illum, andlegum kjörum sínum og öðlast velvild Guðs. Áður hafði hann sóst eftir því litla sem féll af andlegu borði trúarleiddoganna, en nú fullnægja andleg sannindi frá Jesú þörfum hans. Hann er því fluttur í faðm eða hylli hins meiri Abrahams, Jehóva Guðs.

Hópurinn, sem ríki maðurinn tákna, hefur hins vegar bakað sér vanþóknun Guðs fyrir að neita þrákelknislega að taka við boðskapnum um Guðsríki sem Jesús kennir. Þar með deyr hann gagnvart þeirri velþóknunarstöðu sem hann virtist njóta. Meira að segja er því svo lýst að hann líði táknrænar kvalir. Taktu eftir orðum ríka mannsins:

„Faðir Abraham, miskunna þú mér, og send Lasarus, að hann dýfi fingurgómi sínum í vatn og kæli tungu mína, því ég kvelst í þessum loga.“ Hinn eldheiti dómsboðskapur Guðs, sem lærisveinar Jesú flytja, kvelur þá sem tilheyra hópi ríka mannsins. Þeir vilja að lærisveinarnir hætti að boða þennan boðskap svo að kvöl þeirra linni.

En „Abraham sagði: „Minnstu þess, barn, að þú hlaust þín gæði, meðan þú lifðir, og Lasarus ból á sama hátt. Nú er hann hér huggaður, en þú kvelst. Auk alls þessa er mikið djúp staðfest milli vor og yðar, svo að þeir, er héðan vildu fara yfir til yðar, geti það ekki, og eigi verði heldur komist þaðan yfir til vor.““

Þessi algeru umskipti á stöðu Lasarusarhópsins og hópsins, sem ríki maðurinn tákna, eru réttlát og viðeigandi. Umskiptin fullkonnast fáeinum mánuðum síðar á hvítasunnunni árið 33 þegar gamli lagasáttmálinn víkur fyrir nýja sáttmálanum. Þá verður deginum ljósara að lærisveinarnir, ekki farisearnir og aðrir trúarleiddogar, njóta hylli Guðs. Hið „mikla djúp“ milli ríka mannsins táknræna og lærisveina Jesú tákna því óbreytanlegan og réttlátan dóm Guðs.

Ríki maðurinn biður nú ,föður Abraham‘ að ,senda Lasarus í hús föður síns því hann eigi fimm bræður.‘ Ríki maðurinn viðurkennir þannig að hann eigi nánara samband við annan föður sem er raunar Satan djöfullinn. Hann biður um að Lasarus útvatni dóm Guðs svo að „fimm bræður“ hans eða trúarlegir bandamenn lendi ekki líka á ,þessum kvalastað.‘

„En Abraham segir: ,Þeir hafa Móse og spámennina, hlýði þeir þeim.““ Já, til að umflýja kvöl þurfa ,bræðurnir fimm‘ aðeins að hlýða ritum Móse og spámanna sem benda á að Jesús sé Messías, og gerast síðan lærisveinar hans. En ríki maðurinn mótmælir: „Nei, faðir Abraham, en ef einhver kæmi til þeirra frá hinum dauðu, mundu þeir gjöra iðrun.“

En honum er sagt: „Ef þeir hlýða ekki Móse og spámönnum, láta þeir ekki heldur sannfærast, þótt einhver rísi upp frá dauðum.“ Guð gefur ekki sérstök tákni eða vinnur sérstök kraftaverk til að sannfæra fólk. Það verður að lesa Ritninguna og fara eftir henni til að öðlast hylli hans. **Lúkas 16:**

14-31; Jóhannes 9:28, 29; Matteus 19:3-9; Galatabréfið 3:24; Kólossubréfið 2:14; Jóhannes 8:44.

- Af hverju hlýtur dauði ríka mannsins og Lasarusar að vera táknað og hvað táknað hann?
- Hvaða breytingar segir Jesús hafa átt sér stað með þjónustu Jóhannesar?
- Hvað er numið úr gildi eftir dauða Jesú og hvaða áhrif hefur það á hjónaskilnaði?
- Hverja tákna ríki maðurinn og Lasarus í dæmisögu Jesú?
- Hvað er það sem kvelur ríka manninn og hvað biður hann um til að lina kvöl sína?
- Hvað tákna ,djúpið mikla‘?
- Hver er raunverulegur faðir ríka mannsins og hverja tákna bræður hans fimm?

Miskunnarferð til Júdeu

AVÍGSLUHÁTÍÐINNI í Jerúsalem, nokkrum vikum áður, höfðu Gyðingar reynt að drepa Jesús. Hann hélt því norður á bóginn. að því er virðist á svæði skammt frá Galíleuvatni.

Nú er hann aftur á suðurleið til Jerúsalem og hefur prédikað á leiðinni í þorpunum í Pereu, héraði austan við Jórdan. Eftir að hafa sagt dæmisöguna um ríka manninn og Lazarus minnir hann lærisveinana á margt sem hann hafði áður kennt í Galíleu.

Hann segir til dæmis að það sé betra „að hafa mylnustein um hálsinn og vera varpað í hafið“ en að tæla einn af „smælingjum“ Guðs til falls. Hann leggur líka áherslu á hve mikilvægt sé að fyrirgefa og segir: „Þótt [bróðir þinn] misgjörir við þig sjö sinnum á dag og snúi sjö sinnum aftur til þín og segi: ‚Ég iðrast,‘ þá skalt þú fyrirgefa honum.“


Þegar lærisveinarnir biðja: „Auk oss trú!“ svarar Jesús: „Ef þér hefðuð trú eins og mustarðskorn, gætuð þér sagt við mórberjatré þetta: ‚Ríf þig upp með rótum og fest rætur í sjónum,‘ og það mundi hlýða yður.“ Jafnvel örlitil trú getur áorkað miklu.

Nú lýsir Jesús aðstæðum úr daglega lífinu sem sýna hvernig þjónn hins alvalda Guðs á að hugsa: „Hafi einhver yðar þjón, er plægir eða hirðir fénað, segir hann þá við hann, þegar hann kemur inn af akri: ‚Kom þegar og set þig til borðs?‘ Segir hann ekki fremur við hann: ‚Bú þú mér kvöldverð, gyrð þig og þjóna mér, meðan ég et og drekk, síðan getur þú etið og drukkið.‘ Og er hann þakklátur þjóni sínum fyrir að gjöra það, sem boðið var? Eins skuluð þér segja, þá er þér hafið gjört allt, sem yður var boðið: ‚Ónýtir þjónar

erum vér, vér höfum gjört það eitt, sem vér vorum skyldir að gjöra.“ Þjónar Guðs ættu því aldrei að láta sér finnast að þeir séu að gera Guði greiða með því að þjóna honum. Þeir ættu alltaf að hafa hugfast að það eru sérréttindi að tilbiðja hann og þjóna honum sem trúir heimilismenn.

Nú ber sendiboða að garði, líklega stuttu eftir að Jesús segir þessa dæmisögu. Hann er sendur af Maríu og Mörту, systurum Lasarusar, sem búa í Betaníu í Júdeu. „Herra, sá sem þú elskar, er sjúkur,“ segir sendiboðinn.

Jesús svarar:
„Þessi sótt er ekki banvæn, heldur Guði til dýrðar, að Guðs sonur vegsamist hennar vegna.“ Jesús er um kyrrt í tvo daga en segir þá við lærisveinana:



„Förum aftur til Júdeu.“ En þeir segja við hann: „Rabbí, nýlega voru Gyðingar að því komnir að grýta þig, og þú ætlar þangað aftur?“

„Eru ekki stundir dagsins tólf?“ spyr Jesús þá. „Sá sem gengur um að degi, hrasar ekki, því hann sér ljós þessa heims. En sá sem gengur um að nóttu, hrasar, því hann hefur ekki ljósið í sér.“

Jesús á greinilega við að „stundir dagsins,“ eða sá tími sem Guð hefur úthlutað honum til þjónustu á jörð, séu enn ekki liðnar og að enginn geti unnið honum mein fyrr en þá. Hann þarf að nota til fullnustu það sem eftir lifir ‚dags‘ því að síðan kemur ‚nótt‘ þegar óvinir hans ráða honum bana.

Hann bætir við: „Lasarus, vinur vor, er sofnaður. En nú fer ég að vekja hann.“

Lærisveinarnir halda greinilega að Lasarus sofi eðlilegum svefni og að það sé batamerki. Þess vegna svara þeir: „Herra, ef hann er sofnaður, batnar honum.“

Þá segir Jesús þeim berum orðum: „Lasarus er dáinn, og yðar vegna fagna ég því, að ég var þar ekki, til þess að þér skuluð trúu. En förum nú til hans.“

Tómasi er ljóst að það getur kostað Jesú lífið að fara til Júdeu, en hann vill styðja hann og hvetur því hina lærisveinana: „Vér skulum fara líka til að deyja með honum.“ Þeir setja sig því í lifshættu með því að fara með Jesú í þessa miskunnarferð til Júdeu. **Lúkas 13:22; 17:1-10; Jóhannes 10:22, 31, 40-42; 11:1-16.**

- Hvar hefur Jesús prédikað upp á síðkastið?
- Hvað endurtekur Jesús og hvað sýnir hann fram á með því að benda á aðstæður úr daglega lífinu?
- Hvaða fréttir fær Jesús og hvað á hann við með „degi“ og „nóttu“?
- Hvað á Tómas við þegar hann segir: „Við skulum fara til að deyja með honum“?

Upprisuvonin

JESÚS er loksins kominn að útjaðri Betaníu, þorps um þrjá kílómetra frá Jerúsalem. Aðeins fáeinir dagar eru liðnir frá dauða Lazarusar og greftrun. Systur hans, María og Marta, syrgja hann enn og margir eru komnir á heimili þeirra til að hugga þær.

Einhver segir Mörtu frá því að Jesús sé á leiðinni. Hún flýtur sér þá að heiman til móts við hann, af því er virðist án þess að láta systur sína vita. Þegar hún hittir Jesú endurtekur hún það sem þær systurnar hljóta að hafa sagt margsinnis undanfarna fjóra daga: „Ef þú hefur verið hér, væri bróðir minn ekki dáinn.“



En Marta er vongóð og gefur í skyn að Jesús geti enn þá gert eitthvað fyrir bróður hennar. „Nú veit ég, að Guð mun gefa þér hvað sem þú biður hann um,“ segir hún.

„Bróðir þinn mun upp rísa,“ lofar Jesús.

Mörtu skilst að Jesús sé að tala um jarðneska upprisu framtíðarinnar sem Abraham og aðrir þjónar Guðs hlökkuðu einnig til. Hún svarar því: „Ég veit, að hann rís upp í upprisunni á efsta degi.“

En Jesús veitir henni von um tafarlaus lausn og segir: „Ég er upprisan og lífið.“ Hann minnir hana á að Guð hafi gefið honum vald yfir dauðanum: „Sá sem trúir á mig, mun lifa, þótt hann deyi. Og hver sem lifir og trúir á mig, mun aldrei að eilífu deyja.“

Jesús er ekki að gefa í skyn við Mörtu að trúfastir samtíðarmenn hans deyi aldrei. Hann er að benda á að það geti veitt mönnum eilíft líf að iðka trú á hann. Flestir öðlast eilíft líf við upprisu á efsta degi en aðrir trúfastir menn lifa af endalok þessa heimskerfis á jörðinni, og orð Jesú rætast mjög bókstaflega á þeim. Þeir munu aldrei að eilífu deyja! Eftir að Jesús hefur sagt þessi ótrúlegu orð spyr hann Mörtu: „Trúir þú þessu?“

„Já, herra,“ svarar hún. „Ég trúi, að þú sért Kristur, Guðs sonur, sem koma skal í heiminn.“

Marta hraðar sér heim til að sækja systur sína og segir henni einslega: „Meistarinn er hér og vill finna þig.“ María yfirgefur húsið þegar í stað. Þegar aðrir sjá hana fara elta þeir hana í þeirri trú að hún ætli til grafarinnar.

María fellur grátandi til fóta Jesú þegar hún hittir hann. „Herra, ef þú hefðir verið hér, væri bróðir minn ekki dáinn,“ segir hún. Jesús er djúpt snortinn þegar hann sér að María og mannfjöldinn, sem fylgir henni, grætur. „Hvar hafði þér lagt hann?“ spyr hann.

„Herra, kom þú og sjá,“ svarar fólkið.

Nú fer Jesús líka að gráta og Gyðingarnir segja: „Sjá, hversu hann hefur elskað hann!“

Það rifjast nú upp fyrir sumum að nokkrum mánuðum áður, á laufskálahátíðinni, hafði Jesús læknað ungan mann sem fæddist blindur, og þeir spyrja: „Gat ekki sá maður, sem opnaði augu hins blinda, einnig varnað því, að þessi maður dæi?“

Jóhannes 5:21; 6:40; 9:1-7; 11:17-37.

- Hvenær kemur Jesús loks til Betaníu og hvað hefur þá gerst?
- Hvers vegna trúir Marta á upprisu?
- Hvaða áhrif hefur dauði Lasarusar á Jesú?



Lasarus reistur upp frá dauðum

NÚ ERU Jesús og þeir sem með honum eru komnir að gröf Lasarusar sem er raunar grafhelli með steini fyrir. „Takið steininn frá!“ segir Jesús.

Marta andmælir því hún skilur ekki enn hvað Jesús hyggst fyrir. „Herra, það er komin nálykt af honum, það er komið á fjórða dag,“ segir hún.

En Jesús spyr: „Sagði ég þér ekki: „Ef þú trúir, munt þú sjá dýrð Guðs?““

Steinninn er þá tekinn frá. Jesús horfir til himins og biður: „Faðir, ég þakka þér, að þú hefur bænheyrt mig. Ég vissi að sönnu, að þú heyrir mig ávallt, en ég sagði þetta vegna mannfjöldans, sem stendur hér umhverfis, til þess að þeir trúi, að þú hafir sent mig.“ Jesús biður í allra áheyrn svo að fólk viti að það sem hann er í þann mund að gera er unnið með mætti Guðs. Síðan hrópar hann hárrí röddu: „Lasarus, kom út!“

Og Lasarus kemur út. Hendur hans og fætur eru enn bundnir líkblæjum og dúkur um andlit hans. „Leysið hann og látið hann fara,“ segir Jesús.

Margir Gyðingar, sem eru komnir til að hugga Maríu og Mörtu, taka trú á Jesú þegar þeir sjá kraftaverkið. Aðrir fara hins vegar til að segja fariseunum hvað gerst hafi. Æðstuprestarnir og farisearnir kalla þegar í stað saman æðstaráðið, hæstarétt Gyðinga.

Í æðstaráðinu situr æðstipresturinn Kaífas, farisear, saddúkear, höfuðprestar (nefndir æðstuprestarnir í íslensku bibliunni) og fyrrverandi æðstuprestar. Þeir kvarta: „Hvað eigum vér að gjöra? Þessi maður gjörir mörg tákn. Ef vér leyfum honum að halda svo áfram, munu allir trúá hann, og þá koma Rómverjar og taka bæði helgidóm vorn og þjóð.“

Trúarleiðtogarnir viðurkenna að vísu að Jesús „geri mörg tákni,“ en samt hugsa þeir ekki um annað en völd sín og stöðu. Upprisa Lasarusar er sérstaklega mikið áfall fyrir saddúkana því að þeir trúa ekki á upprisuna.



Kaífas, sem er ef til vill saddúkei, tekur nú til máls og segir: „Þér vitið ekkert og hugsíð ekkert um það, að yður er betra, að einn maður deyi fyrir lýðinn, en að öll þjóðin tortímist.“

Það er Guð sem lætur Kaífas segja þetta því að Jóhannes postuli skrifaði síðar: „Þetta sagði [Kaífas] ekki af sjálfum sér.“ Það sem Kaífas átti við var að Jesús skyldi drepinn til að koma í veg fyrir að hann græfi meira undan völdum þeirra og áhrifum. En að sögn Jóhannesar, spáði Kaífas því að Jesús mundi deyja, ekki fyrir þjóðina eina heldur og til að safna saman börnum Guðs. Og vissulega er það tilgangur Guðs að sonur hans deyi sem lausnargjald fyrir alla.

Kaífasi tekst nú að fá æðstaráðið til að leggja á ráðin um að drepa Jesú. En Jesús fer burt af svæðinu. Vera má að Nikódemus, sem á sæti í æðstaráðinu og er honum vinveittur, hafi gert honum viðvart.

Jóhannes 11:38-54.

- Af hverju biðst Jesús fyrir í allra áheyrn áður en hann reisir Lasarus upp frá dauðum?
- Hver eru viðbrögð þeirra sem verða vitni að upprisunni?
- Hvernig kemur vonska æðstaráðsmanna fram?
- Hvað hafði Kaífas í hyggju en hverju lét Guð hann spá?



Tíu holdsveikir læknast á síðustu ferð Jesú til Jerúsalem

JESÚS ónýtir fyrirætlanir æðstaráðsins um að drepa hann með því að fara frá Jerúsalem til þorpsins Efraíms sem er líklega aðeins um 24 kílómetra norðaustur af Jerúsalem. Þar dvelst hann með lærisveinum sínum fjarri óvinunum.

En nú nálgast páskar árið 33 og innan skamms er Jesús aftur á faraldsfæti. Hann fer norður um Samariú til Galíleu. Þetta er síðasta ferð hans þangað áður en hann deyr. Trúlega slæst hann ásamt lærisveininum í för með öðrum sem eru á leið frá Galíleu til Jerúsalem að halda páska. Þeir fara suður um Pereu, austanmegin við Jórdan.

Þeir eru skammt á leið komnir þegar tíu holdsveikir menn koma til móts við Jesú er hann kemur inn í þorp nokkurt í Samariú eða Galíleu. Þessi hræðilegi sjúkdómur étur smám saman ýmsa líkamshluta hins holdsveika — fingur, tær, eyru, nef og varir. Til að forða öðrum frá smiti segir lögmál Guðs um holdsveikan mann: „Hann skal hylja kamp sinn og hrópa: „Óhreinn, óhreinn!“ Alla þá stund, er hann hefir sóttina, skal hann óhreinn vera. . . . Hann skal búa sér.“

Hold sveiku mennirnir tíu fylgja ákvæðum lögmálsins og halda sig í góðri fjarlægð frá Jesú, en hrópa hárrí röddu: „Jesús, meistari, miskunna þú oss!“

Jesús sér þá á lengdar og skipar: „Farið og sýnið yður prestunum.“ Þetta segir hann af því að lögmál Guðs heimilar prestum að dæma holdsveika menn hreina sem læknast hafa af sjúkdómi sínum. Þar með fá þeir leyfi til að búa aftur meðal heilbrigðs fólks.

Hold sveiku mennirnir tíu treysta á undramátt Jesú. Þeir hraða sér því af stað til að hitta prestana þótt þeir hafi ekki

læknast enn. Á leiðinni er þeim umbunuð trú sín á Jesú. Þeir finna og sjá að þeir eru læknaðir!

Níu þessara manna halda áfram sína leið en sá tiundi, sem er Samverji, snýr aftur til að finna Jesú. Af hverju? Af því að hann er svo þakklátur fyrir það sem gerst hefur. Hann lofar Guð hárra raustu, og þegar hann finnur Jesú fellur hann að fótum hans og þakkar honum.

Þá segir Jesús: „Urðu ekki allir tíu hreinir? Hvar eru hinir níu? Urðu engir til þess að snúa aftur að gefa Guði dýrðina nema þessi útlendingur?“

Síðan segir hann samverska manningum: „Statt upp, og far leiðar þinnar. Trú þín hefur bjargað þér.“

Þegar við lesum hvernig Jesús læknaði holdsveiku mennina tíu ættum við að taka til okkar það sem felst í spurningu hans: „Hvar eru hinir níu?“ Vanþakklæti þessara níu er alvarlegur brestur í fari þeirra. Erum við þakklát eins og Samverjinn fyrir það sem við fáum frá Guði, þar á meðal hið örugga loforð um eilíft líf í réttlátum nýjum heimi hans? **Jóhannes**

11:54, 55; Lúkas 17:11-19; 3. Mósebók 13:16, 17, 45, 46; Opinberunarbókin 21:3, 4.

- Hvernig ónýtir Jesús fyrirætlun Gyðinga um að drepa hann?
- Hvert fer Jesús síðan og hvert ætlar hann?
- Af hverju standa holdsveiku mennirnir á lengdar og af hverju segir Jesús þeim að fara til prestanna?
- Hvað ætti þessi frásaga að kenna okkur?





Þegar Mannssonurinn opinberast

JESÚS er enn staddur norður í landi (annaðhvort í Samaría eða Galíleu) þegar farisear spyrja hann um komu Guðsríkis. Þeir trúa að það komi með mikilli viðhöfn og sjónarspili en Jesús segir: „Guðs ríki kemur ekki þannig, að á því beri. Ekki munu menn segja: Sjá, þar er það eða hér er það, því Guðs ríki er meðal yðar.“

Orðin „meðal yðar“ eru stundum þýdd „innra með yður.“ Sumir halda þess vegna að Jesús hafi átt við að ríki Guðs ríki í hjörtum þjóna Guðs. En Guðsríki er auðvitað ekki í hjörtum þessara trúlausu farísea sem Jesús er að tala við. Það er á meðal þeirra því að útnefndur konungur Guðsríkis, Jesús Kristur, er mitt á meðal þeirra.

Farísearnir eru sennilega farnir þegar Jesús greinir læri-sveinunum nánar frá komu Guðsríkis. Hann er sérstaklega að hugsa um framtíðarnærveru sína sem konungur Guðsríkis þegar hann segir í varnaðartón: „Menn munu segja við yður: Sjá hér, sjá þar. En farið ekki og hlaupið eftir [þessum fölsku Messíösum]. Eins og elding, sem leiftrar og lýsir frá einu skauti himins til annars, svo mun Mannssonurinn verða á degi

sínum.“ Jesús á við að nærvera sín sem konungur Guðsríkis verði auðsæ öllum sem vilja sjá, líkt og elding sést á stóru svæði.

Jesús ber síðan framtíðarnærveru sína saman við atburði fortíðar til að sýna fram á hvernig viðhorf fólks verði. Hann segir: „Eins og var á dögum Nóa, svo mun og verða á dögum Mannssonarins . . . Eins var og á dögum Lots: Menn átu og drukku, keyptu og seldu, gróðursettu og byggðu. En daginn, sem Lot fór úr Sódómu, rigndi eldi og brennisteini af himni og tortímdi öllum. Eins mun verða á þeim degi, er Mannssonurinn opinberast.“

Jesús er ekki að segja að samtíðarmenn Nóa og Lots hafi tortímt einfaldlega af því að þeir lifðu sínu daglega lífi, átu, drukku, keyptu, seldu, gróðursettu og byggðu. Jafnvel Nói og Lot og fjölskyldur þeirra gerðu þetta. En aðrir lifðu sínu daglega lífi án þess að gefa vilja Guðs nokkurn gaum, og það var þess vegna sem þeim var tortímt. Það er af sömu ástæðu sem fólki verður tortímt þegar Kristur opinberast í þrengingunni miklu sem gengur yfir þetta heimskerfi.



Jesús leggur áherslu á hve mikilvægt sé að bregðast skjótt við sönnunargögnunum um framtíðarnærveru sína sem konungur Guðsríkis. Hann bætir við: „Sá sem þann dag er á þaki uppi og á muni sína í húsinu, fari ekki ofan að sækja þá. Og sá sem er á akri, skal ekki heldur hverfa aftur. Minnst konu Lots.“

Þegar sönnunargögnin um nærveru Krists koma í ljós má fólk ekki láta sér þykja svo vænt um efnislega hluti að það láti það hindra sig í að gera tafarlaugar ráðstafanir. Á leiðinni úr Sódómu leit kona Lots um öxl, sennilega af því hún horfði löngunaraugum til þess sem hún þurfti að skilja eftir. Hún varð að saltstöpli.

Jesús heldur áfram að lýsa ástandinu við nærveru sína í framtíðinni og segir lærisveinunum: „Á þeirri nóttu verða tveir í einni hvílu, annar mun tekinn, hinn eftir skilinn. Tvær munu mala á sömu kvörn, önnur verður tekin, hin eftir skilinn.“

Að vera tekinn svarar til þess er Nói gekk í örkina ásamt fjölskyldu sinni, og því er englarnir leiddu Lot og fjölskyldu hans úr Sódómu. Það hefur hjálpræði í för með sér. Að vera eftir skilinn merkir að tortímast.

Nú spyrja lærisveinarnir: „Hvar, herra?“

„Þar munu ernirnir safnast, sem hræið er,“ svarar Jesús. Þeir sem ‚teknir‘ eru til hjálpræðis eru eins og fráneygir ernir í þeirri merkingu að þeir safnast kringum „hræið.“ Hræið vísar til hins sanna Krists við ósýnilega nærveru hans sem konungur Guðsríkis, og til andlegu veislunnar sem Jehóva býður til.

Lúkas 17:20-37, vers 21 neðanmáls; 1. Mósebók 19:26.

- Hvernig var Guðsríki mitt á meðal fariseanna?
- Á hvaða hátt er nærvera Krists eins og elding?
- Af hverju verður fólki tortímt vegna verka sinna á nærverutíma Krists?
- Hvað merkir það að vera tekinn og vera eftir skilinn?

Nauðsyn bænar og auðmýktar

EINU sinni þegar Jesús var í Júdeu sagði hann dæmisögu um nauðsyn þess að vera staðfastur í bæninni. Núna, á síðustu ferð sinni til Jerúsalem, leggur hann aftur áherslu á að menn megi ekki þreystast að biðja. Sennilega er hann enn í Samariu eða Galíleu þegar hann segir lærisveinunum þessa dæmisögu:

„Í borg einni var dómari, sem hvorki óttaðist Guð né skeytti um nokkurn mann. Í sömu borg var ekkja, sem kom einlægt til hans og sagði: ‚Lát þú mig ná rétti á mótstöðumanni mínum.‘ Það vildi hann ekki lengi vel. En að lokum sagði hann við sjálfan sig: ‚Ekki óttast ég Guð að sönnu né skeyti um nokkurn mann. En þessi ekkja lætur mig aldrei í friði. Því vil ég rétta hlut hennar, áður en hún gjörir út af við mig með nauði sínu.‘“

Jesús útskýrir síðan hvað hann á við með dæmisögunni: „Heyrið, hvað ranglátí dómari segir. Mun Guð þá ekki rétta hlut sinna útvöldu, sem hrópa til hans dag og nótt? Mun hann draga að hjálpa þeim?“

Jesús er ekki að gefa í skyn að Jehóva Guð sé á nokkurn hátt líkur ranglátur dómaranum. En ef jafnvel ranglátur dómari lætur undan siendurtekinni beiðni ætti enginn



vafi að leika á því að Guð, sem er að öllu leyti réttlátur og góður, svari fólki sínu ef það þreytist ekki á að biðja. Jesús bætir því við: „Ég segi yður: [Guð] mun skjótt rétta hlut þeirra.“

Lágt settir og fátækir fá oft ekki notið réttar sins en ríkum og voldugum er iðulega ívilnað. Guð sér hins vegar til þess að hinir óguðlegu fái réttláta refsingu og tryggir jafnframt að þjónar hans njóti réttlætis með því að veita þeim eilíft líf. En hversu margir trúa staðfastlega að Guð rétti hlut manna skjótlega?

Jesús er sérstaklega að tala um trú tengda mætti bænarinnar þegar hann spyr: „Mun Mannssonurinn finna trúna á jörðu, þegar hann kemur?“ Hann svarar ekki spurningunni en gefur í skyn að slík trú verði ekki algeng þegar hann kemur sem konungur Guðsríkis.

Sumir af áheyrendum Jesú eru býsna ánægðir með trú sína. Þeir treysta því að þeir séu réttlátir og líta niður á aðra. Ef til vill hugsa jafnvel sumir af lærisveinum Jesú þannig. Hann segir þeim því eftirfarandi dæmisögu:

„Tveir menn fóru upp í helgidóminn að biðjast fyrir. Annar var farísei, hinn tollheimtumaður. Faríseinn sté fram og baðst þannig fyrir með sjálfum sér: ‚Guð, ég þakka þér, að ég er ekki eins og aðrir menn, ræningjar, ranglátir, hórkarlar eða þá eins og þessi tollheimtumaður. Ég fasta tvisvar í viku og geld tíund af öllu, sem ég eignast.‘“

Farísearnir eru þekktir fyrir að flíka réttlæti sínu til að sýnast fyrir öðrum. Þeir hafa fyrir sið að fasta á mánudögum og fimmtudögum, og þeir gjalda samviskusamlega tíund jafnvel af smæstu matjurtum. Fyrir fáeinum mánuðum sýndu þeir fyrirleitningu sína á almenningi þegar þeir sögðu: „Þessi almúgi, sem veit ekkert í lögmálinu [það er að segja túlkun faríseanna á því], hann er bölvauður!“

Jesús heldur dæmisögunni áfram og segir frá einum slíkum ‚bölvuðum‘ manni: „En tollheimtumaðurinn stóð langt frá og vildi ekki einu sinni hefja augu sín til himins, heldur barði sér

á brjóst og sagði: „Guð, vertu mér syndugum líknsamur!“ Úr því að tollheimtumaðurinn játaði syndir sínar auðmjúkur segir Jesús: „Ég segi yður: Þessi maður fór réttlættur heim til sín, en hinn ekki, því að hver sem upp hefur sjálfan sig, mun auðmýktur verða, en sá sem auðmýkir sjálfan sig, mun upp hafinn verða.“

Jesús leggur þannig áherslu á nauðsyn þess að vera auðmjúkur. Lærisveinar hans hafa alist upp í samfélagi þar sem hinir þóttafullu farisear ráða mjög miklu og mikið er lagt upp úr stöðu og stétt. Það er því ekkert undarlegt að viðhorf fariseanna hafi áhrif á þá. En Jesús kennir þeim góða lexíu í auðmýkt.

Lúkas 18:1-14; Jóhannes 7:49.

- Af hverju veitir rangláti dómarrinn ekkjunní það sem hún biður um, og hvaða lærdóm drögum við af dæmisögu Jesú?
- Hvers konar trúar leitar Jesús þegar hann kemur?
- Hverjum segir Jesús dæmisöguna um fariseann og tollheimtumanninn?
- Hvaða hugarfar fariseanna ber að forðast?



Um hjónaskilnaði og ást á börnum

JESÚS og lærisveinar hans eru á leið til Jerúsalem til að halda páska. Þeir fara yfir Jórdan og halda ferð sinni áfram um Pereu. Jesús hafði verið í Pereu nokkrum vikum áður en var þá kallaður til Júdeu vegna þess að Lasarus vinur hans var veikur. Þá hafði hann talað við faríseana um hjónaskilnaði og þeir brydda aftur upp á þeim núna.

Meðal faríseanna kennir ýmissa hugmynda um hjónaskilnaði. Móse sagði að maður mætti skilja við konu sína ef hann fyndi „eitthvað viðbjóðslegt hjá henni.“ Sumir faríseanna telja að þetta eigi aðeins við um ótryggð, en aðrir álíta að „eitthvað viðbjóðslegt“ geti verið smávægilegustu brot. Farísearnir reyna því að leggja gildru fyrir Jesú og spyrja: „Leyfist manni að skilja við konu sína fyrir hvaða sök sem er?“ Þeir eru vissir um að það skipti ekki máli hverju Jesús svari því að hann lendi hvort eð er upp á kant við þá farísea sem eru annarrar skoðunar en hann.

Jesús svarar spurningunni snilldarlega. Hann vísar ekki til skoðana manna heldur upprunalegs tilgangs hjónabandsins: „Hafið þér eigi lesið, að skaparinn gjörði þau frá upphafi karl og konu og sagði: ‚Fyrir því skal maður yfirgefa föður og móður og bindast konu sinni, og þau tvö skulu verða einn maður.‘ Þannig eru þau ekki frammar tvö, heldur einn maður. Það sem Guð hefur tengt saman, má maður eigi sundur skilja.“

Jesús bendir hér á að það sé upphaflegur tilgangur Guðs að hjón haldi saman og skilji ekki. Fyrst svo er, „hvers vegna bauð þá Móse að gefa konu skilnaðarbréf og skilja svo við hana?“ spyrja farísearnir.

„Vegna harðúðar hjartna yðar leyfði Móse yður að skilja við konur yðar, en frá upphafi var þetta eigi þannig,“ svarar Jesús. Þegar Guð kom á réttum mælikvarða fyrir hjónabandið í Edengarðinum var ekki gert ráð fyrir skilnaði.

Jesús heldur áfram og segir við fariseana: „Ég segi yður: Sá sem skilur við konu sína nema sakir hórdóms [úr grísku, *porneí'a*] og kvænist annarri, drýgir hór.“ Þannig bendir hann á að *porneí'a*, sem er gróft, kynferðislegt siðleysi, sé eina skilnaðarástæðan sem Guð viðurkennir.



Þegar lærisveinarnir gera sér grein fyrir að hjónabandið eigi að vera varanlegt og þetta sé eina skilnaðarástæðan segja þeir: „Fyrst svo er háttað stöðu karls gagnvart konu, þá er ekki vænlegt að kvænast.“ Sá sem hyggst ganga í hjónaband ætti vissulega að hugsa alvarlega um að hjónabandið er varanlegt!

Jesús ræðir síðan um einhleypi. Hann bendir á að sumir séu vanhæfir frá fæðingu til að ganga í hjónaband sökum þess að þeir taka ekki út kynþroska. Aðrir eru geltir af mannavöldum á grimmilegan hátt. Og sumir bæla niður löngunina til að ganga í hjónaband og njóta kynlífs til að þeir geti helgað sig betur málefnum himnaríkis. „Sá höndli [einhleypi], sem höndlað fær,“ segir Jesús.

Fólk kemur nú með börn sín til Jesú, en lærisveinarnir skamma börnin og reyna að vísa þeim frá, eflaust í þeim tilgangi að hlífa honum við óþörfu álagi. Jesús segir hins vegar: „Leyfið börnunum að koma til mín, varnið þeim eigi, því að slíkra er Guðs ríki. Sannlega segi ég yður: Hver sem tekur ekki við Guðs ríki eins og barn, mun aldrei inn í það koma.“

Þetta er góð áminning frá Jesú. Til að taka við Guðsríki verðum við að líkja eftir auðmýkt og námfýsi lítilla barna. En fordæmi Jesú sýnir líka hve mikilvægt það sé, sérstaklega fyrir foreldra, að gefa sér tíma til að vera með börnum sínum. Jesús sýnir nú ást sína á börnum með því að taka þau í faðm sér og blessa þau.

Matteus 19:1-15; 5. Mósebók 24:1;

Lúkas 16:18; Markús 10:1-16; Lúkas 18:15-17.

- Hvaða ólíkar skoðanir hafa farisearnir á hjónaskilnuðum og hvernig reyna þeir að leggja gildru fyrir Jesú?
- Hvernig svarar Jesús fariseunum og hver er eina skilnaðarástæðan að hans sögn?
- Af hverju segja lærisveinar Jesú að það sé ekki ráðlegt að ganga í hjónaband og hverju mælir hann með?
- Hvað kennir Jesús okkur með samskiptum sínum við lítil börn?

Jesús og ríkur, ungur höfðingi

Á LEIÐinni um Perea til Jerúsalem kemur ungur maður hlaupandi og fellur á kné fyrir Jesú. Maðurinn er kallaður höfðingi sem merkir sennilega að hann gegni virðingarstöðu í samkunduhúsi staðarins eða sitji jafnvel í æðstaráðinu. Og hann er mjög auðugur. „Góði meistari, hvað á ég að gjöra til þess að öðlast eilíft líf?“ spyr hann.

„Hví kallar þú mig góðan?“ svarar Jesús. „Enginn er góður nema Guð einn.“ Trúlega notar ungi maðurinn orðið „góður“ sem titil svo að Jesús bendir honum á að slíkur titill tilheyri Guði einum.

„Ef þú vilt inn ganga til lífsins, þá haltu boðorðin,“ heldur Jesús áfram.



„Hver?“ spyr maðurinn.

Jesús vitnar í fimm af boðorðunum tíu og svarar: „Þú skalt ekki morð fremja, þú skalt ekki drýgja hór, þú skalt ekki stela, þú skalt ekki bera ljúgvitni, heiðra föður þinn og móður.“ Síðan bætir hann við enn þýðingarmeira boðorði: „Þú skalt elska náunga þinn eins og sjálfan þig.“

„Alls þessa hef ég gætt frá æsku,“ svarar maðurinn í fullri einlægni. „Hvers er mér enn vant?“

Jesú fer að þykja vænt um manninn þegar hann heyrir hve innilega og einlæglega hann spyr. En honum er ljóst hve vænt mannum þykir um efnislegar eigur sínar og bendir honum því á hvað hann þurfi að gera: „Eins er þér vant. Far þú, sel allt, sem þú átt, og gef fátækum, og munt þú fjársjóð eiga á himni. Kom síðan, og fylg mér.“

Jesús finnur eflaust til með mannum þegar hann stendur upp og gengur sárhyggur burt. Auðæfi hans blinda hann fyrir sönnum auði. „Hve torvelt verður þeim, sem auðinn hafa, að ganga inn í Guðs ríki,“ segir Jesús dapurlega.

Lærisveinarnir eru steini lostnir yfir orðum Jesú. Ekki minnkar undrun þeirra þegar hann setur fram þessa almennu reglu: „Auðveldara er úlfalda að fara gegnum nálaruga en auðmanni að komast inn í Guðs ríki.“

„Hver getur þá orðið hólpinn?“ spyrja lærisveinarnir.

Jesús horfir á þá og svarar: „Fyrir mönnum eru engin ráð til þessa, en fyrir Guði. Guð megnar allt.“

Pétur er ljóst að þeir hafa valið allt aðra stefnu en ríki, ungi höfðinginn og segir: „Vér yfirgáfum allt og fylgdum þér.“ Síðan spyr hann: „Hvað munum vér hljóta?“

„Þegar allt er orðið endurfætt [það er að segja endurskapað],“ lofar Jesús, „og Mannssonurinn situr í dýrðarhásæti sínu, munuð þér, sem fylgið mér, einnig sitja í tólf hásætum og dæma tólf ættkvíslir Ísraels.“ Jesús bendir á að allt verði

endurskapað á jörðinni þannig að hún verði eins og Eden-garðurinn forðum. Og Pétur og hinir lærisveinarnir munu hljóta þá umbun að ríkja með Kristi yfir þessari heimspara-dís. Það er stórkostleg umbun sem er þess virði að fórna öllu fyrir!


En Jesús bendir á að menn fái ýmsa umbun nú þegar og segir með festu: „Enginn hefur yfirgefið heimili, bræður eða systur, móður eða föður, börn eða akra vegna mín og fagn-aðararerindisins, án þess að hann fái hundraðfalt aftur, nú á þessum tíma heimili, bræður og systur, mæður, börn og akra, jafnframt ofsóknum, og í hinum komandi heimi eilíft líf.“

Loforð Jesú felur í sér að lærisveinar hans eigi gott sam-band við trúbræður sína hvar sem þeir eru staddir í heimin-um, og þetta samband sé nánara og verðmætara en tengsl við ættingjana. Ríki, ungi höfðinginn missir greinilega af þessu og af eilífu lífi í himnesku ríki Guðs.

Síðan bætir Jesús við: „En margir hinir fyrstu munu verða síðastir og hinir síðustu fyrstir.“ Hvað á hann við?

Hann á við það að margir, sem eru „fyrstir“ að trúarleg-um forréttindum líkt og ríki, ungi höfðinginn, gangi ekki inn í Guðsríki. Þeir verði „síðastir.“ En margir, sem hinir þóttu-fullu farísear álíta ‚síðasta‘ — fólk jarðarinnar, *‘am ha’á’rets*, eins og þeir kalla þá — verði „fyrstir,“ þeirra á meðal auð-mjúkir lærisveinar Jesú. Að verða „fyrstir“ merkir að þeir hljóti þau sérréttindi að verða meðstjórnendur Krists í Guðsríki. **Markús 10:17-31; Matteus 19:16-30; Lúkas 18:18-30.**

- Hvers konar höfðingi er ríki, ungi maðurinn sennilega?
- Af hverju vill Jesús ekki láta kalla sig góðan?
- Hvernig er ungi höfðinginn gott dæmi um hve hættulegt sé að vera auðugur?
- Hvaða umbun lofar Jesús fylgjendum sínum?
- Hvernig verða hinir fyrstu síðastir og hinir síðustu fyrstir?



97 Verkamenn í víngarðinum

„**M**ARGIR hinir fyrstu munu verða síðastir og hinir síðustu fyrstir,“ sagði Jesús. Nú lýsir hann þessu nánar með dæmisögu. „Líkt er um himnaríki og húsbónda einn, sem gekk út árla morguns að ráða verkamenn í víngarð sinn,“ segir hann.

„[Húsbóndinn] samdi við verkamennina um denar í daglaun og sendi þá í víngarð sinn. Síðan gekk hann út um dagmál og sá aðra menn standa á torginu iðjulausa. Hann sagði við þá: ‚Farið þér einnig í víngarðinn, og ég mun greiða yður sanngjörn laun.‘ Þeir fóru. Aftur gekk hann út um hádegi og nónn og gjörði sem fyrr. Og síðdegis fór hann enn út og sá menn standa þar. Hann spyr þá: ‚Hví hímið þér hér iðjulausir allan daginn?‘ Þeir svara: ‚Enginn hefur ráðið oss.‘ Hann segir við þá: ‚Farið þér einnig í víngarðinn.‘“

Húsbóndinn, eigandi víngarðsins, er Jehóva Guð og víngarðurinn er Ísraelsþjóðin. Verkamennirnir í víngarðinum eru menn undir lagasáttmálanum, einkum þeir Gyðingar sem eru uppi á dögum postulanna. Húsbóndinn semur um laun aðeins við þá verkamenn sem vinna heilan vinnudag. Daglaunin eru einn denar. „Dagmál“ eru klukkan níu að morgni, svo að þeir sem kallaðir eru um dagmál, hádegi, nónn og síðdegi vinna aðeins níu, sex, þrjár og eina klukkustund.

Þeir sem unnu tólf tíma eða heilan vinnudag tákna leiðtoga Gyðinga sem hafa unnið stöðugt í trúarlegri þjónustu. Lærisveinar Jesú hafa aftur á móti stundað fiskveiðar eða önnur veraldleg störf mestan hluta ævinnar. Það var ekki fyrr en haustið 29 sem ‚húsbóndinn‘ sendi Jesú Krist til að



safna saman þessum læri-sveinum. Þeir komu því ‚síðastir‘ eða síðdegis til starfa í vingarðinum.

Hinum táknræna vinnudegi lýkur með dauða Jesú og þá er kominn tími til að greiða verkamönnunum launin. Þeirri óvenjulegu reglu er fylgt að greiða hinum síðustu fyrst eins og útskýrt er: ‚Þegar kvöld var komið, sagði eigandi vingarðsins við verkstjóra sinn: ‚Kalla þú á verkamennina og greið þeim kaupið. Þú skalt byrja á þeim síðustu og enda á þeim fyrstu.‘ Nú komu þeir, sem ráðnir voru síðdegis, og fengu hver sinn denar. Þegar þeir fyrstu komu, bjuggust þeir við að fá meira, en fengu sinn denarinn hver. Þeir tóku við honum og fóru að mögla gegn húsbónda sínum. Þeir sögðu: ‚Þessir síðustu hafa unnið aðeins eina stund, og þú gjörir þá jafna oss, er höfum borið hita og þunga dagsins.‘ Hann sagði þá við einn þeirra: ‚Vinur, ekki gjöri ég þér rangt til, sömdum við ekki um einn denar? Taktu þitt og

farðu leiðar þessar. Ég vil gjalda þessum síðasta eins og þér. Er ég ekki sjálfur fjár míns ráðandi? Eða sérðu ofsjónum yfir því, að ég er góðgjarn?“ Jesús endurtekur síðan það sem hann sagði áður: „Þannig verða hinir síðustu fyrstir og hinir fyrstu síðastir.“

Denarinn er ekki greiddur við dauða Jesú heldur á hvítasunnunni árið 33 þegar Kristur, ‚verkstjórinn,‘ úthellir heilögum anda yfir lærisveina sína. Lærisveinar Jesú eru eins og „hinir síðustu“ eða verkamennirnir sem komu síðdegis. Denarinn táknar ekki gjöf heilags anda í sjálfu sér. Hann táknar verðmæti sem lærisveinarnir nota hér á jörðinni og hefur þýðingu fyrir afkomu þeirra eða eilíft líf. Það eru sérréttindin að vera andlegur Ísraelsmaður, smurður til að prédika ríki Guðs.

Fljótlega sjá þeir sem fyrst voru ráðnir að lærisveinar Jesú hafa fengið laun sín greidd, og þeir sjá þá nota táknræna denarinn. En þeir vilja fá meira en heilagan anda og sérréttindi Guðsríkis sem honum eru tengd. Mögl þeirra og mótmæli birtast í ofsóknum á hendur lærisveinum Krists, „síðustu“ verkamönnunum í víngarðinum.

Uppfylltist dæmisaga Jesú aðeins á fyrstu öld? Nei, sökum stöðu sinnar og ábyrgðar voru klerkar kristna heimsins núna á 20. öldinni ráðnir ‚fyrstir‘ til starfa í táknrænum víngarði Guðs. Þeir töldu að vígðir prédikarar á vegum Biblíu- og smáritafélagsins Varðturninn fengju manna ‚síðastir‘ viðurkenningu sem verkamenn í þjónustu Guðs. En í reynd voru það þeir sem klerkarnir fyrirlitu sem fengu denarinn — þann heiður að vera smurðir erindrekar ríkis Guðs á himnum.

Matteus 19:30–20:16.

- Hvað táknar víngarðurinn? Hvern táknar víngarðseigandinn og verkamennirnir sem unnu tólf stundir og eina stund?
- Hvenær lauk hinum táknræna vinnudegi og hvenær voru launin greidd?
- Hvað táknar denarinn sem greiddur var í laun?

Lærisveinarnir þrátta er dauði Jesú nálgast

JESÚS og lærisveinar hans eru staddir nálægt Jórdan þar sem þeir fara yfir frá Pereu til Júdeu. Nú er aðeins vika til páska, þannig að margir fleiri eru í för með þeim.

Jesús gengur á undan lærisveinunum sem eru forviða yfir dirfsku hans og einbeitni. Þú manst að fáeinum vikum áður, þegar Lasarus dó og Jesús var í þann mun að fara frá Pereu til Júdeu, hvatti Tómas hina: „Vér skulum fara líka til að deyja með honum.“ Þú manst líka að æðstaráðið lagði á ráðin um að drepa Jesú eftir að hann reisti Lasarus upp frá dauðum. Það er engin furða að lærisveinarnir skuli vera hræddir að koma aftur til Júdeu.

Jesús vill búa postulana tólf undir það sem framundan er og fer með þá afsíðis og segir: „Nú förum vér upp til Jerúsalem. Þar verður Mannssonurinn framseldur æðstu prestum og fræðimönnum. Þeir munu dæma hann til dauða og framselja hann heiðingjum. Og þeir munu hæða hann, hrækja á hann, húðstrýkja og lífláta, en eftir þrjá daga mun hann upp rísa.“

Þetta er í þriðja sinn á fáeinum mánuðum sem Jesús segir lærisveinunum frá dauða sínum og upprisu, en þótt þeir hlýði á hann skilja þeir ekki hvað hann er að segja. Kannski kemur það til af því að þeir trúu að Ísraelsríki verði endurreist á jörð og hlakka til vegsemdar og virðingar í jarðnesku ríki með Kristi.

Salóme, móðir postulanna Jakobs og Jóhannesar, er meðal ferðafólksins sem er á leið til páskahátíðarinnar. Jesús kallaði þá bræður „Þrumusyni,“ eflaust sökum skaphita þeirra. Tvímenningarnir hafa um tíma alið þá von í brjósti að hljóta háa stöðu í ríki Krists, og þeir hafa sagt móður sinni frá. Hún kemur nú fyrir þeirra hönd að máli við Jesú, lýtur honum og segist vilja biðja hann bónar.

„Hvað viltu?“ spyr Jesús.

Hún svarar: „Lát þú þessa tvo syni mína sitja þér við hlið í ríki þínu, annan til hægri handar þér og hinn til vinstri.“

Jesús veit hvaðan beiðnin er ættuð og segir við Jakob og Jóhannes: „Þið vitið ekki, hvers þið biðjið. Getið þið drukkið þann kaleik, sem ég á að drekka?“

„Það getum við,“ svara þeir. Enda þótt Jesús sé nýbúinn að segja þeim að hans biði hræðilegar ofsóknir og síðan aftaka virðast þeir ekki skilja að „kaleikurinn,“ sem hann á að drekka, merkir það.

En Jesús segir þeim: „Kaleik minn munuð þið drekka. En mitt er ekki að veita, hver situr mér til hægri handar eða vinstri. Það veitist þeim, sem það er fyrirbúið af föður mínum.“

Hinir postularnir tíu komast að raun um hvað Jakob og Jóhannes hafa farið fram á og reiðast. Hugsanlegt er að þeir bræður hafi látið mikið að sér kveða í fyrri deilu postulanna um það hver þeirra væri mestur. Beiðni þeirra nú sýnir að þeir hafa ekki tekið til sín ráðleggingar Jesú í málinu. Því miður eru þeir enn áfjáðir í virðingarstöðu.

Jesús kallar því postulana tólf saman til að setja niður þessa síðustu deilu og óvildina sem hún hefur skapað. Hann leiðbeinir þeim hlýlega og segir: „Þér vitið, að þeir, sem ráða fyrir þjóðum, drottna yfir þeim, og höfðingjar láta menn kenna á valdi sínu. En eigi sé svo meðal yðar, heldur sé sá, sem mikill vill verða meðal yðar, þjónn yðar.“

Jesús hefur gefið fordæmi sem þeir ættu að líkja eftir og segir: „Eins og Mannssonurinn er ekki kominn til þess að láta þjóna sér, heldur til



að þjóna og gefa líf sitt til lausn-argjalds fyrir marga.“ Jesús hefur ekki aðeins þjónað öðrum heldur á hann eftir að deyja fyrir mannkynið! Lærisveinarnir þurfa að hafa sama hugarfar og hann, þrá að þjóna öðrum í stað þess að láta þjóna sér, og vera minnstir í stað þess að sækjast eftir áberandi stöðu. **Matteus 20:**

17-28; Markús 3:17; 9:33-37; 10:32-45, vers 32 samkvæmt

Bíbliunni 1912; Lúkas 18:31-34; Jóhannes 11:16.

- Af hverju eru lærisveinarnir hræddir?
- Hvernig býr Jesús lærisveinana undir það sem framundan er?
- Hvaða bónar er Jesús beðinn og hvaða áhrif hefur það á hina postulana?
- Hvernig leiðbeinir Jesús postulunum?

Jesús kennir í Jeríkó

STUTTU síðar kemur Jesús og mannfjöldinn, sem er í för með honum, til Jeríkó, borgar sem er um eina dagleið frá Jerúsalem. Jerikóborg skiptist að því er virðist í tvo hluta. Nýi rómverski borgarhlutinn er í um það bil hálfis annars kílómetra fjarlægð frá hinni gömlu borg Gyðinga. Hópurinn er á leið frá gamla borgarhlutanum til hins nýja þegar tveir blindir beiningamenn eða betlarar heyra að fólk er á ferð. Annar þeirra heitir Bartimeus.

Þegar Bartimeus og félagi hans komast að raun um að það er Jesús sem á leið hjá taka þeir að hrópa: „Herra, miskunna þú okkur, sonur Davíðs!“ Fólkið hastar á þá en þeir hækka róminn og hrópa enn meir: „Herra, miskunna þú okkur, sonur Davíðs!“

Jesús nemur staðar þegar hann heyrir lætin. Hann biður þá sem með honum eru að kalla á mennina sem hrópa. Þeir fara til blindu betlaranna og segja við annan þeirra: „Vertu hughraustur, staddu upp, hann kallar á þig.“ Ákafur kastar blindi maðurinn frá sér yfirhöfninni, sprettur á fætur og gengur til Jesú.

„Hvað viljið þið að ég gjöri fyrir ykkur?“ spyr Jesús.

„Herra, lát augu okkar opnast,“ biðja blindu mennirnir tveir.


Jesús kennir í brjósti um þá og snertir augu þeirra. Að sögn Markúsar segir Jesús við annan þeirra: „Far þú, trú þín hefur bjargað þér.“ Blindu betlararnir fá sjónina þegar í stað og eflaust taka þeir báðir að lofa Guð. Þegar mannfjöldinn sér hvað gerst hefur taka allir að vegsama Guð. Bartimeus og félagi hans fylgja Jesú þegar í stað.

Gífurlegur mannfjöldi er á leið Jesú gegnum Jeríkó. Allir vilja sjá manninn sem læknaði blindu mennina. Fólkið þrengir svo að Jesú úr öllum áttum að sumir koma ekki einu sinni auga á hann. Einn þeirra er Sakkeus, yfirtollheimtumaður í

Jeríkó og nágrenni. Hann er svo lítill vexti að hann sér ekki hvað fram fer.

Sakkeus hleypur því á undan og klifrar upp í mórberjatré þar sem leið Jesú liggur. Þaðan hefur hann góða yfirsýn yfir allt sem fram fer.

Þegar mannfjöldinn nálgast kallar Jesús upp í tréð: „Sakkeus, flýt þér ofan, í dag ber mér að vera í húsi þínu.“ Sakkeus klifrar glaður ofan úr trénu og flýtir sér heim til að taka á móti þessum virta gesti.



En þegar fólkið sér hvað er á seyði tekur það að mögla. Því finnst óviðeigandi að Jesús skuli vera gestur í húsi slíks manns. Sakkeus hefur nefnilega auðgast af því að hafa fé ranglega af fólki við skattheimtuna.

Margt manna fylgir Jesú og þegar hann fer inn á heimili Sakkeusar kvarta þeir: „Hann fer til að gista hjá bersyndugum manni.“ Jesús eygir hins vegar möguleika á að Sakkeus iðrist gerða sinna, og hann verður ekki fyrir vonbrigðum því að Sakkeus stendur upp og tilkynnir: „Herra, helming eigna minna gef ég fátækum, og hafi ég haft nokkuð af nokkrum, gef ég honum ferfalt aftur.“

Sakkeus sannar að iðrun hans sé einlæg með því að gefa fátækum helming eigna sinna og nota hinn helminginn til að endurgreiða þeim sem hann hefur svikið fé af. Ætla má að hann geti reiknað út eftir skattaskrár sínum hve mikið hann skuldar þessu fólki. Hann heitir því að endurgjalda það ferfalt í samræmi við lög Guðs sem segja: „Ef maður stelur sauð, þá gjaldi hann aftur fjóra sauði fyrir einn sauð.“

Jesús gleðst yfir því að Sakkeus skuli heita að útbyta eignum sínum því hann segir: „Í dag hefur hjálpræði hlotnast húsi þessu, enda er þessi maður líka Abrahams sonur. Því að Manns-sonurinn er kominn að leita að hinu týnda og frelsa það.“

Skömmu áður lýsti Jesús stöðu ‚hinna týndu‘ með dæmisög- unni um glataða soninn. Nú höfum við áþreifanlegt dæmi um týndan mann sem fannst. Enda þótt trúarleiðtogarnir og fylgismenn þeirra mögla og kvarti yfir því að Jesús skuli sinna fólki eins og Sakkeusi heldur hann áfram að leita þessara týndu sona Abrahams og reisa þá við.

Matteus 20:29-34; Markús 10:

46-52; Lúkas 18:35-19:10; 2. Mósebók 22:1.

- Hvar hittir Jesús blindu betlarana tvo að því er virðist og hvað gerir hann fyrir þá?
- Hver er Sakkeus og hvers vegna klifrar hann upp í tré?
- Hvernig sannar Sakkeus iðrun sína?
- Hvaða lærdóm getum við dregið af framkomu Jesú við Sakkeus?

Dæmisagan um pundin

VERA má að Jesús sé enn heima hjá Sakkeusi þar sem hann kom við á leiðinni til Jerúsalem. Lærisveinar hans halda að þegar þeir komi til Jerúsalem muni hann lýsa yfir að hann sé Messías og stofnsetja ríki sitt. Hann segir því dæmisögu til að leiðrétta þá og sýna þeim fram á að Guðsríki sé enn fjarri.

„Maður nokkur tiginborinn fór í fjarlægt land til þess að taka við konungdómi og koma síðan aftur,“ segir hann. Jesús er ‚tiginborni maðurinn‘ og himinninn er ‚fjarlæga landið.‘ Þegar Jesús kemur þangað mun faðir hans veita honum konungdóm.

En áður en tiginborni maðurinn fer kallar hann til sín tíu þjóna og fær hverjum um sig silfurpund og segir: „Verslið með þetta, þangað til ég kem.“ Í byrjunaruppfyllingunni tákna þjónarnir tíu fyrstu lærisveina Jesú. Í viðtækara samhengi tákna þeir alla væntanlega samerfingja hans að ríkinu á himnum.

Silfurpund er býsna verðmætt því að það svarar til þriggja mánaða launa landbúnaðarverkamanns. En hvað tákna pundin og hvers konar verslun eiga þjónarnir að stunda með þau?

Pundin tákna eigur sem andagetnir lærisveinar gátu notað til að safna fleiri erfingjum að hinu fyrirheitna, himneska ríki uns Jesús kæmi sem konungur þess. Eftir að hann var upprisinn og birtist lærisveinunum fékk hann þeim hin táknrænu pund til að gera fleiri menn að lærisveinum og bæta við himnaríkishópinn.

„En landar [tiginborna mannsins] hötuðu hann,“ heldur Jesús áfram, „og gerðu sendimann á eftir honum til að segja: ‚Vér viljum ekki, að þessi maður verði konungur yfir oss.‘“ Landarnir eru Ísraelsmenn eða Gyðingar aðrir en lærisveinar hans. Eftir burtför Jesú til himna ofsækja þessir Gyðingar

lærisveina hans og láta þar með í ljós að þeir vilji hann ekki sem konung. Þannig voru þeir eins og samlandar tiginborna mannsins sem gerðu út sendimanninn á eftir honum.

Hvernig nota þessir tíu þjónar pundin? Jesús segir: „Nú kom hann aftur og hafði tekið konungdóm. Þá lét hann kalla fyrir sig þjóna þá er hann hafði selt féð í hendur, til þess að vita, hvað hver hefði grætt. Hinn fyrsti kom og sagði: ‚Herra, pund þitt hefur ávaxtast um tíu pund.‘ Konungur sagði við hann: ‚Gott, þú góði þjónn, þú varst trúr í mjög litlu og því skaltu ráða fyrir tíu borgum.‘ Annar kom og sagði: ‚Pund þitt, herra, hefur gefið af sér fimm pund.‘ Hann sagði eins við hann: ‚Þú skalt og vera yfir fimm borgum.‘“

Þjónninn með tíu pundin tákna hóp lærisveina frá og með hvítasunnunni árið 33 fram til okkar daga, þeirra á meðal postulana. Þjónninn með fimm pundin tákna líka hóp á sama tímabili sem eykur eigur konungsins á jörð í samræmi við hæfni sína og aðstæður. Báðir hóparnir prédika fagnaðar-erindið um ríkið kostgæfilega með þeim árangri að margir með rétt hjartalag gerast kristnir. Níu þjónar versluðu með það sem þeim var fengið og ávöxtuðu það.


„Enn kom einn,“ heldur Jesús áfram, „og sagði: ‚Herra, hér er pund þitt. Ég hef haft það geymt í dúki, því að ég var hræddur við þig, en þú ert maður strangur og tekur það út, sem þú lagðir ekki inn, og uppsker það, sem þú sáðir ekki.‘ Hann segir við hann: ‚Illu þjónn, eftir orðum þínum dæmi ég þig. Þú vissir, að ég er maður strangur, sem tek það út, sem ég lagði ekki inn, og uppsker það, sem ég sáði ekki. Hvers vegna léstu þá ekki fé mitt í banka? Þá hefði ég fengið það með vöxtum, er ég kom heim.‘ Og hann sagði við þá er hjá voru: ‚Takið af honum pundið, og fáið þeim, sem hefur tíu pundin.‘“

Missir hins táknræna punds merkir að illi þjónninn missir af því að vera í ríkinu á himnum. Hann missir þau sérréttindi að ríkja yfir tíu borgum eða fimm borgum ef svo má segja.

Og við tökum eftir að þjónninn er ekki dæmdur illur vegna neinna illskuverka heldur fyrir að vinna ekki að því að auka ríkisfé húsbónda síns.

Menn hreyfa mótmælum þegar pund illa þjónsins er fengið fyrsta þjóninum: „Herra, hann hefur tíu pund.“ En Jesús svarar: „Hverjum sem hefur, mun gefið verða, og frá þeim sem eigi hefur, mun tekið verða jafnvel það, sem hann hefur. En þessa óvini mína, sem vildu ekki að ég yrði konungur yfir sér, færið þá hingað og höggvið þá frammi fyrir mér.“ **Lúkas 19: 11-27; Matteus 28:19, 20.**

- Hvert er tilefnið að dæmisögu Jesú um pundin?
- Hver er tiginborni maðurinn og hvert er landið sem hann fer til?
- Hverjir eru þjónarnir og hvað tákna pundin?
- Hverjir eru landar mannsins og hvernig sýna þeir hatur sitt?
- Af hverju er einn þjónninn kallaður illur og hvað merkir það að pundið skuli tekið af honum?



Í húsi Símonar í Betaníu

FRÁ Jeríkó heldur Jesús til Betaníu. Leiðin er um 19 kílómetrar, torfær og hallar upp í móti, þannig að þetta er næstum dagsferð. Jeríkó liggur í 250 metra hæð undir sjávarmáli en Betanía í um 760 metra hæð yfir sjávarmáli. Þú manst kannski að Lasarus og systur hans eiga heima í Betaníu sem er smáþorp í austurhlíð Oliufjallsins, um þrjá kílómetra frá Jerúsalem.

Margir eru komnir til Jerúsalem að halda páska. Menn koma tímanlega til að hreinsa sig trúarlega. Vera má að þeir hafi snert lík eða gert eitthvað annað sem gerir þá óhreina. Þeir fylgja því vissum hreinsunarákvæðum til að geta haldið páska sómasamlega. Þegar þessir snemmkomnu gestir safnast saman í musterinu ræða þeir sín í milli hvort Jesús komi til páskahátíðarinnar.

Jesús er afar umdeildur í Jerúsalem. Það er á allra vitorði að trúarleiðtogarnir vilja taka hann og lífláta. Reyndar hafa þeir fyrirskipað að hver sá sem viti af dval-



arstað hans skuli gera þeim viðvart. Þrívígis á undanförunum mánuðum hafa þessir leiðtogar reynt að ráða Jesú af dögum — á laufskálahátíðinni, vígsluhátíðinni og eftir að hann reisti Lasarus upp frá dauðum. Fólk veltir því fyrir sér hvort Jesús sýni sig opinberlega enn einu sinni. „Hvað haldið þið?“ spyrja þeir hver annan.

Jesús kemur til Betaníu sex dögum fyrir páska sem ber upp á 14. nisan samkvæmt almanaki Gyðinga. Þetta er einhvern tíma að áliðnum föstudegi, um það leyti sem 8. nisan rennur upp. Ekki hefur hann getað ferðast til Betaníu á laugardegi því að lög Gyðinga takmarka ferðalög á hvíldardegi — frá sólsetri á föstudegi til sólseturs á laugardegi. Sennilega fer Jesús heim til Lasarusar eins og hann hefur áður gert og er þar um nóttina.

Annar Betaniubúi býður Jesú og félögum hans til kvöldverðar á laugardag. Þetta er Símon sem var holdsveikur áður og hugsanlegt er að Jesús hafi læknað. Marta er sjálfri sér lík og gengur um beina og eins og venjulega sinnir María Jesú sérstaklega, en í þetta sinn verður það tilefni deilna.



María opnar alabastursflösku sem inniheldur um pund af ‚ómenguðum nardussmyrslum.‘ Þetta er mjög dýr ilmolia, metin á hér um bil árslaun! Ilmurinn fyllir húsið þegar María hellir oliunni yfir höfuð Jesú, smyr fætur hans með henni og þerrar með hári sínu.

Lærisveinarnir reiðast og spyrja: „Til hvers er þessi sóun?“ og Júdas Ískariot segir: „Hví voru þessi smyrsl ekki seld fyrir þrjú hundruð denara og gefin fátækum?“ Júdas er reyndar ekki að hugsa um fátæka því hann hefur stolið úr sjóði lærisveinanna.

Jesús kemur Maríu til varnar. „Látið hana í friði!“ segir hann. „Hvað eruð þér að angra hana? Gott verk gjörði hún mér. Fátæka hafið þér jafnan hjá yður og getið gjört þeim gott, nær þér viljið, en mig hafið þér ekki ávallt. Hún gjörði það, sem í hennar valdi stóð. Hún hefur fyrirfram smurt líkama minn til greftrunar. Sannlega segi ég yður: Hvar sem fagnaðareringið verður flutt, um heim allan, mun og getið verða þess, sem hún gjörði, til minningar um hana.“

Jesús er búinn að vera meira en sólarhring í Betaníu og það hefur spurst út að hann sé þar. Margir koma því heim til Simonar til að sjá Jesú, en líka til að sjá Lasarus sem er meðal gesta. Æðstuprestarnir leggja þá á ráðin um að ráða bæði Jesú og Lasarus af dögum vegna þess að margir fara að trúá á Jesú af því að þeir sjá með eigin augum manninn sem hann reisti upp frá dauðum. Trúarleiddtogarnir eru sannarlega illskeyttir!
Jóhannes 11:55–12:11; Matteus 26:6-13; Markús 14:3-9; Postulasagan 1:12.

- Hvað er rætt um í musterinu í Jerúsalem og hvers vegna?
- Af hverju hlýtur Jesús að hafa komið til Betaníu á föstudegi en ekki laugardegi?
- Hvar eyðir Jesús líklega hvíldardeginum eftir að hann kemur til Betaníu?
- Hvað gerir María sem veldur deilum og hvernig kemur Jesús henni til varnar?
- Hvernig birtist mögnuð vonska æðstuprestanna?

Sigurreið Krists inn í Jerúsalem

MORGUNINN eftir, sunnudaginn 9. nísan, fer Jesús frá Betaníu ásamt lærisveinunum yfir um Olíufjallið í átt til Jerúsalem. Eftir skamma ferð koma þeir til Betfage sem stendur á Olíufjallinu. Jesús segir tveim af lærisveinunum:

„Farið í þorpið hér framundan ykkur, og jafnskjótt munuð þið finna ösnu bundna og fola hjá henni. Leysið þau og færið mér. Ef einhver hefur orð um, þá svarið: „Herrann þarf þeirra við,“ og mun hann jafnskjótt senda þau.“

Í fyrstu gera lærisveinarnir sér ekki grein fyrir því að þessi fyriræli komi uppfyllingu biblíuspádómanna við en síðar rennur það upp fyrir þeim. Spámaðurinn Sakaríá sagði fyrir að fyrirheitinn konungur Guðs myndi ríða inn í Jerúsalem á asna eða „ungum ösnufoða.“ Salómon konungur hafði einnig ríðið þannig á ösnufoða til smurningar sinnar.

Þegar lærisveinarnir koma til Betfage og taka folann og ösnuna spyrja nokkrir sem stóðu þar hjá: „Hvers vegna eruð þið að leysa folann?“ Þegar þeim er sagt að dýrin séu handa herranum leyfa þeir lærisveinunum að fara með þau til Jesú. Lærisveinarnir leggja yfirhafnir sínar á ösnuna og folann en Jesús stígur á bak folanum.

Fjöldi fólks þyrpist að þegar Jesús ríður til Jerúsalem. Flestir breiða yfirhafnir sínar á veginn en aðrir höggva lim af trjánnum og strá á veginn. „Blessaður sé sá sem kemur, konungurinn, í nafni [Jehóva],“ hrópa þeir. „Friður á himni og dýrð í upphæðum!“

Nokkrir farísear meðal mannfjöldans komast í uppnám vegna þessa og segja í kvörtunartón við Jesú: „Meistari, hasta þú á lærisveina þína.“ En Jesús svarar: „Ég segi yður, ef þeir þegja, munu steinarnir hrópa.“

Þegar Jesús nálgast Jerúsalem virðir hann hana fyrir sér og grætur yfir henni og segir: „Ef þú hefðir aðeins vitað á þessum degi, hvað til friðar heyrir! En nú er það hulið sjónum þínum.“ Jerúsalem þarf að gjalda þrjósku sinnar og óhlýðni eins og Jesús segir:

„Óvinir þínir [Rómverjar undir stjórn Titusar hershöfðingja] munu gjöra virki um þig, setjast um þig og þröngva þér á alla vegu. Þeir munu leggja þig að velli og börn þín, sem í þér eru, og ekki láta standa stein yfir steini í þér.“ Þessi eyðing Jerúsalem, sem Jesús spáir, á sér stað 37 árum síðar, árið 70.

Aðeins fáeinum vikum áður höfðu margir meðal mannfjöldans séð Jesú reisa Lazarus upp frá dauðum. Núna segja þeir öðrum frá þessu kraftaverki þannig að Jerúsalem er öll í uppnámi þegar hann kemur þangað. „Hver er hann?“ spyrja menn og fólkið svarar: „Það er spámaðurinn Jesús frá Nasaret í Galíleu.“ Þegar farisearnir sjá hvað fram fer mögla þeir yfir því að sér verði ekkert ágengt og segja: „Allur heimurinn eltir hann.“

Jesús fer í musterið að kenna eins og hann er vanur þegar hann kemur til Jerúsalem. Blindir og haltir koma til hans þar og hann lækna þá. Æðstuprestarnir og fræðimennirnir reiðast þegar þeir sjá dásemdarkerkin sem Jesús er að gera og heyra börnin hrópa í musterinu: „Hósanna syni Davíðs!“ „Heyrir þú, hvað þau segja?“ spyrja þeir gramir.




„Já,“ svarar Jesús, „hafið þér aldrei lesið þetta: „Af barna munnni og brjóstmylkinga býrðu þér lof?““

Jesús heldur áfram að kenna og virðir fyrir sér allt sem er í musterinu. Degi er tekið að halla og hann snýr aftur til Betaníu ásamt þeim tólf, um þriggja kílómetra leið. Hann er þar um nóttina, sennilega á heimili Lasarusar vinar síns.

Matteus 21:1-11, 14-17; Markús 11:1-11; Lúkas 19:29-44; Jóhannes 12:12-19; Sakaríá 9:9.

- Hvenær og hvernig kemur Jesús inn í Jerúsalem eins og konungur?
- Hve mikilvægt er að mannfjöldinn lofi Jesú?
- Hvernig er Jesú innanbrjósts þegar hann virðir Jerúsalem fyrir sér og hvaða spádóm ber hann fram?
- Hvað gerist þegar Jesús fer í musterið?



JESÚS og lærisveinarnir hafa verið þrjár nætur í Betaníu eftir komuna frá Jeríkó. Þeir eru nú á leið til Jerúsalem í morgunskímunni mánudaginn 10. nísan. Jesús er svangur. Hann kemur auga á laufgað fikjutré og gengur að því til að gá hvort hann finni fikjur.

Tréð hefur laufgast langt fyrir tímenn því að fikjutíminn er ekki fyrr en í júní en þetta er að áliðnum marsmánuði. En Jesús álitur greinilega að fikjurnar ættu að vera snemma á ferðinni fyrst lafið er það. Hann verður fyrir vonbrigðum. Tréð villir á sér heimildir með laufinu. Jesús formælir því trénu og segir: „Enginn neyti frammar ávaxtar af þér að eilífu!“ Morguninn eftir sést hvaða afleiðingar orð hans hafa og hvað það þýðir.


Jesús og lærisveinarnir halda áfram för sinni og koma til Jerúsalem skömmu síðar. Hann gengur í musterið sem hann hafði skoðað síðdegis daginn áður. En núna lætur hann hendur standa fram úr ermum líkt og hann gerði þrem árum áður þegar hann kom til páskahátíðarinnar árið 30. Jesús rekur út þá sem selja og kaupa í musterinu og hrindir um borðum víxlaranna og stólum dúfnasalanna. Hann leyfir ekki einu sinni að nokkur beri nokkuð um musterið.

Hann fordæmir þá sem víxla peningum eða selja dýr í musterinu og segir: „Er ekki ritað: „Hús mitt á að vera bænahús fyrir allar þjóðir?“ En þér hafið gjört það að ræningjabæli.“ Þeir eru ræningjar af því að þeir heimta okurverð af þeim sem eiga um lítið annað að velja en að kaupa af þeim dýr til fórnar. Jesús lítur því á þessi viðskipti sem nokkurs konar fjárkúgun eða rán.

Þegar æðstuprestarnir, fræðimennirnir og fyrirmenn þjóðarinnar fréttu hvað Jesús hefur gert leita þeir aftur leiða til að láta drepa hann. Þar með sanna þeir að þeir séu óforbetran-

legir. En þeir finna enga leið til að ryðja Jesú úr vegi því að fólkið eltir hann á röndum til að heyra hann tala.

Auk innfæddra Gyðinga eru menn af öðrum þjóðum komnir til að halda páska. Þetta eru trúskiptingar sem merkir að þeir hafa tekið Gyðingatrú. Nokkrir Grikkir, greinilega trúskiptingar, koma nú að máli við Filippus og biðja um að fá að sjá Jesú. Filippus fer til Andrésar, kannski til að spyrja hvort



það sé viðeigandi að koma á sliðum fundi. Jesús er greinilega enn í musterinu þar sem Grikkirnir geta séð hann.

Jesús veit að hann á aðeins fáeina daga ólifaða svo að hann lýsir stöðu sinni með góðu dæmi: „Stundin er komin, að Mannssonurinn verði gjörður dýrlegur. Sannlega, sannlega segi ég yður: Ef hveitikornið fellur ekki í jörðina og deyr, verður það áfram eitt. En ef það deyr, ber það mikinn ávöxt.“

Eitt hveitikorn er lítils virði. En hvað gerist ef því er sáð í jörð og það „deyr“ með því að ljúka ævinni sem fræ? Það spírar og loks vex upp af því stöngull sem ber mörg hveitikorn. Jesús er aðeins einn fullkominn maður, en ef hann deyr trúfastur Guði opnar hann trúföstum mönnum leiðina til eilífs lífs, þeim sem sýna sömu fórnfýsi og hann. Þess vegna segir hann: „Sá sem elskar líf sitt, glatar því, en sá sem hatar líf sitt í þessum heimi, mun varðveita það til eilífs lífs.“

Jesús er greinilega ekki að hugsa aðeins um sjálfan sig því hann heldur áfram: „Sá sem þjónar mér, fylgi mér eftir, og hvar sem ég er, þar mun og þjónn minn vera. Þann sem þjónar mér, mun faðirinn heiðra.“ Hvilík umbun fyrir að fylgja Jesú og þjóna honum! Faðirinn heiðrar þá með því að leyfa þeim að vera með Kristi í ríkinu.

Jesús er með hugann við hinar miklu þjáningar og kvalafulla dauða sem biður hans og bætir við: „Nú er sál mín skelfd, og hvað á ég að segja? Faðir, frelsa mig frá þessari stundu?“ Það væri óskandi að hann gæti umflúið það sem biður hans! En svo er ekki og hann segir: „Til þessa er ég kominn að þessari stundu.“ Jesús er sammála fyrirkomulagi Guðs í heild, meðal annars fórnardauða sínum. **Matteus 21:12, 13, 18, 19; Markús 11:12-18; Lúkas 19:45-48; Jóhannes 12:20-27.**

- Af hverju reiknar Jesús með að finna fikjur utan fikjutímans?
- Hvers vegna kallar Jesús þá ‚ræningja‘ sem selja í musterinu?
- Á hvaða hátt er Jesús eins og hveitikorn sem deyr?
- Hvernig lítur Jesús á þjáningarnar og dauðann sem biður hans?

Rödd Guðs heyrst þriðja sinni

TILHUGSUNIN um yfirvofandi dauða hefur lagst mjög þungt á Jesú meðan hann er í musterinu.

Fyrst og fremst hefur hann áhyggjur af þeim áhrifum sem þessi atburður hefur á orðspor föður hans og biður: „Faðir, gjör nafn þitt dýrlegt!“

Þá heyrst sterk rödd af himni: „Ég hef gjört það dýrlegt og mun enn gjöra það dýrlegt.“

Mannfjöldinn, sem þar er hjá, veit ekki hvaðan á sig stendur veðrið. „Engill var að tala við hann,“ segja sumir en aðrir halda því fram að þruma hafi riðið yfir. Í rauninni var það Jehóva Guð sem talaði! Þetta er þó ekki í fyrsta sinn sem Guð lætur rödd sína heyrast að Jesú við stöddum.



Jóhannes skírari heyrði Guð segja um Jesú við skírn hans þrem og hálfu ári áður: „Þessi er minn elskaði sonur, sem ég hef velþóknun á.“ Síðan, einhvern tíma eftir síðustu páska þegar Jesús ummyndaðist frammi fyrir Jakobi, Jóhannesi og Péttri, heyrðu þeir Guð lýsa yfir: „Þessi er minn elskaði sonur, sem ég hef velþóknun á. Hlýðið á hann!“ Og núna, 10. nísan, fjórum dögum fyrir dauða Jesú, heyrta menn rödd Guðs í þriðja sinn. En í þetta sinn talar Jehóva í áheyrn mikils mannfjölda!

Jesús segir: „Þessi rödd kom ekki mín vegna, heldur yðar vegna.“ Hún sannar að hann sé raunverulega sonur Guðs, hinn fyrirheitni Messías. „Nú gengur dómur yfir þennan heim,“ heldur Jesús áfram. „Nú skal höfðingja þessa heims út kastað.“ Trúfesti Jesú staðfestir í reynd að Satan djöfullinn, höfðingi heimsins, verðskuldi að honum sé „út kastað,“ tortímt.

Jesús bendir á afleiðingarnar af yfirvofandi dauða sínum: „Og þegar ég verð hafinn upp frá jörðu, mun ég draga alla til mín.“ Dauði hans er alls enginn ósigur því að með honum dregur hann aðra til sín svo að þeir geti hlotið eilíft líf.

En mannfjöldinn mótmælir: „Lögmálið segir oss, að Kristur muni verða til eilífðar. Hvernig getur þú sagt, að Mannssonurinn eigi að verða upp hafinn? Hver er þessi Mannssonur?“

Þrátt fyrir öll sönnunargögnin, meðal annars Guðs eigin rödd af himni, trúa fæstir að Jesús sé hinn *sanni* Mannssonur, hinn fyrirheitni Messías. En Jesús talar aftur um sig sem „ljósið“ eins og hann gerði sex mánuðum áður á laufskálahátíðinni og hvetur áheyrendur sína: „Trúið á ljósið, meðan þér hafið ljósið, svo að þér verðið börn ljóssins.“ Að svo mæltu fer hann burt og í felur, eflaust af því að líf hans er í hættu.

Með því að trúa ekki á Jesú uppfylla Gyðingar þau orð Jesaja að ‚augu manna séu blinduð og hjörtu þeirra forhert svo að þeir snúa sér ekki og læknastr.‘ Jesaja sá himneska hirð Jehóva í sýn, og sér þar Jesú í dýrð sinni hjá Jehóva áður en hann varð maður. En Gyðingar uppfylla orð Jesaja með því að hafna þrjúskufullir sönnununum fyrir því að Jesús sé hinn fyrirheitni frelsari þeirra.

Hins vegar trúa jafnvel margir af höfðingjunum (sem trúlega sátu í hæstarétti Gyðinga, æðstaráðinu) á Jesú, þeirra á meðal Nikódemus og Jósef frá Arímaþeu. En höfðingjarnir játa ekki trú sína opinberlega því þeir óttast að verða reknir úr stöðu sinni í samkundunni. Þeir missa aldeilis af miklu!

Jesús segir síðan: „Sá sem trúir á mig, trúir ekki á mig, heldur þann sem sendi mig, og sá sem sér mig, sér þann er sendi mig. . . . Ef nokkur heyrir orð mín og gætir þeirra ekki, þá dæmi ég hann ekki. Ég er ekki kominn til að dæma heiminn, heldur til að frelsa heiminn. . . . Orðið, sem ég hef talað, verður dómari hans á efsta degi.“

Kærleikur Jehóva til mannheimsins fékk hann til að senda Jesú svo að þeir sem tækju trú á hann gætu frelsast. Frelsunin er undir því komin að hlýða því sem Guð fól Jesú að tala. Dómurinn á sér stað „á efsta degi,“ í þúsundarári Krists.

Jesús segir að lokum: „Ég hef ekki talað af sjálfum mér, heldur hefur faðirinn, sem sendi mig, boðið mér, hvað ég skuli segja og hvað ég skuli tala. Og ég veit, að boðorð hans er eilíft líf. Það sem ég tala, það tala ég því eins og faðirinn hefur sagt mér.“

Jóhannes 12:28-50; 19:38, 39; Matteus 3:17;

17:5; Jesaja 6:1, 8-10.

- Við hvaða þrjú tækifæri heyrðist rödd Guðs að Jesú viðstöddum?
- Hvernig sá spámaðurinn Jesaja dýrð Jesú?
- Hvaða höfðingjar trúu á Jesú en hvers vegna játa þeir það ekki opinberlega?
- Hver er ‚efsti dagur‘ og eftir hverju verður fólk dæmt þá?

Örlagaríkur dagur rennur upp


JESÚS fer til Betaníu í austurhlíð Oliufjallsins þegar hann yfirgefur Jerúsalem á mánudagskvöldi. Tveir dagar eru liðnir af lokapjónustu hans í Jerúsalem. Eflaust gistir hann aftur hjá vini sínum Lasarusi um nóttina. Hann kom frá Jerikó á föstudegi svo að þetta er fjórða nóttin hans í Betaníu.

Árla morguns þriðjudaginn 11. nisan er hann aftur á leið til Jerúsalem ásamt lærisveinunum. Þessi dagur á eftir að reynast örlagaríkur og sá annasamasti í þjónustu Jesú fram til þessa. Þetta er síðasti dagurinn sem hann sýnir sig í musterinu og síðasti dagurinn sem hann prédikar meðal almennings fyrir réttarhöld sín og aftöku.

Jesús og lærisveinarnir fara sömu leið yfir Ólíufjallið til Jerúsalem og áður. Pétur kemur auga á fikjutréd sem Jesús formælti við veginn frá Betaníu morguninn áður. „Rabbí, sjáðu! fikjutréd, sem þú formæltir, er visnað,“ segir hann.

Af hverju drap Jesús tréd? Það kemur fram í svari hans: „Sannlega segi ég yður: Ef þér eigið trú og efist ekki, getið þér ekki aðeins gjört slíkt sem fram kom við fikjutréd. Þér gætuð enda sagt við fjall þetta [Ólíufjallið sem þeir standa á]: ‚Lyft þér upp, og steyp þér í hafið,‘ og svo mundi fara. Allt sem þér biðjið í bæn yðar, munuð þér öðlast, ef þér trúið.“

Með því að láta fikjutréd visna er Jesús því að



kenna lærisveinunum hve mikilvægt sé að trúa á Guð. Hann segir: „Hvers sem þér biðjið í bæn yðar, þá trúið, að þér hafið öðlast það, og yður mun það veitast.“ Þetta er þýðingarmikill



lærdómur, einkum í ljósi þeirra erfiðu prófrauna sem þeir eiga í vændum. En það er líka annað samband milli trúarstaðfestu og fikjutrésins sem visnaði.

Ísraelsþjóðin villir á sér heimildir líkt og fikjutréd. Enda þótt þjóðin sé í sáttmálasambandi við Guð og virðist á yfirborðinu halda boð hans hefur hún sýnt að hún hefur enga trú og ber ekki góðan ávöxt. Vegna trúleysis er hún jafnvel í þann mund að hafna Guðs eigin syni! Með því að láta ófrjóa fikjutréd visna er Jesús að sýna skýrt og greinilega fram á hvernig fari að lokum fyrir þessari trúlausu þjóð sem engan ávöxt ber.

Stuttu síðar eru Jesús og lærisveinarnir komnir til Jerúsalem og halda eins og venjulega til musterisins þar sem Jesús tekur að kenna. Æðstuprestarnir og öldungarnir skora á hann, eflaust minnugir þess sem hann gerði daginn áður gagnvart víxlurunum: „Með hvaða valdi gjörir þú þetta? Hver gaf þér þetta vald?“

Jesús svarar: „Ég vil og leggja eina spurningu fyrir yður. Ef þér svarið mér, mun ég segja yður, með hvaða valdi ég gjöri þetta. Hvaðan var skírn Jóhannesar? Frá himni eða frá mönnum?“

Prestarnir og öldungarnir ráðgast hver við annan hvernig þeir eigi að svara. „Ef vér svörum: ‚Frá himni,‘ spyr hann: ‚Hví trúðuð þér honum þá ekki?‘ Ef vér segjum: ‚Frá mönnum,‘ megum vér óttast lýðinn, því að allir telja Jóhannes spámann.“

Leiðtogarnir vita ekki hverju þeir eiga að svara svo þeir segja: „Vér vitum það ekki.“

Jesús svarar þá: „Ég segi yður þá ekki heldur, með hvaða valdi ég gjöri þetta.“ **Matteus 21:19-27; Markús 11:19-33; Lúkas 20:1-8.**

- Hvað er sérstakt við þriðjudaginn 11. nísan?
- Hvað er Jesús að kenna með því að láta fikjutréd visna?
- Hvernig svarar Jesús þeim sem spyrja með hvaða valdi hann geri það sem hann gerir?

Dæmisögur um víngarðinn afhjúpa þá

JESÚS er í musterinu. Hann er nýbúinn að stinga upp í trúarleiddtogana sem heimtuðu að fá að vita með hvaða valdi hann gerði það sem hann gerði. En áður en þeir ná áttum spyr Jesús: „Hvað virðist yður?“ Síðan segir hann dæmisögu til að sýna fram á hvers konar menn þeir séu í raun og veru.

„Maður nokkur átti tvo sonu,“ segir Jesús. „Hann gekk til hins fyrra og sagði: ‚Sonur minn, far þú og vinn í dag í víngarði mínum.‘ Hann svaraði: ‚Það vil ég ekki.‘ En eftir á sá hann sig um hönd og fór. Þá gekk hann til hins síðara og mælti á sömu leið. Hann svaraði: ‚Já, herra,‘ en fór hvergi. Hvor þeirra tveggja gjörði vilja föðurins?“

„Sá fyrri,“ svara andstæðingarnir.

Þá segir Jesús: „Sannlega segi ég yður: Tollheimtumenn og skækjur verða á undan yður inn í Guðs ríki.“ Segja má að tollheimtumenn og skækjur hafi í fyrstu neitað að þjóna Guði en síðan iðrast og þjónað honum líkt og fyrri sonurinn. Trúarleiddtogarnir sögðust hins vegar þjóna Guði líkt og síðari sonurinn, svo Jesús segir við þá: „Jóhannes [skírari] kom til yðar og vísaði veg réttlætis, og þér trúðuð honum ekki, en tollheimtumenn og skækjur trúðu honum. Það sáuð þér, en snerust samt ekki síðar og trúðuð honum.“

Því næst sýnir hann fram á að trúarleiddtogarnir hafi ekki aðeins vanrækt að þjóna Guði heldur séu þeir bæði illir og óguðlegir. Hann segir: „Landeigandi nokkur plantaði víngarð. Hann hlóð garð um hann, gróf fyrir vínþröng og reisti turn, seldi hann síðan vínyrkjum á leigu og fór úr landi. Þegar ávaxtatíminn nálgast, sendi hann þjóna sína til vínyrkjanna að fá ávöxt sinn. En vínyrkjarnir tóku þjóna hans,

börðu einn, drápu annan og grýttu hinn þriðja. Aftur sendi hann aðra þjóna, fleiri en þá fyrri, og eins fóru þeir með þá.“

„Þjónarnir“ eru spámennirnir sem „landeigandinn“, Jehóva Guð, sendi til „vínrykjanna“ í „víngarði“ sínum. Þessir vínrykjar eru fulltrúar og leiðtogar Ísraelsþjóðarinnar sem Biblían kallar „víngarð“ Guðs.

„Vínrykjarnir“ misþyrma og drepa „þjónana“ svo Jesús heldur áfram: „Síðast sendi [landeigandinn] til þeirra son sinn og sagði: „Þeir munu virða son minn.“ Þegar vínrykjarnir sáu soninn, sögðu þeir sín á milli: „Þetta er erfinginn. Föllum og drepum hann, og náum arfi hans.“ Og þeir tóku hann, köstuðu honum út fyrir víngarðinn og drápu hann.“



Síðan spyr Jesús trúarleiðtogana: „Hvað mun nú eigandi víngarðsins gjöra við vínrykja þessa, þegar hann kemur?“

Þeir svara: „Þeim vondu mönnum mun hann vægðarlaust tortíma og selja víngarðinn öðrum vínrykjum á leigu, sem gjalda honum ávöxtinn á réttum tíma.“

Trúarleiðtogarnir eru þannig óafvitandi búnir að dæma sjálfa sig því að þeir teljast til „vínrykjanna“ í ‚víngarði‘ Jehóva sem var Ísraelsþjóðin. Ávöxturinn, sem Jehóva ætlast til af þessum vínrykjum, er trú á son hans, hinn sanna Messías. En þeir bera ekki slíkan ávöxt svo að Jesús varar þá við: „Hafið þér aldrei lesið í ritningunum [í Sálmi 118:22, 23]: Sá steinn, sem smiðirnir höfnuðu, er orðinn hyrningarsteinn.

Þetta er verk [Jehóva], og undursamlegt er það í augum vorum. Þess vegna segi ég yður: Guðs ríki verður frá yður tekið og gefið þeirri þjóð, sem ber ávexti þess. Sá sem fellur á þennan stein, mun sundur molast, og þann sem hann fellur á, mun hann sundur merja.“

Nú skilja fræðimennirnir og ædstuprestarnir að Jesús á við þá og vilja drepa hann, hinn réttmæta ‚erfingja‘. Þau sérrettindi að vera stjórnendur í ríki Guðs verða því tekin frá þeim sem þjóð og ný þjóð ‚vínrykja‘ mynduð sem ber góðan ávöxt.

Trúarleiðtogarnir óttast fólkið, sem telur Jesú vera spámann, og reyna ekki að drepa hann að þessu sinni.

Matteus 21:28-46; Markús 12:1-12;

Lúkas 20:9-19; Jesaja 5:1-7.

- Hverja tákna synirnir tveir í fyrri dæmisögu Jesú?
- Hvern tákna ‚landeigandinn‘, ‚víngarðurinn‘, ‚vínrykjarnir‘, ‚þjónarnir‘ og ‚erfinginn‘ í síðari dæmisögunni?
- Hvað verður um ‚vínrykjana‘ og hverjir koma í þeirra stað?




Dæmisagan um brúðkaupsveisluna

JESÚS hefur afhjúpað fræðimennina og æðstuprestana með tveim dæmisögum og þeir vilja hann feigan. En Jesús er ekki skilinn að skiptum við þá og segir þeim þriðju dæmisöguna:

„Líkt er um himnaríki og konung einn, sem gjörði brúðkaup sonar síns. Hann sendi þjóna sína að kalla til brúðkaupsins þá, sem boðnir voru, en þeir vildu ekki koma.“

Jehóva Guð er konungurinn sem undirbýr brúðkaupsveislu sonar síns, Jesú Krists. Þegar þar að kemur verður brúður Jesú, 144.000 smurðir fylgjendur hans, sameinuð honum á himnum. Þegnar konungsins eru Ísraelsmenn sem fengu tækifæri til að verða „prestaríki“ með tilkomu laga-sáttmálans árið 1513 f.o.t. Þeim var því upphaflega boðið til brúðkaupsins þá.

Fyrra kallið til boðsgestanna kom þó ekki fyrr en haustið 29 þegar Jesús og lærisveinar hans (þjónar konungsins) tóku að prédika Guðsríki. En Ísraelsmenn að holdinu, sem þjónarnir kölluðu frá árinu 29 til 33, vildu ekki koma.




Guð gaf hinni boðnu þjóð þá annað tækifæri eins og Jesús greinir frá:

„Aftur sendi hann aðra þjóna og mælti: „Segið þeim, sem boðnir voru: Veislu mína hef ég búið, uxum mínum og alifé er slátrað, og allt er tilbúið, komið í brúðkaupið.““ Þetta síðara kall til boðsgestanna hófst á hvítasunnunni árið 33 þegar heilögum anda var úthellt yfir fylgjendur Jesú og því var fram haldið til ársins 36.

En langflestir Ísraelsmenn skeyttu ekki heldur þessu kalli. „Einn fór á akur sinn, annar til kaupskapar síns, en hinir tóku þjóna hans, misþyrmdu þeim og drápu,“ segir Jesús og heldur áfram: „Konungur reiddist, sendi út her sinn og lét tortíma morðingjum þessum og brenna borg þeirra.“ Það gerðist árið 70 þegar Rómverjar jöfnuðu Jerúsalem við jörðu og drápu þessa morðingja.

Jesús útskýrir hvað gerðist þangað til: „Síðan segir [konungurinn] við þjóna sína: „Brúðkaupsveislan er tilbúin, en hinir boðnu voru ekki verðugir. Farið því út á vegamót, og bjóðið í brúðkaupið hverjum þeim sem þér finnið.““ Þjónarnir gerðu það „svo að brúðkaupssalurinn varð alskipaður gestum.“



Þessi gestasöfnun á vegum úti, utan borgarinnar þar sem boðsgestirnir bjuggu, hófst árið 36. Rómverski liðsforinginn Kornélius og fjölskylda hans voru fyrstu óumskornu mennirnir utan Gyðingabjórðarinnar sem safnað var. Samansöfnun þessara annarra þjóða manna í stað upphaflegra boðsgesta, sem skeyttu ekki kallinu, hefur haldið áfram allt fram á 20. öldina.

Það er á 20. öldinni sem brúðkaupssalurinn fyllist. Jesús segir hvað þá gerist: „Konungur gekk þá inn að sjá gestina og leit þar mann, sem var ekki búinn brúðkaupsklæðum. Hann segir við hann: ‚Vinur, hvernig ert þú hér kominn og ert ekki í brúðkaupsklæðum?‘ Maðurinn gat engu svarað. Konungur sagði þá við þjóna sína: ‚Bindið hann á höndum og fótum og varpið honum í ystu myrkur. Þar verður grátur og gnístran tanna.“

Maðurinn án brúðkaupsklæða tákna gervikristna menn kristna heimsins. Guð hefur aldrei viðurkennt þá sem andlega Ísraelsmenn því að þeir hafa ekki rétt auðkenni. Hann hefur aldrei smurt þá með heilögum anda sem erfingja Guðsríkis. Þeim er því kastað út í ystu myrkur þar sem þeir tortímast.

Jesús lýkur dæmisögunni og segir: „Því að margir eru kallaðir, en fáir útvaldir.“ Já, margir voru kallaðir eða boðnir úr Ísraelsþjóðinni til að verða hluti af brúði Krists en aðeins fáeinir útvaldir. Flestir gestanna 144.000, sem hljóta himneska umbun, eru útvaldir úr öðrum þjóðum. **Matteus 22: 1-14; 2. Mósebók 19:1-6; Opinberunarbókin 14:1-3.**

- Hverjum var upphaflega boðið til brúðkaupsveislunnar og hvenær?
- Hvenær eru boðsgestirnir fyrst kallaðir og hverjir eru þjónarnir sem kalla þá?
- Hvenær er kallað öðru sinni og hverjum er síðan boðið?
- Hverja tákna maðurinn án brúðkaupsklæða?
- Hverjir eru hinir mörgu, sem eru kallaðir, og hinir fáu útvöldu?

Þeim tekst ekki að veiða Jesú í orðum

FARÍSEARNIR eru ævareidir yfir því að Jesús skuli hafa verið að kenna í musterinu, en hann er nýbúinn að segja trúarlegum óvinum sínum þrjár dæmisögur sem afhjúpa illsku þeirra. Þeir taka því saman ráð sín hvernig þeir geti fengið hann til að segja eitthvað sem hægt sé að handtaka hann fyrir og þeir senda lærisveina sína ásamt Heródesarsinum til að leggja gildru fyrir hann.



„Meistari,“ segja þeir, „vér vitum, að þú ert sannorður og kennir Guðs veg í sannleika, þú hirðir ekki um álit neins, enda gjörir þú þér engan mannamun. Seg oss því, hvað þér list? Leyfist að gjalda keisaranum skatt eða ekki?“

Jesús lætur ekki blekkjast af fagurgala þeirra. Hann veit að ef hann svarar: „Nei það er óleyfilegt eða rangt að gjalda þennan skatt,“ þá gerir hann sig sekan um undirróður gegn Róm. En ef hann segir: „Já, það á að greiða skattinn,“ þá kallar hann yfir sig hatur Gyðinga sem hafa andstygð á kúgun Rómar. Hann svarar þess vegna: „Hví freistið þér mín, hræsnarar? Sýnið mér peninginn, sem goldinn er í skatt.“

Þeir færa honum pening og hann spyr: „Hvers mynd og yfirskrift er þetta?“

„Keisarans,“ svara þeir.

„Gjaldið þá keisaranum það, sem keisarans er, og Guði það, sem Guðs er.“ Mennirnir undrast snilldarsvar Jesú og ganga burt.

Þegar saddúkear, sem neita að upprisa sé til, sjá að fariseunum mistekst að finna nokkuð gegn Jesú koma þeir að máli við hann og spyrja: „Meistari, Móse segir: ‚Deyi maður barnlaus, þá skal bróðir hans ganga að eiga konu bróður síns og vekja honum niðja.‘ Hér voru með oss sjö bræður. Sá fyrsti kvæntist og dó. Hann átti engan niðja og eftirlét því bróður sínum konuna. Eins varð um næsta og þriðja og þá alla sjö. Síðast allra dó konan. Kona hvers þeirra sjö verður hún í upprisunni? Allir höfðu þeir átt hana.“

Jesús svarar: „Er það ekki þetta, sem veldur því, að þér villist: Þér þekkið ekki ritningarnar né mátt Guðs? Þegar menn rísa upp frá dauðum, kvænast þeir hvorki né giftast. Þeir eru sem englar á himnum. En um þá dauðu, að þeir rísa upp, hafið þér ekki lesið það í bók Móse, í sögunni um þyrni-runinn? Guð segir við Móse: ‚Ég er Guð Abrahams, Guð

Ísaks og Guð Jakobs.‘ Ekki er hann Guð dauðra heldur lif-
enda. Þér villist stórlega.“

Enn á ný undrast mannfjöldinn svar Jesú. Jafnvel nokkr-
ir fræðimenn viðurkenna: „Vel mælt, meistari.“

Þegar farisearnir komast að raun um að Jesús hefur gert
saddúkeana orðlausa koma þeir til hans í einum hóp. Til að
reyna hann enn frekar spyr einn fræðimaður úr hópnum:
„Meistari, hvert er hið æðsta boðorð í lögmálinu?“

Jesús svarar: „Æðst er þetta: ‚Heyr, Ísrael! [Jehóva], Guð
vor, hann einn er [Jehóva]. Og þú skalt elska [Jehóva], Guð
þinn, af öllu hjarta þínu, allri sálu þinni, öllum huga þínum
og öllum mætti þínum.‘ Annað er þetta: ‚Þú skalt elska
náunga þinn eins og sjálfan þig.‘ Ekkert boðorð annað er
þessum meira.“ Hann bætir við: „Á þessum tveimur boðorð-
um hvílir allt lögmálið og spámennirnir.“

„Rétt er það, meistari,“ samsinnir fræðimaðurinn, „satt
sagðir þú, að einn er hann og enginn er annar en hann. Og
að elska hann af öllu hjarta, öllum skilningi og öllum mætti
og elska náungann eins og sjálfan sig, það er öllum brenni-
fórnum og sláturfórnum meira.“

Jesús heyrir að fræðimaðurinn svarar viturlega og segir
honum: „Þú ert ekki fjarri Guðs ríki.“

Jesús hefur nú kennt í musterinu í þrjá daga — sunnudag,
mánudag og þriðjudag. Fólkið hefur hlustað á hann með
ánægju en trúarleiðtogarnir vilja drepa hann en hefur ekki
tekist það enn. **Matteus 22:15-40; Markús 12:13-34; Lúkas 20:20-40.**

- Hvernig reyna farisearnir að veiða Jesú í orðum og hvaða afleiðingar hefði það ef hann svaraði játandi eða neitandi?
- Hvernig ónýtir Jesús tilraunir saddúkeanna til að veiða hann í orðum?
- Hvernig reyna farisearnir enn að leiða Jesú í gildru og hvernig fer?
- Hve marga daga kennir Jesús í musterinu á þessari síðustu ferð sinni til Jerúsalem og með hvaða árangri?

Jesús fordæmir andstæðinga sína

JESÚS hefur rekið trúarlega andstæðinga sína á gat svo að þeir þora ekki að spyrja hann neins framar. Hann afhjúpar því fáfræði þeirra að eigin frumkvæði. „Hvað virðist yður um Krist?“ spyr hann. „Hvers son er hann?“

„Daviðs,“ svara farisearnir.

Jesús neitar ekki að Davið sé holdlegur forfaðir Krists eða Messíasar en spyr áfram: „Hvernig getur þá Davið, innblásinn andanum [í Sálmí 110], kallað hann drottin? Hann segir: [Jehóva] sagði við minn drottin: Set þig mér til hægri handar, þangað til ég gjöri óvini þína að fótiskör þinni. Fyrst Davið kallar hann drottin, hvernig getur hann þá verið sonur hans?“

Farisearnir þegja af því að þeir vita ekki hver Kristur, hinn smurði, raunverulega er. Messías er ekki bara einhver mennskur afkomandi Daviðs eins og farisearnir virðast trúa, heldur var hann til áður á himnum og var yfir Davið eða drottinn hans.

Jesús snýr sér nú að mannfjöldanum og lærisveinunum og varar við fræðimönnunum og fariseunum. Þeir kenna lögmál Guðs og sitja þar með „á stóli Móse“ svo að Jesús hvetur: „Því skuluð þér gjöra og halda allt, sem þeir segja yður, en eftir breytni þeirra skuluð þér ekki fara, því þeir breyta ekki sem þeir bjóða.“

Þeir eru hræsnarar og Jesús fordæmir þá með mjög líkum orðum og hann gerði er hann mataðist í húsi farísea nokkrum mánuðum áður. „Öll sín verk gjöra þeir til að sýnast fyrir mönnum,“ segir hann. Og hann nefnir dæmi:

„Þeir breikka minnisborða sína.“ Minnisborðarnir voru lítill hulstur, sem þeir báru á enni sér eða handlegg, með fjórum glefsum úr lögmálinu: 2. Mósebók 13:1-10, 11-16 og 5. Móse-

bók 6:4-9; 11:13-21. En farisearnir stækka hulstrin til að líta út fyrir að vera kostgæfnir gagnvart lögmálinu.

Jesús heldur áfram og segir að þeir „stækki skúfana.“ Í 4. Mósebók 15:38-40 er Ísraelsmönnum fyrirskipað að gera skúfa eða kögur á klæðafaldi sínum, en farisearnir hafa skúfana stærri en nokkur annar. Þeir gera allt til að láta á sér bera! „Ljúft er þeim að skipa hefðarsæti,“ segir Jesús.

Því miður hefur þessi löngun til að láta á sér bera jafnvel haft áhrif á lærisveina hans. Hann ráðleggur því: „En þér skuldu ekki láta kalla yður meistara, því einn er yðar meistari og



þér allir bræður. Þér skuluð ekki kalla neinn föður yðar á jörðu, því einn er faðir yðar, sá sem er á himnum. Þér skuluð ekki heldur láta kalla yður leiðtoga, því einn er leiðtogi yðar, Kristur.“ Lærisveinarnir verða að losa sig við löngunina að vilja vera fremstir! „Sá mesti meðal yðar sé þjónn yðar,“ áminnir Jesús.

Því næst fordæmir hann fræðimennina og faríseana harðlega og kallar þá hvað eftir annað hræsnara. Þeir „læsa himnaríki fyrir mönnum,“ segir hann, „og eta upp heimili ekkna og flytja langar bænir að yfirskini.“

„Vei yður, blindir leiðtogar!“ segir Jesús. Hann fordæmir faríseana fyrir að hafa ekki andlegt gildismat eins og gerræðisleg túlkun þeirra ber vitni um. Þeir segja til dæmis: „Ef einhver sver við musterið, þá er það ógilt, en sverji menn við gullið í musterinu, þá er það gildur eiður.“ Með því að leggja meiri áherslu á gullið í musterinu en á andlegt gildi tilbeiðslustaðarins afhjúpa þeir siðblindu sína.

Síðan fordæmir hann faríseana, eins og hann gerði áður, fyrir að hirða ekki um það sem „mikilvægast er í lögmálinu, réttlæti, miskunn og trúfesti,“ en gefa meiri gaum að því að gjalda tíund af litilfjörlegum kryddjurtum.

Jesús kallar faríseana „blinda leiðtoga sem sía mýfluguna en svelgja úlfaldann.“ Þeir sía mýfluguna úr víninu sínu, ekki að eins af því að hún er skordýr heldur líka af því að hún er trúarlega óhrein. En að hirða ekki um það sem mikilvægast er í lögmálinu er sambærilegt við að svelgja úlfalda sem er líka trúarlega óhreint dýr.

Matteus 22:41–23:24; Markús 12:35-40; Lúkas 20:41-47; 3. Mósebók 11:4, 21-24.

- Af hverju þegja farísearnir þegar Jesús spyr þá um orð Davíðs í Sálmi 110?
- Hvers vegna stækka farísearnir ritningarhulstrin og skúfana á klæðafaldi sínum?
- Hvað ráðleggur Jesús lærisveinum sínum?
- Hvaða gerræðislega túlkun gera farísearnir sig seka um og hvernig fordæmir Jesús þá fyrir að hirða ekki um það sem mikilvægast er?

Þjónustu Jesú í musterinu lýkur

JESÚS sýnir sig nú í musterinu í síðasta sinn. Hann er reyndar að ljúka opinberri þjónustu sinni á jörð, að því undanskildu að hann verður dæmdur og tekinn af lífi þrem dögum síðar. Hann heldur áfram að ávíta fræðimennina og faríseana.

Þrisvar sinnum í viðbót segir hann: „Vei yður, fræðimenn og farísear, hræsningar!“ Fyrst átelur hann þá fyrir að „hreinsa bikarinn og diskinn utan, en vera að innan fullir yfirgangs og óhófs.“ Hann áminnir því: „Hreinsaðu fyrst bikarinn innan, að hann verði líka hreinn að utan.“

Því næst atyrðir hann fræðimennina og faríseana fyrir innri síðspillingu og rotnun sem þeir reyna að fela undir guðrækilegu yfirbragði. „Þér líkist hvítum kólkuðum gröfum, sem sýnast fagrar utan, en innan eru fullar af dauðra manna beinum og alls kyns óþverra,“ segir hann.

Loks birtist hræsni þeirra í því hve viljugir þeir eru að hlaða upp grafir spámanna og skreyta leiði þeirra til að vekja athygli á ölmusuverkum sínum. En eins og Jesús bendir á eru þeir „synir þeirra, sem myrtu spámennina.“ Hver sem vogar sér að fletta ofan af hræsni þeirra er í hættu!

Jesús heldur áfram og fordæmir þá harðar en nokkru sinni fyrr: „Höggormar, nöðruafkvæmi, hvernig getið þið umflúið dóm Gehenna?“ Gehenna er dalur þar sem er sorphaugur Jerúsalem. Jesús er því að segja að fræðimönnum og faríseunum verði tortímt fyrir fullt og allt vegna vonsku þeirra.

Jesús segir um fulltrúa sína sem hann sendir út: „Suma þeirra munuð þér lífláta og krossfesta, aðra húðstrýkja í samkundum yðar og ofsækja borg úr borg. Þannig kemur

yfir yður allt saklaust blóð, sem úthellt hefur verið á jörðinni, frá blóði Abels hins réttláta til blóðs Sakaríá Barakíasonar [nefndur Jójadason í 2. Kroníkubók], sem þér drápuð milli musterisins og altarisins. Sannlega segi ég yður: Allt mun þetta koma yfir þessa kynslóð.“

Sakaríá ávitaði leiðtoga Ísraels með þeim afleiðingum að þeir „sórust . . . saman gegn honum og lömdu hann grjóti að boði konungs í forgarði musteris [Jehóva].“ En eins og Jesús segir mun Ísrael gjalda alls saklauss blóðs sem úthellt hefur verið. Það gerist 37 árum síðar, árið 70, þegar rómverskur her eyðir Jerúsalem og meira en milljón Gyðinga fellur.

Tilhugsunin um þessi hræðilegu örlög fær á Jesú. „Jerúsalem, Jerúsalem!“ segir hann einu sinni enn. „Hversu oft vildi ég safna börnum þínum, eins og hænán safn-



ar ungum sínum undir vængi sér, og þér vilduð eigi. Hús yðar verður í eyði látið.“

Síðan bætir hann við: „Héðan af munuð þér eigi sjá mig, fyrr en þér segið: „Blessaður sé sá sem kemur, í nafni [Jehóva].“ Hér á Jesús við nærveru sína er hann kemur í himnesku ríki sínu og fólk sér hann með augum trúarinnar.

Jesús gengur nú þangað sem hann sér söfnunarbauka musterisins og mannfjöldann sem leggur peninga í þá. Auðmenn leggja mikið í baukana en síðan kemur fátæk ekkja og leggur fram tvo smápeninga, eins eyris virði.

Jesús kallar á lærisveinana og segir: „Sannlega segi ég yður, þessi fátæka ekkja gaf meira en allir hinir, er lögðu í fjárhirsluna.“ Þeim hlýtur að vera spurn hvernig það geti verið svo hann útskýrir: „Allir gáfu þeir af allsnægtum sínum, en hún gaf af skorti sínum allt sem hún átti, alla björg sína.“ Að svo mæltu yfirgefur Jesús musteríð í síðasta sinn.

Einn af lærisveinunum dáist að stærð og fegurð musterisins og segir: „Meistari, lít á, hvílikir steinar, hvílikar byggingar!“ Sagt er að steinarnir hafi verið 11 metra langir, 5 metra breiðir og 3 metra háir!

„Sérðu þessar miklu byggingar?“ svarar Jesús. „Ekki mun eftir látinn steinn yfir steini, er eigi sé niður brotinn.“

Síðan gengur Jesús með postulunum þvert yfir Kedrondal og upp á Oliufjallið. Þaðan horfa þeir yfir hið mikilfenglegausteri. **Matteus 23:25–24:3, 23:33 samkvæmt NW; Markús 12:41–13:3; Lúkas 21:1–6; 2. Kroníkubók 24:20–22.**

- Hvað gerir Jesús í síðustu heimsókn sinni í musteríð?
- Hvernig birtist hræсни fræðimannanna og fariseanna?
- Hvað er átt við með „dómi Gehenna“?
- Af hverju segir Jesús að ekkjan hafi lagt meira í fjárhirsluna en auðmennirnir?



Tákn síðustu daga

ÞAÐ er komið fram yfir miðjan dag á þriðjudegi. Jesús situr á Oliufjallinu og horfir yfir musterið fyrir neðan þegar Pétur, Andrés, Jakob og Jóhannes koma einslega að máli við hann. Þeir hafa áhyggjur af musterinu því að Jesús er nýbúinn að spá því að ekki verði skilinn þar eftir steinn yfir steini.

En að öllum líkindum hafa þeir ýmislegt fleira í huga þegar þeir koma að máli við hann. Fyrir fáeinum vikum hafði hann talað um „nærveru“ sína „er Mannssonurinn opinberast,“ og áður hafði hann sagt þeim frá „endi veraldar.“ Postularnir eru því mjög forvitnir.



„Segðu okkur,“ spyrja þeir, „hvenær verður þetta [sem leiðir til eyðingar Jerúsalem og mustersins] og hvert verður tákni nærveru þinnar og endaloka heimskerfisins?“ Spurningin er í rauninni þríþætt. Í fyrsta lagi vilja þeir vita meira um endalok Jerúsalem og mustersins, í öðru lagi um nærveru Jesú sem konungur Guðsríkis og í þriðja lagi um endalok heimskerfisins alls.

Jesús svarar öllum þrem spurningunum í löngu máli. Hann segir frá tákni sem sýnir hvenær gyðingakerfið liður undir lok, en ekki nóg með það. Hann greinir líka frá tákni sem gerir lærisveinum hans í framtíðinni viðvart um að nærvera hans standi yfir og að endalok alls heimskerfisins séu í nánd.

Postularnir sjá spádóm Jesú rætast þegar árin liða. Já, það sem hann sagði fyrir tekur að rætast á þeirra dögum. Eyðing Gyðingakerfisins og mustersins árið 70, 37 árum síðar, kemur þá lifandi kristnum mönnum því ekki að óvörum.

Nærvera Krists sem konungur Guðsríkis hefst þó ekki árið 70 heldur löngu síðar. En hvenær? Athugun á spádómi Jesú leiðir það í ljós.

Jesús boðar „hernað og ófriðartíðindi.“ „Þjóð mun rísa gegn þjóð,“ segir hann, og það verður hungur, jarðskjálftar og drepsóttir. Lærisveinar hans verða hataðir og drepnir. Falsspámenn koma fram og leiða marga í villu. Lögleysi magnast og kærleikur flestra kólnar. Samtímis verður fagnaðarerindið um Guðsríki prédikað til vitnisburðar öllum þjóðum.

Enda þótt spádómur Jesú uppfyllist að hluta til fyrir eyðingu Jerúsalem árið 70 á

hann sér aðaluppfyllingu á nærverutíma hans og endalokatíma heimskerfisins. Nákvæm athugun á heimsatburðunum frá 1914 sýnir að aðaluppfylling hins mikla spádóms Jesú hefur átt sér stað frá því ári.

Annar hluti táknsins, sem Jesús greinir frá, er að „viðurstyggð eyðingarinnar“ komi fram. Árið 66 birtist þessi viðurstyggð í mynd rómverskra ‚herfylkinga‘ sem umkringja Jerúsalem og grafa undan musterisveggnum. ‚Viðurstyggðin‘ stendur þar sem hún á ekki að standa.

Í aðaluppfyllingu táknsins er viðurstyggðin Þjóðabandalagið og arftaki þess, Sameinuðu þjóðirnar. Kristni heimurinn lítur á þessi heimsfriðarsamtök sem staðgengil Guðsríkis. Viðurstyggilegt! Þess vegna eiga stjórnmálaöfl innan Sameinuðu þjóðanna eftir að snúast gegn kristna heiminum (sem Jerúsalem táknaði) og eyða honum.

Jesús segir því: „Þá verður sú mikla þrenging, sem engin hefur þvílík verið frá upphafi heims allt til þessa og mun aldrei verða“ aftur. Eyðing Jerúsalem árið 70 er vissulega mikil þrenging. Talið er að meira en milljón manna hafi látið lífið. Aðaluppfylling þessa hluta spádóms Jesú verður margfalt meiri í sniðum.

Trúartraust á síðustu dögum

Degi er tekið að halla þriðjudaginn 11. nísan en Jesús heldur áfram að ræða við postulana um tákn nærveru sinnar sem konungur Guðsríkis og endaloka heimskerfisins. Hann varar þá við því að elta falskrista. Reynt verður að „leiða afvega jafnvel hina útvöldu, ef orðið gæti.“ En eins og sjónskarpir ernir safnast þessir útvöldu þangað sem ósvikna andlega fæðu er að finna, það er að segja til hins sanna Krists við ósýnilega nærveru hans. Þeir safnast ekki um einhvern falskrist sem leiðir þá afvega.

Falskristar geta aðeins komið fram í sýnilegri mynd en nærvera Jesú verður aftur á móti ósýnileg. Eftir að þrengingin skellur á, segir Jesús, mun „sólin sortna og tunglið hætta að skína.“ Já, þetta verður myrkasta tímabil mannkynssögunnar. Það verður rétt eins og sólin sortni að degi og tunglið hætti að skína að nóttu.

„Kraftar himnanna munu bifast,“ heldur Jesús áfram. Með því á hann við að hinn bókstaflegi himinn verði óheillavænlegur á að líta. Óttinn og ofbeldið verður meira en nokkru sinni fyrr í sögunni.

Afleiðingin, segir Jesús, er „angist þjóða, ráðalausra við dunur hafs og brimgný. Menn munu gefa upp öndina af ótta og kvíða fyrir því, er koma mun yfir heimsbyggðina.“ Þegar dregur að lokum þessa myrkasta tímabils mannkynssögunnar mun „tákn Mannssonarins birtast á himni, og allar kynkvíslir jarðarinnar hefja kveinstafi.“

En ekki kveina allir þegar „Mannssonurinn kemur með mætti“ til að eyða þessu illa heimskerfi. Hinir „útvöldu,“ hinir 144.000 sem fá hlutdeild með Kristi í ríki hans á himnum, kveina ekki né heldur félagar þeirra, þeir sem Jesús kallaði áður „aðra sauði“ sína. Enda þótt þeir lifi myrkustu tíma mannkynssögunnar fara þeir eftir hvatningu Jesú: „Þegar þetta tekur að koma fram, þá réttið úr yður og lyftið upp höfðum yðar, því að lausn yðar er í nánd.“

Til að lærisveinar Jesú á síðustu dögum geti vitað með vissu hve nálæg endalokin séu kemur hann með þessa líkingu: „Gætið að fikjutrénu og öðrum trjám. Þegar þér sjáið þau farin að bruma, þá vitið þér af sjálfum yður, að sumarið er í nánd. Eins skuluð þér vita, þegar þér sjáið þetta verða, að Guðs ríki er í nánd. Sannlega segi ég yður: Þessi kynslóð mun ekki líða undir lok, uns allt er komið fram.“



Þegar lærisveinar hans sjá hina mörgu þætti táknsins rætast ætti þeim að vera ljóst að endir heimskerfisins er nálægur og að Guðsríki afmáir bráðlega alla illsku. Endirinn á sér stað á æviskeiði þeirra sem sjá uppfyllingu alls þess sem Jesús sagði fyrir! Hann hvetur þá lærisveina sem verða uppi á hinum örlagaríku síðustu dögum:

„Hafið gát á sjálfum yður, að hjörtu yðar þyngist ekki við svall og drykkju né áhyggjur þessa lífs og komi svo dagur sá skyndilega yfir yður eins og snara. En koma mun hann yfir alla menn, sem byggja gjörvalla jörð. Vakið því allar stundir og biðjið, svo að þér megið umflýja allt þetta, sem koma á, og standast frammi fyrir Mannssyninum.“

Hyggnu og fávísu meyjarnar

Jesús hefur verið að svara spurningu postulanna um tákni nærveru sinnar sem konungur Guðsríkis. Nú gefur hann meiri upplýsingar um táknið í þrem dæmisögum.

Þeir sem lifa á nærverutíma hans sjá allar þessar dæmisögur uppfyllast. Hann byrjar þá fyrstu með orðunum: „Þá er líkt um himnaríki og tíu meyjarnar, sem fóru til móts við brúðgumann með lampa sína. Fimm þeirra voru fávísar, en fimm hyggjar.“

Með orðunum „líkt er um himnaríki og tíu meyjarnar“ á Jesús ekki við að helmingur þeirra, sem erfa ríkið á himnum, séu fávísir og helmingurinn hygginn. Nei, hann á við að ákveðnar aðstæður eða ákveðin mál í tengslum við himnaríki verði svona og svona.

Meyjarnar tíu tákna alla kristna menn sem eiga í vændum eða segjast eiga í vændum að erfa himnaríki. Það var á hvítasunnunni árið 33 sem kristni söfnuðurinn var heitbundinn hinum upprisna og dýrlega gerða brúðguma,

Jesú Kristi. En brúðkaupið átti að eiga sér stað á himnum síðar, á einhverjum ótilgreindum tíma.

Meyjarnar tíu í dæmisögunni leggja af stað til að bjóða brúðgumann velkominn og slást í för með brúðarfylkingunni. Þegar hann kemur lýsa þær upp leiðina með lömpum sínum til að heiðra hann er hann leiðir brúðina í hús-
ið sem hann hefur búið henni. En Jesús segir: „Þær fávísu tóku lampa sína, en höfðu ekki olíu með sér, en hinar hyggnu tóku olíu með á könnum ásamt lömpum sínum. Nú dvaldist brúðgumanum, og urðu þær allar syfjaðar og sofnuðu.“

Hin langa bið eftir brúðgumanum táknar að nærvera Krists sem ríkjandi konungur eigi sér stað löngu síðar. Loks sest hann í hásæti sitt árið 1914. Allar meyjarnar sofna þessa löngu nótt sem líður þangað til. En þær eru ekki fordæmdar fyrir það. Fávísu meyjarnar eru fordæmdar fyrir að hafa ekki með sér olíu á lampa sína. Jesús segir hvernig meyjarnar vakna áður en brúðguminn kemur: „Um miðnætti kvað við hróp: ‚Sjá, brúðguminn kemur, farið til móts við hann.‘ Þá vöknuðu meyjarnar allar og tóku til lampa sína. En þær fávísu sögðu við þær hyggnu: ‚Gefið oss af olíu yðar, það er að slokkna á lömpum vorum.‘ Þær hyggnu svöruðu: ‚Nei, hún nægir aldrei handa öllum. Farið heldur til kaupmanna og kaupíð handa yður.‘“

Olián táknar það sem lætur kristna menn skína sem ljósbera. Það er hið innblásna orð Guðs sem kristnir menn halda fast í, ásamt heilögum anda sem hjálpar þeim að skilja orðið. Andlega olián gerir hyggnu meyjunum kleift að láta ljós sitt skína til að fagna brúðgumanum á leiðinni til brúðkaupsveislunnar. En fávísi meyjahópurinn hefur

ekki nauðsynlega andlega olíu í sér, á könnum sínum. Jesús lýsir atburðarásinni:

„Meðan [fávísu meyjarnar] voru að kaupa [olíu], kom brúðguminn, og þær sem viðbúnar voru, gengu með honum inn til brúðkaupsins, og dyrum var lokað.

Seinna komu hinar meyjarnar og sögðu: ‚Herra, herra, ljúk upp fyrir oss.‘ En hann svaraði: ‚Sannlega segi ég yður, ég þekki yður ekki.‘“

Eftir að Kristur kemur í himnesku



ríki sínu vakna hyggnu meyjarnar, sem eru smurðir sannkristnir menn, gagnvart þeim sérréttindum sínum að skína í þessum myrkvaða heimi, hinum endurkomna brúðguma til lofs. En þeir sem fávísu meyjarnar tákna eru ekki undir það búinir að fagna honum á þennan hátt. Þegar tíminn kemur opnar Kristur ekki fyrir þeim dyrnar að brúðkaupsveislunni á himnum. Hann lætur þá standa fyrir utan í svartnætti heimsins til að farast með öllum öðrum lögleysingjum. „Vakið því, þér vitið ekki daginn né stundina,“ segir hann.

Dæmisagan um talenturnar

Jesús heldur áfram að ræða við postulana á Olíufjallinu og segir þeim aðra dæmisöguna af þrem. Í Jeríkó sagði hann dæmisöguna um pundin nokkrum dögum áður, til að benda á að Guðsríki kæmi ekki fyrr en að löngum tíma liðnum. Dæmisagan sem hann segir núna er að mörgu leyti lík henni en uppfyllist í starfi sem fram fer meðan Kristur er nærverandi sem konungur Guðsríkis. Hún sýnir fram á að lærisveinar hans verði að vinna að því að auka ‚eigur hans‘ meðan þeir eru á jörðinni.

Jesús hefur dæmisöguna: „Svo er um himnaríki sem mann, er ætlaði úr landi. Hann kallaði þjóna sína og fól þeim eigur sínar.“ Jesús er maðurinn sem fær þjónunum — lærisveinum sem eiga í vændum að erfa himnaríkið — eigur sínar í hendur áður en hann fer úr landi til himna. Þessar eigur eru ekki efnislegar heldur tákna ræktaðan akur sem býður upp á möguleika á fleiri lærisveinum.

Jesús felur þjónunum eigur sínar skömmu áður en hann stígur upp til himna. Hvernig gerir hann það? Með því að segja þeim að halda áfram að vinna á þessum ræktaða akri með því að prédika boðskapinn um ríkið allt til endimarka

jarðar. Eins og hann segir: „Einum fékk hann fimm talentur, öðrum tvær og þeim þriðja eina, hverjum eftir hæfni. Síðan fór hann úr landi.“

Talentunum átta — eigum Krists — er því skipt milli þjónanna eftir hæfni þeirra eða andlegum möguleikum. Þjónarnir tákna lærisveinahópa. Á fyrstu öld voru postularnir greinilega í þeim hópi sem fékk fimm talentur. Jesús segir síðan að þjónarnir, sem fengu fimm talentur og tvær talentur, hafi tvöfaldað þær með því að prédika Guðsríki og gera menn að lærisveinum. En þjónninn, sem fékk eina talentu, gróf hana í jörð.

„Löngu síðar kom húsbóndi þessara þjóna og lét þá gjöra skil,“ heldur Jesús áfram. Það var ekki fyrr en á 20. öldinni, um 1900 árum síðar, sem Kristur kom aftur til að gera upp reikningana, svo sannarlega „löngu síðar.“ Síðan útskýrir hann:

„Sá með fimm talenturnar gekk þá fram, færði honum aðrar fimm og sagði: ‚Herra, fimm talentur seldir þú mér í hendur, hér hef ég grætt aðrar fimm.‘ Húsbóndi hans sagði við hann: ‚Gott, þú góði og trúi þjónn. Yfir litlu varstu trúr, yfir mikið mun ég setja þig. Gakk inn í fögnuð herra þíns.‘“ Þjónninn, sem fékk tvær talentur, tvöfaldaði líka féð og fékk sama hrós og sömu laun.

En hvernig ganga þessir trúföstu þjónar inn í fögnuð herra síns? Fögnuður herra þeirra, Jesú Krists, var sá að fá í hendur ríkið er hann fór úr landi til föður síns á himnum. Trúfastir þjónar á okkar dögum hafa af því mikinn fögnuð að vera trúað fyrir meiri ábyrgð í tengslum við Guðsríki, og þegar þeir ljúka lífi sínu á jörðinni nær fögnuðurinn hámarki með upprisu til ríkisins á himnum. En hvað um þriðja þjóninn?

„Herra, ég vissi, að þú ert maður harður,“ kvartar þjónninn. „Ég var hræddur og fól talentu þína í jörð. Hér hefur þú þitt.“ Þjónninn neitaði af ásettu ráði að vinna á ræktaða akrinum með því að prédika og gera menn að lærisveinum. Herrann kallar hann því ‚illan og latan‘ og fellir dóm yfir honum: „Takið af honum talentuna . . . Rekið þennan ónýta þjón út í ystu myrkur. Þar verður grátur og gnístran tanna.“ Þeir sem tilheyra þessum illa þjónshópi eru reknir út og sviptir öllum andlegum fögnuði.

Í þessu er fölginn alvarlegur lærdómur fyrir *alla* sem segjast vera fylgjendur Krists. Vilji þeir fá hrós hans og umbun og komast hjá því að hann reki þá út í ystu myrku-

ur til að tortímast að lokum, verða þeir að leggja sig fram um að auka eigin herra síns á himnum með því að gera allt sem þeir geta í prédikunarstarfinu. Ert þú kostgæfinn þátttakandi í því?



Þegar Kristur kemur sem konungur Guðsríkis


Jesús er enn með postulunum á Oliufjallinu. Þeir höfðu spurt hann um tákni nærveru hans og endaloka heimskerfisins, og nú segir hann þeim síðustu dæmisöguna af þrem. „Þegar Mannssonurinn kemur í dýrð sinni og allir englar með honum, þá mun hann sitja í dýrðarhásæti sínu,“ segir hann.

Þessi koma á sér stað þegar endalok heimskerfisins eru mjög nærri. En hver er tilgangur hennar? Jesús útskýrir: „Allar þjóðir munu safnast frammi fyrir honum, og hann mun skilja hvern frá öðrum, eins og hirðir skilur sauði frá höfrum. Sauðunum skipar hann sér til hægri handar, en höfrunum til vinstri.“

Jesús lýsir svo hvað verður um þá sem eru velþóknunar megin: „Þá mun konungurinn segja við þá til hægri: „Komið þér, hinir blessuðu föður míns, og takið að erfð ríkið, sem yður var búið frá grundvöllun heims.““ Sauðirnir í þessari dæmisögu ríkja ekki með Kristi á himnum heldur erfa ríkið í þeim skilningi að þeir verða jarðneskir þegnar þess. „Grundvöllun heims“ átti sér stað þegar

Adam og Eva byrjuðu að eignast börn sem gátu notið góðs af lausnarráðstöfun Guðs fyrir mannkynið.

En af hverju eru sauðirnir skildir frá og skipað konunginum á hægri hönd til tákns um velþóknun hans? „Því hungraður var ég,“ svarar konungurinn, „og þér gáfuð mér að eta, þyrstur var ég, og þér gáfuð mér að



drekka, gestur var ég, og þér hýstuð mig, nakinn og þér klædduð mig, sjúkur og þér vitjuðuð mín, í fangelsi var ég, og þér komuð til mín.“

Þar eð sauðirnir eru á jörðinni spyrja þeir hvernig þeir hafi getað gert himneskum konungi sínum svona gott. „Herra,“ spyrja þeir, „hvenær sáum vér þig hungraðan og gáfum þér að eta eða þyrstan og gáfum þér að drekka? Hvenær sáum vér þig gestkominn og hýstum þig, nakinn og klæddum þig? Og hvenær sáum vér þig sjúkan eða í fangelsi og komum til þín?“

„Sannlega segi ég yður,“ svarar konungurinn, „það allt, sem þér gjörðuð einum minna minnstu bræðra, það hafið þér gjört mér.“ Bræður Krists eru þeir sem eftir eru á jörðinni af hinum 144.000 sem eiga að ríkja með honum á himnum. Og að gera þeim gott, segir Jesús, er sama og að gera honum gott.



Síðan ávarpar konungurinn hafrana: „Farið frá mér, bölváðir, í þann eilífa eld, sem búinn er djöflinum og árum hans. Því hungraður var ég, en þér gáfuð mér ekki að eta, þyrstur var ég, en þér gáfuð mér ekki að drekka, gestur var ég, en þér hýstuð mig ekki, nakinn, en þér klædduð mig ekki, ég var sjúkur og í fangelsi, en ekki vitjuðuð þér mín.“

En hafrarnir mögla: „Herra, hvenær sáum vér þig hungraðan eða þyrstan, gestkominn eða nakinn, sjúkan eða í fangelsi, og hjálpuðum þér ekki?“ Hafrarnir fá óhagstæðan dóm eftir sömu reglum og sauðirnir fá hagstæðan dóm. „Það allt sem þér gjörðuð ekki einum hinna minnstu bræðra minna, það hafið þér ekki heldur gjört mér,“ svarar Jesús.

Nærvera Krists sem konungur Guðsríkis, rétt fyrir endalok þessa illa heimskerfis í þrengingunni miklu, felur því í sér dómstíma. Hafrarnir „fara til eilífrar refsingar [eyðingar], en hinir réttlátu [sauðirnir] til eilífs lífs.“



Matteus 24:2–25:46, 24:3 samkvæmt *NW*; 13:40, 49; Markús 13:3-37; Lúkas 21:7-36; 19:43, 44; 17:20-30; 2. Tímóteusarbréf 3:1-5; Jóhannes 10:16; Opinberunarbókin 14:1-3.

- Hver er kveikjan að spurningu postulanna en hvað annað hafa þeir að öllum líkindum í huga?
- Hvaða hluti spádóms Jesú uppfyllist árið 70 en hvað gerist ekki á þeim tíma?
- Hvenær á spádómur Jesú sér byrjunaruppfyllingu og hvenær lokauppfyllingu?
- Hver er viðurstygðin í fyrri uppfyllingunni og þeirri síðari?
- Af hverju fær spádómurinn um þrenginguna miklu ekki lokauppfyllingu með eyðingu Jerúsalem?
- Hvaða ástand heimsmála einkennir nærveru Krists?
- Hvenær munu „allar kynkvíslir jarðarinnar hefja kveinstafi“ en hvað gera fylgjendur Krists?
- Hvaða líkingu segir Jesús til að hjálpa lærisveinum sínum í framtíðinni að skilja hvenær endirinn sé í nánd?
- Hvaða viðvörðun gefur Jesús þeim lærisveinum sem verða uppi á síðustu dögum?
- Hverja tákna meyjarnar tíu?
- Hvenær var kristni söfnuðurinn heitbundinn brúðgumanum en hvenær kemur brúðguminn til að leiða brúði sína til brúðkaupsveislunnar?
- Hvað táknar olían og hvað gerir hún hyggnu meyjunum kleift?
- Hvar fer brúðkaupsveislan fram?
- Hvaða stórkostleg laun fara fávisu meyjarnar á mis við og hvaða örlög bíða þeirra?
- Hvað má læra af dæmisögunni um talenturnar?
- Hverjir eru þjónarnir og hverjar eru eigurnar sem þeim er trúað fyrir?
- Hvenær kemur húsbóndinn til að gera upp reikninga og hvað uppgötvar hann?
- Hver er fögnuðurinn sem trúföstu þjónarnir ganga inn í, en hvað verður um illa þjóninn?
- Hvaða dómsstarf vinnur Kristur á nærverutíma sínum?
- Í hvaða skilningi taka sauðirnir ríkið að erfð?
- Hvenær var „grundvöllun heims“?
- Á hvaða forsendum er fólk dæmt annaðhvort sauðir eða hafrar?

Seinustu páskar Jesú fara í hönd

ÞRIÐJUDAGURINN 11. nísan er á enda þegar Jesús lýkur við að kenna postulunum á Oliufjallinu. Þetta hefur verið erfiður dagur og annasamur. Nú segir Jesús postulunum, ef til vill á leiðinni til Betaníu þar sem þeir gista um nóttina: „Þið vitið að eftir tvo daga eru páskar og Mannssonurinn verður framseldur til staurfestingar.“

Næsta dag, miðvikudaginn 12. nísan, hvílist Jesús að öllum líkindum með postulunum. Daginn áður hafði hann ávitað trúarleiðtogana opinberlega og honum er ljóst að þeir leita færís að ráða hann af dögum. Hann sýnir sig því ekki á almannafæri á miðvikudegi því að hann vill ekki láta neitt hindra sig í að halda páska með postulum sínum kvöldið eftir.

Á meðan koma æðstuprestarnir og öldungarnir saman í höll Kaífasar æðstaprests. Þá sviður enn undan árás Jesú daginn áður, og nú leggja þeir á ráðin um að handsama hann með svikum og taka hann af lífi. En „ekki á hátíðinni,“ segja þeir, „annars verður uppþot með lýðnum.“ Þeir eru hræddir við fólkið sem hrífst af Jesú.

Meðan trúarleiðtogarnir eru í illsku sinni að leggja á ráðin um að drepa Jesú ber gest að garði. Þeim til undrunar er þar kominn einn af postulum Jesú sjálfs, Júdas Ískariot, en Satan hefur komið þeirri svívirðilegu hugmynd inn hjá honum að svíkja meistara sinn! Þeir verða himinlifandi þegar Júdas spyr: „Hvað viljið þér gefa mér fyrir að framselja yður Jesú?“ Þeir fallast fúslega á að greiða honum 30 silfurpeninga, en það var þrælsverð samkvæmt Mósélögunum. Þaðan í frá leitar Júdas færís að svíkja Jesú í hendur þeirra þegar ekki er fjölmenni í kringum hann.

Þrettándi nísan hefst við sólsetur á miðvikudag. Jesús kom frá Jeríkó á föstudegi, svo að þetta er sjötta og síðasta nóttin

sem hann gistir í Betaníu. Daginn eftir, fimmtudag, þarf að leggja síðustu hönd á undirbúning páskahátíðarinnar sem hefst við sólsetur. Þá þarf að slátra páskalambinu og steikja í heilu lagi. Hvar halda þeir hátíðina og hverjir sjá um undirbúninginn?

Jesús hefur ekki sagt það, kannski til að koma í veg fyrir að Júdas skýri æðstuprestunum frá því og þeir handtaki hann meðan hann heldur páska. En núna, sennilega skömmu eftir hádegi á fimmtudag, sendir Jesús þá Pétur og Jóhannes frá Betaníu og segir þeim: „Farið og búið til páskamáltíðar fyrir oss.“


„Hvar vilt þú, að við búum hana?“ spyrja þeir.



„Þegar þið komið inn í borgina, mætir ykkur maður, sem ber vatnsker,“ svarar Jesús. „Fylgið honum inn þangað sem hann fer, og segið við húsráðandann: „Meistarinn spyr þig: Hvar er herbergið, þar sem ég get neytt páskamáltíðarinnar með lærisveinum mínum?“ Hann mun þá sýna ykkur loftsal mikinn, búinn hægindum. Hafið þar viðbúnað.“

Húsráðandinn er eflaust lærisveinn Jesú sem býst kannski við að Jesús biðji um að fá að nota hús hans við þetta sérstaka tækifæri. Hvað sem því líður finna Pétur og Jóhannes allt eins og Jesús sagði þegar þeir koma til Jerúsalem. Þeir sjá því til þess að lambið sé tilbúið og allt annað sé til reiðu þannig að Jesús og postular hans tólf geti haldið páska saman.

Matteus 26:1-5, 14-19, vers 2 samkvæmt NW; Markús 14:1, 2, 10-16; Lúkas 22:1-13; 2. Mósebók 21:32.



- Hvað gerir Jesús að öllum líkindum á miðvikudegi og hvers vegna?
- Hvaða fundur er haldinn á heimili æðstaprestsins og til hvers gengur Júdas á fund trúarleiðtoganna?
- Hverja sendir Jesús til Jerúsalem á fimmtudegi og í hvaða tilgangi?
- Hvað finna þeir sem Jesús sendir, er sannar enn einu sinni undramátt hans?




Auðmýkt við síðustu páskana


PÉTUR og Jóhannes eru komnir til Jerúsalem til að undirbúa páskahaldið eins og Jesús fól þeim. Sjálfur kemur hann síðar um daginn, eflaust með hinum postulunum tíu. Sólin er að hníga til viðar þegar Jesús og föruneysi hans ganga ofan af Oliufjallinu. Þetta er í síðasta sinn sem hann sér borgina af þessu fjalli að degi til fyrir upprisu sína.

Skömmu síðar er Jesús kominn inn í borgina ásamt félögum sínum og þeir ganga sem leið liggur til hússins þar sem þeir ætla að halda páska. Þeir ganga upp stigann að stóra loftsalmum þar sem allt er til reiðu fyrir þá til að halda páska einir saman. Jesús hefur hlakkað mjög til þessarar stundar eins og hann segir: „Hjartanlega hef ég þráð að neyta þessarar páskamáltíðar með yður, áður en ég lið.“

Síður er að drekka fjóra vínbikara við páskamáltíðina. Það er líklega eftir að Jesús hefur tekið við þriðja bikarnum sem hann færir þakkir og segir: „Takið þetta og skiptið með yður. Því ég segi yður: Héðan í frá mun ég eigi drekka af ávexti vínviðarins, fyrr en Guðs ríki kemur.“



Einhvern tíma meðan máltíðin stendur yfir rís Jesús á fætur, leggur frá sér yfirhöfnina, tekur handklæði og fyllir þvottaskál með vatni. Að öllu jöfnu er það gestgjafinn sem sér um að þvo fætur gesta. En nú er enginn gestgjafi viðstaddur svo að Jesús veitir þessa persónulegu þjónustu sjálfur. Hver sem er af postulunum hefði getað gripið tækifærið og gert þetta, en enginn gerir það, trúlega vegna þess að enn er einhver samkeppni milli þeirra. Nú verða þeir skömmustulegir þegar Jesús fer að þvo fætur þeirra.



Pétur mótmælir þegar röðin kemur að honum: „Aldrei að eilífu skaltu þvo fætur mína.“

„Ef ég þvæ þér ekki, áttu enga samleið með mér,“ segir Jesús.

„Herra, ekki aðeins fætur mína, líka hendurnar og höfuðið,“ svarar Pétur þá.

„Sá sem laugast hefur, þarf ekki að þvost nema um fætur,“ segir Jesús. „Hann er allur hreinn. Og þér eruð hreinir, þó ekki allir.“ Þetta segir hann af því að hann veit að Júdas Ískariót hyggst svíkja hann.

Þegar Jesús hefur þvegið fætur tolfmenninganna, þar á meðal fætur Júdasar, svikara síns, fer hann aftur í yfirhöfnina og leggst að borði. Síðan spyr hann: „Skiljið þér, hvað ég hef gjört við yður? Þér kallið mig meistara og herra, og þér mælið rétt, því það er ég. Fyrst ég, sem er herra og meistari, hef nú þvegið yður um fæturna, þá ber yður einnig að þvo hver annars fætur. Ég hef gefið yður eftirdæmi, að þér breytið eins og ég breytti við yður. Sannlega, sannlega segi ég yður: Þjónn er ekki meiri en herra hans né sendiboði meiri þeim, er sendi hann. Þér vit-ið þetta, og þér eruð sælir, ef þér breytið eftir því.“

Þetta er fögur lexía í auðmýkt! Postularnir eiga ekki að sækjast eftir því að vera fremstir, ímynda sér að þeir séu svo merki-legir að aðrir eigi alltaf að þjóna þeim. Þeir þurfa að fylgja for-dæmi Jesú. Hér er ekki um að ræða trúarlegan fótaþvott heldur vilja til að taka að sér hvaða verkefni sem er, hversu lítilmót-legt eða óþægilegt sem það kann að vera. **Matteus 26:20, 21; Markús 14:17, 18; Lúkas 22:14-18; 7:44; Jóhannes 13:1-17.**

- Hvað er sérstakt við aðkomu Jesú að borginni til að halda páska?
- Hvaða bikar lætur Jesús líklega ganga milli postulanna tólf eftir að hann færir þakkir?
- Hvaða persónulega þjónustu var venja að veita gestum á tímum Jesú, en hvers vegna var hún ekki veitt þegar hann hélt páska með postulum sínum?
- Í hvaða tilgangi veitti Jesús þá lítilmótlegu þjónustu að þvo fætur post-ula sinna?

Minningarhátíðin

EFTIR að Jesús þvær fætur postulanna vitnar hann í Sálmi 41:10 og segir: „Sá sem etur brauð mitt, lyftir hæli sínum móti mér.“ Síðan verður honum mjög þungt um hjarta og hann segir: „Einn af yður mun svíkja mig.“

Postularnir verða hryggir við og segja við hann einn af öðrum: „Ekki er það ég?“ Jafnvel Júdas Ískariót tekur undir. Jóhannes, sem liggur næstur Jesú við borðið, hallar sér að brjósti hans og spyr: „Herra, hver er það?“

„Það er einn þeirra tólf. Hann dýfir í sama fat og ég,“ svarar Jesús. „Mannssonurinn fer að sönnu héðan, svo sem um hann er ritað, en vei þeim manni, sem því veldur, að Mannssonurinn verður framseldur. Betra væri þeim manni að hafa aldrei fæðst.“ Eftir þetta fer Satan aftur í Júdas og notfærir sér að hann er orðinn illur í hjarta sér og hefur opnað það fyrir honum. Síðar um kvöldið kallar Jesús Júdas réttilega „son glötunarinnar.“

Jesús segir nú Júdas: „Það sem þú gjörir, það gjör þú skjótt!“ Enginn hinna postulanna veit hvað Jesús á við. Þar eð Júdas sér um sameiginlegan sjóð þeirra halda sumir að Jesús hafi sagt við hann: „Kauptu það, sem vér þurfum til hátíðarinnar“ eða að hann skyldi gefa eitthvað fátækum.

Eftir að Júdas er farinn stofnar Jesús til algerlega nýrrar hátíðar með trúföstu postulunum. Hann tekur brauð, fer með þakkarbæn, brýtur það, gefur þeim og segir: „Takið og etið.“ Síðan segir hann til skýringar: „Þetta er líkami minn, sem fyrir yður er gefinn. Gjörið þetta í mína minningu.“

Þegar allir hafa borðað af brauðinu tekur Jesús vín bikar, líklega fjórða bikarinn sem notaður var við páskamáltíðina. Hann fer aftur með þakkarbæn, biður þá að drekka af

honum og segir: „Þessi kaleikur er hinn nýi sáttmáli í mínu blóði, sem fyrir yður er úthellt.“

Þetta er því minningarhátíð um dauða Jesú. Hún skal haldin 14. nísan ár hvert til minningar um hann eins og hann segir. Hún minnir þátttakendur á hvað Jesús og himneskur faðir hans hafa gert til að opna mannkyninu leið til að komast undan fordæmingu dauðans. Hjá Gyðingum, sem gerast fylgjendur Jesú, kemur hátíðin í stað páskanna.

Nýi sáttmálinn er fullgiltur með úthelltu blóði Jesú og kemur í stað gamla lagasáttmálans. Jesús Kristur annast milligöngu hans milli tveggja aðila — Jehóva Guðs og 144.000 andagetinna



kristinna manna. Auk þess að veita syndafyrirgefningu býður sáttmálinn upp á að mynduð sé himnesk þjóð konunga og presta.

Matteus 26:21-29; Markús 14:18-25; Lúkas 22:19-23; Jóhannes 13:18-30; 17:12; 1. Korintubréf 5:7.

- Hvaða biblíuspádóm um einn af lærisveinum sínum vitnar Jesús í og hvernig heimfærir hann spádóminn?
- Af hverju verða postularnir mjög hryggir og um hvað spyrja þeir allir?
- Hvað segir Jesús Júdasi að gera en hvernig túlka hinir postularnir fyrir-mæli hans?
- Til hvaða hátiðar stofnar Jesús eftir að Júdas er farinn og hvaða tilgangi þjónar hún?
 - Milli hverra er ný sáttmálinn gerður og hverju áorkar hann?



FYRR um kvöldið kenndi Jesús postulunum fagra lexíu í auðmýkt með því að þvo fætur þeirra. Eftir það stofnaði hann til minningarhátíðarinnar um yfirvofandi dauða sinn. Nú á sér stað óvænt atvik, einkum í ljósi þess sem á undan er gengið. Postularnir fara að hnakkkrífast um það hver þeirra sé talinn mestur! Eftir öllu að dæma er barna að taka sig upp langvinnt deiluefni þeirra í milli.

Eftir að Jesús ummyndaðist á fjallinu deildu postularnir líka um hver þeirra væri mestur. Og Jakob og Jóhannes fóru meira að segja fram á háar stöður í Guðsríki sem varð tilefni enn frekari deilna meðal postulanna. Jesús hlýtur að hryggjast mjög við að sjá þá



munnhöggvast enn einu sinni, síðasta kvöldið sem hann er með þeim! Hvað gerir hann?

Í stað þess að skamma postulana fyrir hegðun þeirra rök-ræðir hann aftur við þá með þolinmæði: „Konungar þjóða drottna yfir þeim og valdhafar þeirra kallast velgjörðamenn. En eigi sé yður svo farið . . . Því hvort er sá meiri, sem situr til borðs, eða hinn, sem þjónar? Er það ekki sá sem situr til borðs?“ Síðan minnir hann þá á fordæmi sitt og segir: „Samt er ég meðal yðar eins og þjónninn.“

Þrátt fyrir ófullkomleika sinn hafa postularnir staðið með Jesú í prófraunum hans, svo hann segir við þá: „Yður fæ ég ríki í hendur, eins og faðir minn hefur fengið mér.“ Þetta er persónulegur sáttmáli milli Jesú og tryggra fylgjenda hans sem veitir þeim hlutdeild í konunglegri stjórn hans. Aðeins takmarkaður hópur, 144.000, fær aðild að þessum sáttmála um ríki.

Enda þótt postulunum sé veitt sú stórkostlega von að eiga hlutdeild með Kristi í stjórn Guðsríkis eru þeir andlega veikir sem stendur. „Á þessari nóttu munuð þér allir hneykslast á mér,“ segir Jesús. Hann segir Pétri að hann hafi beðið fyrir honum og hvetur svo: „Styrk þú bræður þína, þegar þú ert snúinn við.“

„Börnin mín,“ segir Jesús, „stutta stund verð ég enn með yður. Þér munuð leita mín, og eins og ég sagði Gyðingum, segi ég yður nú: Þangað sem ég fer, getið þér ekki komist. Nýtt boðorð gef ég yður, að þér elskið hver annan. Eins og ég hef elskað yður, skuluð þér einnig elska hver annan. Á því munu allir þekkja, að þér eruð mínir lærisveinar, ef þér berið elsku hver til annars.“

„Herra, hvert ferðu?“ spyr Pétur.



„Þú getur ekki fylgt mér nú þangað sem ég fer, en síðar muntu fylgja mér,“ svarar Jesús.

„Herra, hví get ég ekki fylgt þér nú?“ spyr Pétur. „Ég vil leggja líf mitt í sölurnar fyrir þig.“

„Viltu leggja líf þitt í sölurnar fyrir mig?“ spyr Jesús. „Sannlega segi ég þér: Nú í nótt, áður en hani galar tvisvar, muntu þrisvar afneita mér.“

„Þótt ég ætti að deyja með þér, þá mun ég aldrei afneita þér,“ andmælir Pétur. Hinir postularnir taka allir í sama streng og Pétur gortar: „Þótt allir hneykslist á þér, skal ég aldrei hneykslast.“

Jesús minnir postulana nú á það þegar hann sendi þá í boðunarferð um Galíleu án pyngju og mals og spyr: „Brast yður þá nokkuð?“

„Nei, ekkert,“ svara þeir.

„En nú skal sá, er pyngju hefur, taka hana með sér,“ segir hann, „og eins sá, er mal hefur, og hinn, sem ekkert á, selji yfirhöfn sína og kaupi sverð. Því ég segi yður, að þessi ritning á að rætast á mér: ‚með illvirkjum var hann talinn.‘ Og nú er að fullnast það sem um mig er ritað.“

Jesús er að tala um þann tíma þegar hann verður staurfestur með illvirkjum og benda á að fylgjendur hans verði ofsóttir grimmilega eftir það. „Herra, hér eru tvö sverð,“ segja þeir.

„Það er nóg,“ svarar hann. Og eins og við sjáum síðar gefa þessi sverð Jesú tækifæri til að kenna þeim aðra mikilvæga lexíu. **Matteus 26:31-35; Markús 14:27-31; Lúkas 22:24-38; Jóhannes 13:31-38; Opinberunarbókin 14:1-3.**

- Af hverju kemur deila postulanna á óvart?
- Hvernig bregst Jesús við?
- Hverju áorkar sáttmálinn sem Jesús gerir við lærisveina sína?
- Hvaða nýtt boðorð gefur Jesús og hve mikilvægt er það?
- Hvernig ofmetur Pétur sjálfan sig en hvað segir Jesús?
- Af hverju gefur Jesús önnur fyrirmæli nú en áður um pyngju og mal?

Jesús býr postulana undir burtför sína

MINNINGARMÁLTÍÐIN er afstaðin en Jesús og postular hans eru enn í loftsalnum. Jesús á margt ósagt enda þótt stutt sé þangað til hann yfirgefur þá. „Hjarta yðar skelfist ekki. Trúið á Guð,“ segir hann hughreystandi og bætir svo við: „Og trúið á mig.“

„Í húsi föður míns eru margar vistarverur,“ heldur Jesús áfram. „Ég fer burt að búa yður stað . . . svo að þér séuð einnig þar sem ég er. Veginn þangað, sem ég fer, þekkið þér.“ Postularnir skilja ekki að Jesús er að tala um að fara til himna svo Tómas spyr: „Herra, vér vitum ekki, hvert þú ferð, hvernig getum vér þá þekkt veginn?“

„Ég er vegurinn, sannleikurinn og lífið,“ svarar Jesús. Já, aðeins með því að viðurkenna Jesú og líkja eftir lífsstefnu hans getur nokkur maður gengið í himneskt hús föðurins því að „enginn kemur til föðurins, nema fyrir mig,“ eins og Jesús segir.



„Herra, sýn þú oss föðurinn. Það nægir oss,“ biður Filippus. Hann vill greinilega að Jesús láti þá sjá dýrð Guðs í sýn eins og Móse, Elía og Jesaja sáu til forna. En það sem postularnir hafa er miklu betra en þess konar sýnir eins og Jesús segir: „Ég hef verið með yður allan þennan tíma, og þú þekkir mig ekki, Filippus? Sá sem hefur séð mig, hefur séð föðurinn.“

Jesús endurspeglar svo fullkomlega persónuleika föðurins að það er eins og að sjá föðurinn að fá að lifa og fylgjast með syninum. En faðirinn er syninum æðri eins og Jesús viðurkennir: „Orðin, sem ég segi við yður, tala ég ekki af sjálfum mér.“ Hann gefur himneskum föður sínum réttilega allan heiður af því sem hann kennir.

Það hlýtur að vera mjög hvetjandi fyrir postulana að heyra Jesú segja því næst: „Sá sem trúir á mig, mun einnig gjöra þau verk, sem ég gjöri. Og hann mun gjöra meiri verk en þau.“ Jesús er ekki að segja að fylgjendur hans hafi meiri kraftaverkamátt en hann, heldur að þeir prédiki miklu lengur, á margfalt stærra svæði og fyrir langtum fleira fólki.

Jesús ætlar ekki að yfirgefa lærisveinana eftir burtför sína. „Hvers sem þér biðjið í mínu nafni, það mun ég gjöra,“ lofar hann. Síðan segir hann: „Ég mun biðja föðurinn, og hann mun gefa yður annan hjálpara, að hann sé hjá yður að eilífu, anda sannleikans.“ Síðar, eftir að Jesús er stiginn upp til himna, úthellir hann heilögum anda, þessum öðrum hjálpara, yfir lærisveina sína.

Burtför Jesú nálgast eins og hann segir: „Innan skamms mun heimurinn ekki sjá mig framar.“ Jesús verður andavera sem enginn maður getur séð. En aftur lofar hann trúföstum postulum sínum: „Þér munuð sjá mig, því ég lifi og þér munuð lifa.“ Já, bæði mun Jesús birtast þeim sýnilegur eftir upprisu sína og reisa þá síðar upp frá dauðum sem andaverur svo að þeir geti verið með honum á himni.

Jesús setur nú þessa einföldu reglu: „Sá sem hefur boð-
orð mín og heldur þau, hann er sá sem elskar mig. En sá
sem elskar mig, mun elskaður verða af föður mínum, og ég
mun elska hann og birta honum sjálfan mig.“

Nú grípur postulinn Júdas, sem einnig er nefndur Tadde-
us, fram í: „Herra, hverju sætir það, að þú vilt birtast oss, en
eigi heiminum?“

„Sá sem elskar mig, varðveitir mitt orð,“ svarar Jesús, „og
faðir minn mun elska hann. . . . Sá sem elskar mig ekki, varð-
veitir ekki mín orð.“ Ólíkt hlýðnum fylgjendum Krists hirð-
ir heimurinn ekki um kenningar hans þannig að hann birt-
ist honum ekki.

Jesús hefur kennt postulum sínum margt meðan hann
hefur þjónað á jörð. Hvernig eiga þeir að muna það allt, ekki
sist þar sem það er svo margt sem þeir skilja ekki enn? Sem
betur fer lofar Jesús: „Hjálparinn, andinn heilagi, sem fað-
irinn mun senda í mínu nafni, mun kenna yður allt og minna
yður á allt það, sem ég hef sagt yður.“

Aftur hughreystir Jesús þá og segir: „Frið læt ég yður eft-
ir, minn frið gef ég yður. . . . Hjarta yðar skelfist ekki.“ Jes-
ús er að vísu á förum en hann segir: „Ef þér elskuðuð mig,
yrðuð þér glaðir af því, að ég fer til föðursins, því faðirinn er
mér meiri.“

Jesús á skamman tíma eftir með þeim. „Ég mun ekki
framar tala margt við yður,“ segir hann, „því höfðingi heims-
ins kemur. Í mér á hann ekki neitt.“ Satan djöfullinn, sá sem
fór í Júdas og náði taki á honum, er höfðingi heimsins. En
Jesús hefur enga synduga veikleika sem Satan getur notfært
sér til að snúa honum frá því að þjóna Guði.

Náið samband

Eftir minningarmáltíðina hefur Jesús verið að hvetja post-
ula sína í óformlegu og innilegu samtali. Vera má að komið

sé fram yfir miðnætti þegar hann segir: „Standið upp, vér skulum fara héðan.“ En vegna kærleika síns til þeirra segir hann þeim hvetjandi dæmisögu áður en þeir fara.

„Ég er hinn sanni vínviður, og faðir minn er vínyrkinn,“ segir hann. Vínyrkinn mikli, Jehóva Guð, gróðursetti þennan táknræna vínvið þegar hann smurði Jesú með heilögum anda við skírn hans haustið 29. En Jesús sýnir fram á að vínviðurinn tákni meira en aðeins hann og segir: „Hverja þá grein á mér, sem ber ekki ávöxt, sniður hann af, og hverja þá, sem ávöxt ber, hreinsar hann, svo að hún beri meiri ávöxt. . . . Eins og greinin getur ekki borið ávöxt af sjálfri sér, nema hún sé á vínviðnum, eins getið þér ekki heldur borið ávöxt, nema þér séuð í mér. Ég er vínviðurinn, þér eruð greinarnar.“

Á hvítasunnunni, 51 degi síðar, verða postularnir og fleiri að greinum á vínviðnum þegar heilögum anda er úthellt yfir þá. Að lokum verða 144.000 greinar á þessum táknræna vínviði. Ásamt stofninum, Jesú Kristi, mynda þeir táknrænan vínvið sem ber ávöxt Guðsríkis.

Jesús útskýrir hvað þurfi til að bera ávöxt: „Sá ber mikinn ávöxt, sem er í mér og ég í honum, en án mín getið þér alls ekkert gjört.“ En beri einhver ekki ávöxt verður honum „varpað út eins og greinunum, og hann visnar. Þeim er safnað saman og varpað á eld og brennt.“ Hins vegar lofar hann: „Ef þér eruð í mér og orð mín eru í yður, þá biðjið um hvað sem þér viljið, og yður mun veitast það.“


Jesús segir síðan við postulana: „Með því vegsamast faðir minn, að þér berið mikinn ávöxt, og verðið lærisveinar mínir.“ Ávöxturinn, sem Guð vill að greinarnar beri, eru eiginleikar eins og Kristur hafði, einkum kærleikur. Og þar eð Kristur boðaði Guðsríki felur ávöxturinn einnig í sér að gera menn að lærisveinum líkt og hann gerði.

„Verið stöðugir í elsku minni,“ hvetur Jesús. En hvernig geta postularnir gert það? „Ef þér haldið boðorð mín, verðið þér stöðugir í elsku minni,“ segir hann og bætir við: „Þetta er mitt boðorð, að þér elskið hver annan, eins og ég hef elskað yður. Enginn á meiri kærleik en þann að leggja líf sitt í sölurnar fyrir vini sína.“

Eftir fáeinar klukkustundir sýnir Jesús þennan framúrskarandi kærleika með því að leggja líf sitt í sölurnar fyrir postulana og aðra sem iðka trú á hann. Fordæmi hans ætti að hvetja fylgjendur hans til að bera sama fórnfúsa kærleikann hver til annars. Þeir eiga að þekkjast á þessum kærleika eins og Jesús sagði áður: „Á því munu allir þekkjast, að þér eruð mínir lærisveinar, ef þér berið elsku hver til annars.“

Jesús bendir á hverjir séu vinir hans og segir: „Þér eruð vinir mínir, ef þér gjörið það, sem ég býð yður. Ég kalla yður ekki framar þjóna, því þjónninn veit ekki, hvað herra hans gjörir. En ég kalla yður vini, því ég hef kunngjört yður allt, sem ég heyrði af föður mínum.“

Hugsa sér að geta verið náinn vinur Jesú! En til að eiga þetta dýrmæta samband áfram verða fylgjendur hans að halda áfram að „bera ávöxt.“ Geri þeir það, segir Jesús,



veitir faðirinn þeim „sérhvað það sem þér biðjið hann um í mínu nafni.“ Þetta eru frábær laun fyrir að bera ávöxt Guðs- ríkis! Aftur hvetur hann postulana til að „elska hver annan“ og minnir á að heimurinn muni hata þá, en segir hughreyst- andi: „Ef heimurinn hatar yður, þá vitið, að hann hefur hat- að mig fyrr en yður.“ Hann skýrir síðan hvers vegna heimur- inn hati fylgjendur hans og segir: „Heimurinn hatar yður af því að þér eruð ekki af heiminum, heldur hef ég útvalið yður úr heiminum.“

Jesús útskýrir nánar af hverju hatur heimsins stafi: „Allt þetta munu þeir yður gjöra vegna nafns míns, af því að þeir þekkja eigi þann [Jehóva Guð], sem sendi mig.“ Kraftaverk Jesú sakfella eiginlega þá sem hata hann eins og hann seg- ir: „Hefði ég ekki unnið meðal þeirra þau verk, sem enginn annar hefur gjört, væru þeir ekki sekir um synd. En nú hafa þeir séð þau og hata þó bæði mig og föður minn.“ Þannig, segir hann, rætist ritningarstaðurinn: „Þeir hötuðu mig án saka.“

Eins og áður hughreystir Jesús þá með því að lofa að senda þeim hjálparann, heilagan anda, sem er máttugur starfs- kraftur Guðs. „Mun hann vitna um mig. Þér skuluð einnig vitni bera.“

Fleiri áminningar að skilnaði

Jesús og postularnir eru reiðubúnir að yfirgefa loftsalinn. „Þetta hef ég talað til yðar, svo að þér fallið ekki frá,“ held- ur hann áfram. Síðan varar hann þá við: „Þeir munu gjöra yður samkunduræka. Já, sú stund kemur, að hver sem liflæt- ur yður þykist veita Guði þjónustu.“

Postulunum bregður greinilega mjög við þessi orð. Enda þótt Jesús hafi áður sagt að heimurinn myndi hata þá hafði hann ekki sagt svona berum orðum að þeir yrðu drepnir. „Ég hef ekki sagt yður þetta frá öndverðu, af því ég var með

yður,“ segir hann. En vissulega er það mikils virði fyrir þá að fá þessa vitneskju áður en hann fer!

„En nú fer ég til hans, sem sendi mig, og enginn yðar spyr mig: „Hvert fer þú?““ heldur Jesús áfram. Fyrr um kvöldið höfðu þeir spurt hvert hann væri að fara, en nú er þeim svo brugðið að þeir spyrja hann ekki nánar út í það. Eins og Jesús segir: „Hryggð hefur fyllt hjarta yðar, af því að ég sagði yður þetta.“ Postularnir eru ekki aðeins hryggir af því að þeir hafa komist að raun um að þeir verði ofsóttir grimmliga og drepnir, heldur líka af því að herra þeirra er að yfirgefa þá.

Jesús útskýrir því: „Það er yður til góðs, að ég fari burt, því ef ég fer ekki, kemur hjálparinn ekki til yðar. En ef ég fer, sendi ég hann til yðar.“ Sem maður getur Jesús aðeins verið á einum stað í einu, en þegar hann er farinn til himna getur hann sent fylgjendum sínum hvar sem er á jörðinni hjálparann eða heilagan anda Guðs. Þess vegna er það þeim til góðs að hann skuli fara.

Heilagur andi mun „sanna heiminum, hvað er synd og réttlæti og dómur,“ segir Jesús. Synd heimsins, að iðka ekki trú á son Guðs, verður afhjúpuð. Auk þess verður réttlæti Jesú sannað með því að hann stígur upp til föður síns. Og það sannast að Satan, höfðingi heimsins, hefur fengið óhagstæðan dóm af því að honum og illum heimi hans tekst ekki að brjóta ráðvendni Jesú á bak aftur.

„Enn hef ég margt að segja yður, en þér getið ekki borið það nú,“ heldur Jesús áfram. Þess vegna lofar hann því að þegar hann úthelli yfir þá heilögum anda, sem er starfskraftur Guðs, þá veiti hann þeim skilning á þessu í þeim mæli sem þeir eru færir um að meðtaka.

Postularnir eiga sérlega erfitt með að skilja að Jesús eigi að deyja og síðan birtast þeim aftur upprisinn, þannig að

Þeir spyrja hver annan: „Hvað er hann að segja við oss: „Innan skamms sjáið þér mig ekki, og aftur innan skamms munuð þér sjá mig,“ og: „Ég fer til föðurins?““

Jesú er ljóst að þeir vilja spyrja hann svo hann útskýrir: „Sannlega, sannlega segi ég yður: Þér munuð gráta og kveina, en heimurinn mun fagna. Þér munuð verða hryggir, en hryggð yðar mun snúast í fögnuð.“ Veraldlegir trúarleiðtogar fagna síðdegis þennan sama dag þegar Jesús er drepinn en lærisveinarnir syrgja. Hryggð þeirra snýst hins vegar í fögnuð þegar Jesús er reistur upp frá dauðum! Og fögnuður þeirra viðhelt þegar hann gefur þeim kraft á hvítasunnunni til að vera vottar hans, með því að úthella heilögum anda Guðs yfir þá!

Jesús líkir stöðu postulanna við konu með fæðingarhríðir: „Þegar konan fæðir, er hún í nauð, því stund hennar er komin.“ En þegar barnið er fætt eru þrautirnar gleymdar.



Hann hvetur þá: „Eins eruð þér nú hryggir, en ég mun sjá yður aftur [upprisinn], og hjarta yðar mun fagna, og enginn tekur fögnuð yðar frá yður.“

Hingað til hafa postularnir aldrei beðið í Jesú nafni, en nú segir hann þeim: „Hvað sem þér biðjið föðurinn um í mínu nafni, mun hann veita yður. . . . Sjálfur elskar faðirinn yður, þar eð þér hafið elskað mig og trúað, að ég sé frá Guði út genginn. Ég er út genginn frá föðurnum og kominn í heiminn. Ég yfirgef heiminn aftur og fer til föðursins.“

Orð Jesú eru mjög uppörvandi fyrir postulana. „Þess vegna trúum vér, að þú sért út genginn frá Guði,“ segja þeir. „Trúið þér nú?“ spyr Jesús. „Sjá, sú stund kemur og er komin, að þér tvístrist hver til sín og skiljið mig einan eftir.“ Þótt ótrúlegt kunni að virðast gerist þetta áður en nóttin er úti!

„Þetta hef ég talað við yður, svo að þér eigið frið í mér.“ Síðan segir Jesús: „Í heiminum hafið þér þrenging. En verið hughraustir. Ég hef sigrað heiminn.“ Jesús sigraði heiminn með því að gera vilja Guðs í trúfesti, þrátt fyrir allt sem Satan og heimur hans reyndi að gera til að brjóta ráðvendni hans á bak aftur.

Lokabæn í loftsalum

Sökum innilegs kærleika til postula sinna hefur Jesús verið að búa þá undir yfirvofandi burtför sína. Eftir að hafa áminnt þá og hughreyst í löngu máli horfir hann til himins og biður föður sinn: „Gjör son þinn dýrlegan, til þess að sonurinn gjöri þig dýrlegan. Þú gafst honum vald yfir öllum mönnum, að hann gefi eilíft líf öllum þeim, sem þú hefur gefið honum.“

Þetta er hrifandi efni sem Jesús hefur nú máls á — eilíft líf! Honum hefur verið gefið „vald yfir öllum mönnum“ og hann getur notað lausnarfórn sína í þágu alls deyjandi mannkyns. En hann veitir „eilíft líf“ þeim einum sem

faðirinn hefur velþóknun á. Jesús heldur áfram að ræða um eilíft líf í bæn sinni:

„Það er hið eilífa líf að þekkja þig, hinn eina sanna Guð, og þann sem þú sendir, Jesú Krist.“ Já, hjálpræði er undir því komið að afla sér þekkingar á bæði Guði og syni hans. En huglæg þekking ein sér nægir ekki.

Menn verða að kynnast þeim náðið og byggja upp gagnkvæmt vináttusamband við þá. Við þurfum að hafa sömu afstöðu til mála og þeir og sjá hlutina með þeirra augum. Og umfram allt er nauðsynlegt að leggja sig allan fram um að líkja eftir óviðjafnanlegum eiginleikum þeirra í samskiptum við aðra.

Nú biður Jesús: „Ég hef gjört þig dýrlegan á jörðu með því að fullkomna það verk, sem þú fékkst mér að vinna.“ Hann hefur lokið verki sínu fram til þessa og biður í trausti þess að það takist sem eftir er: „Faðir, gjör mig nú dýrlegan hjá þér með þeirri dýrð, sem ég hafði hjá þér, áður en heimur var til.“ Já, hann biður þess að endurheimta fyrri dýrð á hinnum með upprisu.

Jesús lýsir í hnotskurn aðalstarfi sínu á jörð: „Ég hef opinberað nafn þitt þeim mönnum, sem þú gafst mér úr heiminum. Þeir voru þínir, og þú gafst mér þá, og þeir hafa varðveitt þitt orð.“ Jesús notaði nafn Guðs, Jehóva, í þjónustu sinni og bar það rétt fram, en hann gerði meira en það til að opinbera postulum sínum nafn Guðs. Hann jók líka þekkingu og mat þeirra á Jehóva, persónuleika hans og tilgangi.

Jesús segir að Jehóva, sem hann þjónar, sé sér æðri og viðurkennir auðmjúklega: „Ég hef flutt þeim þau orð, sem þú gafst mér. Þeir tóku við þeim og vita með sannni, að ég er frá þér út genginn, og trúa því, að þú hafir sent mig.“

Jesús gerir greinarmun á fylgjendum sínum og mannkyninu í heild og biður næst: „Ég bið fyrir þeim. Ég bið ekki fyr-

ir heiminum, heldur fyrir þeim sem þú hefur gefið mér . . . Meðan ég var hjá þeim, varðveitti ég þá . . . og gætti þeirra, og enginn þeirra glataðist nema sonur glötunarinnar,“ Júdas Ískariot. Á þessari sömu stundu er Júdas á leið til að svíkja Jesú og er þar með óafvitandi að uppfylla Ritninguna.

„Heimurinn hataði þá,“ heldur Jesús bæn sinni áfram. „Ég bið ekki, að þú takir þá úr heiminum, heldur að þú varðveitir þá frá hinu illa. Þeir eru ekki af heiminum, eins og ég er ekki af heiminum.“ Fylgjendur Jesú eru í heiminum, samfélagi manna sem er undir stjórn Satans, en þeir eru og verða alltaf að vera aðgreindir frá því og illsku þess.

„Helga þá í sannleikanum,“ segir Jesús. „Þitt orð er sannleikur.“ Hér kallar Jesús hinar innblásnu Hebresku ritningar, sem hann vitnaði sífellt í, „sannleikann.“ En það sem hann kenndi lærisveinunum og þeir skrifuðu síðan vegna innblásturs í kristnu Grísku ritningunum, er líka „sannleikur.“ Þessi sannleikur getur helgað mann, gerbreytt lífi hans og aðgreint hann frá heiminum.

Jesús biður nú „ekki einungis fyrir þessum, heldur og fyrir þeim, sem á [hann] trúa fyrir orð þeirra.“ Hann biður því fyrir öllum sem verða smurðir fylgjendur hans og fyrir öðrum lærisveinum framtíðarinnar sem enn á eftir að safna í „eina hjörð.“ Hvernig biður hann fyrir þeim?

„Að allir séu þeir eitt, eins og þú, faðir, ert í mér og ég í þér, . . . svo að þeir séu eitt, eins og við erum eitt.“ Jesús og faðir hans eru ekki bókstaflega ein persóna, en þeir eru sam mála um allt. Jesús biður þess að fylgjendur hans njóti sömu einingar: „Til þess að heimurinn viti, að þú hefur sent mig og að þú hefur elskað þá, eins og þú hefur elskað mig.“

Jesús biður himneskan föður sinn nú nokkurs í þágu þeirra sem verða smurðir fylgjendur hans. Hvers? „Að þeir . . . séu hjá mér, þar sem ég er, svo að þeir sjái dýrð mína,

sem þú hefur gefið mér, af því að þú elskaðir mig fyrir grundvöllun heims,“ það er að segja áður en Adam og Eva eignuðust börn. Guð hafði elskað eingetinn son sinn, sem varð Jesús Kristur, löngu áður.

Í lok bænarrinnar leggur Jesús aftur áherslu á þetta. „Ég hef kunnngjört þeim nafn þitt og mun kunnngjöra, svo að kærleikur þinn, sem þú hefur auðsýnt mér, sé í þeim og ég sé í þeim.“ Postularnir hafa meðal annars kynnst nafni Guðs með því að kynnst kærleika hans af eigin raun. Jóhannes 14: 1–17:26; 13:27, 35, 36; 10:16; Lúkas 22:3, 4; 2. Mósebók 24:10; 1. Konungabók 19:9-13; Jesaja 6:1-5; Galatabréfið 6:16; Sálmur 35:19; 69:5; Orðskviðirnir 8:22, 30.

- Hvert er Jesús að fara og hvað segir hann Tómasi um veginn þangað?
- Hvað er Filippus greinilega að biðja Jesú um?
- Af hverju hefur sá sem hefur séð Jesú séð föðurinn?
- Hvernig munu fylgjendur Jesú gera enn meiri verk en hann?
- Í hvaða skilningi hefur Satan ekkert tak á Jesú?
- Hvenær gróðursetti Jehóva hinn táknræna vínvið og hvenær og hvernig verða aðrir hluti af vínviðnum?
- Hve margar greinar verða að lokum á vínviðnum táknræna?
- Hvaða ávöxt vill Guð að greinarnar beri?
- Hvernig getum við verið vinir Jesú?
- Af hverju hatar heimurinn fylgjendur Jesú?
- Hvaða viðvörðun Jesú gerir postulunum órótt?
- Hvers vegna spyrja postularnir Jesú ekki nánar út í hvert hann sé að fara?
- Hvað eiga postularnir sérlega erfitt með að skilja?
- Hvernig lýsir Jesús með dæmi að hryggð postulanna breytist í fögnuð?
- Hvað segir Jesús að postularnir geri bráðlega?
- Hvernig sigrar Jesús heiminn?
- Í hvaða skilningi er Jesús gefið „vald yfir öllum mönnum“?
- Hvað merkir það að þekkja Guð og son hans?
- Á hvaða vegu opinberar Jesús nafn Guðs?
- Hvað er „sannleikurinn“ og hvernig „helgar“ hann kristinn mann?
- Hvernig eru Guð, sonur hans og allir sannir guðsdýrkendur eitt?
- Hvenær var „grundvöllun heims“?

Angist í garðinum

EFTIR að Jesús hefur beðið bænar syngur hann lofsöng til Jehóva ásamt ellefu trúföstum postulum sínum. Þeir yfirgefa svo loftsalinn, fara út í svala og myrka nóttina og ganga þvert yfir Kedrondal í átt til Betaníu. En á leiðinni koma þeir við á stað sem er þeim kær, Getsemanegarðinum sem er á Oliufjallinu eða við rætur þess. Jesús og postularnir hafa oft hist þar inn á milli oliutrjána.

Hann skilur átta af postulunum eftir, kannski við innganginn í garðinn, og segir þeim: „Setjist hér, meðan ég fer og biðst fyrir þarna.“ Hinir þrír — Pétur, Jakob og Jóhannes — fara með honum lengra inn í garðinn. Mikla hryggð og angist setur nú að Jesú. „Sál mín er hrygg allt til dauða,“ segir hann þeim. „Biðið hér og vakið með mér.“

Jesús gengur lítið eitt áfram, fellur fram með andlitið til jarðar og biður innilega: „Faðir minn, ef verða má, þá fari þessi kaleikur fram hjá mér. Þó ekki sem ég vil, heldur sem þú vilt.“ Hvað á hann við? Af hverju er hann „hryggur allt til dauða“? Er hann að guggna á því að deyja og greiða lausnargjaldið?

Alls ekki! Jesús er ekki að biðja um að komast hjá dauða. Jafnvel tilhugsunin að koma sér undan því að deyja fórnardauða, eins og Pétur stakk einu sinni upp á, er honum ógeðfelld. Angist hans stafar af því að hann óttast að dauði hans — eins og fyrirlitlegs glæpamanns — kasti rýrð á nafn föður hans. Hann veit að eftir fáeinar klukkustundir verður hann hengdur upp á staur eins og versti afbrotamaður — guðlastari! Það er þetta sem veldur honum angist.

Eftir allanga bæn kemur Jesús aftur til postulanna þriggja og finnur þá sofandi. Hann segir við Pétur: „Þér

gátuð þá ekki vakað með mér eina stund? Vakið og biðjið, að þér fallið ekki í freistni.“ En sökum þess hve framorðið er og álagið á þeim hefur verið mikið segir hann: „Andinn er reiðubúinn, en holdið veikt.“

Jesús fer afsíðis í annað sinn og biður Guð að taka „þennan kaleik“ frá sér, það er að segja það hlutskipti sem Guð hefur falið honum. Hann kemur aftur til postulanna þriggja og finnur þá sofandi þótt þeir ættu að vera að biðja þess að falla ekki í freistni. Þeir vita ekki hvað segja skal þegar Jesús talar við þá.

Jesús fer nú í þriðja sinn steinsnar frá þeim, krýpur og biðst fyrir með sárum kveinstöfum og tárur: „Faðir, ef þú vilt, þá tak þennan kaleik frá mér!“ Jesús finnur til nístandi sársauka vegna þeirrar smánar sem það kallar yfir nafn föður hans að hann skuli eiga að deyja eins og glæpamaður. Að vera ákærður fyrir guðlast — að formæla Guði — er næstum óbærileg tilhugsun!

Samt sem áður biður Jesús áfram: „Þó ekki sem ég vil, heldur sem þú vilt.“ Jesús beygir sig fúslega undir vilja Guðs. Þá birtist honum engill af himni sem styrkir hann með nokkrum hughreystingarorðum. Trúlega segir engillinn honum að hann njóti velþóknunar föður síns.

En það er þung byrði sem hvílir á Jesú! Eilíft líf hans sjálfs og alls mannkyns er í húfi. Tilfinningaálagið er gífurlegt. Hann biðst því enn ákafar fyrir og sviti hans verður eins og blóðdropar sem falla á jörðina. „Þótt blóðsviti . . . sé afar sjaldgæft fyrirbrigði getur hann brotist fram undir gríðarlegu tilfinningaálagi,“ segir tímaritið *The Journal of the American Medical Association*.

Jesús kemur nú að postulunum sofandi í þriðja sinn. Þeir eru örmagna af hryggð. „Sofið þér enn og hvílist?“ segir hann. „Nú er nóg. Stundin er komin. Mannssonurinn er

framseldur í hendur syndugra manna. Standið upp, förum!
Sá er í nánd, er mig svíkur.“

Hann er enn að tala þegar Júdas Ískariót kemur ásamt fjölmennum flokki manna með blys, lampa og vopn. **Matt-eus 26:30, 36-47; 16:21-23; Markús 14:26, 32-43; Lúkas 22:39-47; Jóhann-es 18:1-3; Hebreabréfið 5:7.**

- Hvert fer Jesús með postulunum þegar þeir yfirgefa loftsalinn, og hvað gerir hann þar?
- Hvað gera postularnir meðan Jesús biðst fyrir?
- Af hverju er Jesús angistarfullur og um hvað biður hann Guð?
- Hvað má ráða af því að sviti Jesú skuli vera eins og blóðdropar?



Svikráð og handtaka

Þ AÐ er komið langt fram yfir miðnætti þegar Júdas leiðir mikinn flokk hermanna, æðstupresta, farísea og annarra inn í Getsemanegarðinn. Prestarnir hafa fallist á að greiða Júdas 30 silfurpeninga fyrir að svíkja Jesú í hendur þeim.

Eftir öllu að dæma fór Júdas rակleiðis til æðstuprestanna eftir að honum var vísað frá páskamáltíðinni. Þeir kölluðu þegar í stað saman verði sína og flokk hermanna. Kannski fór Júdas fyrst með þá þangað sem Jesús og postularnir höfðu haldið páskahátíðina. Þegar í ljós kom að þeir voru farnir fylgdi flokkurinn Júdas með vopnum, lömpum og blysum út fyrir borgina og yfir Kedrondal.

Júdas þykist viss um hvar hann finni Jesú er hann leiðir fylkinguna upp Ólíufjallið. Síðastliðna viku hafa Jesús og postularnir farið fram og aftur milli Betaníu og Jerúsalem og oft komið við í Getsemanegarðinum til að hvilast og ræða saman. En hvernig eiga hermennirnir að þekkja Jesú sem leynist hugsanlega í myrkrinu undir einhverju olíutrénu? Þeir hafa kannski aldrei séð hann fyrr. Júdas ætlar því að gefa þeim merki og segir: „Sá sem ég kyssi, hann er það. Tak-ið hann höndum og færið brott í tryggri vörslu.“

Júdas fer með allan flokkinn inn í garðinn, kemur auga á Jesú ásamt postulunum og gengur beint til hans. „Heill, rabbí!“ segir hann og kyssir hann blíðlega.

„Vinur, hví ertu hér?“ segir Jesús hvasst. Hann svarar spurningunni sjálfur og segir: „Júdas, svikur þú Mannssoninn með kossi?“ En nóg um þennan svikara! Jesús gengur fram í ljósið frá blysunum og lömpunum og spyr: „Að hverjum leitið þér?“

„Að Jesú frá Nasaret,“ er svarað.



„Ég er hann,“ svarar Jesús og stendur hugrakkur frammi fyrir þeim öllum. Mönnunum bregður við dirfsku hans, hoga á hæl og falla til jarðar því þeir vita ekki hverju þeir eiga að búast við.

„Ég sagði yður, að ég væri hann,“ segir Jesús stillilega. „Ef þér leitið mín, þá lofið þessum að fara.“ Skömmu áður en þeir yfirgáfu loftsalinn sagði Jesús föður sínum í bæn að hann hefði gætt trúfastra postula sinna og enginn þeirra hefði glatast nema „sonur glötunarinnar.“ Til að orð hans rætist biður hann um að fylgjendur sínir megi fara.

Þegar hermennirnir átta sig, standa upp og gera sig líklega til að binda Jesú sjá postularnir að hverju stefnir. „Herra, eigum vér ekki að bregða sverði?“ spyrja þeir. Áður en Jesús svarar mundar Pétur annað sverðið sem

postularnir höfðu meðferðis, og ræðst á Malkus, þjón æðsta-prestsins. Sverðið geigar en sníður af honum hægra eyrað.

„Hér skal staðar nema,“ segir Jesús og skakkar leikinn. Hann snertir eyra Malkusar og græðir sárið. Síðan kennir hann þeim þýðingarmikla lexíu og skipar Pétri: „Slíðra sverð þitt! Allir, sem sverði bregða, munu fyrir sverði falla. Hyggur þú, að ég geti ekki beðið föður minn að senda mér nú meira en tólf sveitir engla?“

Jesús er fús til að láta handtaka sig því hann segir: „Hvernig ættu þá ritningarnar að rætast, sem segja, að þetta eigi svo að verða?“ Hann bætir við: „Á ég ekki að drekka kaleikinn, sem faðirinn hefur fengið mér?“ Hann er fyllilega samþykkuur vilja Guðs með sig.

Síðan ávarpar Jesús hópinn: „Eruð þér að fara að mér með sverðum og bareflum eins og gegn ræningja til að handtaka mig? Daglega sat ég í helgidóminum og kenndi, og þér tókuð mig ekki höndum. En allt verður þetta til þess, að ritningar spámanna rætist.“

Hermennirnir, foringinn og varðmenn Gyðinga taka Jesús þá höndum og binda hann. Þegar postularnir sjá það yfirgefa þeir Jesú og flýja sem fætur toga. En ungur maður, ef til vill lærisveinninn Markús, er enn í hópnum. Hann kann að hafa verið á heimilinu þar sem Jesús hélt páska og fylgt hópnum þaðan. Nú bera menn kennsl á hann og reyna að taka hann, en hann skilur eftir linklæði sitt og flýr. **Matteus 26:47-56; Markús 14:43-52; Lúkas 22:47-53; Jóhannes 17:12; 18:3-12.**

- Af hverju er Júdas viss um að hann finni Jesú í Getsemanegarðinum?
- Hvernig sýnir Jesús umhyggju sína fyrir postulunum?
- Hvað gerir Pétur til að verja Jesú en hvað segir Jesús honum um það?
- Hvernig sýnir Jesús að hann sé fyllilega samþykkuur vilja Guðs með sig?
- Hver verður eftir þegar postularnir yfirgefa Jesú og hvað verður um hann?

Leiddur fyrir Annas og Kaífas

JESÚS er leiddur bundinn eins og ótíndur glæpamaður fyrir hinn áhrifamikla Annas sem var æðstiprestur þegar Jesús, 12 ára gamall, gerði rabbínakennarana í musterinu forviða. Nokkrir synir Annasar þjónuðu síðar sem æðstuprestar og núna gegnir Kaífas, tengdasonur hans, embættinu.

Sennilega er farið fyrst með Jesú heim til Annasar vegna þess hve lengi Annas hefur gegnt stóru hlutverki í trúarlífi Gyðinga. Þessi viðkoma hjá Annasi gefur Kaífasi æðstapresti ráðrúm til að kalla saman æðstaráðið, sem er hæsti réttur Gyðinga og skipað 71 manni, og til að finna ljúgvotta.

Annas prestur spyr Jesú um lærisveina hans og kenningu, en Jesús svarar: „Ég hef talað opinskátt í áheyrn heimsins. Ég hef ætíð kennt í samkundunni og í helgidóminum, þar sem allir Gyðingar safnast saman, en í leynum hef ég ekkert talað. Hví spyr þú mig? Spyrðu þá, sem heyrt hafa, hvað ég hef við þá talað. Þeir vita hvað ég hef sagt.“

Varðmaður, sem stendur hjá Jesú, rekur honum þá löðrung og spyr: „Svarar þú æðsta prestinum svona?“

„Hafi ég illa mælt, þá sanna þú, að svo hafi verið, en hafi ég rétt að mæla, hví slær þú mig?“ svarar Jesús. Eftir þessi orðaskipti sendir Annas Jesú bundinn til Kaífasar.

Nú eru allir höfuðprestarnir, öldungarnir og fræðimennirnir, já, allt æðstaráðið að tínast saman, að öllum líkindum á heimili Kaífasar. Það er skýrt brot á lögum Gyðinga að rétta í máli manns á páskanótt en það hindrar trúarleiðtoga ekki í vonskuverki sínu.

Mörgum vikum áður, þegar Jesús reisti Lasarus upp frá dauðum, hafði æðstaráðið sameinast um að dæma Jesú til dauða. Og aðeins tveir dagar eru síðan trúarleiðtogarnir réðu ráðum sínum um að handsama Jesú með svikum til að taka hann af lífi. Hugsaðu þér — það var búið að dæma Jesú fyrirfram, áður en hann var leiddur fyrir rétt!

Nú er reynt að finna menn til að bera ljúgvitni sem byggja megi á sakamál gegn Jesú en engir finnast sem ber saman í framburði sínum. Loks koma tveir sem staðhæfa: „Vér heyrðum hann segja: „Ég mun brjóta niður musteri



þetta, sem með höndum er gjört, og reisa annað á þrem dögum, sem ekki er með höndum gjört.“

„Svarar þú því engu, sem þessir vitna gegn þér?“ spyr Kaífas. En Jesús þegir. Æðstaráðinu til háðungar kemur vitnunum ekki einu sinni saman um þessa falskæru. Æðstipresturinn breytir því um aðferð.

Kaífas veit hve viðkvæmir Gyðingar eru fyrir því ef einhver segist vera sonur Guðs. Tvívegis áður höfðu þeir í fljót-færni kallað Jesú dauðasekan guðlastara. Í annað skiptið ímynduðu þeir sér ranglega að hann hafi sagst vera jafn Guði. Nú segir Kaífas með slægð: „Ég særi þig við lifandi Guð, segðu oss: Ertu Kristur, sonur Guðs?“

Hvað sem Gyðingar halda er Jesús í raun og veru sonur Guðs. Ef hann þegði mætti túlka það svo að hann væri að neita því að hann sé Kristur. Hann svarar því hugrakkur: „Ég er sá, og þér munuð sjá Mannssoninn sitja til hægri handar máttarins og koma í skýjum himins.“

Þá rífur Kaífas klæði sín með tilþrifum og hrópar: „Hann guðlastar, hvað þurfum vér nú framar votta við? Þér heyrðuð guðlastið. Hvað list yður?“

„Hann er dauðasekur,“ lýsir æðstaráðið yfir. Síðan taka menn að hæðast að honum og svívirða hann. Þeir slá hann í andlitið og hrækja framan í hann. Aðrir hylja andlit hans, slá hann með hnefum og segja hæðnislega: „Spáðu nú, Kristur, hver var að slá þig?“ Þessi svívirða og lögleysa á sér stað við næturréttarhöldin. **Matteus 26:57-68; 26:3, 4; Markús 14:53-65; Lúkas 22:54, 63-65; Jóhannes 18:13-24; 11:45-53; 10:31-39; 5:16-18.**

- Hvert er fyrst farið með Jesú og hvað gerist þar?
- Hvert er síðan farið með Jesú og í hvaða tilgangi?
- Hvernig tekst Kaífasi að fá æðstaráðið til að lýsa Jesú dauðasekan?
- Hvaða svívirða og lögleysa á sér stað við réttarhöldin?

Pétur afneitar Jesú

PÉTUR og Jóhannes höfðu yfirgefið Jesú í Getsemanegarðinum og flúið óttaslegnir ásamt hinum postulunum en snúa svo við. Ef til vill draga þeir Jesú uppi þegar farið er með hann til Annasar. Þegar Annas sendir hann til Kaífasar æðstaprests fylgja Pétur og Jóhannes álangdar. Þeir óttast greinilega um líf sitt en hafa jafnframt miklar áhyggjur af því hvað verði um herra þeirra.

Jóhannesi tekst að komast inn í hallargarð Kaífasar því að hann er kunnugur æðstaprestinum. Pétur biður fyrir utan. Skömmu síðar kemur Jóhannes aftur og talar við þernu, sem gætir dyranna, og Pétri er hleypt inn fyrir.

Það er orðið kalt og húsbjónar og varðmenn æðstaprestsins hafa kveikt kolaeld. Pétur færir sig nær til að orna sér meðan hann biður niðurstöðu réttarhaldanna yfir Jesú. Í bjarmanum frá eldinum sér þernan, sem hleypti Pétri inn, betur framan í hann. „Þú varst líka með Jesú frá Galíleu,“ hrópar hún.

Pétri bregður að hún skuli bera kennsl á hann og neitar því svo að allir heyra að hann þekki Jesú. „Ekki veit ég né skil, hvað þú ert að fara,“ segir hann.

Pétur gengur út í fordyrið og þar sér önnur þerna hann og segir við nærstadda: „Þessi var með Jesú frá Nasaret.“ Aftur neitar Pétur og sver þess eidd að hann þekki manninn ekki.

Hann dokar við í hallargarðinum og reynir að láta sem minnst á sér bera. Kannski er það þá, áður en birtir af degi, sem hani galar og honum bregður við. En réttarhöldin yfir Jesú fara trúlega fram á efri hæð hússins sem snýr að hallargarðinum. Pétur og aðrir sem biða fyrir neðan sjá eflaust hin ýmsu vitni koma og fara.



Um klukkustund er liðin síðan síðast var bent á að Pétur hefði verið með Jesú. Nú koma margir nærstaddra til hans og segja: „Víst ertu líka einn af þeim, enda segir málfæri þitt til þín.“ Einn þeirra er ættingi Malkusar sem Pétur hjó eyrað af. „Sá ég þig ekki í grasgarðinum með honum?“ spyr hann.

Pétur sver og sárt við leggur að hann þekki ekki manninn. Honum er svo mikið í mun að sannfæra fólkið um að því skjátlist að hann formæli sjálfum sér, það er að segja kallar yfir sig bölvun sé hann ekki að segja satt.

Um leið og Pétur afneitar Jesú í þriðja sinn galar hani. Jesús, sem er greinilega kominn út á svalirnar yfir hallargarðinum, snýr sér við á sama augnabliki og lítur á hann. Þá minnst Pétur þess sem Jesús sagði í loftsalmum fyrir aðeins nokkrum klukkustundum: „Áður en hani galar, muntu þrisvar afneita mér.“ Niðurbrotinn vegna syndar sinnar gengur Pétur út og grætur beisklega.

Hvernig gat þetta gerst? Hvernig gat Pétur afneitað herra sínum þrisvar í röð eftir að hafa verið svona sannfærður um andlegan styrk sinn? Eflaust komu atburðir kvöldsins Pétri að óvörum. Sannleikanum hefur verið rangsnúið og Jesús uppmálaður sem versti glæpamaður. Rétt er talið rangt og saklaus maður sekur. Pétur kiknar undan öllu álaginu og missir jafnvægið. Skyndilega bregst honum hollustan, sem er honum eiginleg, og hann lamast af ótta við menn. Megi það aldrei henda okkur! **Matteus 26:57, 58, 69-75; Markús 14:30, 53, 54, 66-72; Lúkas 22:54-62; Jóhannes 18:15-18, 25-27.**

- Hvernig komast Pétur og Jóhannes inn í hallargarð æðstaprestsins?
- Hvað á sér stað í húsinu meðan Pétur og Jóhannes eru í hallargarðinum?
- Hve oft galar hani og hve oft neitar Pétur því að hann þekki Krist?
- Hvað merkir það að Pétur sverji og formæli sér?
- Hvað fær Pétur til að afneita Jesú?

Fyrir æðstaráðið og Pílatus

NÓTTIN er næstum liðin. Pétur hefur afneitað Jesú í þriðja sinn, æðstaráðið hefur lokið sýndarréttarhöldunum og hver farið sina leið. En í dagrenningu á föstudegi hittist ráðið aftur, nú í ráðssalnum. Eflaust er tilgangurinn sá að gefa næturréttarhöldunum einhvers konar löglegt yfirbragð. Þegar Jesús er leiddur fyrir ráðið er sagt við hann eins og um nóttina: „Ef þú ert Kristur, þá seg oss það.“

„Þótt ég segi yður það, munuð þér ekki trúa,“ svarar Jesús, „og ef ég spyr yður, svarið þér ekki.“ En Jesús segir hugrakkur hver hann sé: „Upp frá þessu mun Mannssonurinn sitja til hægri handar Guðs kraftar.“


„Ert þú þá sonur Guðs?“ spyrja þeir allir.

„Þér segið, að ég sé sá,“ svarar Jesús.

Mennirnir eru í morðhug svo að þetta svar nægir þeim. Þeir telja það guðlast. „Hvað þurfum vér nú frammar vitnis við?“ spyrja þeir. „Vér höfum sjálfir heyrt það af munnni hans.“ Þeir láta því binda Jesú, leiða hann burt og framselja hann rómverska landshöfðingjanum Pontíusi Pílatusi.

Júdas, sem sveik Jesú, hefur fylgst með framvindu mála. Þegar hann kemst að raun um að Jesús hefur verið dæmdur sekur sér hann eftir öllu saman. Hann fer til æðstuprestanna og öldunganna til að skila silfurpeningunum 30 og segir: „Ég drýgði synd, ég sveik saklaust blóð.“

„Hvað varðar oss um það? Það er þitt að sjá fyrir því,“ svara þeir harðneskjulega. Júdas fleygir þá silfrinu inn í musterið, fer burt og reynir að



hengja sig. En greinin, sem Júdas reynir að binda reipið í, brotnar bersýnilega svo að hann fellur á grjótið fyrir neðan og brestur í sundur.

Æðstuprestarnir vita ekki hvað gera skal við silfrið. „Ekki má láta það í guðskistuna, því þetta eru blóðpeningar,“ segja þeir. Þeir verða ásáttir um að kaupa fyrir það akur leirkera-smiðsins sem grafreit handa útlendingum. Akurinn er því kallaður „Blóðreitur.“

Það er enn árla morguns þegar komið er með Jesú til hallar landshöfðingjans. En Gyðingarnir, sem fylgja honum, vilja ekki fara sjálfir inn í höllina því að þeir álita að þeir saurgist af svo nánnum samskiptum við heiðingja. Pílatus kemur því út til fundar við þá. „Hvaða ákæru berið þér fram gegn þessum manni?“ spyr hann.

„Ef þetta væri ekki illvirki, hefðum vér ekki selt hann þér í hendur,“ svara þeir.

Pílatus vill helst ekki blanda sér í málið og svarar: „Takið þér hann, og dæmið hann eftir yðar lögum.“

Gyðingarnir afhjúpa þá morðhug sinn og segja: „Oss leyfist ekki að taka neinn af lifi.“ Ef þeir tækju Jesú af lifi á páskahátíðinni myndi það líklega valda almennu uppþoti því að margir hafa Jesú í hávegum. En auðnist þeim að fá Rómverja til að taka hann af lifi fyrir pólitískar sakir gætu þeir hugsanlega firrt sig ábyrgð frammi fyrir fólkinu.

Trúarleiðtogarnir minnst því ekki á að þeir hafi réttað í málinu um nóttina og dæmt Jesú fyrir guðlast, heldur spinna upp aðrar ásakanir. Þeir saka Jesú um þrennt: „Vér höfum komist að raun um, að þessi maður [1] leiðir þjóð vora afvega, [2] hann bannar að gjalda keisaranum skatt og [3] segist sjálfur vera Kristur, konungur.“

Það er helst sú ákæra að Jesús segist vera konungur sem veldur Pílatusi áhyggjum. Hann gengur því aftur inn í höllina, kallar Jesú fyrir sig og spyr: „Ert þú konungur Gyðinga?“

Með öðrum orðum, hefurðu brotið lög með því að lýsa sjálfan þig konung í andstöðu við keisarann?


Jesú fýsir að vita hve mikið Pilatus hefur heyrt um hann og spyr: „Mælir þú þetta af sjálfum þér, eða hafa aðrir sagt þér frá mér?“

Pilatus lætur sem hann viti ekki neitt og þykist vilja fá að vita staðreyndirnar. „Er ég þá Gyðingur?“ svarar hann. „Þjóð þín og æðstu prestarnir hafa selt þig mér í hendur. Hvað hefur þú gjört?“

Jesús reynir ekki að skjóta sér undan spurningunni hvort hann sé konungur en svarið kemur Pilatusi eflaust á óvart.

Lúkas 22:66–23:3; Matteus 27:1-11; Markús 15:1; Jóhannes 18:28-35; Postulasagan 1:16-20.

- Í hvaða tilgangi kemur æðstaráðið aftur saman um morguninn?
- Hvernig deyr Júdas og hvað er gert við silfurpeningana 30?
- Af hverju vilja Gyðingar ekki lífláta Jesú sjálfir heldur fá Rómverja til þess?
- Um hvað saka Gyðingar Jesú?



Frá Pílatusi til Heródesar og aftur til baka

JESÚS reynir alls ekki að dylja Pilatus þess að hann sé konungur en útskýrir að Róm stafi engin hættu af ríki hans. „Mitt ríki er ekki af þessum heimi,“ segir hann. „Væri mitt ríki af þessum heimi, hefðu þjónar mínir barist, svo ég yrði ekki framseldur Gyðingum. En nú er ríki mitt ekki þaðan.“ Jesús viðurkennir þannig þrúvegis að hann eigi sér ríki þótt ekki sé það jarðneskt.

En Pilatus spyr aftur: „Þú ert þá konungur?“ Það er að segja, ertu konungur þótt ríki þitt sé ekki af þessum heimi?

Jesús svarar því til að Pilatus hafi dregið rétta ályktun og segir: „Þú segir að ég sé konungur. Til þess er ég fæddur og til þess er ég kominn í heiminn, að ég beri sannleikanum vitni. Hver sem er af sannleikanum, heyrir mína rödd.“

Tilgangurinn með veru Jesú á jörðinni er sá að bera „sannleikanum“ vitni, einkum sannleikanum um ríki sitt. Hann er tilbúinn til að vera trúur þessum sannleika, jafnvel þótt það kosti hann lífið. Pilatus bíður ekki nánari skýringar þótt hann spyrji: „Hvað er sannleikur?“ Hann hefur heyrt nóg til að fella dóm.

Hann gengur aftur út til mannfjöldans sem bíður fyrir utan höllina. Jesús stendur greinilega við hlið hans þegar hann segir æðstuprestunum og föruneyti þeirra: „Enga sök finn ég hjá þessum manni.“

Mannfjöldinn reiðist þessum úrskurði og heldur fast við sitt: „Hann æsir upp lýðinn með því, sem hann kennir í allri Júdeu, hann byrjaði í Galíleu og er nú kominn hingað.“

Pilatus hlýtur að undrast glórulaust ofstæki Gyðinga. Æðstuprestarnir og öldungarnir halda áfram hrópum sínum en hann snýr sér að Jesú og spyr: „Heyrir þú ekki,

hve mjög þeir vitna gegn þér?“ En Jesús svarar engu. Pilatus undrast stillingu hans andspænis þessum hörðu ásökunum.

Þegar Pilatus kemst að raun um að Jesús er frá Galíleu eygir hann möguleika á að skjóta sér undan ábyrgð. Fjórðungsstjóri Galíleu, Heródes Antípas (sonur Heródesar mikla), er í Jerúsalem að halda páska svo að Pilatus sendir Jesú til hans. Heródes Antípas hafði látið hálshöggva Jóhannes skírara fyrir nokkru en varð hræddur þegar hann frétti af kraftaverkum Jesú því að hann óttaðist að Jesús væri Jóhannes upprisinn frá dauðum.

Heródes er himinlifandi að fá tækifæri til að sjá Jesú. Ekki svo að skilja að honum sé annt um velferð hans eða vilji virkilega komast að raun um hvort ásakanirnar gegn honum séu sannar eða ekki, heldur er hann einfaldlega forvitinn og langar til að sjá Jesú vinna eitthvert kraftaverk.



En Jesús neitar að svala forvitni Heródesar. Hann segir ekki orð þótt Heródes spyrji hann. Vonsviknir spotta Heródes og hermenn hans Jesú. Þeir klæða hann í skínandi klæði og hæðast að honum. Síðan senda þeir hann aftur til Pílatusar. Eftir þetta verða Heródes og Pílatus góðir vinir en áður höfðu þeir verið óvinir.

Þegar Jesús kemur aftur til Pílatusar kallar hann æðstu-prestana, höfðingja Gyðinga og fólkið saman og segir: „Þér hafið fært mér þennan mann og sagt hann leiða fólkið af-vega. Nú hef ég yfirheyrt manninn í yðar viðurvist, en enga þá sök fundið hjá honum, er þér ákærið hann um. Ekki held-ur Heródes, því hann sendi hann aftur til vor. Ljóst er, að hann hefur ekkert það drýgt, er dauða sé vert. Ætla ég því að hirta hann og láta lausan.“

Pílatus hefur nú tvisvar lýst Jesú saklausan. Hann vill gjarnan láta hann lausan því að honum er ljóst að prestarnir hafa framselt hann sökum öfundar. Og Pílatus fær enn sterkari ástæðu til að láta Jesú lausan því að eiginkona hans gerir honum boð meðan hann situr á dómstólnum og hvet-ur hann: „Láttu þennan réttláta mann vera, þungir hafa draumar mínir [greinilega frá Guði] verið í nótt hans vegna.“

En hvernig getur Pílatus látið þennan saklausa mann lausan eins og hann veit að honum ber? **Jóhannes 18:36-38, vers 37 neðanmáls; Lúkas 23:4-16; Matteus 27:12-14, 18, 19; 14:1, 2; Markús 15:2-5.**

- Hvernig svarar Jesús spurningunni um konungdóm sinn?
- Hver er ‚sannleikurinn‘ sem Jesús notaði jarðlíf sitt til að bera vitni um?
- Hver er dómur Pílatusar, hver eru viðbrögð fólksins og hvað gerir Pílat-us við Jesú?
- Hver er Heródes Antípas, hvers vegna er hann himinlifandi að fá að sjá Jesú og hvað gerir hann við hann?
- Af hverju vill Pílatus gjarnan láta Jesú lausan?

„Sjáið manninn!“

PÍLATUSI er ljóst að Jesús er saklaus og er snortinn af framkomu hans. Hann reynir því aðra leið til að láta hann lausan. „Þér eruð vanir því, að ég gefi yður einn mann lausan á páskunum,“ segir hann mannfjöldanum.

Í haldi er alræmdur morðingi sem Barabbas heitir, og Pílatus spyr: „Hvorn viljið þér, að ég gefi yður lausan, Barabbas eða Jesú, sem kallast Kristur?“

Það er að undirlagi æðstuprestanna sem æstur múgurinn biður um að fá Barabbas lausan en Jesú tekinn af lífi. Pílatus gefst ekki upp heldur spyr aftur: „Hvorn þeirra tveggja viljið þér, að ég gefi yður lausan?“

„Barabbas,“ hrópar múgurinn.

„Hvað á ég þá að gjöra við Jesú, sem kallast Kristur?“ spyr Pílatus vonleysislega.

Allur fjöldinn æpir þá einum rómi: „Staurfestu hann!“ „Staurfestu! Staurfestu hann!“

Pílatus veit að þeir eru að heimta að saklaus maður sé líflátinn, svo að hann reynir að höfða til þeirra og spyr: „Hvað illt hefur þá þessi maður gjört? Enga dauðasök hef ég fundið hjá honum. Ætla ég því að hirta hann og láta hann lausan.“

Allt kemur fyrir ekki. Æstur múgurinn æpir að áeggjan trúarleiðtoganna: „Staurfestu hann!“ Prestarnir hafa æst múginn svo að hann þyrstir í blóð. Og hugsa sér, fyrir aðeins fimm dögum hafði sumt af þessu fólki sennilega fagnað Jesú sem konungi er hann kom til Jerúsalem. Lærisveinar Jesú hafa hljótt um sig og láta litið á sér bera, ef þeir eru á annað borð nærstaddir.


Pílatus sér nú að hann fær ekkert að gert heldur færast ólætin í aukana. Hann tekur því vatn, þvær hendur sínar frammi fyrir fólkinu og segir: „Sýkn er ég af blóði þessa manns! Svarið þér sjálfir fyrir!“ Og fólkið svarar: „Komi blóð hans yfir oss og yfir börn vor!“

Pílatus vill heldur gera fólkinu til hæfis en gera það sem rétt er, svo að hann verður við kröfum þeirra og lætur Barabbas lausan. Hann lætur síðan fletta Jesú klæðum og húðstrýkja. Þetta var engin venjuleg húðstrýking. Tímaritið *The Journal of the American Medical Association* lýsir húðstrýkingum Rómverja svo:

„Yfirleitt var notuð stutt svipa með nokkrum einföldum eða fléttuðum leðurreimum. Reimarnar voru mislangar og litlar járnkúlur eða hvöss kindabein fest í þær með nokkru millibili. . . . Þegar rómverskur hermaður sló fórnarlambið margsinnis í bakið af öllu afli ollu járnkúlurnar djúpu mari og leðurreimarnar og kindabeinin skárust inn í húðina og húðbeðinn. Smám saman skárust svipuólanar inn í vöðvana og skildu eftir sig tægjur af blæðandi holdi.“

Eftir þessa kvalafullu húðstrýkingu er farið með Jesú inn í höll landshöfðingjans og öll hersveitin kölluð saman. Þar svívirða hermennirnir Jesú áfram með því að flétta kórónu úr þyrnum og þrýsta henni á höfuð honum. Þeir stinga reyrspota í hægri hönd hans og klæða hann í purpurakápu eins og konungar báru. Síðan hæða þeir hann og segja: „Sæll þú, konungur Gyðinga!“ Og þeir hrækja á hann og slá hann í andlitið. Þeir taka stífan reyrsprotann úr hendi hans, slá hann í höfuðið og reka hvassa þyrnana í niðurlægjandi „kórónunni“ enn lengra inn í hársvörðinn.

Hin undraverða reisn Jesú og styrkur í öllum þessum misþyrmingum hefur slík áhrif á Pílatus að hann reynir enn einu sinni að láta hann lausan. „Nú leiði ég hann út til yðar, svo að þér skiljið, að ég finn enga sök hjá honum,“ segir hann múgnum. Ef til vill ímyndar hann sér að hjörtu manna mýkist við að sjá Jesú svona kvalinn. Jesús stendur frammi fyrir miskunnarlausum skrílnum með þyrnikórónuna og í purpurakápunni. Það blæðir úr andliti hans og hann er augljóslega sárkvalinn. Pílatus hrópar: „Sjáið manninn!“



Þarna stendur mesta stórmenni mannkynssögunnar, mesta mikilmenni sem lifað hefur! Hann er marinn og illa leikinn en sýnir af sér þöglu reisn og ró sem jafnvel Pílatus verður að viðurkenna, því að orð hans virðast lýsa bæði virðingu og vorkunn. Jóhannes 18:39–19:5; Matteus 27:15-17, 20-30, vers 22, 23 samkvæmt *NW*; Markús 15:6-19; Lúkas 23:18-25, vers 21 samkvæmt *NW*.

- Hvernig reynir Pílatus að láta Jesú lausan?
- Hvernig reynir Pílatus að firra sig ábyrgð?
- Lýstu húðstrýkingu.
- Hvernig er Jesús hæddur eftir húðstrýkinguna?
- Hvernig reynir Pílatus einu sinni enn að láta Jesú lausan?

Framseldur og leiddur burt

AÐSTUPRESTARNIR reiðast um allan helming þegar Pilatus reynir enn á ný að láta Jesú lausan, snortinn af þögulli reisu hans þrátt fyrir pyndingar. Þeir eru staðráðnir í að láta ekkert hindra illskuáform sín svo að þeir hrópa aftur: „Staurfestu hann! Staurfestu hann!“

„Takið þið hann sjálfir og staurfestið,“ svarar Pilatus. (Vera má að Gyðingar hafi vald til að lifláta afbrotamenn fyrir nógu alvarleg, trúarleg afbrot, gagnstætt því sem þeir hafa haldið fram.) Síðan lýsir hann Jesú saklausan, að minnsta kosti í fimmta sinn, og segir: „Ég finn enga sök hjá honum.“

Gyðingar átta sig nú á því að pólitískar ákærur þeirra hafa ekki borið árangur og grípa því aftur til trúarlegu ákærunnar um guðlast sem þeir notuðu klukkustundum áður við réttarhöld æðstaráðsins. „Vér höfum lögmál, og samkvæmt lögmálinu á hann að deyja, því hann hefur gjört sjálfan sig að Guðs syni,“ segja þeir.

Pilatus hefur ekki heyrt þessa ákæru áður og verður enn hræddari. Honum er orðið ljóst að Jesús er enginn venjulegur maður eins og draumur eiginkonu hans og óvenjulegur persónustyrkur Jesú vitnar um. En „sonur Guðs“? Pilatus veit að Jesús er frá Galíleu. En getur hugsast að hann hafi lifað áður? Pilatus fer aftur með hann inn í höllina og spyr: „Hvaðan ertu?“

Jesús svarar ekki. Hann var búinn að segja Pilatusi áður að hann sé konungur en ríki hans sé ekki af þessum heimi. Ítarlegri skýringar á þessari stundu þjóna engum tilgangi. En Pilatusi er misboðið að Jesús skuli ekki svara og spyr hann hvasst: „Talarðu ekki við mig? Veistu ekki að ég hef vald til að láta þig lausan og ég hef vald til að staurfesta þig?“

„Þú hefur ekkert vald yfir mér, ef þér væri ekki gefið það að ofan,“ svarar Jesús kurteislega. Hann er að tala um það vald sem Guð hefur veitt mennskum valdhöfum til að stjórna á jörð.

Hann bætir við: „Fyrir því ber sá þyngri sök, sem hefur selt mig þér í hendur.“ Kaífas æðstiprestur og sökunautar hans, ásamt Júdasi Ískariot, bera allir þyngri sök en Pílatus á þeirri ranglátu meðferð sem Jesús hefur hlotið.

Pílatus dáist nú enn meira að Jesú og verður enn hræddari um að hann sé af guðlegum uppruna. Hann reynir því enn á ný að láta hann lausan en Gyðingar hafna honum hranalega. Þeir endurtaka pólitískar ásakanir sínar og hóta honum klók-indalega: „Ef þú lætur hann lausan, ert þú ekki vinur keisarans. Hver sem gjörir sjálfan sig að konungi, ris á móti keisar- anum.“

Þrátt fyrir hótunina sem felst í þessum orðum leiðir Pílatus Jesú út enn einu sinni. Hann skírskotar aftur til þeirra: „Sjáið þar konung yðar!“

„Burt með hann! Burt með hann! Stauffestu hann!“

„Á ég að stauf festa konung ykkar?“ spyr Pílatus örvæntingar- fullur.

Gyðingum hafa síður en svo líkað yfirráð Rómverja. Reynd- ar fyrir líta þeir rómversk yfirvöld! En nú segja æðstuprestarnir hræsnisfullir: „Við höfum engan konung nema keisarann.“

Pílatus óttast um pólitíska stöðu sína og orðstír og lætur loks undan linnulausum kröfum Gyðinga og framselur Jesú til af- töku. Hermennirnir færa Jesú úr purpurakápunni og í eigin yf- irhöfn. Hann er leiddur út til stauf festingarinnar og látinn bera kvalastaur sinn.

Liðið er á morgun föstudaginn 14. nísan eða kannski komið fram undir hádegi. Jesús hefur verið á fótum síðan snemma á fimmtudagsmorgni og þolað kvöl á kvöl ofan. Skiljanlegt er að kraftar hans þrjóti fljótt undir þungum kvalastaurnum. Maður sem á leið hjá, Símon nokkur frá Kýrene í Afríku, er þá neydd- ur til að bera staurinn fyrir hann. Margir fylgja þeim á göng- unni, þeirra á meðal konur sem harma og gráta Jesú.


Jesús snýr sér að konunum og segir: „Jerúsalemsdætur, grát- ið ekki yfir mér, en grátið yfir sjálfum yður og börnum yðar. Því

þeir dagar koma, er menn munu segja: Sælar eru óbyrjur og þau móðurlíf, er aldrei fæddu, og þau brjóst, sem engan nærðu. . . . Því að sé þetta gjört við hið græna tréð, hvað mun þá verða um hið visna?“

Tréð, sem Jesús nefnir, er Gyðingapjódin sem enn er eitthvert líf í vegna návistar hans og tilveru þeirra leifa manna sem trúa á hann. En þegar þeir eru teknir úr þjóðinni er ekkert eftir nema andlega dautt tré, já, visnað þjóðskipulag. Það verður sannarlega tilefni til að gráta þegar rómverskar hersveitir eyða Gyðingapjóðinni í umboði Guðs!

Jóhannes 19:6-17, vers 6, 10, 15
samkvæmt NW; 18:31; Lúkas 23:24-31; Matteus 27:31, 32; Markús 15:20, 21.

- Hvað ásaka trúarleiðtogarnir Jesú um þegar pólitískar ákærur skila ekki tilætluðum árangri?
- Af hverju verður Pílatus enn hræddari?
- Hverjir bera þyngri sök á því sem verður um Jesú?
- Hvernig fá prestarnir Pílatus að lokum til að framselja Jesú til aftöku?
 - Hvað segir Jesús konunum sem gráta hann, og hvað á hann við með því að tala um tréð sem ‚grænt‘ og svo ‚visið‘?



Á kvalastaurnum

TVEIR ræningjar eru leiddir til aftöku með Jesú. Fylkingin nemur staðar skamman spöl frá borginni þar sem heitir Golgata eða Hauskúpustaður.

Fangarnir eru afklæddir og boðið myrrublandað vín sem greinilegt er að konurnar frá Jerúsalem láta í té. Rómverjar neita föngum ekki um þennan kvalastillandi drykk en Jesús vill ekki drekka vínið eftir að hann hefur bragðað á því. Af hverju? Greinilegt er að hann vill hafa fullkomlega skýra hugsun í þessari mestu trúarraun sinni.

Jesús er nú lagður á staurinn með báðar hendur strekktar yfir höfði sér. Hermennirnir reka stóra nagla gegnum hendur hans og fætur. Hann engist af sársauka þegar naglarnir stingast gegnum hold og sinar. Sársaukinn er næstum óbærilegur þegar staurinn er reistur og það strekkist á naglagötunum undan líkamsþunga hans. En í stað þess að ógna rómversku hermönnum biður Jesús fyrir þeim: „Faðir, fyrirgef þeim, því að þeir vita ekki, hvað þeir gjöra.“

Pílatus hefur látið setja skilti á staurinn með áletruninni „JESÚS FRÁ NASARET, KONUNGUR GYÐINGA.“ Ætla má að það sé ekki bara virðing fyrir Jesú sem veldur, heldur ekki síður fyrirlitning á prestum Gyðinga sem hafa þvingað hann til að dæma Jesú til dauða. Svo allir megi lesa áletrunina lætur Pílatus gera hana á þrem tungumálum — hebresku, latínu sem er hið opinbera tungumál, og á alþjóðamálinu grísku.

Æðstuprestarnir, þeirra á meðal Kaífas og Annas, eru skelk aðir. Þessi jákvæða yfirlýsing spillir sigurgleði þeirra svo að þeir mótmæla: „Skrifaðu ekki ‚konungur Gyðinga‘, heldur að hann hafi sagt: ‚Ég er konungur Gyðinga.‘“ Pílatusi sviður það að hafa verið það í hendi prestanna og svarar einbeittur og með fyrirlitningu: „Það sem ég hef skrifað, það hef ég skrifað.“

Prestarnir safnast nú saman ásamt miklum mannfjölda á aftökustaðnum og reyna að hrekja vitnisburðinn á skiltinu. Þeir endurtaka upploginn vitnisburðinn frá réttarhöldum æðstaráðsins. Þess vegna kemur ekki á óvart að þeir sem fram hjá ganga skuli spotta Jesú, hrista höfuðið hæðnislega og segja: „Þú sem ætlaðir að rífa niður musterið og byggja það á þrem dögum, bjargaðu sjálfum þér! Stígðu niður af kvalastaurnum ef þú ert sonur Guðs!“

„Öðrum bjargaði hann, sjálfum sér getur hann ekki bjargað!“ hrópa ædstuprestarnir og trúarlegir vildarmenn þeirra taka undir. „Hann er konungur Ísraels, stígi hann nú niður af kvalastaurnum og þá skulum við trúa á hann. Hann treystir Guði. Nú ætti Guð að frelsa hann, ef hann hefur mætur á honum. Eða sagði hann ekki: „Ég er sonur Guðs?““

Í hita augnabliksins taka hermennirnir líka að hæða Jesú. Þeir skopast að honum með því að bjóða honum edik eða súrt vín en halda því rétt fyrir framan skrælnaðar varir hans. „Ef þú ert konungur Gyðinga, þá bjargaðu sjálfum þér,“ segja

þeir háðslega. Jafnvel ræningjarnir, sem eru staurfestir honum til beggja handa, gera gys að honum. Hugsaðu þér! Mesta mikilmenni sem lifað hefur, já, sá hinn sami og tók þátt í að skapa alla hluti með Jehóva Guði, þolir slíka háðung með reisin!

Hermennirnir taka yfirhöfn Jesú, skipta í fjóra hluta og varpa hlutkesti um hver fái þá. En kyrtill hans er mjög vandaður og saumlaus svo hermennirnir segja hver við annan: „Rifum hann ekki sund-




ur, köstum heldur hlut um, hver skuli fá hann.“ Óafvitandi eru þeir þar með að uppfylla ritningargreinina sem segir: „Þeir skiptu með sér klæðum mínum og köstuðu hlut um kyrtil minn.“

Um síðir áttar annar ræninginn sig á því að Jesús hljóti virkilega að vera konungur. Hann ávítar því félagar sinn og segir: „Hræðist þú ekki einu sinni Guð, og ert þó undir sama dómi? Við erum það með réttu og fáum makleg gjöld fyrir gjörðir okkar,

en þessi hefur ekkert illt aðhafst.“ Síðan ávarpar hann Jesú og biður: „Minnst þú mín, þegar þú kemur í ríki þitt!“

„Sannlega segi ég þér í dag, þú skalt vera með mér í paradís,“ svarar Jesús. Þetta fyrirheit rætist þegar Jesús ríkir sem konungur á himnum og reisir þennan iðrunarfulla illvirkja upp frá dauðum. Þannig fær hann að lifa í jarðneskri paradís en hana rækta þeir sem komast lifandi gegnum Harmagedón og félagar þeirra. **Matteus 27:33-44, vers 40, 42 samkvæmt NW; Markús 15:22-32; Lúkas 23:27, 32-43, vers 43 samkvæmt NW; Jóhannes 19:17-24.**



- Af hverju vill Jesús ekki drekka myrrublandaða vínið?
- Af hverju lætur Pilatus setja skilti á kvalastaur Jesú, og til hvaða orðskipta kemur út af því milli hans og æðstuprestanna?
- Hvernig er Jesús hæddur á kvalastaurnum og af hverju?
- Hvernig rætist spádómur í sambandi við fót Jesú?
- Hvernig breytist afstaða annars ræningjans og hvernig mun Jesús verða við bón hans?

„Sannarlega var þessi maður sonur Guðs“

UM MIÐJAN dag, skömmu eftir að Jesús er staurfestur, skellur á dularfullt myrkur sem stendur í þrjár stundir. Ekki er það sólmyrkvi sem veldur, því að hann á sér ekki stað nema á nýju tungli en núna er fullt tungl, enda páskar. Og sólmyrkvi stendur aðeins í fáeinar mínútur. Myrkrið er því Guðs verk! Sennilega þaggar það um stund niður í þeim sem hæða Jesú, eða jafnvel alveg.

Hafi þetta uggevkjandi fyrirbæri átt sér stað áður en annar illvirkinn ávitar félaga sinn og biður Jesú að minnast sín, þá kann það að hafa átt sinn þátt í iðrun hans. Kannski er það í myrkrinu sem fjórar konur, þær móðir Jesú og Salóme systir hennar, María Magdalena og María móðir postulans Jakobs yngri, færa sig alveg að aftökustaurnum. Jóhannes, elskaður postuli Jesú, er með þeim þar.

Það hlýtur að „nísta“ móður Jesú í hjartað að sjá soninn, sem hún ól og annaðist, hanga þarna sárkvalinn! En Jesús hugsar ekki um sína eigin kvöl heldur velferð hennar. Með erfiðismunum kinkar hann kolli til Jóhannesar og segir við móður sína: „Kona, nú er hann sonur þinn.“ Síðan kinkar hann kolli í átt til Maríu og segir Jóhannesi: „Nú er hún móðir þín.“

Þar með felur Jesús þessum ástfölgna postula sínum að annast móður sína sem er greinilega orðin ekkja. Þetta gerir hann af því að aðrir synir Maríu hafa enn ekki sýnt trú á hann. Hann setur gott fordæmi með því að



sjá þannig bæði fyrir líkamlegum og andlegum þörfum móður sinnar.

Um þrjúleytið síðdegis segir Jesús: „Mig þyrstir.“ Hann skynjar að faðir hans hefur tekið vernd sína frá honum, ef svo má segja, til að ráðvendni hans verði reynd til hins ítrasta. Hann kallar því hárrí röddu: „Guð minn, Guð minn, hvi hefur þú yfirgefið mig?“ Nokkrir nærstaddir, sem heyra þetta, segja þá: „Heyrið, hann kallar á Elía!“ Einn þeirra hleypur þá til, setur svamp fylltan súru víni eða ediki á reyrstaf og gefur honum að drekka. Aðrir segja: „Látum sjá, hvort Elía kemur að taka hann ofan.“

Þegar Jesús fær edikið hrópar hann: „Það er fullkomnað.“ Já, hann hefur lokið öllu því sem faðir hans sendi hann til jarðar að gera. Að lokum kallar hann: „Faðir, í þínar hendur fel ég anda minn!“ Þar með felur hann Guði lífskraft sinn í trausti þess að hann gefi honum hann aftur. Síðan hneigir hann höfuðið og deyr.

Mikill jarðskjálfti ríður yfir um leið og Jesús gefur upp andann, og björgin klofna. Svo öflugur er skjálftinn að grafirnar utan við Jerúsalem opnast og líkin kastast út. Þeir sem leið eiga hjá sjá líkin og segja frá í borginni.

Og á sömu stundu og Jesús deyr rifnar fortjaldið mikla milli hins heilaga og hins allra helgasta í musteri Guðs í tvennt, ofan frá og niður úr. Þetta fallega skreytta fortjald er líklega um 18 metra hátt og mjög þungt. Þetta sérstæða kraftaverk ber ekki aðeins vott um reiði Guðs gegn morðingjum sonar síns heldur táknar líka að leiðin inn í hið allra helgasta, sjálfan himininn, sé nú opin eftir dauða Jesú.

Mikill ótti grípur um sig þegar jarðskjálftinn gengur yfir og fólk sér hvað gerst hefur. Líðsforinginn, sem sér um aftökuna, vegsamar Guð. „Sannarlega var þessi maður sonur Guðs,“ segir hann. Trúlega var hann viðstaddur þegar Pilatus réttaði yfir Jesú og rétt var um hvort hann væri sonur



Guðs. Og nú er hann sannfærður um að Jesús sé sonur Guðs, að hann sé sannarlega mesta mikilmenni sem lifað hefur.

Aðrir eru líka dolfallnir yfir þessum undraverðu atburðum, og þeir tínast heim á leið og berja sér á brjóst til tákns um djúpan harm sinn og skömm. Margar konur, sem eru lærisveinar Jesú, hafa staðið á lengdar og horft á og eru djúpt snortnar af þessum miklu atburðum. Jóhannes postuli er einnig viðstaddur. **Matteus 27:45-56; Markús 15:33-41; Lúkas 23: 44-49; 2:34, 35; Jóhannes 19:25-30.**

- Af hverju er það ekki sólmyrkvi sem veldur þriggja stunda myrkri?
- Hvaða gott fordæmi um að sjá fyrir öldruðum foreldrum setur Jesús skömmu fyrir dauða sinn?
- Hvernig hljóða fjórar síðustu setningarnar sem Jesús segir áður en hann deyr?
- Hvað gerist í jarðskjálftanum og hvaða þýðingu hefur það að fortjald musterisins rifnar í tvennt?
- Hvaða áhrif hafa þessi kraftaverk á liðsforingjann sem sér um aftökuna?

Grafinn á föstudegi, tóm gróf á sunnudegi

LANGT er liðið á föstudag og hvíldardagurinn 15. nísan hefst við sólsetur. Líkami Jesú hangir lífvana á staurnum en ræningjarnir tveir við hlið hans eru enn á lífi. Föstudagssíðdegi er kallað „aðfangadagur“ því að þá er matbúið og lokið öllum öðrum aðkallandi verkum sem ekki geta beðið fram yfir hvíldardag.

Hvíldardagurinn, sem nú er að hefjast, er ekki venjulegur hvíldardagur (sjöundi dagur vikunnar) heldur tvöfaldur eða „mikill“ hvíldardagur. Hann er svo nefndur af því að 15. nísan, sem er fyrsti dagur hinnar sjö daga hátíðar ósýrðu brauðanna (og er alltaf hvíldardagur óháð vikudegi), ber upp á sama dag og hinn venjulega hvíldardag.

Samkvæmt lögmáli Guðs má lík ekki hanga á tré næturlangt. Gyðingar biðja Pílatus því að fótbrjóta þá sem verið er að lífláta til að flýta dauða þeirra. Hermennirnir brjóta því fótleggi ræningjanna tveggja. En þar eð Jesús virðist látinn eru fætur hans ekki brotnir. Þar með rætist ritningargreinin: „Ekkert bein hans skal brotið.“

En til að ganga fyllilega úr skugga um að Jesús sé virkilega látinn stingur einn af hermönnunum spjóti í síðu hans. Spjótíð stingst inn við hjartað og jafnskjótt rennur út blóð og vatn. Jóhannes postuli, sem er sjónarvottur að þessu, segir að þar með rætist önnur ritningargrein: „Þeir munu horfa til hans, sem þeir stungu.“

Jósef nokkur frá Arímaþeu, virtur meðlimur æðstaráðsins, er einnig viðstaddur aftökuna. Hann hafði neitað að greiða atkvæði með ranglátum dómi hæstaréttarins yfir Jesú. Jósef er raunar lærisveinn hans þótt hann hafi ekki þorað að gera það uppskátt. En nú sýnir hann hugrekki og fer til Pílatusar og biður um líkama Jesú. Pílatus kallar á liðsforingjann, sem sér

um aftökuna, og lætur afhenda líkið eftir að hafa fengið staðfest að Jesús sé látinn.

Jósef tekur líkið og sveipar það hreinu línklæði til greftrunar. Nikódemus, annar meðlimur æðstaráðsins, aðstoðar hann. Nikódemus hefur ekki heldur játað trú sína á Jesú af ótta við að missa stöðuna. En nú kemur hann með blöndu af myrru og dýrri alóe, um hundrað rómversk pund (33 kílógrömm). Líkami Jesú er vafinn í línblæjur með þessum ilmjurtum eins og Gyðingar eru vanir að búa lík til greftrunar.

Jósef á nýja gröf sem höggvin er í klett í grasgarðinum þar í grennd. Lík Jesú er lagt í gröfina. Loks er stórum steini velt fyrir grafarmunnann. Menn þurfa að hafa hraðar hendur við að búa líkið til greftrunar til að ljúka henni fyrir hvíldardaginn. María Magdalena og María móðir Jakobs yngri, sem hafa ef til vill aðstoðað við undirbúninginn, hraða sér því heim til að útbúa meiri ilmjurtir og smyrsl. Eftir hvíldardaginn ætla þær að meðhöndla lík Jesú frekar til að það varðveitist lengur.


Næsta dag, sem er laugardagur (hvíldardagurinn), ganga æðstuprestarnir og farisearnir á fund Pílatusar og segja: „Herra, vér minnumst þess, að svikari þessi sagði í lifanda lífi: ‚Eftir þrjú daga rís ég upp.‘ Þjóð því, að grafarinnar sé vandlega gætt allt til þriðja dags, ella gætu lærisveinar hans komið og stolið honum og sagt fólkinu: ‚Hann er risinn frá dauðum.‘ Þá verða síðari svikin verri hinum fyrri.“

„Hér hafið þér varðmenn,“ svarar Pílatus, „farið og búið svo tryggilega um sem best þér kunnið.“ Þeir fara því og ganga tryggilega frá gröfinni með því að innsigla steininn og láta rómversku hermennina standa þar vörð.

Árla morguns á sunnudegi koma María Magdalena og María móðir Jakobs, ásamt þeim Salóme, Jóhönnu og fleiri konum, til grafarinnar með ilmsmyrsl til að meðhöndla lík Jesú. Á leiðinni segja þær sín á milli: „Hver mun velta fyrir oss stein-

inum frá grafarmunnum?“ En þegar þær koma á staðinn uppgötva þær að jarðskjálfti hefur orðið og engill Jehóva velt steininum frá. Verðirnir eru farnir og gröfin tóm! **Matteus 27: 57–28:2; Markús 15:42–16:4; Lúkas 23:50–24:3, 10; Jóhannes 19:14, 31–20:1; 12:42; 3. Mósebók 23:5-7; 5. Mósebók 21:22, 23; Sálmur 34:21; Sakaría 12:10.**

- Af hverju er föstudagur kallaður „aðfangadagur“ og hvað er „mikill“ hvíldardagur?
- Hvaða ritningargreinar rætast í sambandi við líkama Jesú?
- Hvað gera Jósef og Nikódemus í tengslum við greftrun Jesú og hvert er samband þeirra við hann?
- Um hvað biðja æðstuprestarnir Pilatus og hverju svarar hann?
- Hvað gerist snemma á sunnudagsmorgni?





Jesús lifir!

PEGAR konurnar finna gröf Jesú tóma hleypur María Magdalena af stað til að segja Pétri og Jóhannesi frá. Hinar konurnar biða greinilega átekta við gröfina. Skömmu síðar birtist þeim engill og býður þeim inn í gröfina.

Þar sjá konurnar annan engil og annar þeirra segir við þær: „Þið skuluð ekki óttast því ég veit að þið leitið að Jesú sem var staufestur. Hann er ekki hér. Hann er upp risinn, eins og hann sagði. Komið og sjáið staðinn, þar sem hann lá. Farid í skyndi og segið lærisveinum hans: „Hann er upp risinn frá dauðum.““ Konurnar hlaupa af stað, bæði óttaslegnar og yfir sig glaðar.

María er komin til Péturs og Jóhannesar og segir við þá: „Þeir hafa tekið Drottin úr gröfinni, og vér vitum ekki, hvar þeir hafa lagt hann.“ Postularnir tveir hlaupa strax af stað. Jóhannes er fótfrárri en Pétur enda greinilega yngri en hann, og er á undan honum til grafarinnar. Konurnar eru nú farn-

ar þannig að þar er enginn. Jóhannes beygir sig niður, rýnir inn í gröfina og sér línblæjurnar en fer ekki inn.

Þegar Pétur kemur þangað fer hann hiklaust inn í gröfina. Hann sér línblæjurnar liggja þar og dúkinn sem hafður var um höfuð Jesú liggja samanvafinn á öðrum stað. Jóhannes fer nú líka inn í gröfina og trúir orðum Maríu. En hvorki Pétur né Jóhannes átta sig á að Jesús sé upprisinn þótt hann hafi sagt þeim margsinnis að svo yrði. Ráðvilltir halda þeir heimleiðis en María, sem er komin aftur að gröfinni, verður eftir.

Hinar konurnar flýta sér til að segja lærisveinunum að Jesús sé upprisinn eins og englarnir sögðu þeim að gera. Þær hlaupa eins og fætur toga en þá kemur Jesús á móti þeim og segir: „Heilar þið!“ Þær falla fram fyrir honum og veita honum lotningu. Þá segir Jesús: „Óttist ekki, farið og segið bræðrum mínum að halda til Galíleu. Þar munu þeir sjá mig.“

Áður, þegar jarðskjálftinn varð og englarnir birtust, urðu hermennirnir, er gættu grafarinnar, svo skelkaðir að þeir lágu sem dauðir væru. Þegar þeir náðu sér flýttu þeir sér til borgarinnar og sögðu ædstuprestunum hvað gerst hafði. Eftir að hafa ráðfært sig við „öldungana“ meðal Gyðinga var sú ákvörðun tekin að reyna að þagga málið niður með því að múta hermönnum. Þeim var sagt: „Segið þetta: ‚Lærisveinar hans komu á næturþeli, meðan vér sváfum, og stálu honum.‘“

Þar eð rómverskir hermenn gátu átt dauðarefsingu yfir höfði sér ef þeir sofnuðu á verðinum lofuðu prestarnir: „Ef þetta [sú saga að þeir hafi sofnað] berst landshöfðingjanum til eyrna, skulum vér sefa hann, svo að þér getið verið áhyggjulausir.“ Mútuféð var nógu mikið til þess að hermennirnir gerðu eins og þeim var sagt. Þar af leiðandi var sú sögusögn borin út meðal Gyðinga að líkama Jesú hefði verið stolið.

María Magdalena, sem biður enn við gröfina, er buguð af sorg. Hvar gat Jesús verið? Hún hallar sér fram og litur inn í gröfina og sér þá englana tvo í hvítu klæðunum sem hafa birst á ný! Þeir sitja þar sem líkami Jesú lá, annar til höfða og hinn til fóta. „Kona, hví grætur þú?“ spyrja þeir.

„Þeir hafa tekið brott Drottin minn, og ég veit ekki, hvar þeir hafa lagt hann,“ svarar María. Að svo mæltu snýr hún sér við og sér einhvern sem endurtekur spurninguna: „Kona, hví grætur þú?“ Síðan spyr hann: „Að hverjum leitar þú?“

Hún heldur að þetta sé grasgarðsvörðurinn og segir við hann: „Herra, ef þú hefur borið hann burt, þá segðu mér, hvar þú hefur lagt hann, svo að ég geti sótt hann.“

„María!“ segir hann þá. Og hún þekkir þegar í stað af kunnuglegu ávarpinu að þetta er Jesús. „*Rabbúni!*“ (sem merkir „meistari“) hrópar hún upp yfir sig. Hún er svo óstjórlega glöð að hún grípur í Jesú, en hann segir: „Snertu mig ekki! Ég er ekki enn stiginn upp til föður míns. En farðu til bræðra minna og seg þeim: „Ég stíg upp til föður míns og föður yðar, til Guðs míns og Guðs yðar.““

María hleypur þangað sem postularnir og aðrir lærisveinar eru samankomnir. Hún segir þeim frá því að hún hafi séð Jesú upprisinn, líkt og hinar konurnar hafa sagt frá. En karlmennirnir, sem trúðu ekki hinum konunum, trúa Maríu greinilega ekki heldur.

Matteus 28:3-15, vers 5 samkvæmt NW;
Markús 16:5-8; Lúkas 24:4-12; Jóhannes 20:2-18.

- Hvað gerir María Magdalena eftir að hún finnur gröfina tóma og hvað sjá hinar konurnar?
- Hvernig bregðast Pétur og Jóhannes við þegar þeir finna gröfina tóma?
- Hvað hendir hinar konurnar þegar þær eru á leiðinni til lærisveinanna að segja þeim að Jesús sé upprisinn?
- Hverju urðu hermennirnir, sem stóðu vörð, vitni að og hvernig bregðast prestarnir við frásögn þeirra?
- Hvað gerist meðan María Magdalena er ein við gröfina og hvað finnst lærisveinunum um frásagnir kvennanna?

Jesús birtist aftur

LÆRISVEINARNIR eru enn daprir. Þeir skilja ekki þýðingu tómu grafarinnar og trúa ekki orðum kvennanna. Síðar um daginn, sem er sunnudagur, fara Kleófas og annar lærisveinn frá Jerúsalem til Emmaus sem er um 11 kílómetra leið.

Þeir eru að ræða saman á leiðinni um atburði dagsins þegar ókunnur maður slæst í för með þeim. „Hvað er það, sem þið ræðið svo mjög á göngu ykkar?“ spyr hann.

Lærisveinarnir nema staðar daprir í bragði og Kleófas svarar: „Þú ert víst sá eini aðkomumaður í Jerúsalem, sem veist ekki, hvað þar hefur gjörst þessa dagana.“ Hann spyr: „Hvað þá?“

„Þetta um Jesú frá Nasaret,“ svara þeir. „Höfuðprestar okkar og höfðingjar framseldu hann til dauðadóms og staurfestu hann. En við vonuðum að þessi maður væri sá sem leysa myndi Ísrael.“

Kleófas og félagi hans skýra frá undraverðum atburðum dagsins — frásögninni af því að englar hafi sést í sýn og að gröfin sé tóm — en viðurkenna síðan að þeir skilji ekki hvað þetta merki. Ókunni maðurinn ávítar þá: „Ó, þér heimskir og tregir í hjarta til þess að trúa öllu því, sem spámennirnir hafa talað! Átti ekki Kristur að líða þetta og ganga svo inn í dýrð sína?“ Síðan skýrir hann fyrir þeim ritningargreinar úr hinum helga texta sem fjalla um Krist.

Þeir nálgast nú Emmaus en ókunni maðurinn lætur sem hann ætli að halda ferð sinni áfram. Lærisveinana langar til að heyra meira og hvetja hann: „Vertu hjá oss, því að kvöldi tekur og degi hallar.“ Hann staldrar því við og matast með þeim. Þegar hann fer með bæn, brýtur brauðið og fær þeim þekkja þeir að þetta er virkilega Jesús í holdguðum mannslikama, en þá hverfur hann.

Nú skilja þeir af hverju ókunni maðurinn vissi svona mik-ið! „Brann ekki hjartað í okkur, meðan hann talaði við okkur á veginum og lauk upp fyrir okkur ritningunum?“ spyrja þeir. Tafarlaust standa þeir upp og hraða sér aftur alla leið til Jerúsalem þar sem þeir finna postulana og hina samankomna með þeim. Áður en Kleófas og félagi hans geta sagt aukatekið orð segja hinir þeim þessi tíðindi mjög ákafir: „Sannarlega er Drottinn upp risinn og hefur birst Símoni.“ Tvímenningarnir segja nú frá hvernig Jesús birtist þeim líka. Hann hefur því birst ýmsum lærisveinum fjórum sinnum þennan dag.

Skyndilega birtist Jesús í fimmta sinn. Hann er allt í einu kominn inn og stendur mitt á meðal þeirra enda þótt þeir hafi læst dyrunum af ótta við Gyðinga. „Friður sé með yður!“ segir hann. Þeir eru skelfingu lostnir því að þeir halda sig sjá anda. Jesús útskýrir þá fyrir þeim að þetta sé ekki sýn og segir: „Hví eruð þér óttaslegnir og hvers vegna vakna efasemdir í hjarta yðar? Lítið á hendur mínar og fætur, að það er ég sjálfur. Þreifði á mér, og gætið að. Ekki hefur andi hold og bein eins og þér sjáið að ég hef.“ Samt eru þeir tregir til að trúá.

Til að auðvelda þeim að skilja að hann sé í raun og veru Jesús spyr hann: „Hafið þér hér nokkuð til matar?“ Eftir að hafa þegið stykki af steiktum fiski og borðað segir hann: „Þessi er merking orða minna, sem ég talaði við yður, meðan ég var enn meðal yðar [fyrir dauða minn], að rætast ætti allt það, sem um mig er ritað í lög máli Móse, spámönnunum og sálmunum.“

Jesús heldur áfram að kenna þeim og segir: „Svo er skrifað, að Kristur eigi að líða og rísa upp frá dauðum á þriðja degi, og að prédika skuli í nafni hans öllum þjóðum iðrun til fyrirgefningar synda og byrja í Jerúsalem. Þér eruð vottar þessa.“

Af einhverri ástæðu er Tómas ekki viðstaddur þessa mikilvægu kvöldsamkomu. Næstu daga segja hinir honum glaðir í bragði: „Vér höfum séð Drottin.“

„Sjái ég ekki naglaförin í höndum hans og geti sett fingur

minn í naglaförin og lagt hönd mína í síðu hans, mun ég alls ekki trúa,“ andmælir Tómas.

Átta dögum síðar eru lærisveinarnir aftur saman innandyrá. Nú er Tómas með þeim. Dyrnar eru læstar en Jesús stendur aftur á meðal þeirra og segir: „Friður sé með yður!“ Síðan snýr hann sér að Tómasi og segir: „Kom hingað með fingur þinn og sjá hendur mínar, og kom með hönd þína og legg í síðu mína, og vertu ekki vantrúaður.“


„Drottinn minn og Guð minn!“ kallar Tómas upp yfir sig.

„Þú trúir, af því þú hefur séð mig,“ segir Jesús. „Sælir eru þeir, sem hafa ekki séð og trúá þó.“

Lúkas 24:11, 13-48, vers

20, 21 samkvæmt NW; Jóhannes 20:19-29.

- Um hvað spyr ókunnur maður tvo lærisveina á veginum til Emmaus?
- Hvað segir ókunni maðurinn sem veldur því að hjartað brennur í lærisveinunum?
- Á hverju þekkja lærisveinarnir ókunna manninn?
- Hvaða spennandi fréttir fá Kleófas og félagi hans þegar þeir koma aftur til Jerúsalem?
- Hvernig og hvenær birtist Jesús lærisveinunum í fimmta sinn og hvað gerist þá?
- Hvað gerist átta dögum eftir að Jesús birtist í fimmta sinn og hvernig sannfærist Tómas að lokum um að Jesús sé á lífi?



POSTULARNIR halda nú aftur til Galíleu eins og Jesús hafði sagt þeim, en vita ekki almennilega hvað þeir eiga að gera þar. Skömmu síðar segir Pétur þeim Tómasi, Natanael, bræðrunum Jakobi og Jóhannesi og tveim öðrum postulum: „Ég fer að fiska.“

„Vér komum líka með þér,“ segja sexmenningarnir.

Þeir eru að alla nóttina en fá ekkert. Í dagrenningu birtist Jesús á ströndinni en postularnir átta sig ekki á að það sé hann. Hann kallar: „Drengir, hafið þér nokkurn fisk?“

„Nei,“ kalla þeir til baka yfir vatnið.

„Kastið netinu hægra megin við bátinn, og þér munuð verða varir,“ segir hann. Og þegar þeir gera það kemur svo mikill fiskur í netið að þeir geta ekki dregið það inn.

„Þetta er Drottinn,“ hrópar Jóhannes.

Þegar Pétur heyrir það bregður hann yfir sig flik, því að hann var fáklæddur, og stekkur út í vatnið. Síðan syndir hann um 90 metra til strandar. Hinir postularnir elta á bátinum og draga með sér fullt netið af fiski.

Þegar þeir stíga á land sjá þeir fisk lagðan á glóðir og brauð. „Komið með nokkuð af fiskinum, sem þér voruð að veiða,“ segir Jesús. Pétur fer í bátinn og dregur netið á land, en í því eru 153 stórir fiskar!

„Komið og matist,“ segir Jesús.

Enginn þeirra þorir að spyrja: „Hver ert þú?“ enda vita þeir allir að það er Jesús. Þetta er í sjöunda sinn sem Jesús birtist eftir upprisuna og í þriðja sinn sem hann birtist hópi postula. Hann ber nú fram morgunverð og gefur hverjum þeirra brauð og fisk.

Þegar þeir hafa matast spyr Jesús Pétur og horfir líklega á allan fiskaflann: „Símon Jóhannesson, elskar þú mig meira



en þessa?“ Eflaust á hann við hvort Pétur vilji frekar vera fiskimaður en vinna það verk sem Jesús hefur búið hann undir.

„Þú veist, að ég elska þig,“ svarar Pétur.

„Gæt þú lamba minna,“ svarar Jesús.

Aftur spyr hann: „Símon Jóhannesson, elskar þú mig?“

„Já, Drottinn, þú veist, að ég elska þig,“ svarar Pétur einlæglega.

„Ver hirðir sauða minna,“ segir Jesús aftur.

Síðan spyr hann í þriðja sinn: „Símon Jóhannesson, elskar þú mig?“

Pétur hryggist við. Kannski spyr hann sig hvort Jesús efast um hollustu hans. Pétur hafði svo sem neitað þrívægis að þekkja Jesú þegar Jesús var fyrir rétti skömmu áður. Hann segir því: „Drottinn, þú veist allt. Þú veist, að ég elska þig.“

„Gæt þú sauða minna,“ segir Jesús í þriðja sinn.

Jesús notar Pétur þannig sem dæmi til að leggja áherslu á það við hina hvaða verk hann vilji að þeir vinni. Bráðlega yfirgefur hann jörðina og hann vill að þeir taki forystuna í að þjóna þeim sem verða leiddir inn í sauðabyrgi Guðs.

Eins og Jesús var bundinn og líflátinn fyrir að vinna það verk sem Guð fól honum, eins opinberar hann nú að Pétur verði fyrir einhverju svipuðu. „Þegar þú varst ungur, bjóstu þig sjálfur og fórst hvert sem þú vildir,“ segir hann, „en þegar þú ert orðinn gamall, munt þú rétta út hendurnar, og annar býr þig og leiðir þig þangað sem þú vilt ekki.“ Enda þótt píslarvættisdauði bíði Péturs hvetur Jesús hann: „Fylg þú mér.“

Pétur snýr sér við, sér Jóhannes og spyr: „Drottinn, hvað um þennan?“

„Ef ég vil, að hann lifi, þangað til ég kem, hverju skiptir það þig?“ svarar Jesús. „Fylg þú mér.“ Margir lærisveinanna skildu þessi orð Jesú svo að Jóhannes postuli myndi aldrei deyja. En eins og Jóhannes postuli útskýrði síðar sagði Jesús ekki að hann myndi ekki deyja heldur einfaldlega: „Ef ég vil, að hann lifi, þangað til ég kem, hverju skiptir það þig?“

Síðar sagði Jóhannes annað sem er athyglisvert: „Margt er það annað, sem Jesús gjörði, og yrði það hvað eina upp skrifað, ætla ég, að öll veröldin mundi ekki rúma þær bækur, sem þá yrðu ritaðar.“ **Jóhannes 21:1-25 vers 15a samkvæmt NW; Matteus 26:32; 28:7, 10.**

- Hvað sýnir að postularnir eru í vafa um hvað þeir eigi að gera í Galíleu?
- Hvernig þekkja postularnir Jesú við Galíleuvatn?
- Hve oft hefur Jesús nú birst frá upprisu sinni?
- Hvernig leggur Jesús áherslu á hvað hann vilji að postularnir geri?
- Hvernig segir Jesús til um með hvaða hætti Pétur deyi?
- Hvaða orð Jesú um Jóhannes misskilja margir lærisveinanna?

131 **Jesús birtist í síðustu skipti og heilögum anda úthellt**

EINHVERN tíma stefnir Jesús öllum postulunum ellefu til fundar við sig á fjalli í Galíleu. Öðrum lærisveinum er greinilega sagt frá svo að meira en 500 manns koma saman. Allir fagna því að vera á staðnum þegar Jesús birtist og tekur að kenna þeim.

Meðal annars útskýrir Jesús fyrir þessum fjölmenna hópi að Guð hafi gefið sér allt vald á himni og jörð. „Farið því og gjörið allar þjóðir að lærisveinum,“ hvetur hann, „skírið þá í nafni föður, sonar og heilags anda, og kennið þeim að halda allt það, sem ég hef boðið yður.“

Hugsaðu þér! Karlar, konur og börn fá öll þetta sama umboð að gera menn að lærisveinum. Andstæðingar munu reyna að stöðva prédikun þeirra og kennslu en Jesús hughreystir þau og segir: „Sjá, ég er með yður alla daga allt til enda veraldar.“ Hann verður með fylgjendum sínum fyrir atbeina heilags anda til að hjálpa þeim að fullna þjónustu sína.

Jesús sýnir sig lærisveinum um 40 daga skeið eftir upprisu sína. Hann fræðir þá um ríki Guðs og leggur áherslu á ábyrgðina sem fylgir því að vera lærisveinar hans. Einu sinni birtist hann jafnvel Jakobi hálfbróður sínum, sem hefur til þessa ekki trúað á hann, og sannfærir hann um að hann sé Kristur.

Postularnir eru líklega enn í Galíleu þegar Jesús segir þeim að snúa aftur til Jerúsalem. Þegar hann hittir þá þar segir hann þeim að fara ekki burt úr Jerúsalem heldur bíða eftir fyrirheiti föðurins sem þeir hafi heyrt sig tala um. „Því að Jóhannes skírði með vatni, en þér skuluð skírðir verða með heilögum anda, nú innan fárra daga,“ segir hann.

Síðar hittir Jesús postula sína aftur og fer með þá út úr borginni í nánd við Betaníu sem er í austurhlíð Ólíufjallsins. Þrátt fyrir allt sem hann hefur sagt þeim um væntanlega burtför sína til himna halda þeir enn að ríki hans verði stofnsett á jörð, svo ótrúlegt sem það er. Þeir spyrja því: „Herra, ætlar þú á þessum tíma að endurreisa ríkið handa Ísrael?“

Í stað þess að reyna enn á ný að leiðrétta ranghugmyndir þeirra svarar Jesús einfaldlega: „Ekki er það yðar að vita tíma eða tíðir, sem faðirinn setti af sjálfs sín valdi.“ Síðan leggur hann enn og aftur áherslu á starfið sem þeir verða að vinna: „Þér munuð öðlast kraft, er heilagur andi kemur yfir yður, og þér munuð verða vottar mínir í Jerúsalem og allri Júdeu, í Samaríu og allt til endimarka jarðarinnar.“

Síðan tekst Jesús á loft að þeim ásjáandi og svifur í átt til himins uns hann hverfur í ský og þeir sjá hann ekki lengur. Eftir að hafa afholdgast stígur hann upp til himna sem andavera. Postularnir ellefu stara enn til himins þegar tveir menn í hvítum klæðum standa allt í einu hjá þeim. Þetta eru holdgað-
ir englar sem spyrja þá: „Galíleumenn, hví standið þér og horfið til himins? Þessi Jesús, sem varð upp numinn frá yður til himins, mun koma á sama hátt og þér sáuð hann fara til himins.“

Jesús yfirgefur jörðina svo að lítið beri á og aðeins að trúföstum fylgjendum sínum ásjáandi. Hann snýr því aftur á sama hátt — án þess að mik-





ið beri á og þannig að trúfastir fylgjendur hans einir gera sér grein fyrir að hann sé kominn aftur og að nærvera hans sem konungur Guðsríkis sé hafin.

Postularnir ganga nú niður af Ollufjallinu, yfir Kedrondal og aftur inn í Jerúsalem. Þar biða þeir eins og Jesús sagði þeim. Tíu dögum síðar, á hvítasunnuhátíð Gyðinga árið 33, eru um 120 lærisveinar samankomnir í loftstofu í borginni. Þá heyrir skyndilega gnýr eins og stormur sé að bresta á og fyllir allt húsið. Tungur birtast, eins og af eldi séu, og setjast á alla viðstadda og lærisveinarnir taka allir að tala önnur tungumál. Þetta er úthelling heilags anda sem Jesús hafði lofað! **Matteus 28:16-20; Lúkas 24:49-52; 1. Korintubrэф 15:5-7; Postulasagan 1:3-15; 2:1-4.**




- Hverjum gefur Jesús fyrirmæli að skilnaði á fjalli í Galíleu, og hver eru þau?
- Hvernig hughreystir Jesús lærisveinana og hvernig verður hann með þeim?
- Hve lengi eftir upprisu sína birtist Jesús lærisveinum og hvað kennir hann þeim?
- Hverjum birtist Jesús sem var greinilega ekki lærisveinn fyrir dauða hans?
- Hvaða tvo fundi á Jesús að lokum með postulum sínum og hvað gerist þá?
- Í hvaða skilningi kemur Jesús aftur á sama hátt og hann fer?
- Hvað gerist á hvítasunnunni árið 33?

Við hægri hönd Guðs

ÚTHELLING heilags anda á hvítasunnunni er merki þess að Jesús sé kominn aftur til himna. Sýn, sem lærisveinninn Stefán fær að sjá skömmu síðar, sannar einnig að hann sé þangað kominn. Rétt áður en Stefán er grýttur fyrir trúfastan vitnisburð sinn segir hann: „Ég sé himnana opna og Mannssoninn standa til hægri handar Guði.“

Við hægri hönd Guðs bíður Jesús fyrir skipunar frá föður sínum: „Drottna þú mitt á meðal óvina þinna!“ En hvað gerir Jesús þangað til, uns hann lætur til skarar skriða gegn óvinum sínum? Hann ríkir yfir smurðum lærisveinum sínum, leiðir þá í prédikunarstarfi þeirra og býr þá undir að verða meðkonungar sínir í ríki föðurins sem gerist eftir að þeir fá upprisu.

Til dæmis velur Jesús Sál (síðar þekktari undir rómverska nafninu Páll) til að vera fremstur í fylkingu í boðunarstarfinu erlendis. Sál er kostgæfinn gagnvart lögmáli Guðs en trúarleiðtogar Gyðinga hafa leitt hann á villigötur. Þar af leiðandi lætur hann sér vel líka morðið á Stefáni og fer auk þess til Damaskus með umboð frá Kaifasi



æðstapresti til að handtaka og flytja til Jerúsalem alla karla og konur sem fylgja Jesú. En þegar Sál er á leið þangað leiftrar skyndilega skært ljós kringum hann og hann fellur til jarðar.

„Sál, Sál, hvi ofsækir þú mig?“ spyr rödd ein. „Hver ert þú, herra?“ spyr Sál.

„Ég er Jesús, sem þú ofsækir,“ svarar röddin.

Jesús segir Sál, sem missir sjónina í þessu undraljósi, að fara til Damaskus og biðja nánari fyrirmæla. Síðan birtist Jesús Ananíasi, einum af lærisveinunum, í sýn og segir honum um Sál: „Þennan mann hef ég valið mér að verkfæri til þess að bera nafn mitt fram fyrir heiðingja, konunga og börn Ísraels.“

Með stuðningi Jesú sjá Sál (nú þekktur sem Páll) og aðrir trúboðar frábæran árangur af prédikun sinni og kennslu. Um 25 árum eftir að Jesús birtist Páli á veginum til Damaskus skrifar Páll að „fagnaðarerindið hafi verið prédikað fyrir öllu sem skapað er undir himninum.“

Mörgum árum síðar veitir Jesús ástkærum postula sínum, Jóhannesi, margar sýnir. Í þessum sýnum, sem Jóhannes lýsir í Opínberunarbókinni, lifir hann það nánast að sjá Jesú snúa aftur sem konung Guðsríkis. Jóhannes segir að „í anda“ hafi hann verið fluttur fram í tímann til „Drottins dags.“ Hvaða „dagur“ er það?

Nákvæm rannsókn á biblíuspádómunum, þeirra á meðal spádómi Jesú sjálfs um hina síðustu daga, leiðir í ljós að „Drottins dagur“ hófst merkisárið 1914! Það var því árið 1914 sem Jesús sneri aftur ósýnilegur svo lítið bar á og engir urðu varir við endurkomu hans nema trúfastir þjónar hans. Það ár fyrirskipaði Jehóva Jesú að drottna mitt á meðal óvina sinna.

Jesús hlýddi fyrirmælum föður síns og úthýsti Satan og illum öndum hans af himnum og varpaði þeim niður til jarðar.

Eftir að Jóhannes sér þetta í sýn heyrir hann rödd á himni lýsa yfir: „Nú er komið hjálpræðið og mátturinn og ríki Guðs vors, og veldi hans Smurða.“ Já, Kristur tók að ríkja sem konungur árið 1914!

Þetta eru gleðitíðindi fyrir dýrkendur Jehóva á himnum. Þeir eru hvattir: „Fagnið því himnar og þér sem í þeim búið.“ En hvað um jarðarbúa? „Vei sé jörðunni og hafinu,“ segir röddin á himni, „því að djöfullinn er stigin niður til yðar í miklum móð, því að hann veit, að hann hefur nauman tíma.“

Þessi naumi tími stendur yfir núna. Nú er fólk að sýna hvort það sé hæft til inngöngu í nýjan heim Guðs eða eigi að farast. Sannleikurinn er sá að örlög þín ráðast af viðbrögðum þínum við fagnaðarerindinu um ríki Guðs sem verið er að prédika um alla jörðina undir stjórn Krists.

Þegar prédikunarstarfinu er lokið gengur Jesús Kristur fram sem fulltrúi Guðs og losar jörðina við allt heimskerfi Satans og alla þá sem styðja það. Hann eyðir allri illsku í stríði sem Biblían kallar Harmagedón. Jesús, mesta tignarpersóna alheimsins að Jehóva Guði undanskildum, tekur síðan Satan og illa anda hans og fjötrar þá um þúsund ár í ‚undirdjúpi,‘ það er að segja í dauðadái athafnaleysis.

Postulasagan 7:55-60; 8:1-3; 9:1-19; 16:6-10; Sálmur 110:1, 2; Hebreabréfið 10:12, 13; 1. Pétursbréf 3:22; Lúkas 22:28-30; Kólossubréfið 1:13, 23; Opinberunarbókin 1:1, 10; 12:7-12; 16:14-16; 20:1-3; Matteus 24:14.

- Hvar er Jesús eftir að hann stígur upp til himna og eftir hverju biður hann?
- Yfir hverjum ríkir Jesús eftir uppstigningu sína til himna og hvað sýnir að hann stjórnar?
- Hvenær hófst ‚dagur Drottins‘ og hvað gerðist við upphaf hans?
- Hvaða áhrif hefur prédikunarstarf nútímans á okkur öll persónulega?
- Hvað gerist eftir að þessu prédikunarstarfi er lokið?

Jesús lýkur öllu sem Guð fól honum

Þ AÐ verður ólýsanlegt gleðiefni þegar herkonungurinn Jesús Kristur ryður Satan og ranglátum heimi hans úr vegi! Loksins hefst friðsæl, þúsund ára stjórn Jesú.

Undir stjórn Jesú og meðkonunga hans ryðja þeir sem komast gegnum Harmagedón rústirnar eftir þetta réttláta stríð. Líklega eignast þetta fólk líka börn um tíma, og þau taka þátt í því unaðslega verki að rækta jörðina og breyta henni í yndisfagran lystigarð.

Er fram líða stundir reisir Jesús óteljandi milljónir manna úr gröfum sínum til að njóta þessarar fögru paradísar. Þannig uppfyllir hann fyrirheit sitt: „Sú stund kemur, þegar allir þeir, sem í gröfunum eru, munu . . . ganga fram.“


Illvirkinn, sem dó við hlið Jesú á kvalastaurnum, verður meðal þeirra sem hann reisir upp. Þú manst að Jesús lofaði honum: „Sannlega segi ég þér í dag, þú skalt vera með mér í paradís.“ Þessi maður fer ekki upp til himna til að ríkja sem konungur með Jesú, og Jesús verður ekki maður á ný til að búa með honum í paradís á jörð. Jesús verður með þessum fyrrverandi illvirkja í þeim skilningi að hann reisir hann upp til lífs í paradís og sér til þess að bæði líkamlegum og andlegum þörfum hans sé fullnægt eins og myndin á næstu síðu lýsir.

Hugsaðu þér! Undir kærleiksríkri handleiðslu Jesú öðlast allt mannkyn fullkomleika — þeir sem komast gegnum Harmagedón, börn þeirra og þúsundir milljóna manna sem reistir verða upp frá dauðum og hlýða honum. Fyrir atbeina sonar síns, konungsins Jesú Krists, mun Jehóva búa í andlegum skilningi meðal mannanna. Jóhannes heyrði rödd af himni segja: „Og hann mun þerra hvert tár af augum þeirra. Og dauðinn mun ekki frammar til vera, hvorki harmur né vein né kvöl er frammar til.“ Enginn jarðarbúi veikist eða þjáist frammar.

Við lok þúsund ára stjórnar Jesú verður ástandið alveg eins og Guð ætlaðist til í upphafi þegar hann sagði fyrstu mannhjónunum, Adam og Evu, að margfaldast og uppfylla jörðina. Já, jörðin fyllist réttlátu, fullkomnu mannkyni vegna þess að lausnarfórn Jesú hefur verið notuð í allra þágu. Dauðinn vegna syndar Adams verður ekki til lengur!

Jesús hefur þá fullgert allt sem Jehóva fól honum. Þess vegna afhendir hann föður sínum ríkið og fullkomið mannkyn eftir að þúsund árunum lýkur. Guð leysir þá Satan og illa anda hans úr dauðadái athafnaleysis í undirdjúpinu. Til hvers?

Flestir sem lifa í paradís við lok þúsund árunna verða upprisnir menn. Trú þeirra hefur aldrei verið reynd. Áður en þeir dóu þekktu þeir ekki fyrirheit Guðs og gátu þar af leiðandi ekki



sýnt trú á þau. Síðan, eftir að þeir voru reistir upp og kennd sannindi Biblíunnar, áttu þeir auðvelt með að þjóna Guði í paradís því að þar var engin andstaða. En myndu þeir reynast hollir í prófraun ef Satan fengi tækifæri til að reyna að fá þá til að hætta að þjóna Guði? Satan verður sleppt til að fá svar við því.

Opinberunin, sem Jóhannesi var gefin, sýnir að Satan tekst að snúa ótilgreindum fjölda manna frá þjónustu við Guð eftir að þúsund ára stjórn Jesú lýkur. En þegar lokaprófraunin er afstaðin verður Satan tortímt ásamt illum öndum sínum og öllum sem honum tekst að leiða afvega. Fullreyndir, drottinhollir menn lifa hins vegar áfram til að njóta blessunar föður síns á himnum um alla eilífð.

Ljóst er að Jesús hefur gegnt og á eftir að gegna þýðingarmiklu hlutverki í því að hrinda dýrlegum tilgangi Guðs í framkvæmd. Við getum notið stórkostlegrar framtíðar vegna alls þess sem hann, hinn mikli, himneski konungur Guðs, áorkar. En við getum ekki heldur gleymt öllu því sem hann gerði meðan hann var maður.

Jesús kom fúslega til jarðar og kenndi okkur margt um föður sinn. Með fordæmi sínu endurspeglaði hann stórkostlega eiginleika Guðs. Hjörtu okkar eru snortin þegar við íhugum einstakt hugrekki hans og karlmennsku, óviðjafnanlega visku hans, frábæra kennsluhæfileika hans, óttalaus forystu hans og blíða umhyggju og meðaumkun. Og hjörtu okkar hljóta að fyllast þakklæti þegar við rifjum upp hve gríðarlegar þjáningar hann leið þegar hann greiddi lausnargjaldið sem er eina leiðin fyrir okkur til að öðlast líf!

Þessi rannsókn okkar á ævi Jesú hefur sýnt okkur hvílikur maður hann var. Hann var augljóslega mikilmenni. Við finnum okkur knúin til að enduróma orð rómverska landshöfðingjans Pontíusar Pilatusar: „Sjáið manninn!“ Já, hann var sannarlega *maðurinn*, mesta mikilmenni sem lifað hefur!

Ef við tökum við lausnarfórn Jesú er hægt að létta af okkur byrði syndar og dauða sem við erfðum frá Adam, og Jesús getur orðið „Eilífðarfaðir“ okkar. Allir sem vilja öðlast eilíft líf verða að afla sér þekkingar, ekki aðeins á Guði heldur einnig syni hans, Jesú Kristi. Megi lestur og rannsókn þessarar bókar hjálpa þér að afla þér slíkrar lífgandi þekkingar! **1. Jóhannesarbréf 2:17; 1:7; Jóhannes 5:28, 29; 3:16; 17:3; 19:5; Lúkas 23:43, NW; 1. Mósebók 1:28; 1. Korintubríf 15:24-28; Opinberunarbókin 20:1-3, 6-10; 21:3, 4; Jesaja 9:6.**

- Hvaða gleðileg sérrettindi öðlast þeir sem komast gegnum Harmagedón og börn þeirra?
- Hverjir fá að lifa í paradís auk þeirra sem komst gegnum Harmagedón og barna þeirra, og í hvaða skilningi verður Jesús með þeim?
- Hvernig verður ástandið í lok þúsund áranna og hvað gerir Jesús þá?
- Af hverju verður Satan leystur úr undirdjúpinu og hvað verður að lokum um hann og alla sem fylgja honum?
- Hvernig getur Jesús orðið „Eilífðarfaðir“ okkar?

Óskarðu nánari upplýsinga?

Hafðu þá samband við Votta Jehóva á vefsíðunni **www.jw.org**.